Byggðasafn Skagfirðinga - Rannsóknaskýrslur

Fornleifaskráning á Langholti og Geldingaholti 2005

Geldingaholt, Holtskot, Marbæli, Þröm, Kjartansstaðir, Kjartansstaðakot, Litla-Gröf, Stóra-Gröf syðri, Stóra-Gröf ytri og Holtsmúli

Bryndís Zoëga
Guðmundur St. Sigurðarson
Guðný Zoëga

2005/51

© Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga
Byggðasafn Skagfirðinga
Sauðárkróki
2006/51

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT ..... **I**

MYNDASKRÁ ..... **III**

INNGANGUR **1**

TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGA **1**

FORNLEIFASKRÁNING OG AÐFERÐIR **2**

AÐFERÐ VIÐ SKRÁNINGU 3
JARÐANÚMER 3
TEGUND, HLUTVERK OG HEITI 3
LEGA 3
STAÐHÆTTIR OG LÝSING 3
HÆTTUMAT 4
HEIMILDIR 4
HEIMILDAMENN 4
SAGA JARÐANNA OG FORNLEIFAR 4

HELSTU MINJAFLOKKAR **4**

MINJAR Í TÚNI 5
MINJAR Í EÐA VIÐ TÚN 5
MINJAR UTAN TÚNS 6
VIÐ SJÓ/VÖTN 7

GELDINGAHOLT **9**

SAGA 9

GARÐHÚS **12**

SAGA 12
FORNLEIFASKRÁ 14

HOLTSKOT **57**

SAGA 57
FORNLEIFASKRÁ 59

MARBÆLI **72**

SAGA 72
FORNLEIFASKRÁ 76

ÞRÖM **91**

SAGA 91
FORNLEIFASKRÁ 94

KJARTANSSTAÐIR **104**

SAGA 104
FORNLEIFASKRÁ 107

KJARTANSSTAÐAKOT **119**

SAGA 119
FORNLEIFASKRÁ 120

LITLA-GRÖF **124**

SAGA 124
FORNLEIFASKRÁ 127

STÓRA-GRÖF Á LANGHOLTI (STÓRA-GRÖF YTRI) 139

SAGA 139

STÓRA-GRÖF Á LANGHOLTI (STÓRA-GRÖF SYÐRI) 141

SAGA 141
FORNLEIFASKRÁ 144

HOLTSMÚLI 168

SAGA 168
FORNLEIFASKRÁNING 172

SAMANTEKT 207

MINJAR OG VAÐVEISLUGILDI 207
NIÐURLAG 212

HEIMILDASKRÁ 214

Myndaskrá

1. MYND. TÚNAKORT GELDINGAHOLTS OG HOLTSKOTS. 13
2. MYND. GAMLA OG NÝJA ÍBÚÐARHÚSIÐ AÐ GELDINGAHOLTI. LJÓSM. BZ. 14
3. MYND. HEIMAGRAFREITURINN STENDUR ÞAR SEM KIRKJAN STÓÐ ÁÐUR. LJÓSM. BZ. 15
4. MYND. ÞAR VAR ÁÐUR TÓFT. LJÓSM. GSS. 21
5. MYND. GUÐMUNDUR SKRÁIR HUGSANLEGAR TÓFTARLEIFAR. LJÓSM. BZ. 22
6. MYND. HLÖÐUHÚS. LJÓSM. BZ. 23
7. MYND. ÞÓRÐARHÚS VORU NORÐAN BRAGGANS. LJÓSM. BZ. 27
8. MYND. GUÐMUNDUR SKRÁIR BORGUSÆTI. LJÓSM. BZ. 36
9. MYND. RÓGUR, HORT ER TIL SUÐURS. LJÓSM. GSS. 38
10. MYND. SYÐRI TÓFTIRNAR Á RÓGI. LJÓSM. BZ 39
11. MYND.RÉTTARTÓFT NORÐVESTUR AF RÓGI. LJÓSM. BZ. 41
12. MYND. RÓGUR OG ÁVEITUKERFIÐ SUNNAN HANS. TEIKN. BZ. 43
13. MYND. GUÐMUNDUR SIGURÐARSON SKRÁIR GAMLASTEKK. LJÓSM. BZ. 55
14. MYND. ÍBÚÐARHÚS Í HOLTSKOTI. LJÓSM. GSS. 57
15. MYND. GÖMLU BÆJARHÚSIN. LJÓSM. GSS. 59
16. MYND. KÖGUR. LJÓSM. GSS. 63
17. MYND. GRÆNHÓLL, HORFT ER TIL VESTURS. LJÓSM. GSS. 64
18. MYND. MARBÆLI. LJÓSM. BZ. 72
19. MYND. TÚNAKORT AF MARBÆLI. 75
20. MYND. GAMLI BÆJARHÓLINN Á MARBÆLI, HORFT ER TIL AUSTURS. LJÓSM. BZ 76
21. MYND. GAMLI VEGURINN. HORFT ER TIL NORÐVESTURS. LJÓSM. BZ. 77
22. MYND. HJARTARHÚS STÓÐU SUNNAN BÆJARLÆKJAR. LJÓSM. GSS. 79
23. MYND. BEINHÖLL Á MERKJUM MARBÆLIS OG KJARTANSSTAÐA. LJÓSM. GSS. 84
24. MYND. BEITARHÚSATÓFT. LJÓSM. GSS. 86
25. MYND. JÓNSVAÐ, HORFT ER TIL NORÐVESTURS. LJÓSM. GSS. 88
26. MYND. BÆJARHÓLLINN Á ÞRÖM, HORFT ER TIL NORÐAUSTURS. LJÓSMYND: BZ. 91
27. MYND. TÚNAKORT ÞRAMAR. 93
28. MYND. BRYNDÍS ZOËGA SKRÁIR BÆJARHÓLINN. LJÓSM. BZ. 94
29. MYND. ÚTIHÚSATÓFTIR Á ÞRÖM. LJÓSM. BZ. 96
30. MYND. STEKKJARTÓFT. LJÓSM. BZ. 102
31. MYND. BRYNDÍS SKRÁIR HÓL. LJÓSM. BZ. 103
32. MYND. ÍBÚÐARHÚS Á KJARTANSSTÖÐUM. LJÓSM. GSS. 104
33. MYND. TÚNAKORT KJARTANSSTAÐA OG KJARTANSSTAÐAKOTS. 106
34. MYND. GAMLI BÆJARHÓLLINN Á KJARTANSSTÖÐUM. LJÓSM. GSS. 107
35. MYND. FJÁRHÚSIÐ STÓÐ ÞAR SEM HLAÐAN ER NÚNA. LJÓSM. GSS 108
36. MYND. GAMLA BÆJARSTÆÐIÐ. LJÓSM. BZ. 120
37. MYND. GÖMLU FJÁRHÚSIN Í KJARTANSSTAÐAKOTI. LJÓSM. GSS. 122
38. MYND. LITLA-GRÖF. LJÓSM. GSS. 124
39. MYND. TÚNAKORT LITLU-GRAFAR. 126
40. MYND. GAMLA BÆJARSTÆÐIÐ Á LITLU-GRÖF. LJÓSM. GSS. 127
41. MYND. BRUNNUR. LJÓSM. GSS. 130
42. MYND. HUGSANLEG STEKKJARTÓFT. LJÓSM. BZ. 133
43. MYND. HEYGARÐUR. LJÓSM. GSS. 134
44. MYND. BRYNDÍS SKRÁIR HEYGARÐ. LJÓSM. GSS. 135
45. MYND. HEYGARÐUR. LJÓSM. GSS. 136
46. MYND. ENGJAVEGUR. LJÓSM. GSS 136
47. MYND. ENGJAVEGUR. LJÓSM. GSS 137
48. MYND. STÓRA-GRÖF YTRI. LJÓSM. JZ. 139
49. MYND. STÓRA-GRÖF Á LANGHOLTI. LJÓSM. JZ. 141
50. MYND. TÚNAKORT STÓRU-GRAFAR. 143
51. MYND. GAMLA BÆJARSTÆÐIÐ. LJÓSM. GSS. 144

52. MYND. ÚTIHÚSATÓFTIR Á STÓRU-GRÖF. LJÓSM. GSS 146
53. MYND. LÁG GARÐLÖG Í LANDI STÓRU-GRAFAR. LJÓSM. GSS. 149
54. MYND. STEKKJARKLÖPP, HORFT ER TIL VESTURS. LJÓSM. BZ. 151
55. MYND. GRAFARBAKKI, HORFT ER TIL NORÐURS. LJÓSM. BZ. 152
56. MYND. RÉTTARTÓFT Á AUSTURBAKKA KVÍSLARINNAR. LJÓSM. BZ. 155
57. MYND. HEYSTÆÐI, HORFT ER TIL NORÐURS. LJÓSM. GSS. 158
58. MYND. HEYSTÆÐI, HORFT ER TIL NORÐVESTURS. LJÓSM. GSS..... 159
59. MYND. TJARNARKOT. HORFT ER TIL SUÐVESTURS. LJÓSM. BZ. 160
60. MYND. TJARNARKOT. TEIKN. BZ OG GSS. 161
61. MYND. HORFT TIL NORÐVESTURS HEIM AÐ HOLTSMÚLA. 168
62. MYND. TÚNAKORT HOLTSMÚLA. 171
63. MYND. TÓFTIR Á SVARÐARHÓL OG LANGAHÓL. LOFTM.: LOFTMYNDIR EHF. TEIKN:GSS. 174
64. MYND. HORFT TIL SUÐAUSTURS AF AUSTURENDA LANGAHÓLS. LJÓSM. GSS 175
65. MYND. HORFT TIL NORÐAUSTURS UPP Á SVARÐARHÓL. LJÓSM. GSS..... 176
66. MYND. DYS Á HVAMMABÖRMUM. LJÓSM. JZ. 177
67. MYND. STRÁBEYGINGSSTAÐIR. LOFTM.: LOFTMYNDIR EHF. TEIKN. GSS/BZ. 182
68. MYND. HORFT TIL VESTURS AF NORÐURENDA LANGHOLTSINS. LJÓSM. GSS. 187
69. MYND. MINJAR Á HOLTSMÚLAENGJUM. TEIKN. BZ. 194
70. MYND. BRYNDÍS SKRÁIR HEYGARÐ. HORFT NORÐNORÐVESTURS. LJÓSM. GSS 197
71. MYND. ENGJAR HOLTSMÚLA. KORT: GSS. 198
72. MYND.DYS Á HVAMMABÖRMUM. LJÓSM. JZ. 204
73. MYND. DYS Á HVAMMABÖRMUM. LJÓSM. JZ. 205
74. MYND. BRYNDÍS SKRÁIR GERÐI Á HVAMMABÖRMUM. LJÓSM. JZ. 206

Inngangur

Sumarið 2005 voru skráðar eftirfarandi jarðir á Langholti og Geldingaholti með Garðhúsum: Holtskot, Marbæli, Kjartansstaðir, Kjartansstaðakot, Stóra-Gröf syðri og Stóra-Gröf ytri sem voru skráðar saman, Litla-Gröf og Holtsmúli, auk Ármúla sem er nýbýli. Nauðsynlegt að er fornleifaskráning fari fram í tengslum við skipulagsgerð og fékk byggingafulltrúi Sveitarfélagsins Skagafjarðar Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga til að sjá um verkið. Vettvangsrannsókn fór fram í júlí og ágúst 2005 og voru það starfsmenn fornleifadeildarinnar, Bryndís Zoëga landfræðingur og Guðmundur St. Sigurðarson fornleifafræðinemi sem framkvæmdu hana. Yfirumsjón með verkefninu hafði Guðný Zoëga fornleifafræðingur. Stuðst var Byggðasögu Skagafjarðar við skráninguna.

Sérstakar þakkir eru færðar heimildamönnum okkar: Ragnheiði Guðmundsdóttur Marbæli, Gunnlaugi Tobíassyni, Hjördísi Tobíasdóttur og Sigurjóni Tobíassyni Geldingaholti og Guðmanni Tobíassyni Sauðárkróki. Sigfúsi Helgasyni, Stóru-Gröf syðri, Guðlaugu Arngrímsdóttur Litlu-Gröf, Ingibjörgu Sigurðardóttur og Ragnari Árnasyni Holtsmúla, Jóni Gunnlaugssyni og Jónínu Stefánsdóttur Stóru-Gröf ytri og Val Ingólfssyni Sauðárkróki.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

> [...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:
>
> a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
> b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
> c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
> d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
> e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
> f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
> g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
> h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
> i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

> Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til“. Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Það er augljós hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Við það vinnst tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er hvorki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar né framkvæmdaaðila og þess vegna sameinar fornleifaskráning hagsmuni beggja, fræðigreinarinnar og þeirra sem að framkvæmdum standa.

Fornleifaskráning og aðferðir

Áður en vettvangskönnun fór fram voru helstu heimildir kannaðar svo sem jarðabækur, örnefnaskrá, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornleifar á svæðinu. Þessar upplýsingar eru allar skráðar í sameiginlegan gagnagrunn minjavörslunnar, Sarp.

Í fornaleifaskrá Sarps eru fornleifarnar flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847.[1]

Með jörðinni fylgir skrá með umfjöllun um hvern minjastað og ljósmyndum eða teikningum eftir því sem við á.

[1] J. Johnsen, 1847. Jarðatal á Íslandi.

Aðferð við skráningu

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðanna, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Að öðru leyti er skráin byggð upp með þeim hætti sem að neðan greinir.

Jarðanúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með heiti jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað, t.d. Geldingaholt 146028, og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt Jarðatali Johnsens (1847), 102 í nefndu tilviki. Þar að auki er fornleifunum gefið raðnúmer innan hverrar jarðar; bæjarstæði Þingeyra er þá nr. 4 og auðkennt með eftirfarandi hætti: Geldingaholt 146028 102 -1. Sé jörð með landnúmer en ekki númer í Jarðatali Johnsens flokkast allar fornleifar á jörðinni undir landsnúmer jarðarinnar og númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyrðu við ritun jarðatalsins.

Tegund, hlutverk og heiti

Í fáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Valhöll, er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. hesthús eða hlaða.

Lega

Þegar staðsetning minja er þekkt er nákvæm staðsetning þeirra skráð. Tekin voru GPS hnit á vettvangi og þau færð í skrána. Hnitin eru tekin í landshnitakerfinu ISN93. Staðsetning minjanna er einnig færð inn á meðfylgjandi loftmyndir frá Landmælingum Íslands og Loftmyndum ehf.

Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vitnað í heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist við vettvangsskráninguna. Við skipulag framkvæmda er engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda, því að fornleifar geta, sem fyrr segir, leynst undir sverðinum.

Heimildir

Vísað er í helstu ritheimildir um sérhverja hinna skráðu fornleifa. Hér eru einnig skráðar þær heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og lýsingu, en ekki neðanmáls eins og þó er gert í öðrum texta þessarar skýrslu. Ræðst það af því að fornleifaskráningin á helst að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.

Heimildamenn

Ragnheiður Guðmundsdóttir veitti okkur upplýsingar um Marbæli og Gunnlaugur Tobíasson, Hjördís Tobíasdóttir, Sigurjón Tobíasson, Guðmann Tobíasson og Sigurjón Ingimarsson veittu upplýsingar um jarðir á Geldingaholti. Sigfús Helgason gaf upplýsingar um Stóru-Gröf syðri, Guðlaug Arngrímsdóttir um Litlu-Gröf, Ingibjörg Sigurðardóttir og Ragnar Árnason um Holtsmúla og Jón Gunnlaugsson og Jónína Stefánsdóttir um Stóru-Gröf ytri. Valur Ingólfsson Sauðárkróki veitti upplýsingar um Kjartansstaði og Kjartansstaðakot..

Saga jarðanna og fornleifar

Í kafla um sögu jarðanna og fornleifar er stiklað á stóru um sögu hverrar jarðar og í þeim kafla er hin eiginlega fornleifaskrá.

Helstu minjaflokkar

Búsetuminjum má gróft séð skipta í tvo flokka, minjar í túni og minjar utan túna. Þær minjar er mesta sögu geyma eru bæjarstæði/hólar og umhverfi þeirra. Stærsti minjaflokkurinn saman stendur hinsvegar af útihúsum hverskonar. Innan túns má nefna fjós, fjárhús, hrútakofa, hesthús, lambhús, smiðjur, ýmsa kofa, kvíar, hlöður og skemmur. Utan túns má nefna sel, beitarhús, stekki, heytóftir, réttir, nátthaga, smalakofa o.fl. Aldur útihúsa er sjaldnast þekktur en oft voru þau byggð öldum saman á sama stað. Því kunna leifar eldri mannvirkja að leynast undir tóftum þeirra yngri. Lega og útlit minja gefur oft

til kynna hverskyns minjar þar er um að ræða þótt engar heimildir séu til um notkun þeirra. Þó er ekki alltaf hægt að ákvarða nánar hver notkun húss kann að hafa verið.

Minjar í túni

Bæjarstæði

Útlit og lega bæjarstæða helgast af því hvort um er að ræða viðvarandi eða styttri byggð. Oft varðveitast vel afbýli eða skemmri tíma bústaðir s.s. sel þar sem þau eru gjarnan þannig staðsett að seinni tíma framkvæmdir hafa ekki raskað við þeim. Slík bæjarstæði/bústaðir geta gefið miklar fornleifafræðilegar upplýsingar. Bæjarhólar verða til við sífelldar endurbyggingar húsa á sama stað. Þeir varðveita mikla sögu um húsakost og lifnaðarhætti, og þar eru mestar líkur á að verðmætir gripir finnist. Oft voru bæjarstæði nokkurskonar þorp bygginga þar sem útihús hverskonar voru áföst eða fast við bæjarhúsin.

Kirkjur voru yfirleitt mjög nærri bæjarstæðum.

Á ***alkirkjum***, höfuðkirkjum (beneficium) var messað hvern helgan dag og þar mátti jarða.

Á ***hálfkirkjum***, svokölluðum útkirkjum (annexíum), var messað helmingi sjaldnar en á alkirkjunum eða annan hvern helgan dag. Þar mátti jarða. Djákni aðstoðaði prest ef margar slíkar kirkjur heyrðu undir alkirkju. Djáknar máttu messa en ekki vígja eða jarða.

Á ***fjórðungs-*** og ***þriðjungskirkjum*** var messað sjaldnar, ýmist þriðja hvern eða fjórða hvern helgan dag. Þær höfðu ekki allar graftarleyfi.

Bænhús voru einskonar heimiliskapellur. Í þeim mátti messa en biskupsleyfi þurfti til að gifta, skíra eða veita sakramentið. Þar mátti ekki grafa lík.

Grafreitir voru oftast afmarkaðir af garðhleðslu. Þeir voru við eða nærri bæjarstæðinu, umhverfis kirkjurnar. Elstu kirkjugarðar virðast hafa verið hringlaga en urðu seinna ferhyrndir. Fjöldi grafa sem fundist hafa við jarðrask á jörðum þar sem engar heimildir eru til um kirkjur benda til að víðar hafi verið jarðað en ætlað hefur verið, og gefa vísbendingu um að fjöldi kirkna hafi verið meiri á fyrstu öldum kristni í landinu en síðar varð.

Minjar í eða við tún

Minjar innan túns eru oft horfnar vegna jarðabóta eða annarra framkvæmda. Dæmi um slíkar minjar eru:

***Fjós*:** Fjóstóftir eru oft á bæjarstæðinu sjálfu eða nærri því.

***Fjárhús*:** Fjárhústóftir eru margvíslegar og stærð þeirra og fjöldi króa geta verið mismunandi. Oft má greina garða eftir miðri tóft eða stalla undan jötum upp við veggi. Oft eru hlöður eða heytóftir áfastar við fjárhústóftir.

***Hrútakofar*:** Smærri kofar oft yst í túni.

***Lambhús*:** Yfirleitt smáar tóftir, einnar króar hús.

***Hesthús*:** Oft smærri hús yst í túni eða við túngarð.

***Smiðjur*:** Smiðjur voru yfirleitt nálægt bæjarstæðinu sjálfu en einnig eru dæmi þess að þær hafi staðið í túni dálítið frá bænum, vegna eldhættu. Oftast frekar smáar tóftir.

***Kofar*:** Yfirleitt fremur smáar tóftir. Kofarnir voru af ýmsu tagi s.s. hænsnakofar, eldiviðarkofar.

***Brunnar*:** Brunnar eða vatnsból voru mikilvæg enda greiður aðgangur að vatni oftast grunnforsenda þess hvar bæjum var valinn staður. Oft eru brunnar grjóthlaðnir, gjarnan hringlaga en stundum ferhyrndir. Ef byggt var svokallað brunnhús yfir brunninn eða við hann líkjast tóftirnar öðrum kofatóftum. Einnig var algengt að hafa innangengt eftir rangala frá bæ til brunns.
***Myllur*:** Kornmyllur, svokallaðar vatnsmyllur, knúnar vatni voru við marga bæi. Þær voru víðast hvar aflagðar um síðustu aldamót. Stundum er í heimildum getið um myllusteina sem varðveist hafa eftir að myllurnar sjálfar hrundu, og mylluörnefni eru á flestum bæjum. Tóftirnar liggja við ár eða læki. Þær eru litlar, grjót- og torfhlaðnar og dyr eða op á tóftinni þangað sem vatnið var leitt inn og út. Oft eru grafnar rennur úr læk ofan við að tóftinni og vatnsmagninu þannig verið stýrt. Á stöku stað voru vindmyllur og sér lítið eftir af þeim en heimildir um staðsetningu þeirra eru mikilvægar.
***Kvíar og stekkir*:** Kvíar voru oftast í túni eða rétt utan þess. Þangað var ánum smalað til mjalta. Kvíum svipar mjög til stekkja en þær voru einn dilkur,. Kvíar voru yfirleitt hlaðnar upp þar til síðustu áratugi fráfærnaskeiðs að farið var að nota færikvíar úr timbri og yfirleitt staðsettar á kvíaból.

Minjar utan túns

Sá flokkur minja sem jafnan hefur varðveist best eru hverskyns minjar utan túns. Þær liggja gjarnan á stöðum þar sem nútíma jarðrækt hefur aldrei verið beitt.

***Kuml/haugur/dys/kumlateigur*:** Kuml/haugar eru grafstæði úr heiðni. Þau geta verið einstök eða nokkur saman og mynda þá svokallaðan kumlateig. Stundum eru slíkar grafir upphlaðnar og því greinilegar í landi en oft eru þau þó ósýnileg á yfirborði. Stundum er einföld grjóthleðsla umhverfis eða yfir gröfinni. Kuml og kumlateigar eru oft rétt utan túns í um 2-300 m fjarlægð frá bæ. Þau geta þó legið nokkuð utan túns og oft virðast þau liggja á eða við landamerki jarða eða við alfara- eða þjóðleiðir. Stundum eru hólmyndanir í landi, manngerðar og ómanngerðar, álitnar kuml, stundum grafstæði nafngreindra landnáms- eða fornmanna. Sögur, hjátrú eða helgi fylgja oft slíkum fornmannahaugum eða dysjum. Viðskeytin kuml og dys má stundum finna í örnefnum.
***Réttir*:** Réttir, aðhald eða annað gripheldi er gjarnan að finna fjær bæjum, oft mitt á milli bæja. Smærri réttir voru til heimabrúks en lögréttir eða skilaréttir nefndust þær réttir þar sem smalað var saman af stærra svæði, sveitum (heimfjöllum) eða afréttum. Þær voru yfirleitt grjót- og torfhlaðnar, gjarnan upp við klettaveggi eða við náttúrulegt aðheldi einhverskonar. Réttir sem voru notaðar á einstöku bæjum voru smáar og einfaldrar gerðar en lögréttir stærri og oft margskipt upp í dilka.
***Stekkir*:** Eru smáréttir með einum dilk eða kró, svokallaða lambakró og voru notaðir fyrstu dagana við fráfærur. Lömb voru færð frá ánum að kvöldi og byrgð inni í krónni til að hægt væri að mjólka ærnar til heimilisins morguninn eftir. Stekkirnir eru gjarnan nokkurn spöl frá bæjum, svokallaðan stekkjarveg. Þeir eru oftast hlaðnir úr torfi og grjóti. Þeir eru gjarnan hlaðnir upp við stóra náttúrusteina eða klettaveggi.
***Nátthagar*:** Nátthagar eru frá tíma fráfærna. Mylkum ám var haldið innan nátthagans á næturnar en sleppt út fyrir á daginn. Lömb voru á sama tíma hýst í lambakrónni yfir nóttina, en sleppt til ánna á daginn. Nátthagarnir voru notaðir bæði á stekktíma og á fyrstu vikum með kvíunum og eru því oftar en ekki í næsta nágrenni við bæi.

***Sel*:** Sel eru venjulega nokkurn veg frá bæjum, oftast við ár eða læki. Þangað var búsmali rekinn á sumrum og þar hafði fólk sumardvöl við að vinna mjólkurmat til vetrarins. Sel voru í notkun allt frá landnámstíð og fram undir 17-18. öld. Seltóftir eru jafnan leifar þriggja eða fleiri tófta, oft samfastar. Stundum voru þar líka réttir eða gripheldi. Oft byggðust upp býli af þessum seljum og einnig beitarhús. Býli þessi tóku þá gjarnan nafn með viðskeytinu -sel. Erfitt getur verið að greina milli tófta selbúskapar eða smábýla þar sem búseta var í e.t.v. í skemmri tíma. Þó má oft greina smábýlin á túngarðinum sem hefur verið hlaðinn umhverfis bæjarhúsin.
***Stöðull*:** Kýr voru mjólkaðar á stöðli. Þurrum stað ekki langt frá bæ. Þar eru sjaldan nokkur kennileiti önnur en örnefnið.
***Beitarhús*:** Beitarhús voru byggð utan túns þar sem haglendi var gott og getur verið langt í þau að ganga. Oft voru þau byggð upp á gömlum selstæðum, allt upp í nokkurra kílómetra fjarlægð frá bæ. Þar var fé beitt yfir vetrartímann til að hlífa túnum og heimahögum. Beitarhúsatóftir samanstanda af myndarlegri fjárhústóft eða tóftum, og oftar en ekki er hlaða áföst fjárhúsunum.
***Smalakofar*:** Fé var smalað í haga að morgni og heim til mjalta að kveldi. Smalar sátu yfir fénu á daginn og voru það oft börn eða unglingar sem gegndu því starfi. Algengt var að smalar hlæðu sér smákofa eða afdrep fyrir veðri og vindum meðan setið var yfir. Tóftir smalakofa eru oft mjög litlar og standa í brekkum eða á hólum þar sem víðsýnt var.
***Heytóftir/heystæði/heykuml/heygarðar*:** Þar sem hey var slegið á engjum eða mýrum voru hlaðnar upp tóftir, svokallaðar heytóftir eða heykuml. Þar var heyinu safnað saman og það byrgt til geymslu fram á veturinn er fóðra þurfti búsmala. Slíkar tóftir eru oftast ferkantaðar og engar dyr á þeim. Að vanda standa tóftirnar nokkru hærra en umhverfið til að halda heyinu þurru og til að varna því að búsmali kæmist að því. Ekki voru veggir eða þak á slíkum tóftum og hleðslur því óverulegar.
***Fjárborgir*:** Fjárborgir voru hringlaga úr grjóti, nokkurskonar réttir eða afdrep fyrir búfé.
***Garðlög*:** Margskonar garðlög er að finna umhverfis tún og utan þeirra. Bæjarstæði voru oftast afmörkuð með hlöðnum túngarði þá oftast úr grjóti og torfi. Garðar voru og stundum umhverfis beitarhús eða smábýli. Vallargarðar eru garðar utan túns. Oft er erfitt að geta sér til um not þessara garða en líklega hafa þeir þjónað þeim tilgangi að aðgreina land í nytjaeiningar. Garðar voru einnig hlaðnir á mörkum landeigna, svokallaðir landa-merkjagarðar.
***Heyvinnsla*:** Stundum má sjá minjar um fyrstu tilraunir til túnsléttu og kallast það beðasléttur. Frá aldamótum og fram um 1930 var unnið að túnasléttun og framræslu á flestum bæjum. Tímabilið er í þessu sambandi oft nefnt þaksléttutími. Fyrsta áratuginn voru notuð handverkfæri. Sléttað var í aflöngum spildum eða beðum sem síðan settu svip á túnið. Sléttaðar voru tóttir næst bæjum og jafnað úr gömlum peningshúsum sem staðið höfðu dreifð innan túns.

Við sjó/vötn

Menjar um sjósókn varðveitast oft illa vegna nálægðar sinnar við hafið. Margar þeirra hafa og horfið við framkvæmdir vegna þéttbýlismyndunar og hafnargerðar. Verstöðvar eða útgerðastaðir voru oft notaðir frá mörgum bæjum/byggðarlögum og því kunna þar að finnast nokkuð fjölbreyttar minjar.

***Sjóhús/verbúðir*:** Sjóhús og verbúðir voru íverustaðir sjómanna á meðan á vertíð stóð. Stundum voru þessi hús á tveimur hæðum. Geymsla undir veiðarfæri og annan búnað á neðri hæðinni en svefnstaður manna á þeirri efri. Grunnur húsanna var grjóthlaðinn en efri hæðin úr timbri. Einnig voru verbúðir oft einföld grjót- og torfhlaðin hús.
***Fiskbyrgi*:** Oftast grjóthlaðnar einfaldar byggingar, ferhyrndar eða hringlaga, þar sem fiskur var geymdur.
***Hjallar*:** Oft finnast hleðslur undan hjöllum, fiskhjöllum og geymslum. Slíkar hleðslur eru oft ferköntuðu upphleðsla sem myndar sléttan flöt eða grunn. Einnig er oft einföld grjótröð sem markar af grunninn.
***Naust/hróf*:** Tóftir í eða við fjöruborð þar sem bátar voru dregnir upp og geymdir. Naust geta verið á ýmsa vegu, allt frá tóftum sem reft hefur verið yfir til einfaldra vegghleðsla sem bátar hafa verið lagðir á milli. Oft eru naust líka bátslaga og hefur bátum þá verið smeygt inn í naustið.
***Uppsátur*:** Þar settu menn upp báta. Uppsátur eru oft samsíða grjóthleðslur sem liggja í sjó fram. Upphlaðnir sjógarðar eða bryggjur voru líka til en eru sjaldgæfari.
***Fiskgarðar*:** Upphlaðnir garðar til að þurrka fisk á voru á stöku útgerðarstað.

Geldingaholt

Saga

Geldingaholtið skiptist í fjórar jarðir; Geldingaholt I og Geldingaholt II, Holtskot og Garðhús. Hér er fjallað um Geldingaholtsbæina og Garðhús sem eina jarðheild. Íbúðarhúsið á Geldingaholti II var reist árið 1978 og fékkst Ráðherraleyfi til stofnunar loðdýrabýlis árið 1988 og sama ár var undirritað leyfi fyrir nafninu Geldingaholt II.[2].

Geldingaholt var eitt af stórbýlum Skagafjarðar og höfuðból og er þess getið í Glaumbæjarlýsingu að það sé mögulega landnámsjörð, en engar heimildir eru þó fyrir því.[3]

Jörðin kemur nokkrum sinnum fyrir í Sturlungu og átti þar bú meðal annars Þórður kakali. Aðfaranótt 14. janúar 1255 var háður nanftogaður bardagi í Geldingaholti er Eyjólfur Þorsteinsson og Hrafn Oddsson réðust að Oddi Þórarinssyni Austfirðingi og vógu eftir frækilega vörn hans.[4] Jarðarinnar er fyrst getið árið í skjali frá 1318 þar sem segir frá eignum Geldingaholtskirkju (DI II, 467). Síðar fer jörðin í eigu Hólastóls og er hennar getið í rekaskrá Hóla.[5] Óvíst er hversu lengi hún var í eign stólsins.

Árið 1802 keypti Hallur Ásgrímsson Geldingaholt, ásamt Holtskoti. Oddur Oddsson þáverandi ábúandi keypti aftur fylgikúgildin tvö og Ari læknir á Flugumýri hálft kúgildi Holtskots. Hallur fluttist á jörðina 1803 og hefur hún nánast óslitið síðan verið í eigu sömu ættar, að hluta til eða að heild.[6]

Kirkja var í Geldingaholti, helguð Pétri postula og er hennar fyrst getið á 13. öld en hún kemur við sögu í Sturlungu í tengslum við víg Odds Þórarinssonar 1255. Þar segir: „Eftir þat riðu þeir heim á bæinn ok hljópu af hestum millum kirkjugarðs ok útibúrs þess, er stóð í túninu út ok ofan frá brandadurum“.[7] Eftir siðaskipti varð hún sóknarkirkja og þriðjungskirkja á móti Víðimýri og Reykjum í Tungusveit.[8] Í jarðabók frá 1713 segir: „Kirkja er hjer og tíðir veittar þriðja hvern helgan dag af prestinum í Glaumbæ“.[9] Kirkjan stóð austan bæjar og sér enn merki kirkjugarðsins og er heimagrafreitur þar sem kirkjan stóð áður. Kirkjan var lögð niður að Konungsboði 1765 og sókninni skipt milli Glaumbæjar- og Víðimýrasóknar.[10]

Í jarðatali Johnsen er jörðin metin á 60 hundruð. Neðanmáls segir að í jarðamati 1802 hafi hún verið metin á 50 hundruð en hjáleigan Holtskot á 10, sýslumaður aftur meti

---

[2] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 336.
[3] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 326.
[4] Sturlunga saga I. Bls. 512-519.
[5] Íslenkst fornbréfasafn III. Bls. 280.
[6] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 327.
[7] Sturlunga saga I. Bls. 513.
[8] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 329
[9] Jarðbók, 9. bindi . Bls. 100.
[10] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls 329-330.

jörðina á 48 hundruð og hjáleiguna á 12.[11] Í jarðabók frá 1713 segir að tvíbýli sé á jörðunni (JÁM, 100).[12] Í jarðamati frá 1849 var túnið talið um 20 dagsláttur, í allgóðri rækt og til helminga þýft og greiðfært. Engjar þóttu litlar að hluta votar og grasgefnar en að hluta þurrar og snögglendar og jörðin þótti landþröng. Árið 1918 var túnið sagt að mestu slétt, í góðri rækt og talið um 30 dagsláttur. Engjavegur var allgóður, engjar voru nærtækar, samfelldar og greiðfærar en snöggar. Beitiland þótti gott í Holtseyjum en kvíslin talin til óþæginda.[13]

Nokkrar hjáleigur og smákot hafa tilheyrt Geldingaholti. Þar má fyrst nefna Holtskot sem er nú sérjörð og því skráð sérstaklega. Rógur var fornbýli sunnan í holtinu, nú í sumarbúastaðalandi Guðmanns Tobíassonar og eru þar enn glöggar minjar garðlaga og húsa. Rógsengi var vestan býlisins. Ekki eru til skráðar heimildir um ábúð þar en munnleg heimild er til um nafngiftina og sögð komin til vegna illmælgi landseta.[14] Í jarðatali frá 1847 er hjáleigan nefnd Ró en ekki Rógur.[15] Í landi Garðhúsa er stekkjartóft sem nefnd var Gamli-Stekkur og var talið að þarna hefði verið kot sem nefnt var Melkot, en engar eru heimildir fyrir því. Á landamærum Holtskots og Geldingaholts var Helgatóft sem nú er horfin, óvíst er hvort þar hafi verið mannabústaður eða útihús. Stekkjartóft er einnig í landi Geldingaholts suður af loðdýrahúsinu.[16] Í núverandi landi Holtskots voru Rófa, Kögur og Hirðstjórastaðir og má sjá umfjöllun í þá í sögu Holtskots. Holtssel er í Reykjaskarði og eru til heimildir um það frá 1406.[17] Selið var aflagt fyrir 1713 því í jarðabók segir: „Selstöðu eigna munnmæli jörðinni í Reykjaskarði. Ekki hefur hún brúkast so menn muni".[18] Greinilegar tóftir eru enn á Holtsseli.[19]

Náttúrufar og jarðabætur

Vestan til í landinu, næst landamerkjum við Syðra-Skörðugil og Torfgarð er flatt mýrlendi sem nær austur undir holtið. Sunnan heimreiðar er óræktaður en sæmilega gróinn að landamerkjum Garðhúsa. Þvert yfir austurjaðar holtsins og norðan heimreiðar er tún. Austan þess er gróið flatlendi sem nær að framræsluskurði og handan hans og allt austur að Holtskvísl er flatt, algróið og víðáttumikið land, að hluta til framræst en þurrir bakkar meðfram Kvíslinni. Norðan og austan Kvíslarinnar algróið flatlendi sem er að miklu leyti votlendi og kallast Holtseyjar. Er það óskipt beitiland Holtskots og Geldingaholts. Hlunnindi eru lax- og silungsveiði í Kvíslinni.[20]

Landamerki

Landamerki eru, eins og þeim er lýst í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar:

> „Að austan ræður Svartá (Kvíslin sem hún oftast er kölluð hér) frá Krossanessaffalla, austan við Grashólma suður og niður undan Geldingaholti,

[11] J. Johnsen, 1847. Bls. 259.
[12] Jarðabók, 9. bindi. Bls. 100.
[13] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 328.
[14] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 333.
[15] J. Johnsen, 1847. Bls. 259.
[16] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 330
[17] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 334.
[18] Jarðabók. Bls. 101.
[19] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls.334.
[20] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 325-326.

suður að Seyluárós, (Stokknum svonefnda sunnan holtsins). Svo ræður Stokkurinn svonefndi merkjum að vörðu, sem hlaðin er upp rétt fyrir norðan síkið, fyrir ofan norðurpart eyjarinnar. Þaðan ræður gaddavírsgirðing upp engið, milli Geldingaholts að norðan og Stóru-Seylu, að hliðinu og svo upp í hornstaurinn, eins og girðing ræður, við skurðsendann á suðvesturhorni tangans. Að vestan ræður þessi girðing merkjum milli Stóru-Seylu að vestan og Geldingaholts austan, alt út í Stuttholtskíl og þaðan út í Stuttholt. Girðing þessi, sem liggur af Stuttholti út Flóann alla leið út í sunnanverða Holtstjörn, í miðjan svonefndan Langatanga, ræður merkjum milli Geldingaholts að austan og Torfgarðs og Syðra-Skörðugils og Ytra-Skörðugils hinsvegar. Svo ræður kelda eða kíldrag norður úr Holtstjörn og úr Kíldraginu norður frá, bein stefna austur á þúfu á Efra-Heygarði og þaðan beint í kvíslina norðan við skurðendann. Svo ræður Glaumbæjarkvísl út að girðingu á eyjunum. Ræður girðing þessi merkjum milli Glaumbæjar og Geldingaholts, til suðausturs frá Kvíslinni allt að steinsteyptum hornstaur við Affallann rétt austur undir Söndum. Er staur þessi í norðausturhorni girðingarinnar. Frá þessum staur ræður svo bein stefna austur í Sanda, en suður að Krossanes- affalla ráða Sandarnir að austan. En falli girðingin á eyjunum milli Glaumbæjarlands og Geldingaholts niður, eða verði færð síðar, þá skulu hin fornu merki ráða, sem er forn vatnsfarvegur. Kemur farvegur þessi í Djúpukvísl eða Glaumbæjarkvísl nokkru sunnar en þar sem Glaumbæjarrétt stendur nú. Liggur hann síðan í krókum suðaustur milli Glaumbæjareyja og Holtseyja og hefur upptök sín úr Héraðsvötnum (Söndunum) talsverðan spöl fyrir norðan Geldingaholtsrétt“.[21]

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Sturlungasaga I. Sturlungaútgáfan. Reykjavík, 1946. Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn sáu um útgáfuna.

Íslenzkt fornbréfasafn II, 1253-1350. Kaupmannahöfn, 1893.

Íslenzkt fornbréfasafn III,1269-1415. Kaupmannahöfn, 1896.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (9. bindi). Hið Íslenska Fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1930.

J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* Kaupmannahöfn, 1847.

Ný jarðabók fyrir Ísland: samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Kaupmannahöfn, 1861.

Rósmundur G. Ingvarsson (1999). Örnefnaskrá Geldingaholts. Örnefnastofnun Íslands.

[21] ÖÍ. Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá. Geldingaholt.

Garðhús

Saga

Garðhús er nýbýli stofnað af Siglaugi Brynleifssyni og Sigríði Jónsdóttur árið 1955. Garðhús eiga 40 ha spildu syðst og austast úr landi Geldingaholts. Árið 1960 var landamerkjum breytt og stækkaði jörðin í 60 ha. Garðhús draga nafn sitt af fjárhúsum frá Geldingaholti sem stóðu skammt frá íbúðarhúsinu í Garðhúsum. Núverandi eigendur eru Sveinn Allan Morthens og Þóra Björk Jónsdóttir.[22]

Árið 1990 fengu Guðmundur Márusson og Nanna Hallgrímsdóttir leigða 7500 m2 spildu austan við sumarbústað Guðmanns Tobíassonar, í landi Garðhúsa. Árið 1991 var landið girt og gróðursettar trjáplöntur og árið 1997 hófst bygging sumarbústaðar þar.[23]

Meðferðar og skólaheimilið Háholt tók til starfa árið 1999 í landi Garðhúsa.[24]

Náttúrufar og jarðabætur

Vestur frá Húseyjarkvísl er flatt, vel gróið framræst land, sem liggur vestur að framræsluskurði austan við Geldingaholtið. Vestan skurðarins og að holtinu er gróið en óræktað land. Þar vestur af tekur við hallandi tún vestur á há holtið að landamerkjum við Geldingaholt. Hlunnindi eru lax-og silungsveiði í Húseyjarkvísl.[25]

Landamerki

Landamerki eins og þau koma fyrir í örnefnaskrá: „Land Garðhúsa er suðausturhluti af upphaflegu landi Geldingaholts og takmarkast það af: Að norðan; girðingu sunnan við túnið í Geldingaholti, 635 m. til vesturs mælt frá Húseyjarkvísl. Þar beygja merkin til suðurs og liggja um punkt 5 metra austan við Borgusæti og sömu stefnu áfram þar til 300 m. eru að landamerkjum Geldingaholts og Stóru-Seylu. Þar beygja merkin til austurs eftir línu sem er 250 m. löng og endar í hornpunkti, sem myndast af þessari línu og annarri línu 285 m. í norður frá Húseyjarkvísl 50 metra vestan við enda á stórum framræsluskurði. Síðan ræður Húseyjarkvísl að nefndri girðingu á norður landamörkum“.[26]

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Rósmundur G. Ingvarsson (1999). Örnefnaskrá Geldingaholts. Örnefnastofnun Íslands.

[22] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 337-338.
[23] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 338.
[24] Sama heimild.
[25] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 337.
[26] ÖÍ. Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá. Geldingaholt.



1. mynd. Túnakort Geldingaholts og Holtskots.

Fornleifaskrá

Geldingaholt 146028 102 - 1

2. Mynd. Gamla og nýja íbúðarhúsið að Geldingaholti. Ljósm. BZ.

Hlutverk:Bústaður
Tegund: Hús
Staðsetning: X: 478443 Y: 565694
Ástand: Sæmilegt á þeim hluta sem enn stendur
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Heimildamaður: Hjördís Tobíasdóttir

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Bærinn í Geldingaholti er reistur norðarlega og vestan á holti einu, er liggur norðaustanvert við Vallhólminn“ (ÖMJ, 2). Á túnakorti eftir Guðmund Sveinsson frá 1917 má sjá bæinn um það bil fyrir miðju túni.

Nánari lýsing

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Hluti af Gamla bænum stendur enþá [sic] (1999). Það sem stendur er baðstofa (sú vestari) og hlóðaeldhús. Bærinn náði lengra austur og bæjardyr og bustir snéru mót austri. En baðstofurnar tvær voru syðst og snéru norður – suður. Torfbær með þil að framan. Norðan við bæinn var smiðja (smiðjukofi) og

þar norðan við, með sundi á milli, var fjós og fjóshlaða, - áður var þar hesthús og heystæði -, en sund á milli“ (ÖRI, 5).

Lýsing

Norðan við gamla íbúðarhúsið á Geldingarholti, þar sem Hjördís Tobíasdóttir býr er gamli bærinn að hluta til enn uppistandandi.

Heimildaskrá

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Geldingaholts skráð eftir handriti Brynleifs Tobíassonar. Örnefnastofnun Íslands.
Rósmundur G. Ingvarsson (1999). Örnefnaskrá Geldingaholts. Örnefnastofnun Íslands.
Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort af Geldingaholti. Þjóðskjalasafn Íslands.

Geldingaholt 146028 102 - 2

3. Mynd. Heimagrafreiturinn stendur þar sem kirkjan stóð áður. Ljósm. BZ.

Hlutverk: Kirkja
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 478480
Y: 565737
Ástand: Horfið
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Heimildamaður: Sigurjón Tobíasson

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Kirkju er getið í Geldingaholti á 13. öld og kemur við sögu í Sturlungu í tengslum við víg Odds Þórarinssonar eftir áramótin 1255” (BS II, 328). Síðar segir: „Kirkjan var við lýði framyfir miðja 18. öld. Hún stóð framan undir bænum, litlu neðar. Um og eftir aldamótin 1900 mundu menn vel garðlagið, sáluhliðið og kirkjutóftina og leiðin sáust glöggt. Nú hefur þetta allt verið sléttað en þó sér enn að hluta ofan til móta fyrir sporöskju kirkjugarðsins“(BS II, 329).

Og enn segir: „Heimagrafreitur er á sama stað og kirkjan var fyrrum, um miðjan kirkjugarðinum [sic]. Ofan við grafreitinn má vel greina hringferil gamla garðsins að ofan. Grafreiturinn er orðinn gamall og norðurhlutinn eldri og er sá hluti steyptur. Suðurhlutinn er yngri tíma stækkun” (BS II, 330). Í örnefnaskrá segir: „Fyrir utan og neðan hlaðvarpann liggur kirkjugarðurinn. Ég man vel eftir garðlaginu og sáluhliðinu og kirkjutóftinni, og leiðin sáust glöggt, en því miður var sléttað yfir þetta allt“ (ÖMJ, 2).

Lýsing

Kirkjan mun samkvæmt heimildamanni Sigurjóni Tobíassyni hafa staðið þar sem heimagrafreiturinn er nú (sjá nr. 3). Engin ummerki um hana eru nú sýnileg en vænta má þess að leifar kirkju og kirkjugarðar sé að finna undir yfirborði.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Geldingaholts skráð eftir handriti Brynleifs Tobíassonar. Örnefnastofnun Íslands.

Geldingaholt 146028 102 - 3

Hlutverk: Kirkjugarður og heimagrafreitur
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 478467 Y: 565739
Ástand: Sæmilegt
Breidd: 1,5 m
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Heimildamaður: Sigurjón Tobíasson

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Kirkju er getið í Geldingaholti á 13. öld og kemur við sögu í Sturlungu í tengslum við víg Odds Þórarinssonar eftir áramótin 1255“ (BS II, 328). Og síðar segir: „Kirkjan var við lýði framyfir miðja 18. öld. Hún stóð framan undir bænum, litlu neðar. Um og eftir aldamótin 1900 mundu menn vel garðlagið, sáluhliðið og kirkjutóftina og leiðin sáust glöggt. Nú hefur þetta allt verið sléttað en þó sér enn að hluta ofan til móta fyrir sporöskju kirkjugarðsins“ (BS II, 329). Og enn segir: „Heimagrafreitur er á sama stað og kirkjan var fyrrum, um miðjan kirkjugarðinum [sic]. Ofan við grafreitinn má vel greina hringferil gamla garðsins að ofan. Grafreiturinn er orðinn gamall og norðurhlutinn eldri og er sá hluti steyptur. Suðurhlutinn er yngri tíma stækkun““ (BS II, 330). Í örnefnaskrá segir: „Fyrir utan og neðan hlaðvarpann liggur kirkjugarðurinn. Ég man vel eftir garðlaginu og sáluhliðinu og kirkjutóftinni, og leiðin sáust glöggt, en því miður var sléttað yfir þetta allt“ (ÖMJ, 2). Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar er kirkjugarður um 40 metra norðaustur af bænum.

Lýsing

Um 50 m austur af bænum er heimagrafreitur þar sem áður stóð kirkjan og gamli kirkjugarðurinn. Norðurhluti grafreitsins er steyptur, um 130 sm háir veggir en þá tekur við trégrindverk 4 m langt til suðurs, en suðurendinn sjálfur er úr járni með bogahliði með krossi yfir og plöttum með nöfnum þeirra sem í grafreitnum hvíla. Grafreiturinn er um 27 m í ummál. Leifar gamla garðsins eru vel sýnilegar vestan grafreitsins, þær liggja í boga fyrir ofan suðvesturhorn hans og eru sýnilegar um 10 m norður fyrir norðvestur horn hans. Breidd garðlagsins er um 1,5 m og hæð hans um 20 sm.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Geldingaholts skráð eftir handriti Brynleifs Tobíassonar. Örnefnastofnun Íslands.

Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort af Geldingaholti. Þjóðskjalasafn Íslands.

Geldingaholt 146028 102 - 4
Sérheiti: Hóllinn
Hlutverk: Öskuhaugur
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 478421 Y: 565712
Ástand: Nánast horfinn
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Staðhættir
Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Norðan við Gamla bæinn er aflangur hóll eða hryggur. Hann er að mestu öskuhóll og kallaður Hóllinn. Hann er hár og hliðar hans og endar mjög bratt. Hann var eitt sinn lagfærður á parti, til að hægt væri að draga þvert yfir hann hey – inn í fjóshlöðu. Einnig lagfærður til að betra væri [sic] að slá hann. Hóllinn var fyrrum leikvangur barna. Nýlega var girt í kringum Hólinn til að forða honum frá skemmdur. Hóllinn er flatur ofan og er þar búið að gróðursetja nokkur tré, 1999“ (ÖRI, 5).
Lýsing
Búið er að slétta öskuhólinn að mestu en enn sér hans merki norðan íbúðarhússins. Punktur var tekinn norðan við gróðurhúsið sem er í garðinum.
Heimildaskrá
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Rósmundur G. Ingvarsson (1999). Örnefnaskrá Geldingaholts. Örnefnastofnun Íslands.

Geldingaholt 146028 102 - 5
Hlutverk: Heimreið
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 478455 Y: 565663
Ástand: Horfin
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Staðhættir
Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 liggur heimreiðin til vestsuðvesturs frá bænum.
Lýsing
Heimreiðin hefur verið á svipuðum stað og hún er nú og sér ekki til hennar.
Heimildaskrá
Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort af Geldingaholti. Þjóðskjalasafn Íslands.

Geldingaholt 146028 102 - 6
Hlutverk: Smiðja
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 478414 Y: 565713
Ástand: Horfið
Heimildamaður: Sigurjón Tobíasson

Staðhættir
Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Hluti af Gamla bænum stendur enþá [sic] (1999). Það sem stendur er baðstofa (sú vestari) og hlóðaeldhús. Bærinn náði lengra austur og bæjardyr og bustir snéru mót austri. En baðstofurnar tvær voru syðst og snéru norður – suður. Torfbær með þil að framan. Norðan við bæinn var smiðja (smiðjukofi) og þar norðan við, með sundi á milli, var fjós og fjóshlaða, - áður var þar hesthús og heystæði -, en sund á milli“ (ÖRI, 5). Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 eru tvær skemmur eða smiðjur norðan við bæinn.
Lýsing
Samkvæmt Sigurjóni Tobíassyni voru bæði smiðja og skemma áfast við gamla bæinn að norðanverðu auk fjóss og hesthúss. Punktur fyrir smiðju og skemmu var tekinn við gróðurhús sem nú stendur norðan við bæinn.
Heimildaskrá
Rósmundur G. Ingvarsson (1999). Örnefnaskrá Geldingaholts. Örnefnastofnun Íslands.
Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort af Geldingaholti. Þjóðskjalasafn Íslands.

Geldingaholt 146028 102 - 7
Hlutverk: Skemma
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 478414 Y: 565742
Ástand: Horfið
Heimildamaður: Sigurjón Tobíasson
Staðhættir
Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 eru tvær skemmur eða smiðjur norðan við bæinn.
Lýsing
Samkvæmt Sigurjóni Tobíassyni voru bæði smiðja og skemma áfast við gamla bæinn að austanverðu auk fjóss og hesthúss. Punktur fyrir smiðju og skemmu var tekinn við gróðurhús sem nú stendur norðan við bæinn.
Heimildaskrá
Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort af Geldingaholti. Þjóðskjalasafn Íslands.

Geldingaholt 146028 102 - 8
Hlutverk: Fjós/Hlaða
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 478411 Y: 565754
Ástand: Horfið
Heimildamaður: Sigurjón Tobíasson, Hjördís Tobíasdóttir
Staðhættir
Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Hluti af Gamla bænum stendur enþá [sic] (1999). Það sem stendur er baðstofa (sú vestari) og hlóðaeldhús. Bærinn náði lengra austur og bæjardyr og bustir snéru mót austri. En baðstofurnar tvær voru syðst og snéru norður – suður. Torfbær með þil að framan. Norðan við bæinn var smiðja (smiðjukofi) og þar norðan við, með sundi á milli, var fjós og fjóshlaða, - áður var þar hesthús og heystæði -, en sund á milli“ (ÖRI, 5).
Lýsing

Samkvæmt Sigurjóni Tobíassyni og Hjördísi Tobíasdóttur voru bæði smiðja og skemma áfast við gamla bæinn að norðanverðu auk fjóss og hesthúss. Punktur fyrir fjós og hesthús var tekinn þar sem dæld er í garðinum norðan við gróðurhúsið, um 30 m norður af gamla bænum.

Heimildaskrá

Rósmundur G. Ingvarsson (1999). Örnefnaskrá Geldingaholts. Örnefnastofnun Íslands.

Geldingaholt 146028 102 - 9

Hlutverk: Hesthús
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 478434 Y: 565723
Ástand: Horfið
Heimildamaður: Sigurjón Tobíasson, Hjördís Tobíasdóttir

Staðhættir

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Hluti af Gamla bænum stendur enþá [sic] (1999). Það sem stendur er baðstofa (sú vestari) og hlóðaeldhús. Bærinn náði lengra austur og bæjardyr og bustir snéru mót austri. En baðstofurnar tvær voru syðst og snéru norður – suður. Torfbær með þil að framan. Norðan við bæinn var smiðja (smiðjukofi) og þar norðan við, með sundi á milli, var fjós og fjóshlaða, - áður var þar hesthús og heystæði -, en sund á milli“ (ÖRI, 5).

Lýsing

Samkvæmt Sigurjóni Tobíassyni og Hjördísi Tobíasdóttur voru bæði smiðja og skemma áfast við gamla bæinn að norðanverðu auk fjóss og hesthúss. Punktur fyrir fjós og hesthús var tekinn þar sem dæld er í garðinum norðan við gróðurhúsið, um 30 m norður af gamla bænum.

Heimildaskrá

Rósmundur G. Ingvarsson (1999). Örnefnaskrá Geldingaholts. Örnefnastofnun Íslands.

Geldingaholt 146028 102 - 10

Hlutverk: Heystæði
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 478434 Y: 565723
Ástand: Horfið
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Heimildamaður: Sigurjón Tobíasson, Hjördís Tobíasdóttir

Staðhættir

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Hluti af Gamla bænum stendur enþá [sic] (1999). Það sem stendur er baðstofa (sú vestari) og hlóðaeldhús. Bærinn náði lengra austur og bæjardyr og bustir snéru mót austri. En baðstofurnar tvær voru syðst og snéru norður – suður. Torfbær með þil að framan. Norðan við bæinn var smiðja (smiðjukofi) og þar norðan við, með sundi á milli, var fjós og fjóshlaða, - áður var þar hesthús og heystæði -, en sund á milli“ (ÖRI, 5).

Lýsing

Samkvæmt Sigurjóni Tobíassyni og Hjördísi Tobíasdóttur voru bæði smiðja og skemma áfast við gamla bæinn að norðanverðu auk fjóss og hesthúss. Punktur fyrir fjós og hesthús var tekinn þar sem dæld er í garðinum norðan við gróðurhúsið, um 30 m norður af gamla bænum.

Heimildaskrá

Rósmundur G. Ingvarsson (1999). Örnefnaskrá Geldingaholts. Örnefnastofnun Íslands.

Geldingaholt 146028 102 - 11

Sérheiti: Borguleiði
Hlutverk: Leiði
Tegund: Hóll
Staðsetning: X: 478473 Y: 565698
Lengd: 9
Breidd: 3
Ástand: Ágætt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Heimildamaður: Sigurjón Tobíasson, Hjördís Tobíasdóttir

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Annað örnefni er kennt við Borgu og kallast Borguleiði (65°35´318/19°28´000). Það er austan undir hlaðvarpa gamla bæjarins sem er aflangur hryggur, um það bil 9 m langt og 3-5 m breitt eftir því hvernig mælt er. Þar á Vilborg kerling að vera heygð. Borguleiði er talið álagablettur og ber að varast að grafa í það eða raska nokkuð en hins vegar má slá það sem annað tún“ (BS II, 332). Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Túnið: Rétt fyrir framan hlaðvarpann í Holti er ávalur hryggur, nefndur Borga. Þar á Borga að vera grafin, en hún bjó einu sinni í Holti í fyrndinni“ (ÖMJ, 1).

Lýsing

Um 40 m austan við bæinn og um 5 metra vestan girðingar er vel gróinn aflangur hóll eða upphækkun sem liggur norður/suður og hefur verið nefndur Borguleiði. Hóllinn er um 9x3 metrar að ummáli.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Geldingaholts skráð eftir handriti Brynleifs Tobíassonar. Örnefnastofnun Íslands.

Geldingaholt 146028 102 - 12

Hlutverk: Óþekkt / bústaður?

Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 478508
Y: 565746
Ástand: Horfið
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Heimildamaður: Sigurjón Tobíasson

4. Mynd. Þar var áður tóft. Ljósm. GSS.

Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Skammt austur undan bænum, rétt norðan við spennistöðina sem nú er, voru tóftarbrot á litlum hól áður en landinu var bylt til ræktunar. Þar reyndist einnig vera öskuhóll sem bendir ótvírætt á mannvist, en engar sagnir eru um þennan stað“ (BS II, 334).

Lýsing
Um 75 m austur af gamla bænum og norðan við spennustöð sem er í túninu voru tóftarbrot og öskuhóll en sléttað var úr þeim um 1970 og sér þeirra nú engin merki. Stór steinn er í jörðinni um 15 m norðnorðvestur af spennustöðinni. Greinileg gróðurskil eru þó í austur/vestur um 22 m löng og 7 m breið. Vesturhluti skilanna er beint norður af spennustöðinni. Sömuleiðis virðast vera skil í gróðrinum til norðvesturs frá spennustöðinni um 17 m löng og 5 m breið. Þetta eru hugsanlega leifar vallar- eða túngarðs. Sigurjón Tobíasson man ekki eftir tóftum eða mannvirkjum á þessum stað.

Heimildaskrá
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Geldingaholt 146028 102 - 13
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 478617 Y: 565710
Ástand: Horfið
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Heimildamaður: Sigurjón Tobíasson

Staðhættir
Um 160 m austan við íbúðarhús Hjördísar Tobíasdóttur ofan við stóran stein er dæld í jörðina þar sem líklegt virðist vera að einhverskonar mannvirki hafi staðið. Sigurjón Tobíasson man ekki eftir tóftum á þessum stað.

Geldingaholt 146028 102 - 14
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 478524 Y: 565720
Ástand: Horfið

Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Staðhættir
Um 90 m suðaustan við gamla íbúðarhúsið í Geldingaholti eru tveir hólar með svolitlum gróðurskilum. Virðist sem þarna gætu einhvern tíma hafa verið hús eða aðrar mannvistarleifar.

Geldingaholt 146028 102 - 15

5. Mynd. Guðmundur skráir hugsanlegar tóftarleifar. Ljósm. BZ.

Sérheiti: Sauðhús
Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 478489
Y: 565817
Ástand: Horfið
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: „Hús var skammt sunnan við Rófu og sést þar smáhæð í Geldingaholtstúninu. Það hét Sauðhús“ (ÖRI, 2). Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 er útihús um 170 metra norðaustur af bænum.
Lýsing
Smá hæð er í túninu um 160 m norðnorðaustur af íbúðarhúsi Hjördísar Tobíasdóttur. Þar hefur nú verið sléttað og sér ekki móta fyrir húsunum.
Heimildaskrá
Rósmundur G. Ingvarsson (1999). Örnefnaskrá Geldingaholts. Örnefnastofnun Íslands.
Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort af Geldingaholti. Þjóðskjalasafn Íslands.

Geldingaholt 146028 102 - 16
Hlutverk: Smiðja
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 478673 Y: 565578
Ástand: Horfið
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Heimildamaður: Sigurjón Tobíasson
Staðhættir
Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 er smiðja/skemma syðst í túninu.
Lýsing
Vestur undan Tóftarhúsum (sjá nr. 18) er svolítil bunga og samkvæmt heimildamanni kemur grjót upp úr túninu í frostlyftingu sem bent gæti til þess að þar hafi eitthvað verið en ekki man hann eftir neinu mannvirki á þessum stað.
Heimildaskrá

Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort af Geldingaholti. Þjóðskjalasafn Íslands.

Geldingaholt 146028 102 - 17
Sérheiti: Hlöðuhús
Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Heimild
Staðsetning:
X: 478651 Y: 565739
Lengd:
Breidd
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar

6. Mynd. Hlöðuhús. Ljósm. BZ.

Staðhættir
Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Neðst á túninu, suðaustur undan bænum, eru fjárhús er heita Hlöðuhús. Þau eru enn í nokkurri notkun 1999. Nokkru sunnar eru hús er heita Tóftarhús“ (ÖRI, 6). Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 eru útihús rúma 200 metra í suðaustur frá bænum og önnur um 40 metrum sunnar.

Lýsing
Hlöðuhús eru fjárhús út torfi og grjóti. Eldri hluti húsanna er að mestu hruninn, veggir eru enn uppistandandi að vestan og milli veggur og útveggur að sunnan. Útveggurinn að norðan er útflattur orðinn en þó sér fyrir hleðslum. Bárujárn er inni í tóftinni að norðan og hefur verið í þakinu. Sunnan við er sambyggt uppistandandi hús, en lítið að verða eftir af þakinu sem er úr bárujárni austast en torfi að vestan. Gaflinn snýr í austur og er úr bárujárni og timbri. Inni í báðum þessum húsum, eða skálum hefur verið pláss fyrir einn garða um 7 m langan, ekkert sést af honum í nyrðra húsinu en hann er heill í því syðra. Aftan við húsin hefur verið hlaða úr bárujárni og timbri. Hún er nær alveg horfin, en þrjár stoðið eru uppistandandi fyrir miðju og halda uppi slitrum úr þakinu, austan megin en allt er farið að vestan. Sunnan við gömlu fjárhúsin eru önnur nýrri úr timbri og bárujárni, með steyptum suðurvegg og milliveggjum, 3 garðar eru í húsunum. Aftan við er braggi með steyptum sökkli.

Heimildaskrá
Rósmundur G. Ingvarsson (1999). Örnefnaskrá Geldingaholts. Örnefnastofnun Íslands.
Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort af Geldingaholti. Þjóðskjalasafn Íslands.

Geldingaholt 146028 102 - 18
Sérheiti: Tóftarhús
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 478657 Y: 565639
Ástand: Horfin

Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Heimildamaður: Sigurjón Tobíasson

Staðhættir

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Neðst á túninu, suðaustur undan bænum, eru fjárhús er heita Hlöðuhús. Þau eru enn í nokkurri notkun 1999. Nokkru sunnar eru hús er heita Tóftarhús“ (ÖRI, 6). Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 eru útihús rúma 200 metra í suðaustur frá bænum og önnur um 40 metrum sunnar.

Lýsing

Hvergi sjást minjar um Tóftarhús en punktur var tekinn syðst í ógrónum og sléttum bletti um 20 m suður af bragganum sem er syðsti hluti Hlöðuhúsa. Samkvæmt heimildamanni voru húsin rifin upp úr 1950 og nú hefur verið sléttað yfir þau.

Heimildaskrá

Rósmundur G. Ingvarsson (1999). Örnefnaskrá Geldingaholts. Örnefnastofnun Íslands.
Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort af Geldingaholti. Þjóðskjalasafn Íslands.

Geldingaholt 146028 102 - 19

Sérheiti: Garðhús
Hlutverk: Hesthús
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 478574 Y: 565546
Lengd: 15
Breidd: 7
Ástand: Sæmilegt
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Heimildamaður: Sigurjón Tobíasson.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Neðst á túninu, suðaustur undan bænum, eru fjárhús er heita Hlöðuhús. Þau eru enn í nokkurri notkun 1999. Nokkru sunnar eru hús er heita Tóftarhús. Suður undan bænum, austan við Kvíaból og Rógsgötu, voru Garðhús. Sunnan við þau sá fyrir gömlum matjurtagarði. Húsin og garðstæðið voru norðan við merkjagirðingu milli Geldingaholts og nýbýlisins Garðhúsa. Munu gömlu Garðhús hafa fengið nafn af garðinum, eða þá af miklum Túngarði, sem var umhverfis gamla túnið að sunnanverðu og vestanverðu norður að húsum þeim er seinna nefndust Þórðarhús. Hornslétta var sunnan við Túngarðinn. Hluti Túngarðsins að vestan sést ennþá“ [sic] 1999. Nýbýlið hefur fengið nafn af gömlu Garðhúsum. Garðhúsin eru nú (1999) fallin, en leifar þeirra sjást., suður undir girðingunni . Beint undan Garðhúsum var gömul fjárrétt, kringlótt. Syðst á túninu hesthús“ (ÖRI, 6). Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 má sjá útihúshús við túnjaðarinn suðvestanverðan og matjurtagarð við hlið þess.

Lýsing

Garðhús voru upphaflega byggð sem hesthús en garðinn og krærnar voru breiðari heldur en í fjárhúsi. Síðar var haft þar fé. Heimildamaður man vel eftir þessum húsum og þá voru þau notuð sem hesthús. Húsin eru tvöföld með garða og virðist vera hlaða til vesturs. Þau hafa verið hlaðin úr torfi og grjóti. Bæði er að finna bárujárn og timbur í tóftinni. Veggir eru rúmur metri á hæð að utanfrá og um 50 sm á breidd. Hlaðan er 5x2 m að innanmáli.Tóftin liggur austur/vestur og hefur hurð verið til austurs. Í örnefnaskrá er getið hesthúss auk Garðhúsa og telur heimildamaður að þarna sé um misskilning að ræða.

Heimildaskrá

Rósmundur G. Ingvarsson (1999). Örnefnaskrá Geldingaholts. Örnefnastofnun Íslands.
Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort af Geldingaholti. Þjóðskjalasafn Íslands.

Geldingaholt 146028 102 - 20

Hlutverk: Hesthús
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Heimildamaður: Sigurjón Tobíasson

Staðhættir

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Beint undan Garðhúsum var gömul fjárrétt, kringlótt. Syðst á túninu hesthús“ (ÖRI, 6).

Lýsing

Heimildamaður telur að þarna geti verið að höfundur örnefnaskrár sé að tvítaka, því að ekki kannast hann við önnur hesthús á þessu svæði en Garðhúsin.

Heimildaskrá

Rósmundur G. Ingvarsson (1999). Örnefnaskrá Geldingaholts. Örnefnastofnun Íslands.

Geldingaholt 146028 102 - 21

Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 478527 Y: 565518
Lengd: 9
Breidd: 8
Ástand: Horfið
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Heimildamaður: Sigurjón Tobíasson

Staðhættir

Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 er útihús tæpa hundrað metra til suðurs frá bænum.

Lýsing

Um 40 m suðvestur af Garðhúsum (sjá nr. 17) er dæld í jörðina og smá gróðurskil sem bent gæti til að þar hafi staði einhverskonar mannvirki, hugsanlega það útihús sem sýnt er á túnakorti. Dældin er um 9x8 m að ummáli og við norðausturhorn hennar önnur minni dæld um 4x7 m að ummáli. Ekki man heimildamaður eftir húsi á þessum stað.

Heimildaskrá

Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort af Geldingaholti. Þjóðskjalasafn Íslands.

Geldingaholt 146028 102 - 22
Hlutverk: Fjárrétt
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 478581 Y: 565547
Lengd: 7
Breidd: 4
Ástand: Horfið
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Heimildamaður: Sigurjón Tobíasson
Staðhættir
Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Beint undan Garðhúsum var gömul fjárrétt, kringlótt. Syðst á túninu hesthús“ (ÖRI, 6).
Lýsing
Heimildamaður man ekki eftir fjárrétt þessari en segir að sunnan Garðhúsanna sé smá bunga og telur að þar gæti réttin hafa staðið. Þar hefur nú verið sléttað yfir.
Heimildaskrá
Rósmundur G. Ingvarsson (1999). Örnefnaskrá Geldingaholts. Örnefnastofnun Íslands.

Geldingaholt 146028 102 - 23
Hlutverk: Matjurtagarður
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 478494 Y: 565477
Ástand: Horfið
Heimildamaður: Sigurjón Tobíasson
Staðhættir
Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Neðst á túninu, suðaustur undan bænum, eru fjárhús er heita Hlöðuhús. Þau eru enn í nokkurri notkun 1999. Nokkru sunnar eru hús er heita Tóftarhús. Suður undan bænum, austan við Kvíaból og Rógsgötu, voru Garðhús. Sunnan við þau sá fyrir gömlum matjurtagarði“ (ÖRI, 6). Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 má sjá útihúshús við túnjaðarinn suðvestanverðan og matjurtagarð við hlið þess.
Lýsing
Heimildamaður man eftir garðinum sem lá sunnan túngarðsins en nú hefur verið sléttað yfir hann.
Heimildaskrá
Rósmundur G. Ingvarsson (1999). Örnefnaskrá Geldingaholts. Örnefnastofnun Íslands.
Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort af Geldingaholti. Þjóðskjalasafn Íslands.

Geldingaholt 146028 102 - 24
Sérheiti: Kvíaból
Hlutverk: Kvíar
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið
Heimildamaður: Sigurjón Tobíasson
Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Fyrir sunnan Fjósvöll og Skjaldbreiðar (sunnan garðlagsins) er túnauki, ræktaður kringum kvíar, er þar voru fyrr. Sér enn fyrir kvíatóftunum. Þessi túnauki heitir Kvíaból“ (ÖMJ, 1)

Lýsing

Sigurjón man ekki eftir tóftum þessum og þarna hefur nú allt verið sléttað. En hann gat þess einnig að grjót væri sunnan og vestan Garðhúsanna og gætu kvíarnar hugsanlega hafa staðið þar.

Heimildaskrá

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Geldingaholts skráð eftir handriti Brynleifs Tobíassonar. Örnefnastofnun Íslands.

Geldingaholt 146028 102 - 25

7. Mynd. Þórðarhús voru norðan braggans. Ljósm. BZ.

Sérheiti: Þórðarhús
Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 478402 Y: 565605
Ástand: Horfið
Heimildamaður: Sigurjón Tobíasson

Staðhættir

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Neðst á túninu, suð-austur undan bænum, eru fjárhús er heita Hlöðu-hús. Þau eru enn í nokkurri notkun 1999. Nokkru sunnar eru hús er heita Tóftarhús. Suður undan bænum, austan við Kvíaból og Rógsgötu, voru Garðhús. Sunnan við þau sá fyrir gömlum matjurtagarði. Húsin og garðstæðið voru norðan við merkjagirðingu milli Geldingaholts og nýbýlisins Garðhúsa. Munu gömlu Garðhús hafa fengið nafn af garðinum, eða þá af miklum Túngarði, sem var umhverfis gamla túnið að sunnanverðu og vestanverðu norður að húsum þeim er seinna nefndust Þórðarhús“ og síðar segir: „Norður undan bragga, sem er drjúgan spöl suðvestan við Gamlabæ og vestan við húsið Geldingaholt III, rétt sunnan við heimveginn að húsi I. og III, voru fjárhús er Þórður átti, kölluð Þórðarhús. Þau voru rifin nýlega og eru horfin. Sunnan við húsin var rétt og þar sunnan við bragginn sem enn stendur“ (ÖRI, 6-7). Á túnakorti má sjá útihús suðvestur af gamla bænum og munu það vera Þórðarhús.

Lýsing

Þórðarhús voru norðan bragga þess sem stendur vestan íbúðarhúss Gunnlaugs Tobíassonar. Þau hafa nú verið rifin og sér þeirra ekki lengur stað.

Heimildaskrá

Rósmundur G. Ingvarsson (1999). Örnefnaskrá Geldingaholts. Örnefnastofnun Íslands.
Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort af Geldingaholti. Þjóðskjalasafn Íslands.

Geldingaholt 146028 102 - 26
Hlutverk: Rétt
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 478405 Y: 565589
Ástand: Horfið
Heimildamaður: Sigurjón Tobíasson
Staðhættir
Suður undir Þórðarhúsum (sjá nr. 24) var rétt.
Lýsing
Suðurkantur hennar var hlaðinn úr torfi og grjóti en timbur að vestan og austan í minni heimildamanns. Sigurjón notaði rétta þessa sín fyrstu búskaparár en hún hefur verið rifin.

Geldingaholt 146028 102 - 27
Sérheiti: Prettur
Hlutverk: Brunnur
Tegund: Vatnsból
Staðsetning: X: 478369 Y: 565596
Ástand: Gott
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Heimildamaður: Sigurjón Tobíasson
Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Prettur. Uppi á holtinu rétt sunnan við heimreiðina er vatnsbrunnur og heitir Prettur. Fyrir kom að hann þvarr, einkum eftir að vatnsnotkun jókst með fjölgun kúnna. Varð þá að sækja vatn niður í Kvísl. Fyrir 1920 var Tobías Magnússon búinn að leggja vatnsleiðslu í brunninn“ (BS II, 332). Í örnefnaskrá segir: „Fyrir ofan túnið í holtinu er brunnur, sem neyzluvatn er úr tekið. Hann er kallaður Prettur, en það nafn á hann nú ekki skilið“ (ÖMJ, 5). Og í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Prettur er hlaðinn brunnur og talinn óskemmdur enþá [sic], þó hætt sé að nota hann. Hann þornaði stundum, einkum síðsumar þegar þurrkvar voru miklir og einnig seinni part vetrar. Þegar kúabú var stækkað í Holti var vatnið ekki nóg. Nú er vatnið tekið úr tveim uppsprettum uppi á Seyluás og fá Garðhús einni vatn úr þeirri veitu“(ÖRI, 8).
Lýsing
Brunnurinn sem er hlaðinn stendur enn og er vatnslögnin tengd í gegnum hann samkvæmt heimildamanni.
Heimildaskrá
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Geldingaholts skráð eftir handriti Brynleifs Tobíassonar. Örnefnastofnun Íslands.
Rósmundur G. Ingvarsson (1999). Örnefnaskrá Geldingaholts. Örnefnastofnun Íslands.

Geldingaholt 146028 102 - 28
Hlutverk: Túngarður
Tegund: Garðlag

Staðsetning: X: 478442 Y: 565554
Ástand: Sæmilegt
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Heimildamaður: Sigurjón Tobíasson
Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Skjaldbreiðar hét túnið í brekkuhallinu suður af bænum og náði suður að vallargarði“ (BS II, 332). Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Allur völlurinn út að þýfinu niður undan bænum, sá sem veit mót austri og nær suður að garðlagi, heitir Skjaldbreiðar“ (ÖMJ, 1) og síðar segir: „Fyrir sunnan Fjósvöll og Skjaldbreiðar (sunnan garðlagsins) er túnauki, ræktaður kringum kvíar, er þar voru fyrr. Sér enn fyrir kvíatóftunum. Þessi túnauki heitir Kvíaból“ (ÖMJ, 1).Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Neðst á túninu, suðaustur undan bænum, eru fjárhús er heita Hlöðuhús. Þau eru enn í nokkurri notkun 1999. Nokkru sunnar eru hús er heita Tóftarhús. Suður undan bænum, austan við Kvíaból og Rógsgötu, voru Garðhús. Sunnan við þau sá fyrir gömlum matjurtagarði. Húsin og garðstæðið voru norðan við merkjagirðingu milli Geldingaholts og nýbýlisins Garðhúsa. Munu gömlu Garðhús hafa fengið nafn af garðinum, eða þá af miklum Túngarði, sem var umhverfis gamla túnið að sunnanverðu og vestanverðu norður að húsum þeim er seinna nefndust Þórðarhús. Hornslétta var sunnan við Túngarðinn. Hluti Túngarðsins að vestan sést enþá [sic] 1999. Nýbýlið hefur fengið nafn af gömlu Garðhúsum. Garðhúsin eru nú (1999) fallin, en leyfar þeirra sjást., suður undir girðingunni . [sic] Beint undan Garðhúsum var gömul fjárrétt, kringlótt. Syðst á túninu hesthús“ (ÖRI, 6).
Lýsing
Túngarðurinn er glöggur sunnan og vestan við hús Gunnlaugs Tobíassonar. Hann er um 50 m langur, um 2 m þar sem hann er breiðastur. Einnig sér móta fyrir garðlagi sunnan og vestan Garðhúsa og telur heimildamaður að þar gæti hugsanlega verið hluti túngarðsins.
Punktur á norðurenda túngarðs:
478427
565568
Punktur á suðurenda túngarðs:
478452
565537
Heimildaskrá
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Geldingaholts skráð eftir handriti Brynleifs Tobíassonar. Örnefnastofnun Íslands.
Rósmundur G. Ingvarsson (1999). Örnefnaskrá Geldingaholts. Örnefnastofnun Íslands.

Geldingaholt 146028 102 - 29
Hlutverk: Rétt
Tegund: Heimild
Ástand: Horfin
Heimildamaður: Sigurjón Tobíasson
Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Skjaldbreiðar hét túnið í brekkuhallinu suður af bænum og náði suður að vallargarði. Vestan og ofan við Skjaldbreiðar var Fjósvöllur. Þar voru tóftir, ferhyrndur blettur, afmarkaður með veggjum og líktist rétt, einir 10-20 metrar á kant. Innan veggja voru þúfur en lítill hóll norðaustan til í girðingunni“ (BS II, 332).

Lýsing

Sigurjón man ekki eftir þessum tóftum og þarna er allt sléttað.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Geldingaholt 146028 102 - 30

Sérheiti: Fjósvöllur
Hlutverk: Fjós
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 478415 Y: 565632
Ástand: Horfið
Heimildamaður: Gunnlaugur Tobíasson

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Gamla fjósið var austan við Lögréttu. Hún er nú horfin en yngra íbúðarhúsið í Geldingaholti stendur örlitlu norðar og austar en tóftirnar voru“ (BS II, 332). Í örnefnaskrá segir: „Fyrir ofan Skjaldbreiðarnar sunnan bæjarhúsanna heitir Fjósvöllur, sjálfsagt tiltölulega nýtt nafn. Þar eru tóftir, ferhyrnt svæði, og sér fyrir garði umhverfi, kallast Lögrétta“ (ÖMJ, 1). Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 er útihús um 90 metra suður af bænum.

Lýsing

Lögrétta stóð vestan við hús Gunnlaugs Tobíassonar og man hann eftir tóftum og garðlagi sem var sléttað út þegar húsið var byggt og sér þess nú hvergi merki. Garðurinn mun hafa náð til vesturs frá húsinu og suður fyrir það. Punktur var tekinn um 10 m frá suðvesturhorni íbúðarhúss.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Geldingaholts skráð eftir handriti Brynleifs Tobíassonar. Örnefnastofnun Íslands.
Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort af Geldingaholti. Þjóðskjalasafn Íslands.

Geldingaholt 146028 102 - 31

Sérheiti: Lögrétta
Hlutverk: Garður
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 478415 Y: 565632
Ástand: Horfið
Heimildamaður: Gunnlaugur Tobíasson

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Gamla fjósið var austan við Lögréttu. Hún er nú horfin en yngra íbúðarhúsið í Geldingaholti stendur örlitlu norðar og austar en tóftirnar

voru” (BS II, 332). Í örnefnaskrá segir: „Fyrir ofan Skjaldbreiðarnar sunnan bæjarhúsanna heitir Fjósvöllur, sjálfsagt tiltölulega nýtt nafn. Þar eru tóftir, ferhyrnt svæði, og sér fyrir garði umhverfis, kallast Lögrétta“ (ÖMJ, 1)

Lýsing

Lögrétta stóð vestan við hús Gunnlaugs Tobíassonar og man hann eftir tóftum og garðlagi sem var sléttað út þegar húsið var byggt og sér þess nú hvergi merki. Garðurinn mun hafa náð til vesturs frá húsinu og suður fyrir það.

Punktur var tekinn um 10 m frá suðvesturhorni íbúðarhúss.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Geldingaholts skráð eftir handriti Brynleifs Tobíassonar. Örnefnastofnun Íslands.

Geldingaholt 146028 102 - 32

Hlutverk: Áburðarhús

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 478445 Y: 565602

Ástand: Horfið

Heimildamaður: Sigurjón Tobíasson

Staðhættir

Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 er útihús um 90 metra suður af bænum og rétt norðan þess er áburðarhús.

Lýsing

Áburðarhúsið stóð austan við fjósið. Húsið var orðið lélegt rétt fyrir 1950 en var þá enn með þaki, hellulagt gólf var í því. Líklega hefur húsið verið rifið upp úr 1950 en þá voru tvær lautir austan þess sléttaðar og taldi heimildamaður líklegt að sléttað hafi verið yfir húsin á sama tíma. Það stóð um 3-4 m austur af fjósveggnum og var þar op sem mykjunni var mokað í ofan í kjallara.

Heimildaskrá

Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort af Geldingaholti. Þjóðskjalasafn Íslands.

Geldingaholt 146028 102 - 33

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Heimildamaður: Sigurjón Tobíasson

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Niðri í enginu, beint austur af Grafreitnum, voru leyfar af upphlaðinni götu og hefur það sennilega verið framhald af götunni niður túnið” (ÖRI, 9).

Lýsing

Túnið hefur verið sléttað og engin einnig og ekki sér til hennar lengur. Upphlaðnar engjabrýr þar sem blautast var. Grjóthleðsla var í þeim á parti. Steinar komu upp þegar plægt var þarna.

Heimildaskrá

Rósmundur G. Ingvarsson (1999). Örnefnaskrá Geldingaholts. Örnefnastofnun Íslands.

Geldingaholt 146028 102 - 34
Sérheiti: Tóftir
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið
Heimildamaður: Sigurjón Tobíasson
Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: „Yst og neðst í nesinu skammt frá hólmanum heita Tóftir. Þar eru samt óglögg tóftarbrot" (ÖMJ, 5).
Lýsing
Tóftir þessar eru nú horfnar en man heimildamaður eftir þeim. Svæðið var tætt og síðan sléttað.
Heimildaskrá
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Geldingaholts skráð eftir handriti Brynleifs Tobíassonar. Örnefnastofnun Íslands.

Geldingaholt 146028 102 - 35
Hlutverk: Garður
Tegund: Áveita
Staðsetning: X: 479258 Y: 566582
Ástand: Að mestu horfinn
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Heimildamaður: Sigurjón Tobíasson
Staðhættir
Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Tobías Magnússon mun hafa lagt vatnsleiðsluna [sic] . hann lét einnig gera langa Flóðgarðinn, sléttaði einnig túnið og girti – líklega allt land jarðarinnar – Holtseyjarnar líka. Langi Flóðgarðurinn náði frá holtinu niður [sic] undan Sauðhúsi og út í Nestá" (ÖRI, 8). Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Frá túnfætinum skammt sunnan merkjanna milli Holts og Holtskots er Flóðgarður, sem nær niður (austur) í Nestá, rúmlega 1 km. Að lengd. Sunnan við hann var mikið og gott Flæðiengi, sem allt var véltækt. Flóðgarðurinn er ekki lengur notaður" (ÖRI, 9).
Lýsing
Heimildamaður man vel eftir garði þessum sem var um 900 m langur. Skurður hefur verið grafinn meðfram garðinum og skurðuppmoksturinn hylur garðinn, nema þar sem búið er að slétta yfir hann.
Heimildaskrá
Rósmundur G. Ingvarsson (1999). Örnefnaskrá Geldingaholts. Örnefnastofnun Íslands.

Geldingaholt 146028 102 - 36
Sérheiti: Flóabrú
Hlutverk: Vegur
Tegund: Leið
Staðsetning: X: 477967 Y: 565393
Ástand: Gott

Lengd: 1100 m
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Heimildamaður: Sigurjón Tobíasson

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Fyrir ofan holtið er svonefndur Flói og Holtstjörn. Tanginn, sem gengur út í tjörnina að sunnan, heitir Langitangi. Mórinn fyrir vestan holtið kippkorn fyrir utan Flóabrúna heitir Grænimór" (ÖMJ, 4).

Lýsing

Gamli vegurinn að bænum var kallaður Flóabrú. Vegurinn var handhlaðinn. Það sér móta fyrir honum upp undir Torfgarðsholtið. Vestanvert á holtinu liggur vegurinn á sama stað og núverandi vegur en þegar hann beygir til suðurs heldur gamli vegurinn beint áfram yfir holtið þar til hann tekur sveigjur síðustu 500 metrana áður en komið er upp á Sauðárkróksbraut. Vegurinn er í heild rúmlega 1,1 km.

Heimildaskrá

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Geldingaholts skráð eftir handriti Brynleifs Tobíassonar. Örnefnastofnun Íslands.

Geldingaholt 146028 102 - 37

Hlutverk: Stekkur
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 474121
Y: 565233
Lengd: 6
Breidd: 2,5
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar



Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Seylugötur lágu frá bænum vestur yfir holtið í stefnu á Seylu. Við götuna vestan í holtinu, á að giska 100 metrum sunnan við loðdýraskálana, er aflöng tóft í kafgresi á sumri og stendur í halla, grafin niður í brekkuhallann út og suður og er kölluð Stekkur. Vatnslögnin sem gerð var um 1986 fyrir Geldingaholtsbæina ofan úr Seyluás fer um norðurenda tóftarinnar" (BS II, 333-34).

Lýsing

Í hallandi brekku í vestanverðu Geldingaholti, um það bil 100 m suður af minkahúsi Sigurjóns Tobíassonar liggur tóft, líklega af gömlum stekk. Liggur hún vestan undir vegarslóða sem liggur niður á túnið fyrir neðan. Tóftin er ekki vel greinileg og veggjalög nokkuð rofin en þó eru nokkur gróðurskil við hana. Ekki er greinilegur veggur innan tóftar en þó virðist þar veggjabrot og gæti tóftin

verið tvískipt og gæti verið stekkur með lambakró til norðurs. Hún er algróin og töluvert þýft er í kringum hana en nokkuð sléttara innan tóftar. Innanmál tóftar er um 6x2,5 m, veggjahæð 30 sm og breidd veggja 30-50 sm.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Geldingaholt 146028 102 - 38

Sérheiti: Seylugötur
Hlutverk: Leið
Tegund: Gata
Staðsetning: X: 478117 Y: 565259
Ástand: Horfið
Heimildamaður: Sigurjón Tobíasson

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Breiðar melgötur tvær liggja yfir holtið vestur yfir frá túninu fyrir sunnan og ofan bæinn og utan og ofan. Þessar breiðu melgötur eru líklega upphaflega brautir, sem höggnar hafa verið gegnum skóginn. Syðri göturnar heita Seylugötur, af því að þær liggja í áttina til bæjarins Seylu á Langholti“ (ÖMJ, 3). Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Seylugötur liggja til suðvesturs , [sic] rétt um það bil sem nú er hlið þar sem heimvegur er að íbúðarhúsinu Geldingaholt II. Þar er komið tún við húsið og göturnar horfnar” (ÖRI, 7).

Lýsing

Punktur var tekinn á norðan við stekk sem skráður er nr. 59 en þar munu Seylugötur hafa legið samkvæmt heimildamanni Sigurjóni Tobíassyni ábúanda á Geldingaholti II.

Heimildaskrá

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Geldingaholts skráð eftir handriti Brynleifs Tobíassonar. Örnefnastofnun Íslands.
Rósmundur G. Ingvarsson (1999). Örnefnaskrá Geldingaholts. Örnefnastofnun Íslands.

Geldingaholt 146028 102 - 39

Sérheiti: Skörðugilsgötur
Hlutverk: Leið
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið
Heimildamaður: Sigurjón Tobíasson

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Skörðugilsgötur lágu vestur frá bænum og vestur yfir votlendið heldur norðan við Flóabrú og eftir rinda skammt sunnan við Tjörnina“ (ÖRI,7).

Lýsing

Samkvæmt heimildamanni lágu götur milli Geldingaholts og Holtskots og telur hann að þær gætu hafa verið nefndar Skörðugilsgötur en Geldingaholt og Skörðugil voru með skiptisamning á beitilandi. Götur þessar eru nú komnar undir tún.

Heimildaskrá

Rósmundur G. Ingvarsson (1999). Örnefnaskrá Geldingaholts. Örnefnastofnun Íslands.

Geldingaholt 146028 102 - 40
Sérheiti: Borgusætisgötur
Hlutverk: Leið
Tegund: Gata
Staðsetning: X: 478376 Y: 564925
Ástand: Gott
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Heimildamaður: Sigurjón Tobíasson
Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: „Enn liggja götur í suðvestur frá túninu. Þær eru kallaðar Borgusætisgötur. Þær liggja suður á holtið vestan til, þar sem hæst ber, en þar er þústa eða verða, sem heitir Borgusæti“ (ÖMJ, 3).
Lýsing
Heimildamaður telur Stuttholtsgötur og Borgusætisgötur vera þær sömu. Götur sjást á loftmynd sem liggja suðvestur af Geldingaholti í átt að Torfgarði.
Heimildaskrá
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Geldingaholts skráð eftir handriti Brynleifs Tobíassonar. Örnefnastofnun Íslands.

Geldingaholt 146028 102 - 41
Sérheiti: Stuttholtsgötur
Hlutverk: Leið
Tegund: Vegur
Staðsetning: X: 478376 Y: 564925
Ástand: Gott
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Heimildamaður: Sigurjón Tobíasson
Staðhættir
Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Borgusætisgötur lágu frá bænum suður hjá Borgusæti og áfram. Vestur frá Borgusæti voru svo Stuttholtsgötur“ (ÖRI,7).
Lýsing
Heimildamaður telur Stuttholtsgötur og Borgusætisgötur vera þær sömu. Götur sjást á loftmynd sem liggja suðvestur af Geldingaholti í átt að Torfgarði.
Heimildaskrá
Rósmundur G. Ingvarsson (1999). Örnefnaskrá Geldingaholts. Örnefnastofnun Íslands.

Geldingaholt 146028 102 - 42
Hlutverk: Skurður
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: „Torfgarðslækur er líklega annað nafn á Stuttholtskíl. Torfgarðslækur kemur niður eftir lækjargili eða dragi skammt utan við Torfgarð (bæinn), og rann niður í Torfgarðsflóann/Geldingaholtflóann. Kom svo aftur fram sem lækur sunnan við

Stuttholtið og síðan var síkismynd austur rógsengið og mun vatnið hafa farið í Stokkinn. Þar í enginu sér fyrir gömlum handgröfnum skurði, austus [sic] vestur.” (ÖRI, 7).

Lýsing

Skurðurinn ekki skráður á vettvangi sumarið 2005.

Heimildaskrá

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Geldingaholts skráð eftir handriti Brynleifs Tobíassonar. Örnefnastofnun Íslands.

Rósmundur G. Ingvarsson (1999). Örnefnaskrá Geldingaholts. Örnefnastofnun Íslands.

Geldingaholt 146028 102 - 43

8. Mynd. Guðmundur skráir Borgusæti. Ljósm. BZ.

Sérheiti: Borgusæti
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Tóft
Staðsetning:
X: 478474
Y: 565029
Lengd: 3
Breidd: 3
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök:Vegna ábúðar

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Borgusæti (65°34´950/ 19°27´995) heitir uppi á holtinu þar sem það er hæst, um 35 m.y.s. Það er kennt við Vilborgu nokkra sem bjó forðum í Geldingaholti og hafði þarna útsýnisstað [...] Borgusæti er ferköntuð hleðsla 3-3,5 m á kant og í því stór þúfa sem myndast hefur í tímans rás. Óljós tóft er við sætið norðaustanvert. Af Borgusæti er betur útsýnisstaður um framanvert héraðið og sú skýring ekki ósennileg að þarna hafi verið varðstöð á óaldartímum Sturlungaaldar“ (BS II, 332). Í örnefnaskrá segir: „Enn liggja götur í suðvestur frá túninu. Þær eru kallaðar Borgusætisgötur. Þær liggja suður á holtið vestan til, þar sem hæst ber, en þar er þústa eða varða, sem heitir Borgusæti” (ÖMJ, 3). Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Borgusæti er nefnt hér á undan, en það er sunnarlega á há- holtinu og 5 metra vestan við landamærin milli Geldingaholts og Garðhúsa . [sic] Þar er holtið (hvollinn) hæst, sagt vera 36 m.y.s., en Holtstjörn 6 m.y.s. Hjá sætinu eru gamlar leyfar af einhverju mannvirki, lítilli tóft, sem enginn veit hvað verið hefur. Sú tilgáta hefur heyrst, að fornmenn hafi haft þarna skýli fyrir varðmann, sem hafi haft það hlutverk að fylgjast með mannaferðum og gera heimamönnum viðvart ef til óvina sást. En frá Borgusæti sést mjög vel yfir, nánast í allar áttir“ (ÖRI, 7).

Lýsing

Borgusæti er á háholtinu (Geldingaholti) um 250 m suður af meðferðarheimilinu Háholti. Tóftirnar sem eru tvær standa austan við vegarslóða sem liggur suður í engin en vestan

girðingar. Sú tóft sem lengra liggur til suðurs er nokkuð hærra í landinu en nyrðri tóftin. Syðri tóftin er 3x3 m að ummáli en nyrðri tóftin 3x4 m að utanmáli. Tóftirnar eru báðar vel grónar og sér ekki í grjót. Veggir eru nokkuð greinilegir en nokkuð rofnir. Mesta hæð veggja er um 30-40 sm og mesta breidd 1 m. Á milli tóftanna og vestan við þá nyrðri er slétt svæði þar sem gróðurskil eru.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Geldingaholts skráð eftir handriti Brynleifs Tobíassonar. Örnefnastofnun Íslands.
Rósmundur G. Ingvarsson (1999). Örnefnaskrá Geldingaholts. Örnefnastofnun Íslands.

Geldingaholt 146028 102 - 44

Sérheiti: Borgusæti
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 478474 Y: 565029
Lengd: 3
Breidd: 4
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Borgusæti (65°34´950/19°27´995) heitir uppi á holtinu þar sem það er hæst, um 35 m.y.s. Það er kennt við Vilborgu nokkra sem bjó forðum í Geldingaholti og hafði þarna útsýnisstað [...] Borgusæti er ferköntuð hleðsla 3-3,5 m á kant og í því stór þúfa sem myndast hefur í tímans rás. Óljós tóft er við sætið norðaustanvert. Af Borgusæti er betur útsýnisstaður um framanvert héraðið og sú skýring ekki ósennileg að þarna hafi verið varðstöð á óaldartímum Sturlungaaldar“ (BS II, 332). Í örnefnaskrá segir: „Enn liggja götur í suðvestur frá túninu. Þær eru kallaðar Borgusætisgötur. Þær liggja suður á holtið vestan til, þar sem hæst ber, en þar er þústa eða verða, sem heitir Borgusæti“ (ÖMJ, 3). Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Borgusæti er nefnt hér á undan, en það er sunnarlega á há- holtinu og 5 metra vestan við landamærin milli Geldingaholts og Garðhúsa . [sic] Þar er holtið (hvollinn) hæst, sagt vera 36 m.y.s., en Holtstjörn 6 m.y.s. Hjá sætinu eru gamlar leyfar af einhverju mannvirki, lítilli tóft, sem enginn veit hvað verið hefur. Sú tilgáta hefur heyrst, að fornmenn hafi haft þarna skýli fyrir varðmann, sem hafi haft það hlutverk að fylgjast með mannaferðum og gera heimamönnum viðvart ef til óvina sást. En frá Borgusæti sést mjög vel yfir, nánast í allar áttir“ (ÖRI, 7).

Lýsing

Borgusæti er á háholtinu (Geldingaholti) um 250 m suður af meðferðarheimilinu Háholti. Tóftirnar sem eru tvær standa austan við vegarslóða sem liggur suður í engin, vestan girðingar. Sú tóft sem lengra liggur til suðurs er nokkuð hærra í landinu en nyrðri tóftin. Syðri tóftin er 3x3 m að ummáli en nyrðri tóftin 3x4 m að utanmáli. Tóftirnar eru báðar vel grónar og sér ekki í grjót. Veggir eru nokkuð greinilegir en nokkuð rofnir. Mesta hæð veggja er um 30-40 sm og mesta breidd 1 m. Á milli tóftanna og vestan við þá nyrðri er slétt svæði þar sem gróðurskil eru.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Geldingaholts skráð eftir handriti Brynleifs Tobíassonar. Örnefnastofnun Íslands.
Rósmundur G. Ingvarsson (1999). Örnefnaskrá Geldingaholts. Örnefnastofnun Íslands.

Geldingaholt 146028 102 - 45

Sérheiti: Rógur
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Heimild
Staðsetning:
X: 478942
Y: 564449
Lengd: 7
Breidd: 10
Ástand: Horfið
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök:
Vegna ábúðar

9. mynd. Rógur, horft er til suðurs. Ljósm. GSS.

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Rógur er fornbýli sunnan í holtinu skammt upp af Húseyjarkvísl og sjást þar minjar garðlaga og tófta af nokkrum húsum, flestar óraskaðar, en sunnan og neðan við þær er sumarbústaður Guðmanns Tobíassonar frá Geldingaholti, byggður 1982, og eru rústirnar innan girðingar bústaðarins" (BS II, 333). Í örnefnaskrá segir: „Syðst á holtinu við kvíslina (Svartá) eru tóftir, er kallast Róg eða Rógur. Það er eyðijörð, bólar þar á túngarði og húsatóftum" (ÖMJ, 3).

Lýsing

Í norðausturhorni sumarbústaðarlands Guðmanns Tobíassonar eru tóftir sem virðast nokkuð gamlar. Tóftirnar standa á tveimur hólum og á milli þeirra er lægð. Nyrðri hóllinn er öllu stærri 12x20 m og á honum er tóft sem virðist tvískipt og hefur hugsanlega verið op á henni til suðurs. Utanmál er nálega 7x10 m. 7 metra sunnan af henni er önnur tóft, þrískipt. Þær eru öllu ógreinilegri en nyrsta og stærsta tóftin. Greina má þrjú hólf í

tóftinni/tóftunum og gæti verið að tvö vestari væru hlutar eldri tóftar sem síðar hefur verið byggt ofan á, en vestari hlutinn er nokkuð lægri en hinar tóftirnar. Í vestasta hólfinu sem er 4x5 m að innanmáli er nú geymdur bátur og við útvegginn að vestan hefur verið sett upp framhlíð lítils kofa. Við suðvestur horn tóftarinnar er kofi. Allar eru tóftirnar vel grónar og hvergi sér í grjót. Á milli þeirra eru eins og áður sagði lægð, hugsanlega sund eða stígur. Búið er að planta trjám umhverfis tóftarsvæðið á alla kanta, strjálla þó til vesturs.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Geldingaholts skráð eftir handriti Brynleifs Tobíassonar. Örnefnastofnun Íslands.

Geldingaholt 146028 102 - 46

Sérheiti: Rógur
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Heimild
Staðsetning:
X: 478946
Y: 564431
Lengd: 10
Breidd: 5
Ástand: Horfið
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar

10. mynd. Syðri tóftirnar á Rógi. Ljósm. BZ

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Rógur er fornbýli sunnan í holtinu skammt upp af Húseyjarkvísl og sjást þar minjar garðlaga og tófta af nokkrum húsum, flestar óraskaðar, en sunnan og neðan við þær er sumarbústaður Guðmanns Tobíassonar frá Geldingaholti, byggður 1982, og eru rústirnar innan girðingar bústaðarins" (BS II, 333). Í örnefnaskrá segir: „Syðst á holtinu við kvíslina (Svartá) eru tóftir, er kallast Róg eða Rógur. Það er eyðijörð, bólar þar á túngarði og húsatóftum" (ÖMJ, 3).

Lýsing

Í norðausturhorni sumarbústaðarlands Guðmanns Tobíassonar eru tóftir sem virðast nokkuð gamlar. Tóftirnar standa á tveimur hólum og á milli þeirra er lægð. Nyrðri hóllinn er öllu stærri 12x20 m og á honum er tóft sem virðist tvískipt og hefur hugsanlega verið

op á henni til suðurs. Utanmál er nálega 7x10 m. 7 metra sunnan af henni er önnur tóft eða hugsanlega tvær samliggjandi tóftir. Þær eru öllu ógreinilegri en nyrsta og stærsta tóftin. Greina má þrjú hólf í tóftinni/tóftunum og gæti verið að tvö vestari væru hlutar eldri tóftar sem síðar hefur verið byggt ofan á, en vestari hlutinn er nokkuð lægri en hinar tóftirnar. Í vestasta hólfinu sem er 4x5 m að innanmáli er nú geymdur bátur og við útvegginn að vestan hefur verið sett upp framhlíð lítils kofa. Við suðvestur horn tóftarinnar er kofi. Allar eru tóftirnar vel grónar og hvergi sér í grjót. Á milli þeirra eru eins og áður sagði lægð, hugsanlega sund eða stígur. Búið er að planta trjám umhverfis tóftarsvæðið á alla kanta, strjálla þó til vesturs.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Geldingaholts skráð eftir handriti Brynleifs Tobíassonar. Örnefnastofnun Íslands.

Geldingaholt 146028 102 - 47

Sérheiti: Rógur
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 478959 Y: 564409
Ástand: Horfið
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar

Staðhættir

Í suðurátt frá Rógi hefur trjám plantað milli tveggja sumarbústaðalanda.

Lýsing

Upp við trén um 22 m suður af bæjarhólnum er svæði sem nú hefur verið sléttað, en Guðmann Tobíasson mundi eftir byggingum þar. Ekkert sér móta fyrir því lengur smá dæld í jörðina.

Geldingaholt 146028 102 - 48

Sérheiti: Rógur
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 478959 Y: 564409
Ástand: Horfið
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar

Staðhættir

Í suðurátt frá Rógi hefur trjám plantað milli tveggja sumarbústaðalanda.

Lýsing

Upp við trén um 22 m suður af bæjarhólnum er svæði sem nú hefur verið sléttað en mundi Guðmann Tobíasson eftir byggingum þar. Ekkert sér móta fyrir því lengur smá dæld í jörðina. Annað slíkt svæði er syðst í sumarbústaðalandinu um 72 m suður af Rógi. Þar hefur einnig verið sléttað og sér aðeins móta fyrir smá dæld.

Geldingaholt146028 102 - 49

11. mynd. Réttartóft norðvestur af Rógi. Ljósm. BZ.

Sérheiti: Rógur
Hlutverk: Rétt
Tegund: Garðlag
Staðsetning:
X: 478915
Y: 564432
Lengd: 18
Breidd: 12
Ástand: Horfið
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök:Vegna ábúðar

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Rógur er fornbýli sunnan í holtinu skammt upp af Húseyjarkvísl og sjást þar minjar garðlaga og tófta af nokkrum húsum, flestar óraskaðar, en sunnan og neðan við þær er sumarbústaður Guðmanns Tobíassonar frá Geldingaholti, byggður 1982, og eru rústirnar innan girðingar bústaðarins“ (BS II, 333).

Lýsing

Um 15 metra norður af sumarbústað Guðmanns Tobíassonar eru leifar réttar. Hún er nokkurn veginn ferhyrnd og liggur nálega norðnorðvestur/suðsuðaustur. Veggjalög eru vel greinileg en þeir eru víða rofnir og er þýft bæði innan og utan réttar. Réttin stendur á grónu svæði og hefur verið plantað trjám í og umhverfis hana. Utanmál réttar er 14x18 m.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Geldingaholt 146028 102 - 50

Sérheiti: Rógur
Hlutverk: Álagablettur
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 478977 Y: 564405
Ástand: Ómetið
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Ásgrímur heitinn í Geldingaholti (var þar búandi nálægt 50 ár, d. 1913) vildi aldrei láta slá Rógstúnið. Þar eru álög á túninu. Ef Holtsbóndinn slær það, fýkur taðan, þ.e. kemur á ofviðri“ (ÖMJ, 4).

Heimildaskrá

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Geldingaholts skráð eftir handriti Brynleifs Tobíassonar. Örnefnastofnun Íslands.

Geldingaholt 146028 102 - 51
Sérheiti: Rógur
Hlutverk: Leið
Tegund: Vegur
Staðsetning: X: 478852 Y: 564698
Ástand: Að hluta horfið
Heimildamaður: Sigurjón Tobíasson
Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: „Göturnar suður frá túninu, er liggja beint suður á Róg, heita Rógsgötur" (ÖMJ, 5).
Lýsing
Búið er að græða land milli Geldingaholts og Rógs. Gatan að sumarbústaðalöndunum tveimur liggur á svipuðum stað og Rógsgata áður samkvæmt heimildamanni.
Heimildaskrá
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Geldingaholts skráð eftir handriti Brynleifs Tobíassonar. Örnefnastofnun Íslands.

Geldingaholt 146028 102 - 52
Sérheiti: Rógsvað
Hlutverk: Vað
Tegund: Leið
Staðsetning: X: 479003 Y: 564342
Ástand: Ómetið
Heimildamaður: Sigurjón Tobíasson
Staðhættir
Rógsvað er suður undan Rógi og var punktur tekinn samkvæmt lýsingu Sigurjóns Tobíassonar**.**
Heimildaskrá
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Geldingaholt 146028 102 - 53
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Heimildamaður: Guðmann Tobíasson
Staðhættir
Samkvæmt Guðmanni Tobíassyni voru tóftir í austara sumarbústaðalandi á Geldingaholti. En þar hefur allt verið sléttað og ekki vissi ábúandi um staðsetningu þeirra.



12. mynd. Rógur og áveitukerfið sunnan hans. **Teikn. BZ.**

Geldingaholt 146028 102 - 54
Hlutverk: Áveitugarðar
Tegund: Garðlög
Ástand: Gott
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Sameiginlega áveita var á Seyluengið og Rógsengið frá Geldingaholti þar sem Grófargilsáin var leidd út með Litluseyluholti og veitt um engjarnar. Flóðgarðar eru enn glöggir á enginu sunnan og vestan við Róg og sunnan undir holtsendanum og minjar um stíflur og skurði sem veittu vatninu meðfram taglendanum á engjarnar norður með holtinu, á bakkana neðan við Garðhús og út á móts við Geldingaholt. Niður undan Geldingaholti er glöggur áveitugarður allt niður í Kvíslarbakka, 960 metra langur. Þessar áveitur voru brúkaðar framundir 1960 og mikið af engjunum véltækt." (BS II, 331). Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Norðan við Stokkinn og vestan við Ró, sést greinilega gamall áveitugarður. Var áveituvatn, sem tekið var út Grófargilsá og rann þarna úteftir [sic], látið renna úr Stokknum og austur norðan við áveitugarðinn , austur fyrir Holtsendann og veitt á landið austan við Holtið. Eftir að landþurrkunar og áveituskurður var grafinn, frá Kvíslinni og norður með hvolnum að austan, var vatnið úr Stokknum leitt í tréstokki austur yfir skurðinn. Stýflustæðið [sic] í Stokknum sést vel enþá [sic] (1999)" (ÖRI, 8).

Lýsing

Á engjunum suðvestan við Geldingaholt eru miklar minjar um áveitukerfi en vatni var veitt á engjarnar úr Grófargilsá og alla leið á engjarnar austan við holtið.

Garður liggur norðnorðvestur/suðsuðaustur. Garðurinn er vel gróinn og heill nema hvað að hann rofnar rétt við syðri endann. Lengd hans er tæpir 100 m.

Punktur tekinn við norðurenda
478654
564348
Punktur tekinn við suðurenda
478700
564262

Lengsti garðurinn er syðstur, hann er tæplega 500 m langur og liggur fyrst frá austri til vesturs um 130 m, liggur síðan til suðurs um 250 m og beygir þar til austurs tæpa 100 m. Hann er vel gróinn og vel greinilegur um 3 metrar á breidd þar sem hann er breiðastur og um 1 m á hæð.

Punktur tekinn á vesturenda
478684
564200
Punktur tekinn á horni þar sem garður beygir til suðurs
478817
564223
Punktur tekinn á horni þar sem garður beygir til austurs
478874
563979
Austurendi garðs
478966
564003

Næst Rógi til norðurs er nokkuð samtengt kerfi fjögurra garða. Sem liggja frá suðri, þaðan til austurs og svo til suðausturs. Garðarnir eru allir greinilegir en sá sem liggur frá austri til suðausturs er langstærstur um 3 m þar sem hann er breiðastur. Samtals eru þeir tæplega 300 m langir.

Punktur tekinn nyrst á garði

478824
564395
Punktur tekinn syðst á garði
478803
564280
Punktur tekinn á austurenda garðs
478972
564349
Punktur tekinn á samsíða garði, lengd garðs 50 m
478864
564368
Milli garðanna sem eru skráðir hér að ofan og norðan stærsta garðsins eru tvö minni garðakerfi. Til vesturs er hringlaga garður um 45 m að ummáli og út frá honum til suðurs ferhyrndur garður opinn til suðurs, alls 55 m. Garðlögin eru bæði mjög vel greinileg.
Punktur tekinn á hringlaga garði
478855
564290
Punktur tekinn á vestari armi
478843
564270
Punktur tekinn á austari armi
478854
564266
Austan þeirra garða nær kvíslinni er þríhyrningslaga garður, vel greinilegur og vel gróinn. Lengd hans er í allt tæpir 160 m. Veggir eru um 1 metri á breidd og 50 sm á hæð.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Geldingaholt146028 102 - 55

Hlutverk: Heystæði
Tegund: Garðlag
Staðsetning: X: 478757 Y: 563910
Lengd: 4
Breidd: 3
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar

Staðhættir

Rúma 500 m suður og suðaustur af Rógi eru 4 heystæði náttúrulegri upphækkun eða kambi.

Lýsing

Nyrst eru tvær heytóftir hlið við hlið. Sú nyrðri nokkuð minni eða um 3x4 m að innanmáli. En sú syðri 4x5 m. Báðar eru þær algrónar og skera sig nokkuð úr umhverfinu.

Geldingaholt146028 102 - 56
Hlutverk: Heystæði
Tegund: Garðlag
Staðsetning: X: 478760 Y: 563906
Lengd: 5
Breidd: 4
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Staðhættir
Rúma 500 m suður og suðaustur af Rógi eru 4 heystæði á náttúrulegri upphækkun eða kambi.
Lýsing
Nyrst eru tvær heytóftir hlið við hlið. Sú nyrðri nokkuð minni eða um 3x4 m að innanmáli. En sú syðri 4x5 m. Báðar eru þær algrónar og skera sig nokkuð úr umhverfinu.

Geldingaholt146028 102 - 57
Hlutverk: Heystæði
Tegund: Garðlag
Staðsetning: X: 478768 Y: 563898
Lengd: 6
Breidd: 6
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Staðhættir
Rúma 500 m suður og suðaustur af Rógi eru 4 heystæði á náttúrulegri upphækkun eða kambi.
Lýsing
Nyrst eru tvær heytóftir hlið við hlið. Og um 12 m sunnar er önnur heytóft. Um 6x6 m að innanmáli. Vel gróin og mjög greinileg.

Geldingaholt146028 102 - 58
Hlutverk: Heystæði
Tegund: Garðlag
Staðsetning: X: 478810 Y: 563850
Lengd: 5
Breidd: 4
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Staðhættir
Rúma 500 m suður og suðaustur af Rógi eru 4 heystæði á náttúrulegri upphækkun eða kambi. Um 60 m suðaustan við heystæði skrá 55-57 er annað heystæði.
Lýsing

Það er nokkuð ógreinilegra en hin, en einnig vel gróið og nokkur gróðurskil eru við tóftina. Engin veggjalög eru greinanleg. Ummál um 5x4 m.

Geldingaholt146028 102 - 59
Hlutverk: Torfrista
Tegund: Torfrista
Staðsetning: X: 478901 Y: 564260
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Staðhættir
Við Húseyjarkvísl um 4-500 m suðvestur af sumarbústaði Guðmanns Tobíassonar er svæði sem er um 30x30 m að ummáli. Þar virðist hafa verið torfrista.

Geldingaholt 146028 102 - 60



Sérheiti: Holtsrétt
Hlutverk: Rétt
Tegund: Garðlag
Staðsetning:
X: 479454
Y: 566535
Ástand: Sæmilegt
Hættumat:Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna vatnsrofs
Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Í Eyjatánni, um það bil 50-70 metrum norðan við Affallann, eru minjar um Holtsréttina (65°35´768/19°26´730) sem þar stóð fram á 20. öld. Hún er ferningslaga, um það bil 10x10 metrar að stærð og stendur svo tæpt á bakkanum að Kvíslin hefur brotið af suðvesturhornið“ (BS II, 330).
Lýsing
Rúmlega 90 metrum sunnan við Affallann þar sem að Kvíslin og Héraðsvötnin mætast eru leifar réttar. Veggir eru fremur lágir en breiðir, mest rúmir 2 metrar. Engin veggjalög sjást á vesturhlið tóftar og virðist sem áin hafi rofið vegginn. Réttir sem er nokkurn veginn ferhyrnd og liggur hún suðvestur/norðaustur.
Heimildaskrá
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Geldingaholt 146028 102 - 61
Hlutverk: Rétt
Tegund: Garðlag
Staðsetning: X: 479463 Y: 566520

Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna vatnsrofs
Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Nokkrum metrum sunnar [en Holtsréttin no 60] er önnur minni, vinkillaga réttartóft (65°35´760/19°26´718) og fer stuttur gangur fram á Kvíslarbakkann eins og hann hafi verið gerður til þess að reka fé út í pramma til að ferja yfir. Víða sjást hér minjar um uppstungu á sniddum og víðar á Eyjunum sjást mannvirkjaleifar sem flestar munu vera eftir heystæði“ (BS II, 330).
Lýsing
Á austurbakka Djúpukvíslar, um það bil 80 m norðan við Affallann, og rúmlega 10 metrum sunnan við Holtsréttina eru leifar vinkil laga réttar. Réttin er opin til vesturs og gæti verið eins og segir í Byggðasögunni að þarna hafi fé verið ferjað yfir. Rúmlega 10 metrum sunnar er önnur rétt einnig á árbakkanum. Veggir eru lágir og víða rofnir, mesta breidd þeirra er um 50 sm. Veggir eru algrónir og hvergi sér í grjót. Nokkuð þýft er austan réttarinnar.
Heimildaskrá
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Geldingaholt 146028 102 - 62
Hlutverk: Torfrista
Tegund: Mótaka
Staðsetning: X: 479466 Y: 566548
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna vatnsrofs
Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Nokkrum metrum sunnar er önnur minni, vinkillaga réttartóft (65°35´760/19°26´718) og fer stuttur gangur fram á Kvíslarbakkann eins og hann hafi verið gerður til þess að reka fé út í pramma til að ferja yfir. Víða sjást hér minjar um uppstungu á sniddum og víðar á Eyjunum sjást mannvirkjaleifar sem flestar munu vera eftir heystæði” (BS II, 330). [Þarna er sjálfsagt átt við Efri- og Neðri-Heygarða sem skráðir eru í landi Holtkots samkvæmt örnefnaskrá Rósmundar].
Lýsing
Austan við réttirnar nr. 58 og 59 eru greinileg merki um torfristu.
Heimildaskrá
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Geldingaholt 146028 102 - 63
Hlutverk: Heystæði
Staðsetning: X: 479468
Y: 566548

Tegund: Garðlag
Lengd: 17
Breidd: 15
Ástand: Sæmilegt
Hætta: Lítil hætta
Hættuorsök: Vegna ágangs búfjár
Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Nokkrum metrum sunnar er önnur minni, vinkillaga réttartóft (65°35´760/19°26´718) og fer stuttur gangur fram á Kvíslarbakkann eins og hann hafi verið gerður til þess að reka fé út í pramma til að ferja yfir. Víða sjást hér minjar um uppstungu á sniddum og víðar á Eyjunum sjást mannvirkjaleifar sem flestar munu vera eftir heystæði“ (BS II, 330).
Á vesturbakka Holtskvíslar um 50 m austur af bakkanum og við norðvestur enda tjarnar eru tóftir heystæðis.
Lýsing
Heystæðið er nokkuð stórt um sig, vel gróið, hálfhringlaga en sporöskjulaga til suðurs. Ytra ummál er 15x17m og innra 9x11 m.

Geldingaholt 146028 102 - 64
Hlutverk: Ferja
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 479463 Y: 566520
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna vatnsrofs
Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Nokkrum metrum sunnar er önnur minni, vinkillaga réttartóft (65°35´760/19°26´718) og fer stuttur gangur fram á Kvíslarbakkann eins og hann hafi verið gerður til þess að reka fé út í pramma til að ferja yfir. Víða sjást hér minjar um uppstungu á sniddum og víðar á Eyjunum sjást mannvirkjaleifar sem flestar munu vera eftir heystæði” (BS II, 330). [Þarna er sjálfsagt átt við Efri- og Neðri-Heygarða sem skráðir eru í landi Holtkots samkvæmt örnefnaskrá Rósmundar].
Lýsing
Engin merki sjást um hvort að þarna hafi verið ferja en eins og segir í tilvitnun úr Byggðasögu hér að framan gæti fé hafa verið ferjað hér yfir með pramma.
Heimildaskrá
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Geldingaholt 146028 102 - 65
Sérheiti: Stekkjarvað
Hlutverk: Vað
Tegund: Leið
Staðsetning: X: 479244 Y: 566612
Ástand: Ómetið
Heimildamaður: Sigurjón Tobíasson

Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Nokkur vöð voru á Kvíslinni niður á Eyjarnar. Syðst er Stekkjarvað (65°35´840/10°26´966). Þar var fyrrum nokkurt vik inn í austurbakkann en er nú horfið" (BS II, 330). Í örnefnaskrá segir. Skammt norðan við engið er vað sem heitir Stekkjarvað, út af Tóftum. Bendir þetta Stekkjarvaðs-örnefni eindregið til að Stekkur hafi verið þar nálægt . [sic]" (ÖRI, 10).
Lýsing
Punktur var tekinn við Stekkjarvað samkvæmt lýsingu Sigurjóns Tobíassonar.
Heimildaskrá
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Rósmundur G. Ingvarsson (1999). Örnefnaskrá Geldingaholts. Örnefnastofnun Íslands.

Geldingaholt 146028 102 - 66
Sérheiti: Hólmavað
Hlutverk: Vað
Tegund: Leið
Staðsetning: X: 479192 Y: 566890
Ástand: Ómetið
Heimildamaður: Sigurjón Tobíasson
Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Hólmi er í Kvíslinni þar sem hún þverbeygir til vesturs. Sunnan við hólmaoddann er Hólmavað og er mest notað um þessar mundir. Nokkru vestar er Langabrot, gott vað og alltaf talið öruggast" (BS II, 330). Í örnefnaskrá segir: „Sigurjón, núverandi (1999) bóndi í Geldingaholti, telur að Kúavað sé (líklega) hið sama og Hólmavað" (ÖRI, 10).
Lýsing
Punktur tekinn á Hólmavaði samkvæmt lýsingu Sigurjóns Tobíassonar.
Heimildaskrá
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Rósmundur G. Ingvarsson (1999). Örnefnaskrá Geldingaholts. Örnefnastofnun Íslands.

Geldingaholt 146028 102 - 67
Sérheiti: Langabrot
Hlutverk: Vað
Tegund: Leið
Staðsetning: X: 478778 Y: 566828
Ástand: Ómetið
Heimildamaður: Sigurjón Tobíasson
Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Hólmi er í Kvíslinni þar sem hún þverbeygir til vesturs. Sunnan við hólmaoddann er Hólmavað og er mest notað um þessar mundir. Nokkru vestar er Langabrot, gott vað og alltaf talið öruggast" (BS II, 330).
Lýsing
Punktur tekinn á Langabroti samkvæmt lýsingu Sigurjóns Tobíassonar.

Heimildaskrá
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Geldingaholt 146028 102 - 68
Sérheiti: Kúavað
Hlutverk: Vað
Tegund: Leið
Staðsetning: X: 479192 Y: 566890
Ástand: Ómetið
Heimildamaður: Sigurjón Tobíasson
Staðhættir
Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Kúavað austur undan Holtskoti , hjá tveim hólmum sem eitthvað heita" (ÖRI, 10). Og síðar segir: „Sigurjón, núverandi (1999) bóndi í Geldingaholti, telur að Kúavað sé (líklega) hið sama og Hólmavað" (ÖRI, 10).
Lýsing
Heimildamaður telur að Kúavað sé hið sama og Hólmavað.
Heimildaskrá
Rósmundur G. Ingvarsson (1999). Örnefnaskrá Geldingaholts. Örnefnastofnun Íslands.

Geldingaholt 146028 102 - 69
Sérheiti: Gíslavað
Hlutverk: Vað
Tegund: Leið
Staðsetning: X: 478911 Y: 565846
Ástand: Ómetið
Heimildamaður: Sigurjón Tobíasson
Staðhættir
Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Gíslavað er á milli Geldingaholts og Krossaness,[sic] sunnan við Bæjareyri. Gíslavað ver allmikið farið, m.a. þegar fólk úr Sæmundarhlíð og víðar að – var að fara á Vallabakkasamkomur" (ÖRI, 10).
Lýsing
Punktur tekinn á Gíslavaði samkvæmt lýsingu Sigurjóns Tobíassonar.
Heimildaskrá
Rósmundur G. Ingvarsson (1999). Örnefnaskrá Geldingaholts. Örnefnastofnun Íslands.

Geldingaholt 146028 102 - 70
Hlutverk: Ferja
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Staðhættir
Í sýslu- og sóknarlýsingum frá 1842 segir: „Víðimýrará, lítil, hefðir upptök fremst á Víðimýrardal, rennur eftir honum í landnorður og svo ofan milli Víðimýrarsels og hóls þess Arnstaði heitir, á Vatnsskarsveginum, þá ofan Víðimýrargil, í austur; er þar í henni foss lítill, hér um 6. al. hár, kallaður Gvendarfoss, svo ofan með Víðimýrarbæ, út flæðar og vestanvert við Reykjarhól, svo fyrir austan Seylur og út og ofan í stokk þann

Skipalækur kallast í Seyluskjölum (1505), sem rennur í Kvíslina sunnanvert við Geldingaholtshala, þar Birtingshylur heitir. Eru eigi ólíkindi á, að þar hafi ferjustaður verið á Jökulsá forðum“ (SS, 60).

Lýsing

Ferjustaður á kvíslinni er óþekktur.

Heimildaskrá

Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1873. II bindi, Skagafjarðarsýsla. Pálmi Hannesson og Jakob Benediktsson bjuggu til prentunar. Akureyri, 1954.

Geldingaholt 146028 102 - 71

Hlutverk: Brú
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 479155 Y: 566900
Ástand: Horfið
Heimildamaður: Sigurjón Tobíasson

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Um skeið var göngubrú á Kvíslinni á seinni hluta 19. aldar. Sú brú hefur verið endurnýjuð um aldamótin 1900 og stóð fram um 1910 eða lengur. Fenginn var strompur af gufuskipi sem strandaði við Borgarsand rétt fyrir aldamótin 1900. Hann var reistur upp í Kvíslinni sem stólpi og síðan göngubrú sett yfir á fyrrnefndan hólma. Lengi sást á hornið af þessum strompi” (BS II, 330).

Lýsing

Brú þessi var við Hólmavað en er nú horfin.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Geldingaholt 146028 102 - 72

Sérheiti: Lambhús
Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 478508 Y: 565785
Ástand: Horfið
Heimildamaður: Sigurjón Tobíasson

Staðhættir

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Utan (norðan) við Björnspytt [pyttur sem er út og niður frá bænum] voru fjárhús , sem kölluð voru Lambhús” (ÖRI, 9).

Lýsing

Sigurjón Tobíasson man eftir útihúsi sem stóð í hlíðinni norðaustur undan gamla bænum. Þessi hús hefur verið sléttað yfir, en um 120 m norðaustur af íbúðarhúsi Hjördísar Tobíasdóttur er svæði þar sem örlítið gróðurskil eru í túninu sem bent gæti til þess að þar hafi einhver mannvirki verið.

Heimildaskrá

Rósmundur G. Ingvarsson (1999). Örnefnaskrá Geldingaholts. Örnefnastofnun Íslands.

Geldingaholt 146028 102 - 73
Hlutverk: Varða
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: „Að austan ræður Svartá (Kvíslin sem hún oftast er kölluð hér) frá Krossanessaffalla, austan við Grashólma suður og niður undan Geldingaholti, suður að Seyluárós, (Stokknum svonefnda sunnan holtsins). Svo ræður Stokkurinn svonefndi merkjum að vörðu, sem hlaðin er upp rétt fyrir norðan síkið, fyrir ofan norðurpart eyjarinnar. Þaðan ræður gaddavírsgirðing upp engið, milli Geldingaholts að norðan og Stóru-Seylu, að hliðinu og svo upp í hornstaurinn, eins og girðing ræður, við skurðsendann á suðvesturhorni tangans" (ÖRI, 1).
Lýsing
Varðan fannst ekki við skráningu í júlí 2005.
Heimildaskrá
Rósmundur G. Ingvarsson (1999). Örnefnaskrá Geldingaholts. Örnefnastofnun Íslands.

Geldingaholt 146028 102 - 74
Sérheiti: Holtssel
Hlutverk: Sel
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 470427 Y:561747
Ástand: Ómetið
Staðhættir
Í Jarðabók Árna og Páls segir: „Selstöðu eigna munnmæli jörðunni í Reykjaskarði. Ekki hefur hún brúkast so menn muni" (JÁM, 101). Og í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Holtssel (65133´150/19°38´410). Heimild um selför frá Geldingaholti í Reykjaskarð nær allt aftur til 1406 þar sem í landamerkjabréfi Seylu er getið um Selgötuna frá Geldingaholti" og síðar segir: „Selið er í 400 metra hæð undir norðanverðum Vatnshlíðarhnjúk, sunnan megin Skarðsár, á að giska miðja vegu á milli Eystra- og Vestra-Króksskarðs. Það er því í Vatnshlíðarlandi og þar með í Austur-Húnavatnssýslu" og Skammt vestur af selinu er bugur á ánni, fyrst til suðurs og síðan til norðurs, og fellur áin til norðurs og síðan austurs í sveig um selstæðið. Þar sem hún fellur til norðurs, vestan við selið, eru aðeins fáir metrar frá seli til ár. Rúmt er um selið og sléttir vellir sunnan og vestan þess, ofan ár og upp að hlíðum Vatnshlíðarhnjúks. Land er mjög gróið beggja megin ár og er hér því sældarlegt eða jafnvel búsældarlegt, enda eru selrústirnar talsverðar" (BS II, 334). Síðar segir: „Rústahóllinn er liðlega 20x13 um sig og meira en 1,5 m á hæð. Efst í hólnum eru greinilegar veggjarústir tveggja húsa sem hvort um sig er um 5x3 m, lengdin í austur-vestur. Fast sunnan við syðra húsið sýnast vera óljósar leifar af eldra húsi og fast austan við húsin eru ógreinilegar leifar einhvers mannvirkis. Þessi ógleggri mannvirki eru bæði svipuð að stærð þeim sem eru efst í rústahólnum" (BS II, 334).
Lýsing
Holtssel var ekki skráð sumarið 2005.
Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín (1930). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 9. bindi. Kaupmannahöfn: Hið Íslenska Fræðafjelag.
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Geldingaholt 146028 102 - 75
Sérheiti: Holtssel
Hlutverk: Kvíar
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Um 19 metrum suðvestan og ofan við rústahólinn eru greinilegar veggjahleðslur, líklega kvíar, 7x4 m með áfastri framlengingu til suðurs, 3x4 m, samtals 10x4 m, lengdin í suðvestur-norðaustur" (BS II, 334).
Lýsing
Holtssel var ekki skráð sumarið 2005.
Heimildaskrá
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Geldingaholt 146028 102 - 76
Sérheiti: Holtssel
Hlutverk: Stekkur
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Um 13 m norður af rústahólnum, nánast fast við ána þar sem hún sveigir til austurs, eru aðrar greinilegar leifar af veggjahleðslum, líklega stekkur, um 6x3 m, lengdin í suður-norður" (BS II, 334).
Lýsing
Holtssel var ekki skráð sumarið 2005.
Heimildaskrá
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Geldingaholt 146028 102 - 77
Sérheiti: Holtssel
Hlutverk: Tröð
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Í suðausturátt frá selinu eru greinilegar alldjúpar traðir, nú grónar að mestu; má og ætla að gengið hafi verið inn í húsin að austanverðu" (BS II, 334).
Lýsing
Holtssel var ekki skráð sumarið 2005.

Heimildaskrá
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Geldingaholt 146028 102 - 78
Sérheiti: Selgata
Hlutverk: Leið
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Holtssel (65133´150/19°38´410). Heimild um selför frá Geldingaholti í Reykjaskarð nær allt aftur til 1406 þar sem í landamerkjabréfi Seylu er getið um Selgötuna frá Geldingaholti“ (BS II, 334).
Lýsing
Holtssel var ekki skráð sumarið 2005.
Heimildaskrá
Árni Magnússon og Páll Vídalín (1930). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 9. bindi. Kaupmannahöfn: Hið Íslenska Fræðafjelag.

Geldingaholt 146026 102 - 9
Sérheiti: Melkot/Gamlistekkur
Hlutverk: Bústaður/Stekkur
Tegund: Garðlag
Staðsetning:
X: 564958 Y: 478982
Lengd: 8
Breidd: 4
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Melkot (65°34´923/19°27´330). Í holtsjaðrinum austanverðum, litlu sunnar en fyrir holtinu miðju, eru tóftarbrot á lítilli bungu eða hæð og kallað Gamlistekkur. Þarna hefur verið sandtaka í hæðinni en tóftir sjást ennþá. Einhverjir töldu að þarna hefði mannabyggð verið og heitið Melkot en engar sönnur eru á því. Melkot eða Gamlistekkur er nú í landi Garðhúsa“ (BS II, 333).

13. mynd. Guðmundur Sigurðarson skráir Gamlastekk. Ljósm. BZ.

Lýsing



Tvær lægðir eru í jörðinni sunnan við efnistökugrafir um 10 sm djúpar, liggja austur-vestur, engin veggjalög eru greinanleg. Minni lægðin, þá líklega lambakróin, er 2x2m að innanmáli. Um metra vestan við hana er stærri tóftin, 3x2m að innanmáli. Engin merkjanleg gróðurskil eða annað sem greinir tóftirnar frá umhverfinu.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Holtskot

14. mynd. Íbúðarhús í Holtskoti. **Ljósm. GSS.**

Saga

Holtskot var hjáleiga Geldingaholts og fylgdi því fram á 20. öld og rofnuðu sú tengsl ekki að fullu fyrr en 1963 þegar gengið var formlega frá landaskiptum. Núverandi eigandi og ábúandi er Sigurjón Ingimarsson.[27]

Í jarðabók frá 1713 segir: „Holtskot. Innangarðs í heimatúni. Auðn síðan bóluna. Útskrift að húsum, túni og engjum“.[28] Samkvæmt jarðatali frá 1847 var jörðin þá ómetin en neðanmáls greinir frá því að jarðamat frá 1802 telji hjáleiguna 10 hundruð en sýslumaður 12 hundruð.[29] Samkvæmt jarðamati 1849 var túnið um það bil 7 dagsláttur, sæmilega grasgefið en að mestu þýft. Engjar voru víðslægjar en bæði blautar og heyslæmar.[30] Árið 1918 var túnið orði 10 dagsláttur, talið í góðri rækt og slétt að 1/3 hluta. Engjar voru

[27] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 322.
[28] Jarðabók, 9. bindi. Bls. 101.
[29] J.Johnsen, 1847. Bls. 259.
[30] Ný jarðabók. Nr. 349.

samfelldar, votlendar, að mestu sléttar og í meðallagi grasgefnar. Sambeit var með Geldingaholti (BS II, 322).[31]

Tvær fornar hjáleigur frá Geldingaholti lentu í landi Holtskots við skiptingu jarðarinnar. Það voru Kögur og Hirðstjórastaðir, auk kotsins Rófu.[32] Kögurs er getið í jarðabók frá 1713 og segir: „Ekki bygt í næstu 80 ár, og aldrei má það afhrakskot aftur byggja, því það er komið alt í hrjóstur. Ætla menn hjer lítið eður ekkert eftirgjald hafa verið“..[33] Hirðstjórastaðir munu hafa verið 10 hundruða jörð, nafnið er óþekkt í dag en talið er að býlið gæti hafa staðið þar sem nú kallast Grænhóll, þar eru að minnsta kosti einar húsatóftir.[34]

Ysti hluti gamla Geldingaholtstúnsins hét Rófa, á merkjum Geldingaholts og Holtskots nærri austast á Holtinu. Þar eru óljósar tóftaleifar en sléttað hefur verið yfir allt þarna. Líklegt er talið að nafnið sé dregið af því að lítið drag er í túnið og myndar rófulaga hrygg en einnig eru til munnmæli um að á Rófu hafi búið húskona sem nefnd var Þuríður sperrirófa.[35]

Náttúrufar og jarðabætur

Land Holtskots nær yfir norðurhluta Geldingaholts frá Holtstjörn og austur yfir holtið og er talið vera um fimmtungur Geldingaholtsins. Allt holtið sem áður var þurrt mólendi er orðið að túni nema vestasti hlutinn næst Holtstjörn. Norður og austur af túninu er gróið flatlendi, framræst að hluta. Hlunnindi eru lax- og silungsveiði í Holtskvísl.[36]

Landamerki

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir um landamerki Holtskots: „Holtskot á land að Halldórsstöðum að vestan og norðan , Holtskvísl að norðan, Geldingaholti að austan og sunnan, Ytra-Skörðugili að vestan um Geldingaholtstjörn“.[37]

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (9. bindi). Hið Íslenska Fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1930.
J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* Kaupmannahöfn 1847.
Ný jarðabók fyrir Ísland: samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Kaupmannahöfn, 1861.
Rósmundur G. Ingvarsson (1999). Örnefnaskrá Holtskots. Örnefnastofnun Íslands.

[31] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 322
[32] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 323.
[33] Jarðabók, 9. bindi. Bls. 101.
[34] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 324.
[35] Sama heimild.
[36] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bsl.321-322.
[37] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 321

Fornleifaskrá

Holtskot 146041 103-1

15. mynd. Gömlu bæjarhúsin. Ljósm. GSS.

Hlutverk: Bústaður
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 478283
Y: 565987
Ástand: Sæmilegt
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Heimildamaður: Sigurjón Ingimarsson

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „**Gamli bærinn** var 20-30 metrum sunnan og austan við íbúðarhúsið. Hann sneri til austurs tveim þilstöfnum á skála og bæjardyrum. Sunnan við bæjardyr var fjós og hesthús en fjárhús norður af skálanum" (HP, 322). Í örnefnaskrá segir: „Gamli bærinn var skammt suðaustan við íbúðarhúsið og sést vel fyrir honum ennþá. –jafnvel standa enn partar af torfveggjum" (ÖRI, 3).

Lýsing

Gamli bæjarhóllinn var um 40 metra suðaustur af núverandi íbúðarhúsi. Bærinn var hlaðinn úr torfi og grjóti og stendur enn hluti af norðurvegg en aðrir veggir hafa verið rifnir og sjást eingöngu útlínur þeirra. Síðast var búið í gamla bænum árið 1947.

Sunnan við bæinn var fjós og standa veggir enn og eru enn greinilegar torf- og grjóthleðslur. Á fjósinu hefur verið torfþak en pappaklæðning hefur verið undir því og það einangrað. Fjósið var í notkun til ársins 1964 þegar foreldrar ábúandans Sigurjóns Ingimarssonar fluttust af jörðinni. Ummál bæjar og fjóss erum um 70 m. Mesta hæð veggja í fjósi er um 1,4 m og breidd þeirra er mest um 2 m.



Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Rósmundur G. Ingvarsson (1999). Örnefnaskrá Holtskots. Örnefnastofnun.

Holtskot 146041 103-2
Hlutverk: Fjós/Hesthús
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 478283
Y: 565987
Ástand: Sæmilegt
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Heimildamaður: Sigurjón Ingimarsson
Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Gamli bærinn var 20-30 metrum sunnan og austan við íbúðarhúsið. Hann sneri til austurs tveim þilstöfnum á skála og bæjardyrum. Sunnan við bæjardyr var fjós og hesthús en fjárhús norður af skálanum“ (HP, 322). Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 er sýnt útihús suður af bæjarhúsunum.
Lýsing
Fjós, hesthús og fjárhús voru sambyggð bænum og stendur fjósið enn sem var sunnan við bæinn.
Heimildaskrá
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort Holtakots. Þjóðskjalasafn Íslands.

Holtskot 146041 103-3
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 478285 Y: 566054
Ástand: Horfið
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Heimildamaður: Sigurjón Ingimarsson
Staðhættir
Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 er sýnt útihús um 60 metra norðnorðaustur af bæjarhúsunum.
Lýsing
Um 56 m norðaustur af íbúðarhúsi Sigurjóns Ingimarssonar stóð kofi eða hús og heytóft þar við. Þar hefur verið sléttað fyrir löngu síðan og ekki sjást þar nein merki.
Heimildaskrá
Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort Holtakots. Þjóðskjalasafn Íslands.

Holtskot 146041 103-4
Hlutverk: Kofi
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 478319 Y: 565962
Ástand: Horfið
Heimildamaður: Sigurjón Ingimarsson
Lýsing

Um 40 metra suðaustur af gamla bænum man ábúandi Sigurjón Ingimarsson eftir litlum kofa sem nú hefur verið rifinn og ekki sjást nein merki um nema einhver gróðurskil í landinu. Hlutverk kofans er óvíst.

Holtskot 146041 103-5
Hlutverk: Heimreið
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 478245 Y: 565978
Ástand: Horfið
Heimildamaður: Sigurjón Ingimarsson
Staðhættir
Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 liggur heimreiðin til vesturs í átt frá bæjarhúsunum.
Lýsing
Heimreiðin lá heldur sunnar en núverandi heimreið og sveigði til suðurs og lá þar á svipuðum stað og hún gerir í dag.
Heimildaskrá
Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort Holtakots. Þjóðskjalasafn Íslands.

Holtskot 146041 103-6
Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Heimild
Staðsetning:
X: 478414 Y: 565993
Ástand: Gott
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar



Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Aðalfjárhús bæjarins voru spölkorn suðaustur frá gamla bænum og standa þar enn djúpir hlöðuveggir“ (HP, 322). Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 má sjá útihús 130 metra suðaustur af bæjarhúsunum. Og í örnefnaskrá segir um fjárhúsin: „Nær syðst og austast í túninu eru leyfar fjárhúsa. Það voru torfhús, þriggja garða með dyrrum mót austri og hlaða var vestan við og standa veggir hennar ennþá að miklu leyti (RGI-1999)“
Lýsing
Neðst í túninu, um 170 m austur frá íbúðarhúsinu á Holtskoti eru tóftir fjárhúss. Húsin eru hlaðin úr torfi og grjóti, 3x15 m að innanmáli. Vegghæð mest 3 m að austan, sá veggur er þó rofinn fyrir miðju, n/s og veggir í vesturhlið eru um 1,6 m háir. Mikið grjót er í þeim, en minna í austurvegginn sem snýr að fjárhúsunum. Sá veggur er um 1,5 m að breidd en útveggirnir allt að 3 m breiðir. Hlaðan og fjárhúsin eru töluvert niður grafin. Fjárhúsin austur af hlöðunni eru þiljuð fram, steypt gólf að hluta, mikið grjót í veggjum, garðar um 1 m háir. Útveggur að sunnan 1,5-2ja m hár, norður veggur er undir heyrusli. Mikill gróður er í tóftinni. Bárujárnsrusl er í og við tóftina og hefur væntanlega klætt þakið. Rabbabarabeð er sunnan undir veggnum.

(ÖRI, 3).

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort Holtakots. Þjóðskjalasafn Íslands.

Rósmundur G. Ingvarsson (1999). Örnefnaskrá Holtskots. Örnefnastofnun Íslands.

Holtskot 1146041 103-7

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 478038 Y: 566295

Ástand: Horfið

Heimildamaður: Sigurjón Ingimarsson

Staðhættir

Á túnakorti frá 1917 er matjurtagarðinn við norðvestur horn túnsins.

Lýsing

Ekki kannaðist heimildamaður við matjurtagarð þennan en sagði hann vel getað hafa verið þar sem íbúðarhúsið er í dag.

Heimildaskrá

Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort Holtakots. Þjóðskjalasafn Íslands.

Holtskot 146041 103-8

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 478257 Y: 565939

Ástand: Gott

Hætta: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegna ábúðar

Heimildamaður: Sigurjón Ingimarsson

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Brunnurinn (65°35´445/19°28´283) var skammt sunnan og vestan við gamla bæinn. Hann var á aðra mannhæð á dýpt og í botni hans var höggvin skál niður í móhellu. Úr honum var gerð vatnsleiðsla og dælt heim í gamla bæinn“ (HP, 322-23).

Lýsing

Brunnurinn stendur enn, tæplega 50 m suðvestan við gamla bæinn. Það hefur verið byrgt yfir hann en ekki mokað í hann og er það stefna ábúanda að opna brunninn og laga veggjahleðslur.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

16. mynd. Kögur. Ljósm. GSS.

Holtskot 146041 103-9
Sérheiti: Kögur
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Tóft
Staðsetning:
X: 478038 Y: 566295
Lengd: 9
Breidd: 6
Ástand: Gott
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Tvær fornar hjáleigur Geldingaholts lentu innan Holtskotsland við útskiptingu jarðarinnar: **Kögur** og **Hirðstjórastaðir**. Bæta má við einu kotinu enn: **Rófu**“ og svo segir: „**Kögur** (65°35´640/19°28´594) er norður á enda holtsins og þar utar taka við flatar mýrar, mjög blautar áður en grafið var til framræslu. Kögur saman stendur af tveim litlum þúfnahæðum í móunum og eru ljósar byggingarminjar á báðum þótt veggjaskil séu ekki skýr. Sú ytri er stærri en fáir metrar eru í syðri tóftina (65°35´642/19°28´582)“ (HP, 323).
Lýsing
Mjög gamallegar tóftir um 400 m norður af útihúsunum á Holtskoti. Tóftirnar eru í þýfðu og mestan part grónu mólendi. Sjálfar tóftirnar eru tvær, þýfðar og innra fyrirkomulag þeirra mjög torgreinilegt. Þær liggja báðar í norðvestur-suðaustur, og eru báðar tvískiptar að því er virðist. Sú suðaustari er minni, eða um 9m löng og 6m breið að utanmáli. Minna hólfið, sem er til suðausturs, er 1x1,5m opið til norðvesturs yfir í hið stærra sem er um 2,5x3m. Engar dyr eru greinanlegar á því en veggirnir mjög þýfðir og sundur slitnir.
Heimildaskrá
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.



Holtskot 146041 103-10
Sérheiti: Kögur
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Tóft
Staðsetning:
X: 478021 Y: 566304
Lengd: 10
Breidd: 6
Ástand: Gott
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Tvær

fornar hjáleigur Geldingaholts lentu innan Holtskotsland við útskiptingu jarðarinnar: **Kögur** og **Hirðstjórastaðir**. Bæta má við einu kotinu enn: **Rófu**“ og svo segir: „**Kögur** (65°35´640/19°28´594) er norður á enda holtsins og þar utar taka við flatar mýrar, mjög blautar áður en grafið var til framræslu. Kögur saman stendur af tveim litlum þúfnahæðum í móunum og eru ljósar byggingarminjar á báðum þótt veggjaskil séu ekki skýr. Sú ytri er stærri en fáir metrar eru í syðri tóftina (65°35´642/19°28´582)“ (HP, 323).

Lýsing

Mjög gamallegar tóftir um 400 m norður af útihúsunum á Holtskoti. Tóftirnar eru í þýfðu og mestan part grónu mólendi. Sjálfar tóftirnar eru tvær, mjög þýfðar og innra fyrirkomulag þeirra mjög torgreinilegt. Þær liggja báðar í norðvestur-suðaustur, og eru báðar tvískiptar að því er virðist. Stærri tóftin er 10x6m að utanmáli og lítið herbergi virðist vera til suðausturs um 2x1,5m, opið til norðvesturs inní stærra herbergið. Jafnvel gæti verið að annað minna herbergi sé innaf þessu til suðausturs um 1x1,5m en það er eins og annað í þessari tóft, mjög óljóst. Stærsta herberið, lengst til norðvesturs er u.þ.b. 3x4m og líklegar til suðvesturs. Við norðvesturhorn tóftarinnar er sléttur hálfhringur með þúfum umhverfist, hugsanlega manngert.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Holtskot 146041 103-11

Sérheiti: Hirðstjórastaðir/ Grænhóll
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 477983 Y: 566024
Ástand: Gott
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar

17. mynd. Grænhóll, horft er til vesturs. Ljósm. GSS.

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Tvær fornar hjáleigur Geldingaholts lentu innan Holtskotsland við útskiptingu jarðarinnar: **Kögur** og **Hirðstjórastaðir**. Bæta má við einu kotinu enn: **Rófu.**“ Og svo segir: „**Hirðstjórastaðir** (65°35´490/19°28´647)“ (HP, 323). Samkvæmt Sigurjóni Ingimarssyni ábúanda á Holtskoti eru Grænhóll og Hirðstjórastaðir sami staður og um Grænhól segir í Byggðasögu: „Grænhóls er áður getið vestur undir Geldingaholtstjörn. Á hólnum er ein húsatóft, hugsanlega önnur lítil fáum metrum austar. Aðrar tóftir eru ekki

greinanlegar og engir vallargarðar. Landið norðan við hefur verið sléttað með vél en ábúandi telur að engar minjar mannvista hafi verið sjáanlegar á því svæði. Lögnin frá vatnsbólinu var grafið niður norðan í Grænhólnum og komu þá upp viðarkol“ (HP, 324). Og í örnefnaskrá segir: „Vestur undan bæjarhúsunum eru óglöggar mannvirkjaleyfar sem nú eru kallaðar Grænhóll. Staðurinn er vestast í túninu og tóftin 5x7 metrar“ (ÖRI, 3). Í örnefnaskrá Margeirs segir: „Upp undan Holtskoti vestan í holtsjaðrinum á að hafa verið eitt býlið. Þar eru tóftir, en munnmæli fylgja engin“ (ÖMJ, 4).

Lýsing

Grænhóll er vestanvert í túninu um 240 m vestur frá íbúðarhúsinu. Vestur af hólnum er vatnsdælustöð. Ein tóft er á hólnum og liggur hún suðvestur/norðaustur. Tóftin er algróin og sér hvergi í grjót. Hún virðist fremur gömul. Hlutverk tóftar er óvíst en hugsanlegt er að um einhverskonar útihús sé að ræða. Ummál er um 5x9 m. Austari veggur er lengri en sá vestari og virðist sem hluti hans sé horfinn. Mesta breidd veggja er um 2 metrar.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Rósmundur G. Ingvarsson (1999). Örnefnaskrá Holtskots. Örnefnastofnun Íslands.

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Geldingaholts skráð eftir handriti Brynleifs Tobíassonar. Örnefnastofnun Íslands.

Holtskot 1146041 103-12



Sérheiti: Hirðstjórastaðir/ Grænhóll
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Heimild
Staðsetning:
X: 478000
Y: 566025
Ástand: Gott
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Grænhóls er áður getið vestur undir Geldingaholtstjörn. Á hólnum er ein húsatóft, hugsanlega önnur lítil fáum metrum austar. Aðrar tóftir eru ekki greinanlegar og engir vallargarðar. Landið norðan við hefur verið sléttað með vél en ábúandi telur að engar minjar mannvista hafi verið sjáanlegar á því svæði. Lögnin frá vatnsbólinu var grafið niður norðan í Grænhólnum og komu þá upp viðarkol“ (HP, 324).

Lýsing

Um 5 m austan við Grænhól/Hirðstjórastaði eru hugsanlegar leifar lítillar tóftar en þar virðast vera lág veggjalög. Hún er algróin, veggir eru rofnir og virðist hún vera fremur gömul. Tóftin liggur austur/vestur.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Rósmundur G. Ingvarsson (1999). Örnefnaskrá Holtskots. Örnefnastofnun Íslands.

Holtskot 1146041 103-13
Sérheiti: Grænhóll
Hlutverk: Matjurtagarður
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið
Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Kartöflugarður mun einhvern tímann hafa verið sunnan í Grænhól og kann því að hafa nagast eitthvað sunnan af tóftunum“ (HP, 324).
Lýsing
Engin merki fundust um matjurtagarð við vettvangsskráningu sumarið 2005.
Heimildaskrá
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Holtskot 146041 103-14
Sérheiti: Grænhóll
Hlutverk: Leið
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið
Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Götur lágu norðan í hólnum austur að bænum“ (HP, 324).
Lýsing
Gata fannst ekki við vettvangsskráningu sumarið 2005.
Heimildaskrá
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Holtskot 146041 103-15
Sérheiti: Rófa
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 478467 Y: 565929
Lengd: 3
Breidd: 4
Ástand: Lélegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð
Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „**Rófa** (65°35´435/19°28´010). Rófa hét ysti hluti gamla túnsins í Geldingaholti, nærri austast á holtinu þar sem nú eru merki milli Holtskot og Geldingaholts. Þar voru enn tóftaleifar á fyrri hluta 20. aldar og álitið að þar hefði

verið kotið Rófa, en engar heimildir eru þó fyrir því aðrar en munnmæli. Liggur merkjagirðing þvert yfir Rófuna, en utan við hana Holtskotsmegin mótar óljóst fyrir veggjatóftum í túninu þar sem sléttað hefur verið yfir allt. Nýlega gróf Geldingaholtsbóndi fyrir sigi að endastaur í girðingunni og kom þá niður á glögga veggjahleðslu“ (HP, 324). Í örnefnaskrá segir: „Tungan yzt og neðst á Holtstúni við Holtskotsmerkin heitir Rófa. Þar eru tóftarbrot, og sagan segir, að þar hafi fyrrum verið kot með þessu nafni“ (ÖMJ, 2).

Lýsing

Rófa liggur um 230 m austsuðaustan Holtskots, við merkjagirðingu milli Holtskots og Geldingaholts. Þar má greina leifar þriggja tófta.

Húsin hafa verið þrjú og legið frá austri til vesturs. Í miðið er mjög ógreinileg tóft og liggur hún norður/suður, veggjalög eru ógreinileg svo og dyr en lægð í jörðina markar gólfflötinn. Gróðurskil eru við tóftina sem er um 3x4 m að ummáli.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Geldingaholts skráð eftir handriti Brynleifs Tobíassonar. Örnefnastofnun Íslands

Holtskot 146041 103-16

Sérheiti: Rófa
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 478458 Y: 565926
Ástand: Lélegt
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „**Rófa** (65°35´435/19°28´010). Rófa hét ysti hluti gamla túnsins í Geldingaholti, nærri austast á holtinu þar sem nú eru merki milli Holtskot og Geldingaholts. Þar voru enn tóftaleifar á fyrri hluta 20. aldar og álitið að þar hefði verið kotið Rófa, en engar heimildir eru þó fyrir því aðrar en munnmæli. Liggur merkjagirðing þvert yfir Rófuna, en utan við hana Holtskotsmegin mótar óljóst fyrir veggjatóftum í túninu þar sem sléttað hefur verið yfir allt. Nýlega gróf Geldingaholtsbóndi fyrir sigi að endastaur í girðingunni og kom þá niður á glögga veggjahleðslu“ (HP, 324). Í örnefnaskrá segir: „Tungan yzt og neðst á Holtstúni við Holtskotsmerkin heitir Rófa. Þar eru tóftarbrot, og sagan segir, að þar hafi fyrrum verið kot með þessu nafni“ (ÖMJ, 2).

Lýsing

Um 9 m vestan tóftar sem skráð er nr. 13 og eru óljós merki um byggingu. Engin veggjalög eru sýnileg en greina má óljósan gólfflöt eða gróður litla dæld í jörðinni.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Geldingaholts skráð eftir handriti Brynleifs Tobíassonar. Örnefnastofnun Íslands

Holtskot 146041 103-17
Sérheiti: Rófa
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 478476 Y: 565938
Ástand: Lélegt
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „**Rófa** (65°35´435/19°28´010). Rófa hét ysti hluti gamla túnsins í Geldingaholti, nærri austast á holtinu þar sem nú eru merki milli Holtskot og Geldingaholts. Þar voru enn tóftaleifar á fyrri hluta 20. aldar og álitið að þar hefði verið kotið Rófa, en engar heimildir eru þó fyrir því aðrar en munnmæli. Liggur merkjagirðing þvert yfir Rófuna, en utan við hana Holtskotsmegin mótar óljóst fyrir veggjatóftum í túninu þar sem sléttað hefur verið yfir allt. Nýlega gróf Geldingaholtsbóndi fyrir sigi að endastaur í girðingunni og kom þá niður á glögga veggjahleðslu“ (HP, 324). Í örnefnaskrá segir: „Tungan yzt og neðst á Holtstúni við Holtskotsmerkin heitir Rófa. Þar eru tóftarbrot, og sagan segir, að þar hafi fyrrum verið kot með þessu nafni“ (ÖMJ, 2).
Lýsing
Um 11 metra norðaustur af fyrstu tóft (sjá tóft nr. 13) og nokkuð lægra í landinu eru óljósar dældir í jörðina undan brekkunni. Engin veggjalög eða dyr eru sýnileg. Hugsanlega hafa staðið hér einhverjir kofar.
Heimildaskrá
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Geldingaholts skráð eftir handriti Brynleifs Tobíassonar. Örnefnastofnun Íslands

Holtskot 146041 103-18
Sérheiti: Helgatóft
Hlutverk: Bústaður/Útihús
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið
Heimildamaður: Sigurjón Ingimarsson
Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Túnið út og upp frá bænum var fyrrum stórþýfi, grasgefið en óræktað og hét Eyðivöllur. Í jaðri hans voru tóftarbrot og hét Helgatóft. Staða tóftarinnar er óviss en þó talið að hún hafi verið skammt sunnan við merkin og nokkru vestar en í línu á milli bæjanna Holtkots og Geldingaholts. Engar sagnir eru um hvort þetta var húsmannskofi til íbúðar eða skepnuhalds“ (BS II, 333). Í örnefnaskrá segir: „Út og upp frá bænum er kargaþýfi, grasgefið en óræktað, og er nefnt Eyðivöllur. Þar er dálítið tóftarbrot, er heitir Helgatóft“ (ÖMJ, 2).
Lýsing
Helgatóft er nú horfin og sér hennar ekki merki.
Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Geldingaholts skráð eftir handriti Brynleifs Tobíassonar. Örnefnastofnun Íslands.

Holtskot 146041 103-19
Sérheiti: Efri-Heygarður
Hlutverk: Heygarður
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið
Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: „Efra-Heygarð [sic] er áður getið. Yfir hann liggur landamerkjalínan, er [sic] þúfan er horfin. Hann er nú lítt sjáanlegur, nema hvað skurðruðningurinn er þar hærri og fyrirferðameiri, en hann mun hafa lent ofan á Heygarðinum, norðan við skurðinn“ (ÖRI, 4).
Lýsing
Efri- og Neðri-Heygarðar eru báðir horfnir.
Heimildaskrá
Rósmundur G. Ingvarsson (1999). Örnefnaskrá Holtskots. Örnefnastofnun Íslands.

Holtskot 146041 103-20
Sérheiti: Neðri-Heygarður
Hlutverk: Heygarður
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið
Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: „Neðri-Heygarður hefur líklega verið talsvert suðaustar, á móts við Hólmann og nálægt Kvíslinni. Þar voru tveir heygarðar en þeir hurfu þegar bakkinn var sléttaður, upp úr 1960“ (ÖRI, 4).
Lýsing
Efri- og Neðri-Heygarðar eru báðir horfnir.
Heimildaskrá
Rósmundur G. Ingvarsson (1999). Örnefnaskrá Holtskots. Örnefnastofnun Íslands.

Holtskot 146041 103-21
Hlutverk: Matjurtagarður
Staðsetning: X: 478312 Y: 567022
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Hætta: Lítil hætta
Hættuorsök: Vegna vatnsrofs
Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: „Eyja eða **Hólmi** er í Holtskvísl undan landi Holtskots. Á hólmanum eru mannvirkjaleyfar, vinkillaga garður. Heimildarmaður hefur heyrt að þar hafi verið matjurtagarður (kálgarður). Skammt þar suðaustar sést lítill garður vestur bakkann og við hann mótar fyrir handgröfnum skurði“ (ÖRI, 4).

Lýsing
Punktur tekinn af loftmynd. Garðurinn virðist í allt vera um 40 m langur og algróinn. Hólminn sem hann er á er um 110 m langur og rúmlega 30 m breiður.
Heimildaskrá
Rósmundur G. Ingvarsson (1999). Örnefnaskrá Holtskots. Örnefnastofnun Íslands.

Holtskot 146041 103-22
Hlutverk: Garður
Tegund: Garðlag
Staðsetning: X: 478413 Y: 566808
Ástand: Gott
Hætta: Lítil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: „Eyja eða **Hólmi** er í Holtskvísl undan landi Holtskots. Á hólmanum eru mannvirkjaleyfar, vinkillaga garður. Heimildarmaður hefur heyrt að þar hafi verið matjurtagarður (kálgarður). Skammt þar suðaustar sést lítill garður vestur bakkann og við hann mótar fyrir handgröfnum skurði“ (ÖRI, 4).
Lýsing
Líklegt er að hér eigi við um 50 m langt garðlag sem liggur 230 m suðsuðaustur af áður skráðum matjurtagarði (sjá nr. 21). Garðurinn er algróinn og liggur nálega austur/vestur. Punktur tekinn af loftmynd.
Heimildaskrá
Rósmundur G. Ingvarsson (1999). Örnefnaskrá Holtskots. Örnefnastofnun Íslands.

Holtskot 146041 103-23
Hlutverk: Skurður
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: „Eyja eða **Hólmi** er í Holtskvísl undan landi Holtskots. Á hólmanum eru mannvirkjaleyfar, vinkillaga garður. Heimildarmaður hefur heyrt að þar hafi verið matjurtagarður (kálgarður). Skammt þar suðaustar sést lítill garður vestur bakkann og við hann mótar fyrir handgröfnum skurði“ (ÖRI, 4).
Lýsing
Skurður ekki skráður við vettvangsrannsókn sumarið 2005.
Heimildaskrá
Rósmundur G. Ingvarsson (1999). Örnefnaskrá Holtskots. Örnefnastofnun Íslands.

Holtskot 146041 103-24
Sérheiti: Randaskurður
Hlutverk: Skurður
Tegund: Skurður
Staðsetning: X: 477984 Y: 567142
Ástand: Ómetið
Hætta: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegna vatnsrofs

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „**Randaskurður** var út við Halldórsstaða- landamerkin, handgrafinn, og mótar fyrir honum enþá [sic]“ (ÖRI, 4).

Lýsing

Skurður ekki skráður á vettvangi sumarið 2005 en punktur tekinn á loftmynd. Við Holtskvísl á landamerkjum Halldórsstaða og Holtskots.

Heimildaskrá

Rósmundur G. Ingvarsson (1999). Örnefnaskrá Holtskots. Örnefnastofnun Íslands.

Marbæli

18. mynd. Marbæli. Ljósm. BZ.

Saga

Marbælis er fyrst getið í jarðaskrá Hólastóls frá 1388.[38] Nafn jarðarinnar er ekki algengt og munu aðeins tvær jarðir bera þetta nafn á landinu og báðar í Skagafirði, Marbæli á Langholti og Marbæli í Óslandshlíð.[39] Jörðin mun hafa verið í eigu Hólastóls fram til 1550 en hefur þá að líkindum verið sett undir Glaumbæjarkirkju við stofnun kirkjuléns þar, að mati Hjalta Pálssonar. Jörðin var í eigu hans til 1802 þegar Jón Jónsson þáverandi ábúandi keypti jörðina. Jörðin hefur verið í eigu sömu ættar frá árinu 1835.[40] Sumarhús var reist vestan þjóðvegar árið 1983 og árið 1997 var gefið leyfi fyrir stofnun þjónustubýlisins Álfholts, einnig vestan þjóðvegar.[41]

Samkvæmt jarðatali Johnsen var jörðin metin á 40 hundruð ásamt hjáleigunni Tjarnarkoti.[42] Í jarðabók Árna og Páls segir "Engjatak í Glaumbæjarlandi, þar sem heita Marbælishólmar, en Glaumbær aftur málnyturekstur í annað mál á sumir í þessarar jarðar

[38] Íslenzkt fornbréfasafn III. Bls. 408.
[39] Margeir Jónsson, 1921. Bls. 47-48.
[40] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls 254.
[41] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 256.
[42] J. Johnsen, 1847. Bls. 257.

land".[43] Í jarðamati frá 1918 segir að engjar séu nærtækar, samfelldar, sléttar og greiðfærar, bæði votar og þurrar og gefi af sér 400 hesta og séu í meðallagi grasgefnar. Jörðin á auk þess slægjur í Sandengi austan Djúpukvíslar. Jörðin er snjólétt, næðingssöm en beitiland er lítið vegna þröngbýlis. Í úttekt sem Hólasveinar gerðu á Marbæli 1904 er þess getið að engir séu flóðgarðar né skurðir á Marbælisengjum en í túninu er getið um nýlegar túnasléttur, vörsluskurða og að túnið sé að mestu girt með skurði og torfgarði .[44]

Í jarðabók Árna og Páls (1713) er getið hjáleigunnar Tjarnarkots sem þá hafði verið í eyði í 14 eða 15 ár (1698/1699). Landskuld var þar talin 60 álnir og var hjáleigan talin geta fóðrað eina kú, landið mun á þeim tíma hafa verið nýtt af heimabændum.[45]

Á landamerkjum Kjartansstaða og Marbælis, á hreppamörkum Staðarhrepps og Seyluhrepps, var húsmannsbýlið Beinhöll og verður það hér skráð með Marbæli. Fyrstu ábúendur voru Helgi Árnason og kona hans Steinunn Jónsdóttir. Býlið var í upphafi nefnt Garður en síðar fékk það nafnið Beinhöll sem festist við það. Nafngiftin er þannig til komin að Árni sonur Helga vann við hrossaslátrun og bar heim hrossbein til átu. Safnaðist þannig upp mikið magn hrossabeina. Býlið fór í eyði 1864 við andlát Jóhönnu Aradóttur, dóttur Steinunnar Jónsdóttur af fyrra hjónabandi.[46]

Ábúendur á Marbæli eru skógræktarbændur og þátttakendur í verkefninu Norðurskógar. Samkvæmt Ragnheiði Guðmundsdóttur bústýru munu 90 ha lands vestan þjóðvegar fara undir skógrækt. Verkefnið hófst árið 2001 og stendur í 10 ár.

Náttúrufar og jarðabætur

Frá Djúpukvísl og vestur úr er mýrlendi, en þurrt á milli á rindum. Þar vestan við tekur við ræktað land upp að vegi. Vestan bílvegar eru tún, nyrst og austast og þar sunnan við er ás sem gengur þvert í gegnum landið. Þar vestan við hafa nú verið ræktuð tún þar sem áður voru mýrar. Þar vestan við liggur samfellt gróið land upp undir háásinn þar sem mest eru flagmóar og gróðursnauð holt. Hlunnindi eru lax- og silungsveiði í Kvíslinni.[47] Mikið ræktunarland er vestan Sauðárkróksbrautar þar sem bæði eru tún og kornakrar.[48]

Landamerki

Um landamerki jarðarinnar segir í örnefnaskrá Rósmundar G. Ingvarssonar:

> „Að austan ræður Djúpakvísl frá vörðu á austurbakka Ytri-Lambhagans, suður að Hornvörðu á austurbakka Syðra-Lambhagans. Þaðan ræður bein stefna til vesturs yfir Lambhagann í Merkjaþúfu sem sett er í mónum neðan við Sléttugötur, til móts við Glaumbæ. Þaðan sömu stefnu í merkjaþúfu á Dagsholti. Þaðan eftir sömu línu upp flóann fyrir sunnan Stekkjarenni vestur í Syðra-Grasvik austan við Hæðina. Þaðan sömu stefnu vestur yfir hæðina í vörðu á austurbakka Meðalheimsvatns. Þaðan vestur á vatnið mitt, og síðan norður eftir því miðju í vörðu á bakkanum fyrir norðurenda vatnsins, til móts við Þröm. Þaðan sömu línu

[43] Jarðabók, 9. bindi. Bls. 98.
[44] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 255.
[45] Jarðabók, 9. bindi. Bls. 98-99.
[46] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 252.
[47] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 253.
[48] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 255.

til norðurs í hornvörðu vestan í hæðinni. Þaðan ræður bein stefna til austurs, yfir hæðina og norðurenda Ytri-Kringlumýrar skammt fyrir utan Grástein austan í Rjúpnaás og þaðan austur sunnan til Húsá ofan á Beinhallargarð. Þaðan sömu línu ofan að Lambhagakvísl og yfir Lambhagann í fyrstnefnda vörðu á Djúpukvíslarbakka, til móts við Kjartansstaði“ (ÖRI, 3).[49]

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Íslenzkt fornbréfasafn III,1269-1415. Kaupmannahöfn, 1896.
Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (9. bindi). Hið Íslenska Fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1930.
J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* Kaupmannahöfn, 1847.
Margeir Jónsson (MCMXXI). *Torskilin bæjarnöfn í Skagafjarðarsýslu.* Aukin og endurbætt sjerprentun úr Íslendingi. Akureyri, MCMXXI (1921).
Rósmundur G. Ingvarsson (1999). Örnefnaskrá Marbælis. Örnefnastofnun Íslands.

[49] ÖÍ. Rósmundur Ingvarsson, 1999. Örnefnaskrá Marbælis.



19. mynd. Túnakort af Marbæli.

Fornleifaskrá

Marbæli 146058 115 - 1

20. mynd. Gamli bæjarhólinn á Marbæli, horft er til austurs. Ljósm. BZ

Hlutverk: Bústaður
Tegund: Heimild
Staðsetning:
X: 476682
Y: 568838
Ástand: Horfið
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Heimildamaður: Ragnheiður Guðmundsdóttir

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Gamli bærinn (65°36´990/ 19°30´39) var um það bil 100 metrum sunnar en íbúðarhúsið. Þar rann Bæjarlækurinn skammt vestan og sunnan við í djúpu dragi. Þar var vatnsbólið, vont mýrarvatn“ (BS II, 256). Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 er bærinn sýndur í suðvestur horni túns og tvær skemmur sunnan hans.

Lýsing

Gamli bæjarhóllinn er sunnan við skjólvegg sem er upp við íbúðarhúsið á Marbæli. Þar hefur nú allt verið sléttað og þar nú aðeins grösugur hóll um 40x40 m að ummáli.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort Marbælis. Þjóðskjalasafn Íslands.

Marbæli 146058 115 -2

Hlutverk: Heimreið
Tegund: Leið
Staðsetning: X: 476667 Y: 568751
Ástand: Horfið

Staðhættir

Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 er sýnd heimreið sem liggur til suðurs frá bænum.

Lýsing

Sléttað hefur verið yfir heimreiðina þar sem hún lá í túninu, en enn er slóði yfir bæjarlækinn þar sem Hjartarhús stóðu áður.

Heimildaskrá

Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort Marbælis. Þjóðskjalasafn Íslands.

Marbæli 146058 115 -3
Hlutverk: Leið
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 476607
Y: 568762
Ástand: Horfið
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Staðhættir
Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Forn Þjóðvegur mun hafa legið um garða á Marbæli. Samkvæmt amtsákvörðun 30. des. 1862 og 1. apríl 1864 var til þjóðvega talin, leið ; Frá Völlum út með Vötnum um Geldingaholtseyrar, upp yfir Húseyjarkvísl á Djúpavaði, um Marbæli og hjá Reynistað til Sauðárkróks“ (ÖRI, 7).

21. mynd. Gamli vegurinn. Horft er til norðvesturs. Ljósm. BZ.

Lýsing
Gamall vegur liggur suðvestur af gamla bæjarhólnum, vestan bæjarlækjar. Hann liggur frá norðvestri til suðausturs og er greinilegur á um 100 m kafla.
Heimildaskrá
Rósmundur Ingvarsson (1998). Örnefnaskrá Marbælis. Örnefnastofnun Íslands.

Marbæli 146058 115 -4
Sérheiti: Sléttugötur
Hlutverk: Leið
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Staðhættir
Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „ Landamerki eins og þau koma fyrir í örnefnaskrá Rósmundar G. Ingvarssonar: „Þaðan ræður bein stefna til vesturs yfir Lambhagann í Merkjaþúfu sem sett er í mónum neðan við Sléttugötur, til móts við Glaumbæ“ (ÖRI, 3). Síðar segir: „Þetta er við suðvesturhornið á fyrrnefndum trjáreit, sem nýlega hefur verið plantað í. Á stallinum vestan við hafa Sléttugötur líklega verið, - jafnvel þar sem þjóðvegurinn liggur núna“ (ÖRI, 5).
Lýsing
Hugsanlegt er að í nr. 3 og nr. 4 eigi við sömu göturnar.
Heimildaskrá
Rósmundur Ingvarsson (1998). Örnefnaskrá Marbælis. Örnefnastofnun Íslands.

Marbæli 146058 115 -5
Hlutverk: Öskuhóll
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 476651 Y: 568814
Ástand: Horfinn
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Heimildamaður: Ragnheiður Guðmundsdóttir
Staðhættir
Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Bæjarhóllinn er þar sem Gamli bærinn var. Þar var hóll austan við gamla bæinn, líklega öskuhóll. Honum var ýtt út, en enn er lágur allvíður hóll þar sem bærinn var“ (ÖRI, 5).
Lýsing
Samkvæmt heimildamanni var öskuhóll vestan við gamla bæinn og hefur hann náð allt suður að læk. Silfurskeið fannst þar árið 2001 og var hún búin að vera týnd í 50 ár.
Heimildaskrá
Rósmundur Ingvarsson (1998). Örnefnaskrá Marbælis. Örnefnastofnun Íslands.

Marbæli 146058 115 -6
Hlutverk: Vatnsból
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 476642 Y: 568787
Ástand: Ómetið
Hætta: Engin hætta
Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Gamli bærinn (65°36´990/19°30´390) var um það bil 100 metrum sunnar en íbúðarhúsið. Þar rann Bæjarlækurinn skammt vestan og sunnan við í djúpu dragi. Þar var vatnsbólið, vont mýrarvatn“ (BS II, 256).
Lýsing
Punktur tekinn á læknum sem rennur sunnan gamla bæjarhólsins.
Heimildaskrá
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Marbæli 146058 115 -7
Sérheiti: Hjartarhús
Hlutverk: Hesthús
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 476674
Y: 568738
Ástand: Horfin
Heimildamaður:
Ragnheiður Guðmundsdóttir
Staðhættir

22. mynd. Hjartarhús stóðu sunnan bæjarlækjar. Ljósm. GSS.

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Sunnan við Bæjarlækinn voru fjárhús Hjartar Benediktssonar og hesthús ásamt túni sem hann ræktaði handa sér“ (BS II, 256).

Lýsing

Hjartarhús stóðu sunnan við bæjarlækinn og voru það bæði fjárhús og hesthús. Húsin hafa verið rifin en þar er mikill gróður þar á meðal njóli.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Marbæli 146058 115 -8

Sérheiti: Hjartarhús
Hlutverk: Fjárhús
Staðsetning: X: 476674 Y: 568738
Tegund: Heimild
Ástand: Horfin
Heimildamaður: Ragnheiður Guðmundsdóttir

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Sunnan við Bæjarlækinn voru fjárhús Hjartar Benediktssonar og hesthús ásamt túni sem hann ræktaði handa sér“ (BS II, 256). Fjárhús Hjartar má einnig sjá lengst til vinstri á yfirlitsmynd Edwins Sacher frá 1936 (BS II, 256) og á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 og hefur samkvæmt því verið um 90 metra suður af bænum. Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Gamla fjósið var við lækinn suður af bænum og á syðri bakkanum, á móti fjósinu voru fjárhús Hjartar Benediktssonar, kölluð Hjartarhús og túnskipta þar sunnan við heitir Hjartartún, en Hjörtur hafði það tún“ (ÖRI, 5).

Lýsing

Hjartarhús stóðu sunnan við bæjarlækinn og voru það bæði fjárhús og hesthús. Húsin hafa verið rifin en þar er mikill gróður þar á meðal njóli.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort Marbælis. Þjóðskjalasafn Íslands.
Rósmundur Ingvarsson (1998). Örnefnaskrá Marbælis. Örnefnastofnun Íslands.

Marbæli 146058 115 -9

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild
Staðsetning:
X: 476677 Y: 568762
Ástand: Horfin
Heimildamaður: Ragnheiður Guðmundsdóttir
Staðhættir
Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 má sjá peningshús tæpa 70 metra suður af bænum og samkvæmt yfirlitsmynd Edwins Sacher mun þar hafa verið fjósið (BS II, 256). Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Gamla fjósið var við lækinn suður af bænum og á syðri bakkanum, á móti fjósinu voru fjárhús Hjartar Benediktssonar, kölluð Hjartarhús og túnskipta þar sunnan við heitir Hjartartún, en Hjörtur hafði það tún“ (ÖRI, 5).
Lýsing
Búið er að slétta þar sem gamla fjósið var áður en gróður ber þess vitni að þarna hafi mannvirki staðið.
Heimildaskrá
Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort Marbælis. Þjóðskjalasafn Íslands.
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Rósmundur Ingvarsson (1998). Örnefnaskrá Marbælis. Örnefnastofnun Íslands.

Marbæli 146058 115 -10
Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 476678 Y: 568779
Ástand: Horfin
Heimildamaður: Ragnheiður Guðmundsdóttir
Staðhættir
Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 má sjá peningshús um 40 metra suðsuðaustur af bænum og samkvæmt yfirlitsmynd Edwins Sacher munu fjárhúsin hafa staðið þar (BS II, 256).
Lýsing
Punktur var tekinn samkvæmt ábendingu frá ábúanda. Þarna hefur nú allt verið sléttað.
Heimildaskrá
Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort Marbælis. Þjóðskjalasafn Íslands.
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Marbæli 146058 115 -11
Hlutverk: Smiðja/Skemma
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 476682 Y: 568838
Ástand: Horfin
Heimildamaður: Ragnheiður Guðmundsdóttir
Staðhættir

Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 eru skemma og smiðja beint suður af bæjarhúsunum og á yfirlitsmynd Edwins Sacher er sýnd skemma beint suður af bænum (BS II, 256).

Lýsing

Búið er að slétta yfir gamla bæjarhólinn og þar með smiðjuna.

Heimildaskrá

Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort Marbælis. Þjóðskjalasafn Íslands.

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Marbæli 146058 115 -12

Hlutverk: Smiðja/Skemma

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 476682 Y: 568838

Ástand: Horfin

Heimildamaður: Ragnheiður Guðmundsdóttir

Staðhættir

Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 eru skemma og smiðja beint suður af bæjarhúsunum og á yfirlitsmynd Edwins Sacher er sýnd skemma beint suður af bænum (BS II, 256).

Lýsing

Búið er að slétta yfir gamla bæjarhólinn.

Heimildaskrá

Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort Marbælis. Þjóðskjalasafn Íslands.

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Marbæli 146058 115 -13

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Ástand: Horfin

Heimildamaður: Ragnheiður Guðmundsdóttir

Staðhættir

Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 er peningshús um 140 m norður af bænum og samkvæmt yfirlitsmynd Edwins Sacher var þar fjárhús (BS II, 256).

Lýsing

Óvíst er hvar hús þessi voru og þekkir heimildamaður ekki til þeirra en þarna gæti átt við hesthús skráð nr. 14.

Heimildaskrá

Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort Marbælis. Þjóðskjalasafn Íslands.

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Marbæli 146058 115 -14

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Ástand: Horfin
Heimildamaður: Ragnheiður Guðmundsdóttir
Staðhættir
Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 er peningshús um 160 m norðaustur af bænum
Lýsing
Óvíst er hvar hús þessi voru og ekki þekkir heimildamaður til þeirra en þarna gæti átt við hesthús skráð nr. 15.
Heimildaskrá
Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort Marbælis. Þjóðskjalasafn Íslands.

Marbæli 146058 115 -15
Hlutverk: Hesthús
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 476664 Y: 568957
Ástand: Horfin
Heimildamaður: Ragnheiður Guðmundsdóttir
Staðhættir
Samkvæmt heimildamanni stóð hesthús um 50 m austan og aðeins norðan við íbúðarhúsið og um 50 m sunnan við austurenda fjóssins. Þarna gæti átt við nr. 12 og 13.
Lýsing
Húsið var út torfi og var rifið 1973 eða 1974.

Marbæli 146058 115 -16
Hlutverk: Skurður
Tegund: Heimild
Ástand: Horfinn
Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar er vitnað í úttekt nemenda Hólaskóla þar sem segir: „[...] Að norðvestan og norðan er mestur hluti túnsins girtur með skurði og torfgarði [...]“ (BS II, 255).
Lýsing
Nýja íbúarðhúsið og útihús eru norðan gamla túnsins og eru skurðir þessir ekki lengur sjáanlegir.
Heimildaskrá
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Marbæli 146058 115 -17
Hlutverk: Garður
Tegund: Heimild
Ástand: Horfinn
Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar er vitnað í úttekt nemenda Hólaskóla þar sem segir: „[...] Að norðvestan og norðan er mestur hluti túnsins girtur með skurði og torfgarði [...]“ (BS II, 255).

Lýsing
Gamli túngarðurinn er horfinn.
Heimildaskrá
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Marbæli 146058 115 -18
Hlutverk: Skurður
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar er vitnað í úttekt nemenda Hólaskóla þar sem segir: „[...] Vörsluskurður 25 faðma langur, 6 feta breiður, 2-3 fet á dýpt, 5 dagsverk [...]“ (BS II, 255).
Lýsing
Óvíst er um hvaða skurð er átt og hann því ekki skráður á vettvangi sumarið 2005.
Heimildaskrá
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Marbæli 146058 115 -19
Hlutverk: Túngarður
Tegund: Heimild
Ástand: Horfinn
Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar er vitnað í úttekt nemenda Hólaskóla þar sem segir: „[...] Túngarður úr torfi, 70 faðma langur, 4 feta hár, 2 fet á breidd að ofan, 17,5 dagsverk [...]“ (BS II, 255).
Lýsing
Engin merki sjást lengur um túngarðinn.
Heimildaskrá
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Marbæli 146058 115 -20
Sérheiti: Tjarnarkot
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 476585 Y: 569422
Ástand: Horfið
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Tjarnarkot (65°37´327/19°30´484). Jarðabókin 1713 getur hjáleigunnar Tjarnarkots sem farið hafði í eyði 1698 eða 1699. [...] Kotið var norðarlega í túninu, í hallandanum upp af flatlendinu. Túnmálið gæti hafa verið upp undir

hektari að stærð og merki sáust um vallargarð. Minjar býlisins eru nú með öllu hornfar undir túnrækt en stykkið heitir ennþá Tjarnarkot“ (BS II, 256-57). Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Tjarnarkot heitir grasi gróin húsatóft á áðurnefndum móum [móar þessir eru á milli bæjanna Marbælis og Marbælis] nokkru sunnar en Beinhöll” (ÖMJ, 2). Í sýslu- og sóknalýsingum er getið um eyðijarðir og þar segir: „Tjarnakot, Marbælishjáleiga, þar fyrir utan og neðan“ (SS, 65).

Lýsing

Tjarnarkot mun hafa verið um það bil hálfan kílómetra í norður frá íbúðarhúsinu á Marbæli. Þarna hefur nú allt verið sléttað en punktur var tekinn í nokkurri lægð eða dæld þar sem ábúandi telur að býlið hafi staðið.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Marbælis. Örnefnastofnun Íslands.

Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1873. II bindi, Skagafjarðarsýsla. Pálmi Hannesson og Jakob Benediktsson bjuggu til prentunar. Akureyri, 1954.

Marbæli 146058 115 -21

23. mynd. Beinhöll á merkjum Marbælis og Kjartansstaða. Ljósm. GSS.

Sérheiti: Beinhöll
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Heimild
Staðsetning:
X: 476368 Y: 569803
Ástand: Sæmilegt
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök:
Vegna ábúðar og landrofs
Heimildamaður: Ragnheiður Guðmundsdóttir

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Beinhöll (65°37´510 / 19°30´777) var húsmannsbýli í brekkuhallinu á merkjum Kjartansstaða og Marbælis og jafnframt á mörkum Staðarhrepps og Seyluhrepps. Liggur þar merkjaskurður og sveigir fast sunnan við lítill hól þar sem enn má sjá lítilsháttar merki um tóftir hvar bærinn Beinhöll á að hafa verið“ (BS II, 252). Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Beinhöll kallast eyðikot á hreppamótum Seyluhrepps og Staðarhrepps. Eru þar hallandi vallendismóar á milli bæjanna, Kjartansstaða í Staðarhreppi (að norðan) og Marbælis í Seyluhr(eppi) (að sunnan). Yzt á móunum eru tóftirnar. Þar var síðast búið 1865” (ÖMJ, 1). Í sýslu- og sóknalýsingum segir: „Nýbýli eru hvergi hér nema grashús tvö, Beinhóll, milli Marbælis og Kjartansstaða, og Laugarbrekka, sunnanvert á Reykjarhól“ (SS, 65).

Lýsing

Á merkjum Kjartansstaða og Marbælis er hóll, um 6 m frá norðurbakka landamerkjaskurðar. Girðing liggur, austur / vestur þvert yfir hólinn. Tóftin er um 6x8 m að ummáli og liggur hún austur/vestur. Hún er vel gróin en þó sér í nokkuð grjót í henni, aðallega í austurhorni. Vesturendi tóftar er nokkuð ógreinilegur og gætu þar hugsanlega hafa verið dyr. Við suðvesturhornið er nokkuð rofabarð þar sem girðingin liggur yfir hólinn og hefur líklega verið farið út með öskuna þar því að töluvert er af beinum sem standa út úr barðinu. Töluvert er af arfa í tóftinni. Breidd veggja er um metri.



Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Marbælis. Örnefnastofnun Íslands.

Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1873. II bindi, Skagafjarðarsýsla. Pálmi Hannesson og Jakob Benediktsson bjuggu til prentunar. Akureyri, 1954.

Marbæli 146058 115 -22

Hlutverk: Landamerkjagarður
Tegund: Heimild
Ástand: Horfinn
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Heimildamaður: Ragnheiður Guðmundsdóttir

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Þreyttu þeir nú þetta með sér hreppstjórarnir fyrir sýslumanni; færði og Gísli það enn til, að kofi einn, er síðar var byggður, færðist út fyrir landamerkjagarðinn í Staðarhreppsland" (BS II,, 252). Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir frá þrætum sem urðu í sambandi við býlið Beinhöll sem var á hreppamótum Seylu- og Staðarhrepps og segir þar frá landamerkjagarði: „Má sjá það, að Marbælisbóndi hefur leyft Helga að byggja fast við merkin, og einn bæjarkofanna „færðist út fyrir landamerkjagarðinn" (ÖMJ, 2).

Lýsing

Landamerkjagarðurinn milli Marbælis og Kjartansstaða fannst ekki við skráningu. Ragnheiður kannast ekki við þennan garð.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Marbælis. Örnefnastofnun Íslands.

Marbæli 146058 115 -23

24. mynd. Beitarhúsatóft. Ljósm. GSS.

Hlutverk: Beitarhús/ stekkur?
Tegund: Heimild
X: 475348 Y: 569001
Lengd: 22
Breidd: 14
Ástand: Sæmilegt
Hætta: Lítil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Heimildamaður: Ragnheiður Guðmundsdóttir

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Upp undir háásnum er aflangur hólrani og var kallaður Húsaás. Þar er grjót nokkurt og knapparhníflar og syðst og austast á þessum holtarana eru rústir af beitarhúsum (65°37´075/19°32´106)" (BS II, 255). Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Spölkorn austan við efsta skurðinn, þ.e. skurðinn meðfram Ásnum austanverðum, skagar klapparhryggur upp úr mýrlendinu og á hól sunnan hans sýnist líklegt að verið hafi stekkur eða annað mannvirki, enda hefur þessi staður á síðustu tímum verið nefndur Stekkur. Þar er kargaþýfi vaxið túngresi, en hugsanlegar húsaleyfar eru mjög ógreinilegar" (ÖRI, 6). Og síðan segir hann og virðist sem hann eigi við sömu minjar og áður er getið: „Það, sem líklegt er að geti heitið Stekkjarenni er aflangur klapparrindi, gróinn, liggjandi norður suður. Stórgrýtisbjörg eru norðaustan við rindann. Drag er sunnan við enda rindans og sunnan við það er lítill hóll og á honum má greina mannvirkjaleif með stekkjarlagi. Þessi staður er um það bil miðja vegu milli landamerkjanna" (ÖRI, 6).

Lýsing

Tóftirnar eru vestast á hólnum, líklega af beitarhúsum. Tóftin er fremur ógreinileg og hóllinn fremur þýfður en vesturendi tóftar er hvað greinilegastur og virðist tóftin að minnsta kosti vera tvískipt. Hóllinn er vel grænn og sker sig nokkuð úr umhverfinu. Hann er algróinn og hvergi sér í grjót í tóftinni. Tóftin virðist hafa snúið austur og gæti verið einhverskonar gripheldi sunnan tóftar.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Rósmundur Ingvarsson (1998). Örnefnaskrá Marbælis. Örnefnastofnun Íslands.

Marbæli 146058 115 -24

Hlutverk: Ferja
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

S taðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Stundum var ferjað frá Marbæli austur fyrir Djúpukvísl en ferjustaðurinn er ekki þekktur“ (BS II, 256).
Lýsing
Ferjustaður óþekktur.
Heimildaskrá
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Marbæli 146058 115 -25
Sérheiti: Lambakró
Hlutverk: Garður
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Staðhættir
Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Örlítið girðingarbrot er við stokk þann, er skilur Lambhagana og nefnt er Lambakró“ (ÖMJ, 2).
Lýsing
Fannst ekki við vettvangsskráningu sumarið 2005.
Heimildaskrá
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Marbælis. Örnefnastofnun Íslands.

Marbæli 146058 115 -26
Hlutverk: Skurður
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 477157 Y: 569088
Ástand: Ómetið
Hætta: Lítil hætta
Hættuorsök: Vegna vatnsrofs
Staðhættir
Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Á Kvíslarbakkanum beint austur undan íbúðarhúsinu, eru leyfar af gömlum skurði til vesturs“ (ÖRI, 6).
Lýsing
Skurðurinn er um 460 m austan íbúðarhúss á Marbæli.
Heimildaskrá
Rósmundur Ingvarsson (1998). Örnefnaskrá Marbælis. Örnefnastofnun Íslands.

Marbæli 146058 115 -27
Sérheiti: Selkvíslarbakki
Hlutverk: Sel/Örnefni
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í örnefnaskrá Rósmundar segir: „Áðurnefndur Marbælishólmi [liggur fyrir austan Djúpukvísl í Glaumbæjarlandi] hefur fyrrmeir verið umgirtur af leir og sandfarvegum, og sjást merki þeirra enn, þannig; Farvegur frá Djúpukvísl til austurs norðan við Marbælistjörn í kíldrag vestan við Selkvíslarbakka, kíldragið síðan til suðurs í farveg sem liggur vestur á Djúpukvíslarbakkann skammt fyrir norðan Jónsvað“ (ÖRI, 3-4).

Lýsing

Ekki fundust nein merki um sel á þessum stað.

Heimildaskrá

Rósmundur Ingvarsson (1998). Örnefnaskrá Marbælis. Örnefnastofnun Íslands.

Marbæli 146058 115 -28

Sérheiti: Jónsvað
Hlutverk: Vað
Tegund: Heimild
Staðsetning:
X: 477309 Y: 568853
Ástand: Ómetið

Staðhættir

25. mynd. Jónsvað, horft er til norðvesturs. Ljósm. GSS.

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Áðurnefndur Marbælishólmi [liggur fyrir austan Djúpukvísl í Glaumbæjarlandi] hefur fyrrmeir verið umgirtur af leir og sandfarvegum, og sjást merki þeirra enn, þannig; Farvegur frá Djúpukvísl til austurs norðan við Marbælistjörn í kíldrag vestan við Selkvíslarbakka, kíldragið síðan til suðurs í farveg sem liggur vestur á Djúpukvíslarbakkann skammt fyrir norðan Jónsvað“ (ÖRI, 3-4). Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir um vaðið: „Á Kvíslarbakkanum beint austur undna íbúðarhúsinu, eru leyfar af gömlum skurði til vesturs. Sunnar, og sunnarlega í landareigninni er gamalt vað á Kvíslinni (nú lítt eða ekki notað), sem heitir Jónsvað. Þar eru eystri bakkar lágir og sandeyri við vesturbakkann (1998). Létt girðing er fyrir vaðinu vestanverðu. Ekki kunna menn skýringu á nafninu. Jónsvað er um það bil 140 metrum norðan við landamerkin, Marbæli - Jaðar“ (ÖRI, 6).

Lýsing

Punktur var tekinn á árbakkanum samkvæmt lýsingum örnefnaskrár.

Heimildaskrá

Rósmundur Ingvarsson (1998). Örnefnaskrá Marbælis. Örnefnastofnun Íslands.

Marbæli 146058 115 -29

Hlutverk: Varða
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í örnefnaskrá Rósmundar segir „Að austan ræður Djúpakvísl frá vörðu á austurbakka Ytri-Lambhagans, suður að Hornvörðu á austurbakka Syðra-Lambhagans“ (ÖRI, 3).
Lýsing
Varða fannst ekki við vettvangsathugun sumarið 2005.
Heimildaskrá
Rósmundur Ingvarsson (1998). Örnefnaskrá Marbælis. Örnefnastofnun Íslands.

Marbæli 146058 115 -30
Hlutverk: Varða
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Staðhættir
Í örnefnaskrá Rósmundar segir„Að austan ræður Djúpakvísl frá vörðu á austurbakka Ytri-Lambhagans, suður að Hornvörðu á austurbakka Syðra-Lambhagans“ (ÖRI, 3).
Lýsing
Varða fannst ekki við vettvangsathugun sumarið 2005.
Heimildaskrá
Rósmundur Ingvarsson (1998). Örnefnaskrá Marbælis. Örnefnastofnun Íslands.

Marbæli 146058 115 -31
Hlutverk: Varða
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Staðhættir
Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Að austan ræður Djúpakvísl frá vörðu á austurbakka Ytri-Lambhagans, suður að Hornvörðu á austurbakka Syðra-Lambhagans.
Þaðan ræður bein stefna til vesturs yfir Lambhagann í Merkjaþúfu sem sett er í mónum neðan við Sléttugötur, til móts við Glaumbæ. Þaðan sömu stefnu í merkjaþúfu á Dagsholti. Þaðan eftir sömu línu upp flóann fyrir sunnan Stekkjarenni vestur í Syðra-Grasvik austan við Hæðina. Þaðan sömu stefnu vestur yfir hæðina í vörðu á austurbakka Meðalheimsvatns. Þaðan vestur á vatnið mitt, og síðan norður eftir því miðju í vörðu á bakkanum fyrir norðurenda vatnsins, til móts við Þröm“ (ÖRI, 3).
Lýsing
Varða fannst ekki við vettvangsathugun sumarið 2005.
Heimildaskrá
Rósmundur Ingvarsson (1998). Örnefnaskrá Marbælis. Örnefnastofnun Íslands.

Marbæli 146058 115 -32
Hlutverk: Varða
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Staðhættir
Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Að austan ræður Djúpakvísl frá vörðu á austurbakka Ytri-Lambhagans, suður að Hornvörðu á austurbakka Syðra-Lambhagans.
Þaðan ræður bein stefna til vesturs yfir Lambhagann í Merkjaþúfu sem sett er í mónum neðan við Sléttugötur, til móts við Glaumbæ. Þaðan sömu stefnu í merkjaþúfu á

Dagsholti. Þaðan eftir sömu línu upp flóann fyrir sunnan Stekkjarenni vestur í Syðra-Grasvik austan við Hæðina. Þaðan sömu stefnu vestur yfir hæðina í vörðu á austurbakka Meðalheimsvatns. Þaðan vestur á vatnið mitt, og síðan norður eftir því miðju í vörðu á bakkanum fyrir norðurenda vatnsins, til móts við Þröm“ (ÖRI, 3).

Lýsing

Varðan fannst ekki við vettvangsathugun sumarið 2005.

Heimildaskrá

Rósmundur Ingvarsson (1998). Örnefnaskrá Marbælis. Örnefnastofnun Íslands.

Marbæli 146058 115 -33

Hlutverk: Varða

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Landamerki eins og þau koma fyrir í örnefnaskrá Rósmundar G. Ingvarssonar: „Að austan ræður Djúpakvísl frá vörðu á austurbakka Ytri-Lambhagans, suður að Hornvörðu á austurbakka Syðra-Lambhagans. Þaðan ræður bein stefna til vesturs yfir Lambhagann í Merkjaþúfu sem sett er í mónum neðan við Sléttugötur, til móts við Glaumbæ. Þaðan sömu stefnu í merkjaþúfu á Dagsholti. Þaðan eftir sömu línu upp flóann fyrir sunnan Stekkjarenni vestur í Syðra-Grasvik austan við Hæðina. Þaðan sömu stefnu vestur yfir hæðina í vörðu á austurbakka Meðalheimsvatns. Þaðan vestur á vatnið mitt, og síðan norður eftir því miðju í vörðu á bakkanum fyrir norðurenda vatnsins, til móts við Þröm. Þaðan sömu línu til norðurs í hornvörðu vestan í hæðinni. Þaðan ræður bein stefna til austurs, yfir hæðina og norðurenda Ytri-Kringlumýrar skammt fyrir utan Grástein austan í Rjúpnaás og þaðan austur sunnan til Húsá ofan á Beinhallargarð. Þaðan sömu línu ofan að Lambhagakvísl og yfir Lambhagann í fyrstnefnda vörðu á Djúpukvíslarbakka, til móts við Kjartansstaði“ (ÖRI, 3).

Lýsing

Varða fannst ekki við vettvangsathugun sumarið 2005.

Heimildaskrá

Rósmundur Ingvarsson (1998). Örnefnaskrá Marbælis. Örnefnastofnun Íslands.

Marbæli 146058 115 -34

Hlutverk: Sel

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í lýsingum fyrir Glaumbæjar- og Víðimýrarprestakall segir: „Fornusel eru og kölluð uppi undir brún milli Sólheima og Bessastaða. Er mælt, að þau væru frá Marbæli“ (SS, 64).

Lýsing

Selið var ekki skráð við vettvangsrannsókn sumarið 2005.

Heimildaskrá

Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1873. II bindi, Skagafjarðarsýsla. Pálmi Hannesson og Jakob Benediktsson bjuggu til prentunar. Akureyri, 1954.

Þröm

26. mynd. Bæjarhóllinn á Þröm, horft er til norðausturs. Ljósmynd: BZ.

Saga

Þramar er fyrst getið í eignaskrá Reynistaðaklausturs frá 1446.[50] Albert Kristjánsson tók við ábúð á Þröm árið 1893 en bjó þar aldrei sjálfur heldur hafði fólk þar, sem sumt hafði þar búskap en aðrir voru í húsmennsku. Hann keypti jörðina af landssjóði 1907 um leið og hann keypti Páfastaði og nýtti landnytjar að hluta sjálfur, einkum vetrarbeit, en leigði Þröm áfram til ábúðar. Einar Gíslason á Syðra-Skörðugili keypti jörðina 1995 og var hún síðan afsölum til sona hans árið 1999.[51]

Í jarðabók Johnsens var jörðin talin 20 hundruð að dýrleika (JJ, 257). Í jarðabók Árna og Páls segir: „Engjatak segja munnmæli þessi jörð eigi í Reynistaðar landi, þar sem enn kallast Þramarkrókar, hefur ekki brúkast í manna minni. Vatnsból brigðult. Engjar alls öngvar“.[52] Í jarðabók frá 1849[53] er meira en helmingur túnsins sagður þýfður, það sé ekki

[50] Íslenzkt fornbréfasafn, IV. Bls. 701.
[51] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls.210-211.
[52] Jarðabók, 9. bindi. Bls. 76.
[53] Ný jarðabók, 1849. Nr. 396.

vel ræktað en geti fóðrað eina og hálfa kú. Engjar voru fremur litlar og heyslæmar. Beitiland lítið en ekki slæmt. Í jarðamati frá 1916 var tún sagt bæði slétt og þýft, engið var þýfð mýri og snögglent. Vetrarbeit þótti góð en hús voru bæði lítil og léleg .[54]

Náttúrufar og jarðabætur

Jörðin er að miklu leyti móar og lyngi vaxnir melar, graslendi er helst í stórum mýrarfláka norður og austur af bænum. Þramarmýri er vestur af bænum, nær hún að víðáttumiklum flóa sem nefnist Vatnsflói norður og vestur of Meðalheimsvatni,.[55] Vatn var sótt í Þramarmýrina því enginn var bæjarlækurinn. Meðalheimsvatn er í landi Þramar og á jörðin stærsta hluta þess en aðrar jarðir sem liggja að því eru Marbæli, Jaðar, Hátún og Elivogar.[56]

Landamerki

„Jörðin á land að Litlu-Gröf að norðan, Páfastöðum að austan og Marbæli um Meðalheimsvatn Elivogum, Bessastöðum og Hóli að sunnan, en Sæmundará er á Vesturmörkum“.[57]

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Íslenzkt fornbréfasafn IV, 1265-1449. Hið íslenzka bókmenntafélag Kaupmannahöfn, 1897.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (9. bindi). Hið Íslenska Fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1930.

J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* Kaupmannahöfn 1847.

Ný jarðabók fyrir Ísland: samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Kaupmannahöfn, 1861.

[54] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 213.
[55] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 210.
[56] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 213.
[57] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 210.



27. mynd. Túnakort Þramar.

Fornleifaskrá

Þröm 176749 74 - 1

28. mynd. Bryndís Zoëga skráir bæjarhólinn. Ljósm. BZ.

Hlutverk:
Bústaður
Tegund:Leifar bæjartófta
Staðsetning:
X: 474030
Y: 569969
Lengd: 23
Breidd: 12
Ástand:
Sæmilegt
Hættumat:
Lítil hætta
Hættuorsök:
Vegna nýtingar lands

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Þröm (65°37´590/ 19°33´830) er eyðibýli utan til á vestanverðu Langholti, nokkru framan en á móts við Dúk í Sæmundarhlíð“. Og síðar segir: „Bærinn var á lágum hól sunnan til í miðju túni [...] Vestan og neðan við bæjarhólinn sjást minjar um fornar veggjahleðslur. Þar hefur ekki verið sléttað en að öðru leyti er túnið allt orðið slétt og er fáeinir hektarar að stærð“ (BS II, 212). Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 er bærinn sýndur ofarlega í túni og liggur heimreiðin frá honum til austurs. Bæjarhóllinn á Þröm liggur norðarlega í landi Þramar gegnt Dúki í Sæmundarhlíð.

Lýsing

Lítið stendur eftir af bæjarhúsunum annað en nokkrar vegghleðslur. Þær eru greinilegastar nyrst í bænum þar sem fjós mun hafa verið. Veggir þeir sem enn standa eru torf- og grjóthlaðnir og mikið af grjóti sést í leifum tóftanna. Dyr hafa snúið til austurs. Timbur sést í fjósinu og þar sjást einnig leifar kamínu. Túnið umhverfis bæinn er vel grænt og af bæjarhólnum er gott útsýni yfir fjörðinn.

Nánari lýsing

Í Byggðasögu Skagafjarðar er þessi lýsing á bænum: „Á árunum 1930-1937 var á Þröm þiljuð baðstofa með fjalagólfi. Hún var syðst bæjarhúsanna og sneri suður/norður. Moldargólf var hins vegar í eldhúsi og búri og þar var ekki þiljað nema að litlu leyti. Eldavél var komin í búið 1934. Inngangur var austan frá og þar lítið bæjardyraþil. Að öðru leyti voru útveggir allir úr torfi og grjóti” (BS II, 212).

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort Þramar. Þjóðskjalasafn Íslands.

Þröm 176749 74 - 2
Hlutverk: Fjós
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 474030 Y: 569969
Lengd: 12
Breidd: 24
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Vegna nýtingar lands
Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Fjósið var yfir fjóra gripi norðan við bæinn en fjárhús suður á túninu“ (BS II, 212).
Lýsing
Lítið stendur eftir af bæjarhúsunum annað en nokkrar vegghleðslur. Þær eru greinilegastar nyrst í bænum þar sem fjós mun hafa verið. Veggir þeir sem enn standa eru torf- og grjóthlaðnir og mikið af grjóti sést í leifum tóftanna. Dyr hafa snúið til austurs. Timbur sést í fjósinu og þar sjást einnig leifar kamínu. Túnið umhverfis bæinn er vel grænt og af bæjarhólnum er gott útsýni yfir fjörðinn.
Heimildaskrá
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Þröm 176749 74 - 3
Hlutverk: Heimreið
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 474122 Y: 569939
Ástand: Horfin
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Vegna beitar
Staðhættir
Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 liggur heimreiðin til austurs frá bænum.
Lýsing
Heimreiðin sást ekki við skráningu en punktur var tekinn á loftmynd um 100 m frá bæjarstæðinu á leið sem liggur til suðausturs og síðan austurs.
Heimildaskrá
Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort Þramar. Þjóðskjalasafn Íslands.

Þröm 176749 74 - 4
Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 474075
Y: 569812
Lengd: 15
Breidd: 9
Ástand: Sæmilegt

29. mynd. Útihúsatóftir á Þröm. **Ljósm. BZ.**

Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Vegna nýtingar lands
Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Fjósið var yfir fjóra gripi norðan við bæinn en fjárhús suður á túninu“ (BS II, 212). Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 er útihús syðst í túni um 140 metra suður af bænum.
Syðst í túninu eru tóftir 2ja útihúsa. Austari tóftin er líklega fjárhús-tóftin sem getið er í Byggðasögunni.
Lýsing
Tóftin er mjög greinileg, vel gróin en sér í grjót í nyrðri vegg sem er töluvert hærri en aðrir veggir. Tóftin snýr nálega austur/vestur og hafa dyr líklega snúið til vesturs. Tóftin er 15 x 9 m að ummáli, hæð veggja er 1,2 m og breidd þeirra rúmlega 2 m.
Heimildaskrá
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort Þramar. Þjóðskjalasafn Íslands.

Þröm 176749 74 - 5
Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 474045 Y: 569821
Lengd: 15
Breidd: 13
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Vegna nýtingar lands
Staðhættir



Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Fjósið var yfir fjóra gripi norðan við bæinn en fjárhús suður á túninu“ (BS II, 212). Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 er útihús syðst í túni um 140 metra suður af bænum. Syðst í túninu eru tóftir 2ja útihúsa.

Lýsing

Vestari tóftirnar eru nokkuð ógreinilegri en þær austari. Tóftirnar virðast vera af tvískiptu fjárhúsi þar sem nyrðra fjárhúsið er nokkuð stærra um sig og hugsanlega með hlöðu til austurs. Dyr hafa snúið mót vestri. Tóftirnar eru algrónar og nokkuð erfitt er að átta sig á veggjaskipan. Ummál er 15 x 13 m, breidd veggja er frá 1 - 4 m og hæð þeirra um 20 sm.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort Þramar. Þjóðskjalasafn Íslands.

Þröm 176749 74 - 6

Hlutverk: Kofar
Tegund: Dæld
Staðsetning: X: 474033 Y: 569946
Lengd: 1 m
Breidd: 1 m
Ástand: Nánast horfin
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Vegna nýtingar lands

Staðhættir

Sunnan við bæjartóftirnar eru tvær samstæðar dældir eða smá lautir um 1 x 1 m að ummáli þar sem ef til vill hafa verið einhverjir kofar. Þar hefur nú allt verið sléttað.

Þröm 176749 74 - 7
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Tóftaþyrping
Staðsetning:
X: 474014
Y: 569962
Ástand: Nánast horfin
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Vegna nýtingar lands
Staðhættir
Vestan undir bæjarhólnum á Þröm eru nokkrar dældir og virðist sem þar hafi verið einhver mannvirki, hugsanlega hús og jafnvel matjurtagarðar.



Þröm 176749 74 - 8



Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Tóftaþyrping
Staðsetning: X: 474005
Y: 569957
Ástand: Nánast horfin
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Vegna nýtingar lands
Staðhættir
Vestan undir bæjarhólnum á Þröm eru nokkrar dældir og virðist sem þar hafi verið einhver mannvirki, hugsanlega hús og jafnvel matjurtagarðar. Enn fleiri dældir eru vestur af svæði því sem skráð er nr. 7. Hugsanlega er um að ræða eldra bæjarstæði sem væri þá mjög gamalt eða gamla matjurtagarða.

Þröm 176749 74 - 9
Hlutverk: Vatnsból
Tegund: Lækur
Staðsetning: X: 473951 Y: 569878
Ástand: Ómetið
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Vegna nýtingar lands
Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Þramarmýrin er í breiðu og djúpu sundi vestan við bæinn. Oftast var hún kölluð Mýrin. Þarna var og er kviksyndi víða, mörg dý og hættuleg búpeningi. Niður í þetta sund mun reyndar hafa verið sótt neysluvatnið því að bæjarlækurinn er enginn annar en lækur sem kemur sunnan sundið allt framan úr Meðalheimsvatni og dreifist síðan í keldur í Mýrinni“ (BS II, 213).

Lýsing
Punktur tekinn á læk sem rennur úr suðri í Þramarmýrina.

Þröm 176749 74 - 10
Hlutverk: Matjurtagarður
Tegund: Heimild
Ástand: Horfinn
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Vegna nýtingar lands
Staðhættir
Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 er sýndur matjurtagarður við norðvesturhorn túnsins.
Lýsing
Matjurtagarður hugsanlega sama og skráð er óþekkt nr. 8.
Heimildaskrá
Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort Þramar. Þjóðskjalasafn Íslands.

Þröm 176749 74 - 11



Hlutverk: Rétt
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 473973
Y: 569946
Lengd: 5
Breidd: 3
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Vegna beitar
Staðhættir
Á brekkustallinum vestur af bæjarstæðinu á Þröm eru leifar réttar eða einhverskonar gripheldis.
Lýsing
Engin merkjanleg skil eru í gróðrinum en þarna er allt grasi gróið. Veggir eru útflattir en þó vel greinanlegir til norðurs og suðurs, en heldur óljósir til austurs og vesturs. Ekki er gott að segja á hverjum þeirra hliðið hefur verið. Um 2 m vestan við réttina endar stallurinn og brekka niður að Þramarmýrinni tekur við.

Þröm 176749 74 - 12
Sérheiti: Þramarvegur
Hlutverk: Leið
Tegund: Vegur
Staðsetning: X: 474581 Y: 569867
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Vegna nýtingar lands

Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Þar sem Langholtsásinn er hæstur milli Þramar og Páfastaða var kallað Hæðin. Yfir hana voru beinar götur og taldar fornar. Hefur þar væntanlega verið höggvin braut gegnum skóginn sem án efa hefur þakið Langholtið til forna. Önnur braut lá suðaustur fyrir Hæðina í stefnu á Glaumbæ“ (BS II, 213). Í örnefnaskrá segir: „Yfir Hæðina, sem nefnd er í Þramarlandi, liggur þráðbein braut, er kallast Þramarvegur, sýnilega höggvin í gegnum skóginn, sem verið hefur eftir allri Hæðinni í fornöld. Önnur braut hefur verið höggvin suðaustur yfir Hæðina í stefnu á Glaumbæ“ (ÖMJ, 1).
Lýsing
Tekinn punktur á vegslóða sem liggur frá Þröm yfir til Páfastaða.
Heimildaskrá
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Margeir Jónsson. Örnefnalýsing Þramar, heimildamaður Albert Kristjánsson. Örnefnastofnun Íslands.

Þröm 176749 74 - 13
Hlutverk: Leið
Tegund: Vegur
Staðsetning: X: 474624 Y: 569535
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Vegna nýtingar lands
Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Þar sem Langholtsásinn er hæstur milli Þramar og Páfastaða var kallað Hæðin. Yfir hana voru beinar götur og taldar fornar. Hefur þar væntanlega verið höggvin braut gegnum skóginn sem án efa hefur þakið Langholtið til forna. Önnur braut lá suðaustur fyrir Hæðina í stefnu á Glaumbæ“ (BS II, 213).
Lýsing
Á loftmynd sjást nokkrar leiðir sem liggja frá Þröm og var tekinn punktur á leið sem liggur til suðausturs frá bænum.
Heimildaskrá
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Þröm 176749 74 - 14
Hlutverk: Leið
Tegund: Vegur
Staðsetning: X: 473728 Y: 569852
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Vegna nýtingar lands
Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Hreppavegur lá fyrrum yfir Sæmundará hjá Varmalandi niður sunnan við Þröm og þaðan austur yfir að Páfastöðum“ (BS II, 213).

Lýsing
Tvær leiðir liggja yfir ásinn vestan Þramar og var punktur tekinn á þeim báðum, 473728/569852 nyrðri leiðin og 473793/569741 syðri leiðin.
Heimildaskrá
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Þröm 176749 74 - 15
Hlutverk: Leið
Tegund: Vegur
Staðsetning: X: 473793 Y: 569741
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Vegna nýtingar lands
Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Hreppavegur lá fyrrum yfir Sæmundará hjá Varmalandi niður sunnan við Þröm og þaðan austur yfir að Páfastöðum“ (BS II, 213).
Lýsing
Tvær leiðir liggja yfir ásinn vestan Þramar og var punktur tekinn á þeim báðum, 473728/569852 nyrðri leiðin og 473793/569741 syðri leiðin.

Þröm 176749 74 - 16
Hlutverk: Skurður
Tegund: Skurður
Staðsetning: X: 474629 Y: 568562
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Vegna nýtingar lands
Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Hefur verið handgrafinn skurður norður úr vatninu [átt er við Meðalheimsvatn] og við það lækkaði nokkuð vatnsborðið“ (BS II, 213).
Lýsing
Skurður ekki skráður við vettvangsrannsókn 2005 en punktur tekinn á skurði á loftmynd.
Heimildaskrá
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Þröm 176749 74 - 17
Sérheiti: Stekkjarhvammur
Hlutverk: Stekkur
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 473651
Y: 570132
Lengd: 12
Breidd: 7
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Vegna nálægðar við vatnsfall

30. mynd. Stekkjartóft. Ljósm. BZ.

Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Stekkjarhvammur er við Sæmundará útvestur frá Þröm. Þar er glögg rúst af litlum stekk (65°37´675/ 19°34´320) frammi á árbakka, yst í hvamminum, veggir ná manni í mitt læri“ (BS II, 213). Í örnefnaskrá segir: „Þar sem merkjagirðingin beygir á Ásbrúninni vestur að Sæmundará, heitir Nautalágarmelur. Svæðið þar frá Ásbrúninni vestur að Sæmundará kallast Partur. Þar fyrir utan með ánni Stekkjarhvammur, og þar fyrir norðan er Merkjahvammur“ (ÖMJ, 1).
Stekkjartóft er á austurbakka Sæmundarár, um 6 m frá ánni, nyrst í grösugum hvammi austur af Dúki.



Lýsing
Tóftin er vel greinileg. Veggir eru um 110 sm á hæð og 1-2 m á breidd. Tóftin er vel gróin en þó sér í grjóthleðslur í henni. Meginhluti hennar er ferhyrnd en rani liggur úr henni til suðvesturs. Norðan við tóftina eru eins og 2 krær sem liggja austur/vestur og standa töluvert hærra og gæti hugsanlega verið af eldri stekk.

Heimildaskrá
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Margeir Jónsson. Örnefnalýsing Þramar, heimildamaður Albert Kristjánsson. Örnefnastofnun Íslands.

Þröm 176749 74 - 18
Hlutverk: Kofi
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 474334
Y: 568780
Lengd:
Breidd:
Ástand: Lélegt
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Vegna beitar
Staðhættir
Syðst í landi Þramar er sporöskjulaga hóll eða smá hæð.
Lýsing
Hóllinn er í þýfðum mó og mýrlendi. Hann er grasi gróinn og sker sig vel úr umhverfinu þrátt fyrir að vera ekki hár. Austarlega fyrir miðju eru grjóthleðslur undir fuglaþúfu, hugsanlega leifar smalakofa.

31. mynd. Kofatóft á hóli. Ljósm. BZ.

Þröm 176749 74 - 19
Hlutverk: Varða
Tegund: Varða
Staðsetning: X: 474120 Y: 568846
Ástand: Lélegt
Hættumat: Lítil hætta
Staðhættir
Varða, nokkrir steinar í ólögulegum stafla eru uppi á máði klöpp, efst á holtinu, gegnt bænum Dæli í Sæmundarhlíð.

Kjartansstaðir

32. mynd. Íbúðarhús á Kjartansstöðum. Ljósm. GSS.

Saga

Kjartansstaða er fyrst getið í eignaskrá Reynistaðaklausturs frá 1446[58] og var í ríkiseigu til ársins 1916 þegar þeim var afsalað til Jóhanns Sigurðssonar ábúanda. Árið 1951 keypti Skafti Óskarsson í Kjartansstaðakoti jörðina og sameinaði jarðirnar en 1983 keyptu Hallgrímur og Valur Ingólfssynir hana og eiga enn í dag þótt þeir búi á Sauðárkróki.[59] Árið 1946 var íbúðarhús reist í landi Kjartansstaðakots en selt þeim bræðrum árið 1983 ásamt 1500 m2 lóð.[60]

Í jarðabók Johnsens eru Kjartansstaðir metnir á 40 hundruð með hjáleigunni Kjartansstaðakoti sem samkvæmt neðanmálsgrein var fyrst getið í jarðamati 1802.[61] Síðar var jörðinni skipt og fékk Kjartansstaðakot fjórðung hennar.[62] Í jarðamati frá 1849 segir að engi sé fremur lítið, þó að mestu slétt og að hluta blautt, í meðallagi grasgefið. Beitiland var mjög lítið og lélegt. Í jarðamati frá 1916 segir að tún sé í allgóðri rækt og að

[58] Íslenzkt fornbréfasafn Iv. Bls. 701.
[59] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 206.
[60] Sama heimild.
[61] J. Johnsen, 1847. Bls. 257.
[62] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 206.

hálfu slétt, engi þá slétt en blautt. Beitiland var lítið og lélegt og hús orðin léleg. Undir Langholtinu liggur Stóriskurður og var engið á Kjartansstöðum áveituengi og liggur enn áveituskurður frá Kvíslinni og vestur í engið og í honum tvær stíflur.[63]

Í Jarðabók Árna og Páls er getið Helgukots, síðar stekkjar, þar sem húskona að nafni Helga hafðist við en þar segir að ekki sé vitað til þess að hún gjaldi neitt fyrir afnotin.[64] Þar kallast nú Grænistekkur.[65]

Náttúrufar og jarðabætur

Frá Djúpukvísl, sem er austan Kjartansstaða,, vestur að Stóraskurði er flatt gróið land og næst skurðinum eru stararflóar. Að vestan liggur síki þvert í gegnum landið. Frá Stóraskurði vestur að túninu er framræst mýri. Túnið liggur í nokkrum halla að þjóðveginum. Vestan hans taka við holt og móar og þar vestan við eru lítt grónir móar og þurrt og gróið land og enn vestar er flói sem nær vestur undir ásinn þaðan sem eru flagmóar að landi Þramar. Hlunnindi eru lax- og silungsveiði í Djúpukvísl.[66]

Landamerki

"Kjartansstaðir eiga land að Marbæli að sunnan, Þröm að vestan, Kjartansstaðakoti að norðan, Húseyjarkvísl að austan móti Glaumbæjareyjum".[67]

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Íslenzkt fornbréfasafn IV, 1265-1449. Hið íslenzka bókmenntafélag Kaupmannahöfn, 1897.
J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* Kaupmannahöfn 1847.

[63] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 207.
[64] Jarðabók, 9. bindi. Bls. 97-98.
[65] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 209.
[66] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 206.
[67] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 206.

33. mynd. Túnakort Kjartansstaða og Kjartansstaðakots.

Fornleifaskrá

Kjartansstaðir 145985 57 - 1

34. mynd. Gamli bæjarhóllinn á Kjartansstöðum. Ljósm. GSS.

Hlutverk: Bústaður
Tegund: Dældir
Staðsetning:
X: 476154 Y: 570152
Ástand: Horfinn
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Heimildamaður: Valur Ingólfsson

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Hluti gamla bæjarins (65°37´702/19°31´058) stóð uppi fram um 1970. Bæjarhóllinn er nokkurra metra hár að austan og brattur þeim megin frá. Var bærinn um það bil 10 metrum frá brekkubrún rétt vestan við tvístæðurafmagnsstaur sem nú er á hólnum“ (BS II, 207). Á túnakorti frá 1917 er bærinn sýndur vinstra megin í túninu (til vesturs ef miðað er við að norður sé upp á korti), neðan heimreiðar (Guðmundur Sveinsson, 1917).

Lýsing

Samkvæmt Byggðasögu mun bærinn hafa staðið á brún Langholtsins vestan við tvístæðurafmagnsstaur. Fundust þar merki um tóftir, dældir í landslaginu, en engin greinileg veggjalög. Punktur var tekinn 100 m austur af fjárhúsunum sem standa vestast í túninu rétt austan vegar. Þar sem hér er búið að slétta og ýta bæjarhólnum fram er ómögulegt að sjá hvernig hann hefur verið en gott útsýni er til allra átta af bæjarstæðinu. Líklegt er að húsin hafi staðið norður/suður með dyr mót austri. Samkvæmt heimildamanni var búið í bænum til 1952 og síðan var hann notaður sem sumarhús þar til hann hrundi.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort Kjartansstaða. Þjóðskjalasafn Íslands.

Kjartansstaðir 145985 57 - 2

35. mynd. Fjárhúsið stóð þar sem hlaðan er núna. Ljósm. GSS

Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 476076
Y: 570137
Ástand: Horfið
Heimildamaður: Valur Ingólfsson

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Fjárhús stóðu skammt vestar [en gamli bærinn nr. 1] en þau voru tekin og moldir þeirra fluttar með mokstursvél austur af brekkubrúninni“ (BS II, 207).

Lýsing

Samkvæmt Vali Ingólfssyni stóðu fjárhúsin austan við hlöðuna sem nú er. Enn sér móta fyrir húsunum á austurvegg hlöðunnar.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Kjartansstaðir 145985 57 - 3

Hlutverk: Fjós
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 476076 Y: 570137
Ástand: Horfið
Heimildamaður: Valur Ingólfsson

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Torffjós stóð sunnan við bæinn [nr. 1]“ (BS II, 207). Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 er útihús 10 metra suður af bænum og matjurtagarður sunnan þess.

Lýsing

Fjósið stendur ekki lengur og hefur bæjarhólnum verið ýtt út og þar sléttað.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort Kjartansstaða. Þjóðskjalasafn Íslands.

Kjartansstaðir 145985 57 - 4

Hlutverk: Matjurtagarður
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 476076 Y: 570137
Ástand: Ómetið

Staðhættir

Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 er útihús 10 metra suður af bænum og matjurtagarður sunnan þess.
Lýsing
Sléttað hefur verið úr bæjarhólnum og ekki sjást nein merki um matjurtagarð.
Heimildaskrá
Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort Kjartansstaða. Þjóðskjalasafn Íslands.

Kjartansstaðir 145985 57 - 5
Hlutverk: Heimreið
Tegund: Heimild
Ástand: Horfin
Staðhættir
Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 liggur heimreið úr vestri og að bæjarhúsunum.
Lýsing
Heimreiðin mun hafa legið þar sem nú er sléttað tún og sér hennar ekki merki.
Heimildaskrá
Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort Kjartansstaða. Þjóðskjalasafn Íslands.

Kjartansstaðir 145985 57 - 6
Hlutverk: Skemma
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 476154 Y: 570152
Ástand: Horfin
Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Tvær skemmur voru austan við bæinn [nr. 1] og sneru þilstafni móti bænum. Þar var einnig hesthús á brekkubrúninni“ (BS II, 207). Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 er sýnd skemma um 10 metra austan við bæinn og útihús þar austan við.
Lýsing
Sléttað hefur verið úr bæjarhólnum og honum ýtt fram. Þar sjást nú aðeins óljósar dældir.
Heimildaskrá
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort Kjartansstaða. Þjóðskjalasafn Íslands.

Kjartansstaðir 145985 57 - 7
Hlutverk: Hesthús
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 476154 Y: 570152
Ástand: Horfið
Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Tvær skemmur voru austan við bæinn [nr. 1] og sneru þilstafni móti bænum. Þar var einnig hesthús á brekkubrúninni“ (BS II, 207). Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 er sýnd skemma um 10 metra austan við bæinn og útihús þar austan við sem hefur verið hesthús samkvæmt lýsingu úr Byggðasögunni.

Lýsing
Sléttað hefur verið úr bæjarhólnum og honum ýtt fram. Þar sjást nú aðeins óljósar dældir.
Heimildaskrá
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort Kjartansstaða. Þjóðskjalasafn Íslands.

Kjartansstaðir 145985 57 - 8
Hlutverk: Brunnur
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Vatn hefur fyrrum verið fengið úr brunni því að enginn lækur er nálægur“ (BS II, 207).
Lýsing
Ekki fannst brunnur þessi við skráningu sumarið 2005.
Heimildaskrá
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Kjartansstaðir 145985 57 - 9



Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 476104 Y: 570251
Lengd: 21
Breidd: 16
Ástand: Lélegt
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Heimildamaður: Valur Ingólfsson
Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Hinn 30. maí 1980 varð sprenging í gömlum torffjárhúsum sem stóðu norður frá gamla bæjarstæðinu [nr. 1] á hæðarbungunni útundir merkjum“ (BS II, 208). Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 eru sýnd útihús rúma 110 metra norður af gamla bænum.
Um 110 m frá bæjarstæðinu eru leifar fjárhúsa nyrst í túninu um 20 m suður af girðingu milli Kjartansstaða og Kjartansstaðakots, um það bil 100 m í suðaustur frá íbúðahúsi á Kjartansstaðakoti og 100 m í suðvestur frá íbúðarhúsi því er tilheyrir Kjartansstöðum. Athugið að hér gæti einnig átt við hús skráð nr. 10.
Lýsing
Veggjalög eru ógreinileg en sér móta fyrir tvöföldum húsum með garða og hlöðu að vestan. Dyr vísa mót austri. Utanmál er um 21 x 16 m.

Heimildaskrá
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort Kjartansstaða. Þjóðskjalasafn Íslands.

Kjartansstaðir 145985 57 - 10
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Hætta: Mikil hætta
Staðhættir
Samkvæmt túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 voru útihús í túnjaðrinum um 60 m norður af gamla bænum.
Lýsing
Athugið að hérna gæti einnig verið að ræða útihús skráð nr. 9. Útihús fundust ekki við skráningu sumarið 2005.
Heimildaskrá
Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort Kjartansstaða. Þjóðskjalasafn Íslands.

Kjartansstaðir 145985 57 - 11
Hlutverk: Garður
Tegund: Heimild
Ástand: Horfinn
Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: „Ytrilaut og Syðrilaut eru í Kjartansstaðatúni norðan og vestan við bæinn. Þar eru greinilegar garðs- og veggjaleifar“ (ÖMJ, 1). Í viðbótum við örnefnaskrá er þess getið að nú sé búið að slétta allt út (ÖMJ, 3).
Lýsing
Ekki fundust nein merki um garðlög við skráningu sumarið 2005.
Heimildaskrá
Margeir Jónsson (1933). Örnefnaskrá Kjartansstaða, heimildamaður Guttormur Óskarsson. Örnefnastofnun Íslands.
Margeir Jónsson (1933). Örnefnaskrá Kjartansstaða og Kjartansstaðakots, heimildamaður Skafti Óskarsson, með viðbótum og athugasemdum Guttorms Óskarssonar. Örnefnastofnun Íslands.

Kjartansstaðir 145985 57 - 12
Sérheiti: Helgukot/Grænistekkur/Grænagerði
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 475854 Y: 570029
Ástand: Gott
Hætta: Lítil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Staðhættir

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir: „Helgukot heitir þar sem nú er stekkjarstæði frá heimajörðunni. Þar hefur verið húskona í manna minni, Helga að nafni, og muna menn þó ekki að hún gyldi nokkuð eftir, og hafði ekki grasnyt að heiman, heldur reitíng annarsstaðar frá“ (JÁM, 97-98). Um kotið segir í Byggðasögu Skagafjarðar: „Hér heitir nú Grænistekkur (65°37´638/19°31´455) og er um 100 metra vestur frá þjóðvegi upp undir Húsaás sem ber við Sæmundarhlíðarfjöllin neðan frá bænum séð. Hér eru húsarústir á tveimur stöðum, stekkur á efri hólnum og veggir hans óglöggir. 10-15 metrum sunnar og neðar er þúfnakargi eins og eftir heystæði og verða lítt greind veggjaskil en mannvirki mun það þó vera. Óljós vallargarður er greinanlegur utan og neðan við þetta svæði, víða sokkinn eða máður en óljóst má rekja hann langleiðina um kring þetta gerði sem hefur verið um það bil ein vallardagslátta eða rúmlega það. Þetta kann vel að hafa verið húsmannsbýli um skeið og hlýtur hér að vera komið Helgukot sem Jarðabók ÁM. nefnir. Grænagerði eða Helgukot er á að giska 150-200 metra beint í suður frá nýja húsinu í Kjartansstaðakoti“ (BS II, 208). Í viðbótum við örnefnaskrá segir: „Um merkin milli Marbælis og Kjartansstaða, efst, er mýri, sem kallast Ytri-Kringla eða Kringlumýri, og er meiri hlutinn af mýri þessari, sem er kringlótt, í Marbælislandi. Norður af henni er hæð, kölluð Háhæðin. Á henni eru grónar tóftir, kallaðar Grænutóftir. Þar hafa verið kofar, óvíst hverjir. Þar er grænt í kring“ (ÖNR, 1).

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Margeir Jónsson (1933). Örnefnaskrá Kjartansstaða og Kjartansstaðakots, heimildamaður Skafti Óskarsson, með viðbótum og athugasemdum Guttorms Óskarssonar. Örnefnastofnun Íslands.

Kjartansstaðir 145985 57 - 13

Sérheiti: Helgukot/Grænistekkur/Grænagerði
Hlutverk: Túngarður
Tegund: Garðlag
Staðsetning: X: 475854 Y: 570029
Ástand: Gott
Hætta: Lítil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Hér heitir nú Grænistekkur (65°37´638/19°31´455) og er um 100 metra vestur frá þjóðvegi upp undir Húsaás sem ber við Sæmundarhlíðarfjöllin neðan frá bænum séð. Hér eru húsarústir á tveimur stöðum, stekkur á efri hólnum og veggir hans óglöggir. 10-15 metrum sunnar og neðar er þúfnakargi eins og eftir heystæði og verða lítt greind veggjaskil en mannvirki mun það þó vera. Óljós vallargarður er greinanlegur utan og neðan við þetta svæði, víða sokkinn eða máður en óljóst má rekja hann langleiðina um kring þetta gerði sem hefur verið um það bil ein vallardagslátta eða rúmlega það. Þetta kann vel að hafa verið húsmannsbýli um skeið og hlýtur hér að vera komið Helgukot sem Jarðabók ÁM. Nefnir. Grænagerði eða Helgukot er á að giska 150-200 metra beint í suður frá nýja húsinu í Kjartansstaðakoti“ (BS II, 208). Í viðbótum við örnefnaskrá segir: „Um merkin milli Marbælis og Kjartansstaða, efst, er mýri, sem kallast Ytri-Kringla eða Kringlumýri, og er meiri hlutinn af mýri þessari, sem er kringlótt, í

Marbælislandi. Norður af henni er hæð, kölluð Háhæðin. Á henni eru grónar tóftir, kallaðar Grænutóftir. Þar hafa verið kofar, óvíst hverjir. Þar er grænt í kring“ (ÖNR, 1).

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Margeir Jónsson (1933). Örnefnaskrá Kjartansstaða og Kjartansstaðakots, heimildamaður Skafti Óskarsson, með viðbótum og athugasemdum Guttorms Óskarssonar. Örnefnastofnun Íslands.

Kjartansstaðir 145985 57 - 14

Sérheiti: Helgukot/Grænistekkur/Grænagerði
Hlutverk: Heystæði
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 475854 Y: 570029
Ástand: Gott
Hætta: Lítil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Hér heitir nú Grænistekkur (65°37´638/19°31´455) og er um 100 metra vestur frá þjóðvegi upp undir Húsaás sem ber við Sæmundarhlíðarfjöllin neðan frá bænum séð. Hér eru húsarústir á tveimur stöðum, stekkur á efri hólnum og veggir hans óglöggir. 10-15 metrum sunnar og neðar er þúfnakargi eins og eftir heystæði og verða lítt greind veggjaskil en mannvirki mun það þó vera. Óljós vallargarður er greinanlegur utan og neðan við þetta svæði, víða sokkinn eða máður en óljóst má rekja hann langleiðina um kring þetta gerði sem hefur verið um það bil ein vallardagslátta eða rúmlega það. Þetta kann vel að hafa verið húsmannsbýli um skeið og hlýtur hér að vera komið Helgukot sem Jarðabók ÁM. nefnir. Grænagerði eða Helgukot er á að giska 150-200 metra beint í suður frá nýja húsinu í Kjartansstaðakoti“ (BS II, 208). Í viðbótum við örnefnaskrá segir: „Um merkin milli Marbælis og Kjartansstaða, efst, er mýri, sem kallast Ytri-Kringla eða Kringlumýri, og er meiri hlutinn af mýri þessari, sem er kringlótt, í Marbælislandi. Norður af henni er hæð, kölluð Háhæðin. Á henni eru grónar tóftir, kallaðar Grænutóftir. Þar hafa verið kofar, óvíst hverjir. Þar er grænt í kring“ (ÖNR, 1).

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Margeir Jónsson (1933). Örnefnaskrá Kjartansstaða og Kjartansstaðakots, heimildamaður Skafti Óskarsson, með viðbótum og athugasemdum Guttorms Óskarssonar. Örnefnastofnun Íslands.

Kjartansstaðir 145985 57 - 15

Sérheiti: Helgukot/Grænistekkur/Grænagerði
Hlutverk: Stekkur
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 475854 Y: 570029
Ástand: Gott
Hætta: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegna ábúðar

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Hér heitir nú Grænistekkur (65°37´638/19°31´455) og er um 100 metra vestur frá þjóðvegi upp undir Húsaás sem ber við Sæmundarhlíðarfjöllin neðan frá bænum séð. Hér eru húsarústir á tveimur stöðum, stekkur á efri hólnum og veggir hans óglöggir. 10-15 metrum sunnar og neðar er þúfnakargi eins og eftir heystæði og verða lítt greind veggjaskil en mannvirki mun það þó vera. Óljós vallargarður er greinanlegur utan og neðan við þetta svæði, víða sokkinn eða máður en óljóst má rekja hann langleiðina um kring þetta gerði sem hefur verið um það bil ein vallardagslátta eða rúmlega það. Þetta kann vel að hafa verið húsmannsbýli um skeið og hlýtur hér að vera komið Helgukot sem Jarðabók ÁM. nefnir. Grænagerði eða Helgukot er á að giska 150-200 metra beint í suður frá nýja húsinu í Kjartansstaðakoti“ (BS II, 208). Í viðbótum við örnefnaskrá segir: „Um merkin milli Marbælis og Kjartansstaða, efst, er mýri, sem kallast Ytri-Kringla eða Kringlumýri, og er meiri hlutinn af mýri þessari, sem er kringlótt, í Marbælislandi. Norður af henni er hæð, kölluð Háhæðin. Á henni eru grónar tóftir, kallaðar Grænutóftir. Þar hafa verið kofar, óvíst hverjir. Þar er grænt í kring“ (ÖNR, 1). Um stekkinn segir í örnefnaskrá: „Við merkin norður frá Húsaás er aflangur, sléttur hóll, nefndur Hrosshóll. Neðan við Húsaás eru tóftarbrot, sem kallast Grænistekkur“ (ÖMJ, 1).

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Margeir Jónsson (1933). Örnefnaskrá Kjartansstaða, heimildamaður Guttormur Óskarsson. Örnefnastofnun Íslands.

Margeir Jónsson (1933). Örnefnaskrá Kjartansstaða og Kjartansstaðakots, heimildamaður Skafti Óskarsson, með viðbótum og athugasemdum Guttorms Óskarssonar. Örnefnastofnun Íslands.

Kjartansstaðir 145985 57 - 16

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í viðbótum við örnefnaskrá segir: „Húsakelda er neðan við Nautalág, og liggur hún út og suður. Vestan við hana, er hall?, kallað Móbekkur, vaxið mýrargróðri. Þar var þurrkaður mór, en mógrafirnar eru þar rétt hjá. Bezti þurrkvöllurinn var þó Móhóll eða Mótagl, klapparhóll á merkjum móti Páfastöðum, rétt við mógrafirnar, milli Húsakeldu og Nautalágar“ (ÖNR, 2).

Lýsing

Mógrafir áður skráðar í fornleifaskrá Páfastaða

Heimildaskrá

Margeir Jónsson (1933). Örnefnaskrá Kjartansstaða og Kjartansstaðakots, heimildamaður Skafti Óskarsson, með viðbótum og athugasemdum Guttorms Óskarssonar. Örnefnastofnun Íslands.

Kjartansstaðir 145985 57 - 17

Hlutverk: Þurrkvöllur

Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Staðhættir
Í viðbótum við örnefnaskrá segir: „Húsakelda er neðan við Nautalág, og liggur hún út og suður. Vestan við hana, er hall?, kallað Móbekkur, vaxið mýrargróðri. Þar var þurrkaður mór, en mógrafirnar eru þar rétt hjá. Bezti þurrkvöllurinn var þó Móhóll eða Mótagl, klapparhóll á merkjum móti Páfastöðum, rétt við mógrafirnar, milli Húsakeldu og Nautalágar“ (ÖNR, 2).
Lýsing
Mógrafir áður skráðar í fornleifaskrá Páfastaða
Heimildaskrá
Margeir Jónsson (1933). Örnefnaskrá Kjartansstaða og Kjartansstaðakots, heimildamaður Skafti Óskarsson, með viðbótum og athugasemdum Guttorms Óskarssonar. Örnefnastofnun Íslands.

Kjartansstaðir 145985 57 - 18
Hlutverk: Heystæði
Tegund: Garðlag
Staðsetning: X: 476581 Y: 570302
Ástand: Gott
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Staðhættir
Á engjunum, rúma 500 m austnorðaustur af fjárhúsi á Kjartansstöðum, eru 3 heytóftir í röð frá norðri til suðurs.
Lýsing
Heystæðið í miðjunni er nokkuð hærra en landið umhverfis. Tóftin er algróin, mjög þýfð og nokkur gróðurskil við hana.

Kjartansstaðir 145985 57 - 19
Hlutverk: Heystæði
Tegund: Garðlag
Staðsetning: X: 476591 Y: 570287
Ástand: Gott
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Staðhættir
Á engjunum, rúma 500 m austnorðaustur af fjárhúsi á Kjartansstöðum, eru 3 heytóftir í röð frá norðri til suðurs.
Lýsing
Syðsta tóftin er nokkuð þýfð, algróin og sker sig vel úr umhverfinu. Engin veggjalög eru greinileg.

Kjartansstaðir 145985 57 - 20
Hlutverk: Heystæði
Tegund: Garðlag

Staðsetning: X: 476565 Y: 570331
Ástand: Gott
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Staðhættir
Á engjunum, rúma 500 m austnorðaustur af fjárhúsi á Kjartansstöðum, eru 3 heytóftir í röð frá norðri til suðurs.
Lýsing
Nyrst er vel gróin, þýfð tóft með ógreinilegum veggjalögum og virðist hún vera yngst heytóftanna þriggja. Hún stendur á smá hól og sker sig vel úr umhverfinu og er gras þar áberandi grænast af heytóftunum þremur, hún er auk þess minnst.

Kjartansstaðir 145985 57 - 21
Hlutverk: Heystæði
Tegund: Garðlag
Staðsetning: X: 476625 Y: 570310
Ástand: Gott
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Staðhættir
Um 560 m austnorðaustur af fjárhúsi á Kjartansstöðum er heytóft. Hún er rúma 30 m austur af heytóftum skráðum nr. 19-21.
Lýsing
Tóftin stendur nokkuð hærra en landið í kring, hún er vel gróin, mjög þýfð og sker sig nokkuð úr umhverfinu.

Kjartansstaðir 145985 57 - 22
Hlutverk: Heystæði
Tegund: Garðlag
Staðsetning: X: 476724 Y: 570208
Ástand: Gott
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Staðhættir
Á engjunum, um 630 m austur af fjárhúsunum á Kjartansstöðum, er heytóft.
Lýsing
Tóftin er vel gróin og nokkuð þýfð og sker sig nokkuð úr umhverfinu.

Kjartansstaðir 145985 57 - 23
Hlutverk: Engjabrú
Tegund: Leið
Staðsetning: X: 476901 Y: 570708
Lengd: 153
Ástand: Gott
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar

Staðhættir
Rúma 900 m norðaustur af fjárhúsunum á Kjartansstöðum, við landamerkin milli Kjartansstaða og Marbælis, er engjabrú.
Lýsing
Engjabrúin er rúmlega 2ja m breið þar sem hún er breiðust og um 50 sm há. Hún er um 153 m á lengd og liggur norðaustur/suðvestur. Hún er algróinn.
Nánari lýsing
Punktur við norðausturenda
476963
570740
Punktur við suðvesturenda
476883
570665

Kjartansstaðir 145985 57 - 24
Hlutverk: Engjabrú
Tegund: Leið
Staðsetning: X: 476862 Y: 570651
Lengd: 120
Ástand: Gott
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Staðhættir
Rúma 900 m norðaustur af fjárhúsunum á Kjartansstöðum, við landamerkin milli Kjartansstaða og Marbælis, er engjabrú og þvert á hana önnur minni sem liggur norður/suður.
Lýsing
Engjabrúin er um 1,5 m þar sem hún er breiðust, hún er vel gróin, um 30-40 sm á hæð. Engjabrúin liggur nálega norður/suður.
Nánari lýsing
Punktur tekinn við norðurenda
476849
570706
Punktur tekinn við suðurenda
476862
570579

Kjartansstaðir 145985 57 - 25
Hlutverk: Engjabrú
Tegund: Leið
Staðsetning: X: 476589 Y: 570385
Lengd: 265
Ástand: Gott
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Staðhættir

Um 400 m norðaustur af fjárhúsunum á Kjartansstöðum er engjabrú.

Lýsing

Engjabrúin er um 2 metrar þar sem hún er breiðust, hún liggur austur/vestur og er austari endi hennar nokkuð ógreinilegri. Hún er vel gróin.

Nánari lýsing

Punktur tekinn við vesturenda
476462
570352
Punktur tekinn við austurenda
476707
570405

Kjartansstaðakot

Saga

Kjartansstaðakot var hjáleiga sem skipt var úr landi Kjartansstaða og eftir 1861 var það metið sem fjórðungur allrar jarðarinnar. Jörðin mun hafa verið komin í byggð rétt fyrir 1780. Hún var í konungseign og undir umboði Reynistaðaklausturs. Jörðin var seld ábúanda árið 1917. Hulda Björnsdóttir keypti jörðina 1983 og er hún enn í hennar eigu.
Búrekstur hefur ekki verið stundaður á jörðinni síðan 1998 og er eldra íbúðarhús, reist 1984, nú notað sem sumarhús. Annað íbúðarhús var tekið í notkun þar 1998 en það tilheyrir eigendum Kjartansstaða.[68]

Í jarðatali Johnsens eru Kjartansstaðir metnir á 40 hundruð með hjáleigunni Kjartansstaðakoti sem samkvæmt neðanmálsgrein var fyrst nefnd 1802 (JJ, 257). Í Jarðabók frá 1849 (nr. 394) segir að túnið hafi verið sæmilega grasgefið og fóðrað eina kú en aðeins helmingur þess sléttur og greiðfær. Engjar voru votar og sléttar. Og í jarðamati frá 1916 er þess getið að engjavegur hafi verið langur og slæmur og þarfnast viðgerðar árlega. Beitiland var bæði lítið og lélegt og hús jarðarinnar orðin léleg.[69]

Náttúrufar og jarðabætur
Frá Djúpukvísl, sem er austan Kjartansstaða, er stararflói og nær hann að skurði vestast í Eylendinu. Þar fyrir vestan tekur við ræktuð spilda upp að túninu sem liggur í nokkrum halla í vesturátt að þjóðveginum.[70] Vestan vegar eiga Kjartansstaðir nyrsta hluta landsins, ræmu sem liggur að Þramarlandi (BS II, 204). Þar er land nokkuð samfellt gróið, holt næst þjóðvegi, síðan þurrir móar og mýrlendi en vestast er land lítt gróið.[71] Hlunnindi eru lax- og silungsveiði í Húseyjarkvísl.[72]

Landamerki
"Kjartansstaðakot á land að Kjartansstöðum að sunnan, Þröm að vestan, Páfastöðum að norðan, Djúpukvísl að austan móti Glaumbæjareyrum".[73]

Heimildaskrá
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* Kaupmannahöfn 1847.

[68] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 203.
[69] Sama heimild.
[70] Sama heimild.
[71] Sama heimild.
[72] Sama heimild.
[73] Sama heimild.

Fornleifaskrá

Kjartansstaðakot 145984 58 - 1

36. mynd. Gamla bæjarstæðið. Ljósm. BZ.

Hlutverk: Bústaður
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 476174
Y: 570322
Ástand: Horfinn
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna beitar og ágangs búfjár
Heimildamaður: Valur Ingólfsson

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Gamli bærinn í Kjartansstaðakoti (65°37´774/ 19°31´015) var í hallinu suður og niður frá íbúðarhúsinu sem nú tilheyrir Kjartansstöðum. Sér hans engin merki lengur, en lítilfjörlegar hríslur eru þar til vitnis um garðinn sunnan við gamla bæinn. Síðar hafa verið gróðursett nokkur tré í bæjarstæðinu. Norðan bæjarins var fjósið, áfast en ekki innangengt. Kofi var milli fjóss og bæjar og var síðast notaður fyrir hænsnin“ (BS II, 204). Á túnakorti er bærinn neðarlega í túni til vesturs.

Lýsing

Gamli bærinn var um 35 m suður af torffjárhúsunum sem enn eru uppistandandi. Bærinn hefur verið rifinn en enn sér móta fyrir veggjalögum og einhverjum dældum þeirra á milli. Samkvæmt heimildamanninum Vali Ingólfssyni var búið í bænum til ársins 1947 um það bil en hann ekki rifinn fyrr en laust eftir 1955. Ummál er um 22 x 14 m.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort Kjartansstaðakots. Þjóðskjalasafn Íslands.

Kjartansstaðakot 145984 58 - 2

Hlutverk: Fjós
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 476174 Y: 570322
Ástand: Horfið
Heimildamaður: Valur Ingólfsson

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Gamli bærinn í Kjartansstaðakoti (65°37´774/19°31´015) var í hallinu suður og niður frá íbúðarhúsinu sem nú tilheyrir Kjartansstöðum. Sér hans engin merki lengur, en lítilfjörlegar hríslur eru þar til vitnis um garðinn sunnan við gamla bæinn. Síðar hafa verið gróðursett nokkur tré i bæjarstæðinu.

Norðan bæjarins var fjósið, áfast en ekki innangengt. Kofi var milli fjóss og bæjar og var síðast notaður fyrir hænsnin“ (BS II, 204). Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 má sjá útihús norðan bæjarins sem samkvæmt Byggðasögu hefur verið fjósið.

Lýsing

Gamli bærinn var um 40 m suður af torffjárhúsunum sem enn eru uppistandandi. Bærinn hefur verið rifinn en enn sér móta fyrir veggjalögum og einhverjum dældum þeirra á milli. Samkvæmt heimildamanninum Vali Ingólfssyni var búið í bænum til ársins 1947 um það bil en hann ekki rifinn fyrr en laust eftir 1955. Ummál er um 22 x 14 m. Fjós var norðan við bæinn og var það áfast honum.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort Kjartansstaðakots. Þjóðskjalasafn Íslands.

Kjartansstaðakot 145984 58 - 3

Hlutverk: Kofi

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 476174 Y: 570322

Ástand: Horfinn

Hætta: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegna beitar og ágangs búfjár

Heimildamaður: Valur Ingólfsson

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Gamli bærinn í Kjartansstaðakoti (65°37´774/19°31´015) var í hallinu suður og niður frá íbúðarhúsinu sem nú tilheyrir Kjartansstöðum. Sér hans engin merki lengur, en lítilfjörlegar hríslur eru þar til vitnis um garðinn sunnan við gamla bæinn. Síðar hafa verið gróðursett nokkur tré i bæjarstæðinu. Norðan bæjarins var fjósið, áfast en ekki innangengt. Kofi var milli fjóss og bæjar og var síðast notaður fyrir hænsnin“ (BS II, 204).

Lýsing

Gamli bærinn var um 40 m suður af torffjárhúsunum sem enn eru uppistandandi. Bærinn hefur verið rifinn en enn sér móta fyrir veggjalögum og einhverjum dældum þeirra á milli. Samkvæmt heimildamanninum Vali Ingólfssyni var búið í bænum til ársins 1947 um það bil en hann ekki rifinn fyrr en laust eftir 1955. Ummál er um 22 x 14 m. Fjós var norðan við bæinn og var það áfast honum.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Kjartansstaðakot 145984 58 - 4
Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 476169
Y: 570328
Ástand: Húsin standa en eru ónothæf
Hætta: Mikil hætta

37. mynd. Gömlu fjárhúsin í Kjartansstaðakoti. Ljósm. GSS.

Hættuorsök: Húsunum er ekki viðhaldið

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Útihús voru einungis gömul torfhús, sem enn hanga að mestu uppi árið 2001“; og síðar segir: „Fjárhúsin eru enn uppi standandi mitt á milli gamla bæjar og íbúðarhússins, tvenn fjárhús úr torfi og grjóti, en bárujárnsbyggingar á bak við heygeymslu. Þessi hús voru notuð fram á 10. áratug 20. aldar þegar búrekstri var alfarið hætt“ (BS II, 203). Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 er útihús um 30 metra norður af bænum.

Lýsing

Um 50 m suðaustur af íbúðarhúsi því sem tilheyrir Kjartansstöðum er fjárhús úr torfi og grjóti. Eldri húsin eru um 15 x 9 m breið og á bak við þau er um 10 m breið bárujárnsbygging. Fjárhúsin eru tvöföld og er garði fyrir miðju þeirra. Samkvæmt heimildamanni stendur til að rífa húsin fljótlega (2005) en þau eru nokkuð niðurnídd. Framhliðin er úr timbri og snýr mót austri. Vestan torfhúsanna er hesthús úr bárujárni. Tyrft er yfir timbur- og bárujárnsþak.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Kjartansstaðakot 145984 58 - 5
Hlutverk: Brunnur
Tegund: Brunnur
Staðsetning: X: 476162 Y: 570334
Ástand: Gott
Hætta: Lítil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Bæjarlækur er enginn en vatnsbrunnur (65°37´805/19°31´044) er norðan fjárhúsanna utan og ofan við gamla bæinn“ (BS II, 204).

Lýsing

Um 10 m norður af fjárhúsi (skráð nr. 4) og um 40 m suðaustur af íbúðarhúsi sem tilheyrir Kjartansstöðum er brunnur. Hann er byrgður með stálhurð.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Kjartansstaðakot 145984 58 - 6

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Heimild

Ástand: Horfin

Staðhættir

Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 er heimreið úr norðvestri að bæjarhúsunum.

Lýsing

Sléttað hefur verið yfir heimreiðina og sér hennar ekki stað í dag.

Heimildaskrá

Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort Kjartansstaðakots. Þjóðskjalasafn Íslands.

Litla-Gröf

38. mynd. Litla-Gröf. Ljósm. GSS.

Saga

Litla-Gröf sem upphaflega var nefnd Syðri-Gröf eða Gröf hin syðri er fyrst getið í heimildum frá 1295 en þá var hún lögð Reynistaðaklaustri ásamt Gröf hinni ytri.[74] Jarðirnar virðast í fyrstu vera svipaðar að stærð en árið 1446 er önnur jörðin orðin nokkuð stærri og árið 1556 er fyrst minnst á Minni-Gröf og Stóru-Gröf.[75] Manntalið 1703 og Jarðabók Árna og Páls nefna jörðina Litlu-Gröf[76] en hún er nefnd Minni-Gröf í klaustursjarðabókinni frá 1728.[77] Jörðin fór í eyði 1711[78] og var enn í eyði 1728 samkvæmt jarðabók Reynistaðaklausturs.

[74] Íslenzkt fornbréfasafn II. Bls 301.
[75] Íslenzkt fornbréfasafn II. Bls. 301, Íslenzkt fornbréfasafn IV. Bls. 701. Íslenzkt fornbréfasafn IX. Bls. 321. Íslenzkt fornbréfasafn XIII. Bls.144.
[76] Jarðabók. 9. bindi. Bls. 96.
[77] HSk. Jarðabók Reynistaðaklausturs 1728. Nr. 18.
[78] Jarðabók. 9. bindi. Bls. 96.

Tvíbýli er á Litlu-Gröf og standa þar tvö íbúðarhús, það fyrra byggt 1936 en hið síðara 1990.[79]

Jörðin var afsöluð til ábúanda Sigurðar Jónssonar árið 1917 og var jörðin í eigu niðja hans en frá 1990 hefur þriðjungur jarðarinnar verið í eigu Bjarka Sigurðssonar og Elínar Haraldsdóttur.[80]

Jörðin var metin á 15 hundruð samkvæmt jarðabók Johnsen frá 1847.[81] Í jarðamati frá 1849 segir að túnið hafi verið 6,5 dagsláttur að stærð og að mestum hluta þýft og grasgefið. Engin voru slétt og grasgefin en blaut og útheimtu brúargjörð. Sumar og vetarbeit var lítil. Í jarðamati frá 1916 er það orðið 8 dagsláttur og að fimmtungi slétt. Þá voru engjar snögglendar, samfelldar en blautar. Þar er og nefnt að engjavegi sem er um 300 m löngum þurfi að viðhalda árlega. Jörðin átti þá beitarítak í Holtsmúlaland því beitiland var lítil og lélegt.[82]

Náttúrufar og jarðabætur

Frá Djúpukvísl að Langholtinu er flatt, algróið land, þurr næst kvíslinni en síðan taka við mýrar. Stóriskurður liggur rétt austan Langholtsins og er gróið vallendi beggja megin hans. Þar vestan við er túnið í halla upp að bænum. Vestan vegar eru flóar en síðan gróið mýrlendi en þar er land í ræktun. Síðan taka við móar og flóar upp undir ásinn sem er lítt gróinn. Í hallanum vestur að Sæmundar á er fremur lítt gróið land, melar, holt og flagmóar. Hlunnindi eru lax- og silungsveiði í Sæmundará og Djúpukvísl.[83]

Landamerki

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Litla-Gröf á land að Páfastöðum að sunnan, Sæmundará að vestan, Stóru-Gröf syðri að norðan, Djúpukvísl að austan“.[84]

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
HSk. Jarðabók Reynistaðaklausturs 1728.
Íslenzkt fornbréfasafn II, 1253-1350. Kaupmannahöfn, 1893.
Íslenzkt fornbréfasafn III,1269-1415. Kaupmannahöfn, 1896.
Íslenzkt fornbréfasafn IV, 1265-1449. Hið íslenzka bókmenntafélag, Kaupmannahöfn. 1897.
Íslenzkt fornbréfasafn IX, 1262-1536. Hið íslenzka bókmenntafélag, Reykjavík. 1909-1913.
Íslenzkt fornbréfasafn XIII, 1556-1561. Hið íslenzka bókmenntafélag, Reykjavík. 1933-1939.
Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (9. bindi). Hið Íslenska Fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1930.
J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* Kaupmannahöfn 1847.

[79] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 194.
[80] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 195.
[81] J. Johnsen, 1847. Bls. 257.
[82] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 194.
[83] Sama heimild.
[84] Sama heimild.



39. mynd.
Túnakort
Litlu-Grafar.

Fornleifaskrá

Litla- Gröf 145986 60 - 1
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Heimild
Staðsetning:
X: 475861 Y: 571539
Ástand: Horfið
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Heimildamaður: Guðlaug Arngrímsdóttir

40. mynd. Gamla bæjarstæðið á Litlu-Gröf. Ljósm. GSS

Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Torfbærinn í Litlu-Gröf stóð niður frá þar sem fjárhús eru núna, reisulegur bær með timburframhúsi og lofti yfir þar sem voru þrjú herbergi, suðurloft, norðurloft og austurkvistur. Norðan við bæinn var steypt fjós fyrir 6 kýr með haughúsi og hlandfor. Ofan við var torfhlaða“ (BS II, 195). Á túnakorti frá 1917 má sjá bæinn heldur sunnan við mitt tún að því gefnu að norður snúi upp á korti.

Lýsing
Gamli bærinn stóð þar sem fjárhús og braggi eru núna um 100 m austur af íbúðarhúsi Guðlaugar. Norðan við bæinn var fjós, hlóðareldhús og kofi, allt sambyggt og innangengt í það. Hlaða var vestan við fjósið. Djúpur brunnur var milli fjóss og bæjar sem búið er að fylla upp í en hann er nú í norðausturhorni braggans. Þegar nýji bærinn var byggður um 1936 þá var efnið úr gamla húsinu notað. Öll húsin hafa verið rifin.

Heimildaskrá
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort af Litlu-Gröf. Þjóðskjalasafn Íslands.

Litla- Gröf 145986 60 - 2
Hlutverk: Hlaða
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 475861 Y: 571539
Ástand: Horfið
Heimildamaður: Guðlaug Arngrímsdóttir

Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Torfbærinn í Litlu-Gröf stóð niður frá þar sem fjárhús eru núna, reisulegur bær með timburframhúsi og lofti yfir þar sem voru þrjú herbergi, suðurloft, norðurloft og austurkvistur. Norðan við bæinn var steypt fjós fyrir 6 kýr með

haughúsi og hlandfor. Ofan við var torfhlaða“ (BS II, 195). Á túnakorti frá 1917 má sjá útihús norðan við bæinn.

Lýsing

Gamli bærinn stóð þar sem fjárhús og braggi eru núna um 100 m austur af íbúðarhúsi Guðlaugar. Norðan við bæinn var fjós, hlóðareldhús og kofi, allt sambyggt og innangengt í það. Hlaða var vestan við fjósið. Djúpur brunnur var milli fjóss og bæjar sem búið er að fylla upp í en hann er nú í norðausturhorni braggans. Þegar nýji bærinn var byggður um 1936 þá var efnið úr gamla húsinu notað. Öll húsin hafa verið rifin.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort af Litlu-Gröf. Þjóðskjalasafn Íslands.

Litla- Gröf 145986 60 - 3

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild

Staðsetning:

X: 475861 Y: 571539

Ástand: Horfið

Heimildamaður: Guðlaug Arngrímsdóttir

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Torfbærinn í Litlu-Gröf stóð niður frá þar sem fjárhús eru núna, reisulegur bær með timburframhúsi og lofti yfir þar sem voru þrjú herbergi, suðurloft, norðurloft og austurkvistur. Norðan við bæinn var steypt fjós fyrir 6 kýr með haughúsi og hlandfor. Ofan við var torfhlaða. Innangengt var í fjósið og brunnur með góðu vatni í ganginum til fjóssins“ (BS II, 195-96). Á túnakorti frá 1917 má sjá útihús norðan við bæinn.

Lýsing

Gamli bærinn stóð þar sem fjárhús og braggi eru núna um 100 m austur af íbúðarhúsi Guðlaugar. Norðan við bæinn var fjós, hlóðareldhús og kofi, allt sambyggt og innangengt í það. Hlaða var vestan við fjósið. Djúpur brunnur var milli fjóss og bæjar sem búið er að fylla upp í en hann er nú í norðausturhorni braggans. Þegar nýji bærinn var byggður um 1936 þá var efnið úr gamla húsinu notað. Öll húsin hafa verið rifin.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort af Litlu-Gröf. Þjóðskjalasafn Íslands.

Litla- Gröf 145986 60 - 4

Hlutverk: Matjurtagarður

Staðsetning: X: 475868 Y: 571526

Tegund: Heimild

Ástand: Horfið

Heimildamaður: Guðlaug Arngrímsdóttir

Staðhættir

Á túnakorti frá 1917 má sjá matjurtagarð við suðausturhorn bæjarins.

Lýsing
Samkvæmt heimildamanni var matjurtagarður sá sem er á túnakortinu, blómagarður sem mamma hennar hafði. Tveir matjurtagarðar voru á jörðinni, annar sunnan fjárhúsanna og hinn, rófugarður í svokallaðri Mýri sem er neðan bæjarins.
Heimildaskrá
Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort af Litlu-Gröf. Þjóðskjalasafn Íslands.

Litla- Gröf 145986 60 - 5
Hlutverk: Matjurtagarður
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 475857 Y: 571454
Ástand: Horfið
Heimildamaður: Guðlaug Arngrímsdóttir
Staðhættir
Matjurtagarður var sunnan fjárhúsanna (sjá nr. 10).
Lýsing
Samkvæmt heimildamanni var matjurtagarður sá sem er á túnakortinu blómagarður sem mamma hennar hafði. Tveir matjurtagarðar voru á jörðinni, annar sunnan fjárhúsanna og hinn, rófugarður í svokallaðri Mýri sem er neðan bæjarins.
Heimildaskrá
Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort af Litlu-Gröf. Þjóðskjalasafn Íslands.

Litla- Gröf 145986 60 - 6
Hlutverk: Matjurtagarður
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Heimildamaður: Guðlaug Arngrímsdóttir
Staðhættir
Matjurtagarður var í Mýrinni sem var undir Langholtinu.
Lýsing
Samkvæmt heimildamanni var matjurtagarður sá sem er á túnakortinu blómagarður sem mamma hennar hafði. Tveir matjurtagarðar voru á jörðinni, annar sunnan fjárhúsanna og hinn, rófugarður í svokallaðri Mýri sem undir Langholtinu.
Heimildaskrá
Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort af Litlu-Gröf. Þjóðskjalasafn Íslands.

Litla- Gröf 145986 60 - 7

41. mynd. Brunnur. Ljósm. GSS.

Hlutverk: Brunnur
Tegund: Birgður brunnur
Staðsetning:
X: 475828 Y: 571494
Ástand: Sæmilegt
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Lýsing
Um 70 m í suðaustur frá íbúðarhúsi Bjarka Sigurðssonar og Elínar Haraldsdóttur er brunnur og sér hans enn merki en hann hefur verið byrgður með bárujárni. Hann mun hafa verið tekinn í notkun milli 1920 og 1930.

Litla- Gröf 145986 60 - 8
Hlutverk: Brunnur
Tegund: Uppfylltur brunnur
Staðsetning:
X: 475878 Y: 571546
Ástand: Nánast horfið
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Heimildamaður: Guðlaug Arngrímsdóttir
Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Torfbærinn í Litlu-Gröf stóð niður frá þar sem fjárhús eru núna, reisulegur bær með timburframhúsi og lofti yfir þar sem voru þrjú herbergi, suðurloft, norðurloft og austurkvistur. Norðan við bæinn var steypt fjós fyrir 6 kýr með haughúsi og hlandfor. Ofan við var torfhlaða. Innangengt var í fjósið og brunnur með góðu vatni í ganginum til fjóssins. Yfir honum var trépallur og vinda yfir til að hala upp fötuna. Brunnurinn er sjáanlegur ennþá. Hann var 8 eða 9 álnir á dýpt, grafinn fyrir aldamótin 1900 af Jóhanni Þorsteinssyni í Stóru-Gröf og Stefáni Jónssyni búfræðingi, en Jóhann bjó í Litlu-Gröf 1888-1897. Þeir voru komnir niður á klöpp þegar vatn náðist í brunninn“(BS II, 195-96).
Lýsing
Samkvæmt heimildamanni er brunnurinn í austurhorni braggans og búið að fylla upp í hann.
Heimildaskrá
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Litla- Gröf 145986 60 - 9

Hlutverk: Hlaða/hesthús
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 475803 Y: 571566
Ástand: Horfið
Heimildamaður: Guðlaug Arngrímsdóttir
Staðhættir
Á túnakorti frá 1917 má sjá útihús um 100 m vestnorðvestur af bænum.
Lýsing
Samkvæmt heimildamanni var hlaða út og upp (norðvestur) af gamla bænum og var hafði þar hestar á járnum. Það hús var rifið fyrir 1963 og sér þess ekki stað nú.
Heimildaskrá
Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort af Litlu-Gröf. Þjóðskjalasafn Íslands.

Litla- Gröf 145986 60 - 10
Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 475853 Y: 571487
Ástand: Nánast horfið
Staðhættir
Á túnakorti frá 1917 má sjá útihús um 100 m suðvestur af bænum.
Lýsing
Tæpa 100 m suðsuðvestur af bragga sem er í brekkunni austan við bæina er töluvert svæði um 20x30 m að ummáli, þar sem jörð hefur verið rótað, þar er mikill arfi og sá í steypu sem heimildamaður segir að hafi verið baðkar en þar stóðu áður fjárhús bæjarins.
Heimildaskrá
Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort af Litlu-Gröf. Þjóðskjalasafn Íslands.

Litla- Gröf 145986 60 - 11
Hlutverk: Hesthús
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið
Heimildamaður: Guðlaug Arngrímsdóttir
Staðhættir
Hesthús mun hafa verið þar á svipuðum slóðum og hús Elínar Haraldsdóttur og Bjarka Sigurðssonar stendur, en það er fyrir löngu rifið og sér þess ekki stað í dag.
Heimildaskrá
Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort af Litlu-Gröf. Þjóðskjalasafn Íslands.

Litla- Gröf 145986 60 - 12
Hlutverk: Heimreið
Tegund: Leið
Staðsetning: X: 475809 Y: 571501
Ástand: Horfið
Heimildamaður: Guðlaug Arngrímsdóttir
Staðhættir
Samkvæmt túnakorti hefur heimreiðin legið til suðvesturs frá bænum.

Lýsing
Samkvæmt heimildamanni voru heimreiðarnar tvær. Önnur lá suður og upp (vestur) en hin út og upp (norður og vestur). Þær lágu báðar á ská í átt að landamerkjum jarðarinnar. Enn sér móta fyrir þeirri sem liggur til suðvesturs,
Heimildaskrá
Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort af Litlu-Gröf. Þjóðskjalasafn Íslands.

Litla- Gröf 145986 60 - 13
Hlutverk: Heimreið
Tegund: Leið
Staðsetning: X: 475777 Y: 571495
Ástand: Horfið
Heimildamaður: Guðlaug Arngrímsdóttir
Staðhættir
Samkvæmt heimildamanni voru heimreiðarnar tvær. Önnur lá suður og upp (vestur) en hin út og upp (norður og vestur). Þær lágu báðar á ská í átt að landamerkjum jarðarinnar.
Lýsing
Ekki sér lengur móta fyrir heimreið þeirri sem lá til norðvesturs upp túnið.

Litla- Gröf 145986 60 - 14
Hlutverk: Leið
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 475695 Y: 571455
Ástand: Nánast horfið
Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Gamli vegurinn lá skammt frá húsunum og fast við hann, skammt frá merkjum Páfastaða, voru litlar tóftir og nefndust Stekkur. Þar var lágþýfi með vallendisgróðri og sást fyrir garðlagi umhverfis allstórt svæði. Engar sagnir eru lengur kunnar um þann stað og sér engin ummerki eftir“ (BS II, 196).
Lýsing
Samkvæmt heimildamanni lá vegurinn vestan íbúðarhúsanna og sér enn móta fyrir honum.
Heimildaskrá
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Litla- Gröf 145986 60 - 15
Sérheiti: Stekkur
Hlutverk: Stekkur
Tegund: Heimild
Staðsetning:
X: 475909
Y: 571130
Ástand: Sæmilegt
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Heimildamaður: Guðlaug Arngrímsdóttir

42. mynd. Hugsanleg stekkjartóft. Ljósm. GSS.

Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Gamli vegurinn lá skammt frá húsunum og fast við hann, skammt frá merkjum Páfastaða, voru litlar tóftir og nefndust Stekkur. Þar var lágþýfi með vallendisgróðri og sást fyrir garðlagi umhverfis allstórt svæði. Engar sagnir eru lengur kunnar um þann stað og sér engin ummerki eftir" (BS II, 196). Um stekkinn segir í örnefnaskrá: „Suður við Páfastaðamerkin, rétt neðan við gamla veginn, eru litlar tóftir og kallast Stekkur. Sést þar fyrri garðlagi umhverfið allstórt svæði, lágþýft með vallendisgróðri" (ÖMJ, 2).
Lýsing
Við merkin milli Litlu-Grafar og Páfastaða gegnt fjósinu á Páfastöðum virðist vera lítil tóft, sporöskjulaga en erfitt er að átta sig á hvort hún sé náttúruleg eða manngerð. Höfundi Byggðasögu Skagafjarðar og heimildarmanni Guðlaugu Arngrímsdóttur kemur saman um að ekkert sjáist nú til stekkjatóftanna. Búið er að ryðja í burtu norðurhlið tóftar og hefur það líklega verið gert þegar vegur var lagður niður Langholtið og niður á engin. Veggjalög eru vel gróin og hvergi sér í grjót. Mesta hæð veggja frá gólfi um 30 sm og mesta breytt 2 m. Heimildamaður man eftir garði eða garðlagi áður en þarna var sléttað.
Heimildaskrá
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Litlu-Grafar skráð eftir handriti Arngríms. Örnefnastofnun Íslands.

Litla- Gröf 145986 60 - 16
Hlutverk: Garður
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið
Heimildamaður: Guðlaug Arngrímsdóttir
Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Gamli vegurinn lá skammt frá húsunum og fast við hann, skammt frá merkjum Páfastaða, voru litlar tóftir og nefndust Stekkur. Þar var lágþýfi með vallendisgróðri og sást fyrir garðlagi umhverfis allstórt svæði. Engar sagnir eru lengur kunnar um þann stað og sér engin ummerki eftir" (BS II, 196). Um stekkinn

segir í örnefnaskrá: „Suður við Páfastaðamerkin, rétt neðan við gamla veginn, eru litlar tóftir og kallast Stekkur. Sést þar fyrri garðlagi umhverfið allstórt svæði, lágþýft með vallendisgróðri" (ÖMJ, 2).

Lýsing

Ekki sjást nein merki um garðlag á þessum slóðum en heimildamaður man eftir garði þarna áður en var sléttað.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Litlu-Grafar skráð eftir handriti Arngríms. Örnefnastofnun Íslands.

Litla- Gröf 145986 60 - 17

Sérheiti: Sigurlaugarheygarður
Hlutverk: Heygarður
Tegund: Garðlag
Staðsetning:
X: 476247 Y: 571658
Lengd: 9
Breidd: 6
Ástand: Sæmilegt
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar

43. mynd. Heygarður. Ljósm. GSS.

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Vestan við Breiðubakka og Þýfðarinda, frá Stóru-Grafarmerkjum og suður að Páfastaðamerkjum, er blaut flá. Vestan við hana eru ferginistjarnir, sem ná merkjanna milli, og eru allstórir stararhólmar hér og þar um tjarnir þessar, og eru þar einu nafni kallaðir Pollar, nema norðasta tjörnin heitir Drápa, og er meiri hluti hennar í Stóru-Grafarengi. Vestan við Pollana er Flói. Nær hann milli merkja og vestur að áðurgreindum þurrkskurði. Í Flóanum eru þrír háir rindar eða heygarðar, og heitir miðrindinn Sigurlaugarheygarður" (ÖMJ, 2).

Lýsing

Í enginu austan Langholtsins í landi Litlu-Grafar, gegnt norðurenda íbúðarhúss Guðlaugar Arngrímsdóttur er heygarður. Garðurinn er sporöskjulaga og um 9x6m í ummál. Líklegt er að um sé að ræða Sigurlaugarheygarð. Garðurinn er á alþýfðum smáhól sem sker sig töluvert úr landslaginu í kring.

Heimildaskrá

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Litlu-Grafar skráð eftir handriti Arngríms. Örnefnastofnun Íslands.

Litla- Gröf 145986 60 - 18
Hlutverk: Heygarður
Tegund: Garðlag
Staðsetning:
X: 476201 Y: 571216
Lengd: 7
Breidd: 3
Ástand: Sæmilegt
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar

44. mynd. Bryndís skráir heygarð. Ljósm. GSS.

Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: „Vestan við Breiðubakka og Þýfðarinda, frá Stóru-Grafarmerkjum og suður að Páfastaðamerkjum, er blaut flá. Vestan við hana eru ferginistjarnir, sem ná merkjanna milli, og eru allstórir stararhólmar hér og þar um tjarnir þessar, og eru þar einu nafni kallaðir Pollar, nema norðasta tjörnin heitir Drápa, og er meiri hluti hennar í Stóru-Grafarengi. Vestan við Pollana er Flói. Nær hann milli merkja og vestur að áðurgreindum þurrkskurði. Í Flóanum eru þrír háir rindar eða heygarðar, og heitir miðrindinn Sigurlaugarheygarður“ (ÖMJ, 2).

Lýsing
Við landamerkin milli Litlu-Grafar og Páfastaða er heygarður um 50 m austur af stórum skurði sem liggur n/s (hugsanlega Stóriskurður). Innanmál garðsins er 3x7m og eru veggjaleifarnar algrónar. Tóftin liggja norður/suður og mesta breidd veggja 30 sm og mesta hæð veggja 20-30 sm.

Heimildaskrá
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Litlu-Grafar skráð eftir handriti Arngríms. Örnefnastofnun Íslands.

Litla- Gröf 145986 60 - 19
Hlutverk: Heygarður
Tegund: Garðlag
Staðsetning:
X: 476164 Y: 571828
Lengd: 7
Breidd: 3
Ástand: Sæmilegt
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Vestan við Breiðubakka og Þýfðarinda, frá Stóru-Grafarmerkjum og suður að Páfastaðamerkjum, er blaut flá. Vestan við hana eru ferginistjarnir, sem ná merkjanna milli, og eru allstórir stararhólmar hér og þar um tjarnir þessar, og eru þar einu nafni kallaðir Pollar, nema norðasta tjörnin heitir Drápa, og er meiri hluti hennar í Stóru-Grafarengi. Vestan við Pollana er Flói. Nær hann milli merkja og vestur að áðurgreindum þurrkskurði. Í Flóanum eru þrír háir rindar eða heygarðar, og heitir miðrindinn Sigurlaugarheygarður" (ÖMJ, 2).

45. mynd. Heygarður. Ljósm. GSS.

Lýsing

Skurður sem liggur austur/vestur er á norðurmerkjum Litlu-Grafar. Um 50 m sunnan hans er aflöng heytóft um 3x7 m að innanmáli. Tóftin er nokkuð hærri en landið í kring og nokkur gróðurskil eru umhverfis hana, hún er algróin, þýfð og veggir eru nokkuð rofnir.

Heimildaskrá

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Litlu-Grafar skráð eftir handriti Arngríms. Örnefnastofnun Íslands.

Litla- Gröf 145986 60 - 20

46. mynd. Engjavegur. Ljósm. GSS

Hlutverk: Samgöngubót
Tegund: Engjavegur
Staðsetning:
X: 476092
Y: 571447
Ástand: Gott
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar

Staðhættir

Austan undir Langholti um 110m vestsuðvestur af íbúðarhúsi Bjarka Sigurðssonar og Elínar Haraldsóttur er um 4m breiður vegur, upp-hækkaður og er hugsan-lega engjabrú eða engjavegur en mikið er af þeim í engjunum austan Langholtsins. Þessi er þó mun breiðari en aðrir skráðir engjavegir þarna. Hann er nokkuð þýfður, vel greinilegur og um 40 sm

hár. Hann liggur í austsuðaustur/vestsuðvestur milli girðingar og skurðar sem liggja norður/suður austan við holtið.

Litla- Gröf 145986 60 - 21
Hlutverk: Engjavegur
Tegund: Leið
Staðsetning:
X: 476496 Y: 571552
Ástand: Gott
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Staðhættir
Engjavegir eru á engjunum austan undir Langholtinu. Einn liggur nálega norður/suður. Vegurinn er vel gróinn, nokkuð útflattur, rúmlega metri að breidd og um 30 sm á hæð.
Lýsing
Punktar eru teknir á sitt hvorum enda vegarins.
A476506 N571469
og
A476524 N571404

47. mynd. Engjavegur. Ljósm. GSS

Litla- Gröf 145986 60 - 22
Sérheiti: Dældarvað
Hlutverk: Vað
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 477006 Y: 572317
Ástand: Horfið
Heimildamaður: Guðlaug Arngrímsdóttir
Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: „Hornmerki milli Stóru-Grafar og Litlu-Grafar er við svokallað Dældarvað, og hefur Djúpakvísl jafnan verið riðin þar“ (ÖMJ, 1).
Lýsing
Þarna hefur nú verið framræst og vaðið ekki lengur til.
Heimildaskrá
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Litlu-Grafar skráð eftir handriti Arngríms. Örnefnastofnun Íslands.

Litla- Gröf 145986 60 - 23
Sérheiti: Vörðuholt
Hlutverk: Varða
Tegund: Heimild

Ástand: Horfið

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Vestan við akbrautina tekur við flatur, þýfður flói, sem kallast Sund. Vestur af því miðju er Hrossholt. Suðvestur af því er Vörðuholt“ (ÖMJ, 2).

Lýsing

Vörður ekki skráðar sumarið 2005.

Heimildaskrá

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Litlu-Grafar skráð eftir handriti Arngríms. Örnefnastofnun Íslands.

Stóra-Gröf á Langholti (Stóra-Gröf ytri)

48. mynd. Stóra-Gröf ytri. **Ljósm. JZ.**

Saga

Stóru-Grafar er fyrst getið í heimildum frá 1295 þegar þær voru lagðar Reynistaðaklaustri í stofngjöf. Hún er þar nefnd Ytri-Gröf til aðgreiningar frá Syðri-Gröf sem seinna fékk nafnið Litla-Gröf.[85]

Tvíbýli var lengi á Stóru-Gröf og árið 1917 keyptu ábúendur, Snorri Stefánsson og Þorsteinn Jóhannsson jörðina af Landssjóði og var jörðinni síðan skipt árið 1930.[86] Tvö íbúðarhús eru nú á Stóru-Gröf ytri það eldra byggt 1947-47 og nefnt Stóra-Gröf ytri I en hið yngra byggt 1982 og nefnt Stóra-Gröf ytri II.[87] Árið 1968 var norðurhluti Hólatjarnar, vestanvert í landi Stóru-Grafar ytri, seldur ásamt nokkru landi þar í kring og þar reistur sumarbústaður. Í jarðatali Johnsen er jörðin talin 24 hundruða jörð.[88] Í jarðabók frá 1713 segir: „Túnið grafa lækir, sem gjöra jarðföll, og bera á það leir og sand. Engjar yfir allan máta votsóktar, svo ekki standa sláttumenn grynnra en í mitt lær og mitti, þegar heyjað er“[89]. Samkvæmt jarðamati frá 1849 var túnið sagt um 10 dagsláttur að mestu þýft og í

[85] Íslenzkt fornbréfasafn II. Bls. 301.
[86] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 182, 190.
[87] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 189.
[88] J. Johnsen, 1847. Bls. 257.
[89] Jarðabók. 9. bindi. Bls. 96.

góðri rækt. Engjar voru grasgefnar og að mestu sléttar en talsvert af tjörnum. Brúargjörð var nauðsynleg en með kostnaði og fyrirhöfn. Beitiland var lítið og létt en kúahagar voru betri. Samkvæmt jarðamati 1916 var túnið 14 dagsláttur, meirihlutinn þýfður og var það í meðalrækt. Engið var að miklum hluta slétt en allt í mýrum og votlent. Engjavegur var um 1200 m langur og þurfti árlegs viðhalds við. Jörðin átti beitarítak í Holtsmúlalandi. Miklar engjabrýr voru í landi Stóru-Grafar og þurftu þær mikils viðhalds við því að flóð í Héraðsvötnum brutu oft stór skörð í brýrnar eða sópuðu hlutum þeirra í burtu. Land hefur nú þornað mikið eftir framræslu að engjarnar eru að mestu þurrar.[90]

Grafarbakki eða Grafarhús á vesturbakka Héraðsvatna voru beitarhús og um tíma húsmannsbýli. Óvíst er hvenær þarna byggðist fyrst en vitað er að Steinn Vigfússon bóndi í Stóru-Gröf byggði þar beitarhús og hafði þar húsfólk og að á miðri 19. öld settist húsmennskufólk að á þessum stað. Miðað við umfang og hæð tóftahólsins er þó líklegt að þar hafi verið byggt töluvert fyrr. Árið 1897 voru þarna þrenn samstæðuhús úr torfi sem tóku 180 fjár.[91]

Náttúrufar og jarðabætur

Frá Héraðsvötnum og vestur að Langholti er samfellt slétt mýrlendi, að hluta til ræst fram. Þegar kemur upp undir Langholtið tekur við brött brekka og vestan hennar tekur við túnið og nær það vestur að Sauðárkróksbraut. Þar vestan við eru tún og síðan allvel gróið land að mestu mýrlendi sem nær vestur að Hádegisholti sem liggur norður suður í gegnum landið. Síðan hallar landi niður að Sæmundará, að hluta til gróið land en að hluta melar og holt. Hlunnindi eru lax- og silungsveiði í Héraðsvötnum og Sæmundará. [92]

Landamerki

Um landamerki Stóru-Grafar ytri segir í Byggðasögu: „Stóra-Gröf ytri á land að Stóru-Gröf syðri að sunnan, Sæmundará a vestan, Holtsmúla og Ármúla að norðan, Héraðsvötnum að austan“.[93]

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagfirðinga, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Íslenzkt fornbréfasafn II, 1253-1350. Kaupmannahöfn, 1893.
Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (9. bindi). Hið Íslenska Fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1930.
J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* Kaupmannahöfn 1847.

[90] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 183-185.
[91] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 187.
[92] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 189-190.
[93] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 189.

Stóra-Gröf á Langholti (Stóra-Gröf syðri)

49. mynd. Stóra-Gröf á Langholti. **Ljósm. JZ.**

Saga

Stóru-Grafar er fyrst getið í heimildum frá 1295 þegar þær voru lagðar Reynistaðaklaustri í stofngjöf. Hún er þar nefnd Ytri-Gröf til aðgreiningar frá Syðri-Gröf sem seinna fékk nafnið Litla-Gröf.[94]

Tvíbýli var lengi á Stóru-Gröf og árið 1917 keyptu ábúendur, Snorri Stefánsson og Þorsteinn Jóhannsson jörðina af Landssjóði og var jörðinni síðan skipt árið 1930.[95] Eitt einbýlishús er á Stóru-Gröf syðri, reist 1963-1964.[96]

Í jarðatali Johnsen er jörðin talin 24 hundruða jörð.[97] Í jarðabók frá 1713 segir: „Túnið grafa lækir, sem gjöra jarðföll, og bera á það leir og sand. Engjar yfir allan máta votsóktar, svo ekki standa sláttumenn grynnra en í mitt lær og mitti, þegar heyjað er“.[98]

---

[94] Íslenzkt fornbréfasafn II. Bls. 301.
[95] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 182, 190.
[96] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 192.
[97] J.Johnsen, 1847. Bls. 257.
[98] Jarðabók. 9. bindi. Bls. 96.

Samkvæmt jarðamati frá 1849 var túnið sagt um 10 dagsláttur að mestu þýft og í góðri rækt. Engjar voru grasgefnar og að mestu sléttar en talsvert af tjörnum. Brúargjörð var nauðsynleg en með kostnaði og fyrirhöfn. Beitiland var lítið og létt en kúahagar voru betri (nr. 390). Samkvæmt jarðamati 1916 var túnið 14 dagsláttur, meirihlutinn þýfður og var það í meðalrækt. Engið var að miklum hluta slétt en allt í mýrum og votlent. Engjavegur var um 1200 m langur og þurfti árlegs viðhalds við. Jörðin átti beitarítak í Holtsmúlalandi. Miklar engjabrýr voru í landi Stóru-Grafar og þurftu þær mikils viðhalds við því að flóð í Héraðsvötnum brutu oft stór skörð í brýrnar eða sópuðu hlutum þeirra í burtu. Land hefur nú þornað mikið eftir framræslu að engjarnar eru að mestu þurrar.[99]

Grafarbakki eða Grafarhús á vesturbakka Héraðsvatna voru beitarhús og um tíma húsmannsbýli. Óvíst er hvenær þarna byggðist fyrst en vitað er að Steinn Vigfússon bóndi í Stóru-Gröf byggði þar beitarhús og hafði þar húsfólk og að á miðri 19. öld settist húsmennskufólk að á þessum stað. Miðað við umfang og hæð tóftahólsins er þó líklegt að þar hafi verið byggt töluvert fyrr. Árið 1897 voru þarna þrenn samstæðuhús úr torfi sem tóku 180 fjár.[100]

Náttúrufar og jarðabætur

Frá Héraðsvötnum og vestur að Stóraskurði er land flatt, algróið, þurr næst Vötnunum en mýrlendi vestan við, framræst að hluta. Vestan skurðarins, þar sem áður var Grafartjörn tekur við brekka og upp á henni túnið sem nær vestur að vegi. Þar vestan við tekur tún sem nær upp að Hádegisholti og síðan tekur við lítt gróið land niður að Sæmundará.[101]

Landamerki

Um landamerki Stóru-Grafar syðri segir í Byggðasögu: „Stóra-Gröf syðri á land að Litlu-Gröf að sunnan, Sæmundará að vestan, Stóru-Gröf ytri að norðan, Héraðsvötnum og Húseyjarkvísl að austan“.[102]

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagfirðinga, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Íslenzkt fornbréfasafn II, 1253-1350. Kaupmannahöfn, 1893.
Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (9. bindi). Hið Íslenska Fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1930.
J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* Kaupmannahöfn 1847.

[99] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 183-185.
[100] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 187.
[101] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 193.
[102] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 192.



50. mynd. Túnakort Stóru-Grafar.

Fornleifaskrá

Stóra-Gröf 134940 61 - 1



51. mynd. Gamla bæjarstæðið. Ljósm. GSS.

Hlutverk: Bústaður
Tegund: Heimild
Staðsetning:
X: 475524 Y: 572120
Ástand: Nánast horfið
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Heimildamaður:
Sigfús Helgason

Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Bærinn í Stóru-Gröf var nálægt á hólbrún í hallinu út og austur frá fjósinu þar sem nú er hestarétt“ (BS II: 185).

Lýsing
Tveir gamlir bæir voru á Gröf en þar var oft tvíbýli áður en jörð var skipt. Yngri bærinn var lengra til suðurs og voru dyr á honum til austurs. Enn sér móta fyrir grunninum, stein og steypuhleðslur 8x9 m að ummáli. Kjallari var á honum skv. Sigfúsi bónda á Stóru-Gröf.
Norður og austur af honum var eldri bær sem stóð þar sem fjárgirðing er núna. Lítið sér fyrir honum enn nema nokkrar grjóthleðslur sem sjást í slóðanum sem liggur að útihúsunum (sem eru nr. 4).

Heimild
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Stóra-Gröf 134940 61 - 2
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Heimild
Staðsetning:
X: 475524 Y: 572120
Ástand: Nánast horfið
Hætta: Mikil Hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Heimildamaður: Sigfús Helgason

Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Bærinn í Stóru-Gröf var nálægt á hólbrún í hallinu út og austur frá fjósinu þar sem nú er hestarétt“ (BS II: 185).

Lýsing

Tveir gamlir bæir voru á Gröf en þar var oft tvíbýli áður en jörð var skipt. Yngri bærinn var lengra til suðurs og voru dyr á honum til austurs. Enn sér móta fyrir grunninum, stein og steypuhleðslur 8x9 m að ummáli. Kjallari var á honum samkvæmt Sigfúsi bónda á Stóru-Gröf.
Norður og austur af honum var eldri bær sem stóð þar sem fjárgirðing er núna. Lítið sér fyrir honum enn nema nokkrar grjóthleðslur sem sjást í slóðanum sem liggur að útihúsunum sem skráð eru nr. 4.

Heimild

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Stóra-Gröf 134940 61 - 3

Hlutverk: Vatnsból
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 475532 Y: 572158
Ástand: Horfið
Heimildamaður: Sigfús Helgason

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Gildrag, gamall vatnsgrafningur gengur niður norðan við gamla bæinn. Vatnsbólið var í brunni rétt norðan við og var þar aldrei sjálfrennandi vatn, en handdæla úr brunninum“ (BS II: 185).

Lýsing

Brunnur sést ekki lengur. Punktur tekinn samkvæmt ábendingu frá Sigfúsi Helgasyni, við skurðenda sem liggur niður eða austur við holtið í beygju á vegarslóða 200-300 m norðaustur af íbúðarhúsi Sigfúsar.

Heimild

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Stóra-Gröf 134940 61 - 4

52. mynd. Útihúsatóftir á Stóru-Gröf. Ljósm. GSS

Hlutverk: Útihús
Tegund: Tóftaþyrping
Staðsetning:
X: 475566
Y: 572222
Lengd: 23
Breidd: 44
Ástand: Sæmilegt
Hætta: Mikil Hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Gildrag, gamall vatnsgrafningur gengur niður norðan við gamla bæinn. […] Norðan við gildragið voru fjárhúsin og fjósið sem tilheyrðu bæjunum, hlaða og síðar braggi“ (BS II: 185).

Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 eru 5 peningshús, eitt skammt norður af bænum, eitt um 100 m í norðnorðvestur frá bænum, annað um 100 m í norður, fjórða um 100 m í norðaustur frá bænum og hið fimmta 170 m norðnorðaustur af bænum utan túns.

Um 220 m norðaustur af íbúðarhúsinu á Stóru-Gröf syðri og tæplega 100 norðaustur af gamla bæjarstæðinu eru tóftir útihúsa. Svæðið er um 23x44 m að utanmáli. Það er allt vaxið njóla og arfa og veggir og innra fyrirkomulag tófta er fremur óljóst.

Lýsing

Lengst til suðurs er grunnur bragga um það bil 11x8 m að utanmáli. Bragginn liggur norður/suður hann hefur verið reistur yfir járngrind. Torf er hlaðið með langveggjum um 60 sm hátt frá gólfi um 20-30 sm að utan. Steyptur sökkull virðist hafa verið undir útveggjum en er að mestu horfinn undir jarðveg og gróður.



Norður af hlöðunni eru að því er virðist tveir litlir kofar um 3x4 m að utanmáli. Austan þeirra eru fjárhúsin skilin að með vegg. Húsin eru ekki mjög

gömul því þök hafa verið úr bárujárni með torflagi ofaná. Steypt fjárbað er í húsinu og pláss fyrir 4-5 garða þótt fyrirkomulagið sé óljóst eins og áður sagði. Norður af fjárhúsum eru tveir aðrir kofar eða hús. Það syðra 4x6 m að utanmáli og liggur austur/vestur. Þar norðan við er minni hálfhringlaga tóft um 3,5 m í þvermál og um 1 m djúp í miðju.

Heimild

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort af Stóru-Gröf. Þjóðskjalasafn Íslands.

Stóra-Gröf 134940 61 – 5

Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 475519 Y: 572306
Lengd: 17
Breidd: 11
Ástand: Gott
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar

Staðhættir

Á túnakorti er útihús við norðurjaðar túnsins um 180 m norður af gamla bænum. Suðaustur af bænum á Stóru-Gröf Ytri er hóll og neðan hans er fjárhús, 15 m vestan girðingar sem liggur nánast fram á hólbrún.

Lýsing

Tóftin er af fjórföldum fjárhúsum og hugsanlega hlaða á bakvið. Til norðurs eru áfastir kofar eða fleiri krær. Mikið gras er í tóftunum og því erfitt að greina tóftirnar almennilega en veggjalög sjást og eru hæst 20 sm. Breidd veggja og garða er mest um 1 m. Sér í grjót á nokkrum stöðum. Liggja austnorðaustur/vestsuðvestur. Tóftirnar eru opnar mót austri og hefur þar líklega verið timburþil.

Heimild

Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort af Stóru-Gröf. Þjóðskjalasafn Íslands.

Stóra-Gröf 134940 61 - 6

Hlutverk: Matjurtagarður
Tegund: Kartöflugarður
Staðsetning: X: 475544 Y: 572189
Ástand: Í notkun
Heimildamaður: Sigfús Helgason

Staðhættir

Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 er sýndur matjurtagarður um 300 m í norðnorðaustur frá bænum. Hann er sagður 608 flatarmálsstikur.

Lýsing

Kartöflugarður var og er sunnan í hól þeim sem er norður af gamla bænum. Garðuinn er enn notaður í dag.

Heimild

Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort af Stóru-Gröf. Þjóðskjalasafn Íslands.

Stóra-Gröf 134940 61 - 7
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 475573 Y: 572136
Ástand: Horfið
Heimildamaður: Sigfús Helgason
Staðhættir
Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 er útihús norðan bæjarins.
Lýsing
Heimildamaður segir að hesthús hafi staðið beint austur af gamla bænum og er líklegast um sama hús að ræða. Húsið er nú horfið.
Heimild
Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort af Stóru-Gröf. Þjóðskjalasafn Íslands.

Stóra-Gröf 134940 61 – 8
Hlutverk: Útihús
Tegund: Dæld
Staðsetning: X: 475460 Y: 572279
Ástand: Horfið
Heimildamaður: Sigfús Helgason
Staðhættir
Á túnakorti frá 1917 er útihús um 150 norður af gamla bænum á Stóru-Gröf.
Lýsing
Nyrst á hól um 230 m austur af Stóru Gröf ytri er dæld í hólinn og nokkur gróðurskil sem benda til þess að þarna hafi verið einhverskonar mannvirki sem nú er búið að slétta yfir. Heimildamaður sagði að þar hefðu staðið útihús áður, en í hans tíð var þarna reykkofi sem nú hefur verið rifinn.
Heimild
Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort af Stóru-Gröf. Þjóðskjalasafn Íslands.

Stóra-Gröf 134940 61 – 34
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið
Heimildamaður: Sigfús Helgason
Staðhættir
Á túnakorti frá 1917 er útihús um 150 norðvestur af gamla bænum á Stóru-Gröf.
Lýsing
Heimildamaður man eftir eftir einhverjum tóftaleifum þarna en þær eru nú horfnar og hefur verið sléttað yfir.
Heimild
Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort af Stóru-Gröf. Þjóðskjalasafn Íslands.

Stóra-Gröf 134940 61 – 9
Hlutverk: Garður
Tegund: Garðlag
Staðsetning: X: 475541 Y: 572309
Lengd: 37
Ástand: Gott
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Staðhættir
Um það bil 2 metra vestur af fjárhúsum þeim sem skráð eru nr. 6 liggur garður til austurs undir girðingu og sveigir síðan til suðvesturs og virðist enda aðeins niður í hlíðinni. Hann er vel greinilegur á kafla en vestan girðingar er mikill gróður og erfiðara að greina hann. Þetta gætu hugsanlega verið leifar túngarðs.

Stóra-Gröf 134940 61 – 10

53. mynd. Lág garðlög í landi Stóru-Grafar. Ljósm. GSS.

Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Garðlög, leifar veggja
Staðsetning:
X: 475541 Y: 572301 (sunnan garðlags)
Ástand: Gott
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Staðhættir
Fremst á brekkubrún ofan engja og efst í hlíðinni beggja megin, norðan og sunnan garðlagsins sem skráð er nr. 8, er svæði þar sem einhverjar tóftarleifar eru alla vegna sjást veggjaleifar á nokkrum stöðum. Gæti þarna hafa verið kofatóftir og hugsanlega einhverjir matjurtagarðar (sjá einnig nr. 6 og 7). Engar greinilegar tóftir verða greindar þó.

Stóra-Gröf 134940 61 – 11
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Garðlög, leifar veggja
Staðsetning:
X: 475543 Y: 572322 (norðan garðlags)
Ástand: Gott
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Staðhættir
Fremst á brekkubrún ofan engja og efst í hlíðinni beggja megin, norðan og sunnan garðlagsins sem skráð er nr. 8, er svæði þar sem einhverjar tóftarleifar eru alla vega sjást

veggjaleifar á nokkrum stöðum. Gæti þarna hafa verið kofatóftir og hugsanlega einhverjir matjurtagarðar (sjá einnig nr. 6 og 7). Engar greinilegar tóftir verða greindar þó.

Stóra-Gröf 134940 61 – 12
Hlutverk: Hesthús
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 475433 Y: 572056
Ástand: Horfið
Hætta: Mikil hætta
Heimildamaður: Sigfús Helgason
Staðhættir
Samkvæmt heimildamanni stóð hesthús áður fyrr norðan íbúðarhússins á Stóru-Gröf syðri. Það er nú horfið og hefur verið sléttað yfir. Tvö hús stóðu þarna og rétt á milli þeirra. Húsin stóðu vel þegar Sigfús hóf búskap og var þá annað húsið notað fyrir hesta en hitt fyrir lömb. Hús þessi voru rifin þegar íbúðarhúsið var byggt.

Stóra-Gröf 134940 61 - 13
Hlutverk: Vegur
Tegund: Heimild
Ástand: Horfinn
Heimildamaður: Sigfús Helgason
Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: „Bröttugötumelur kallast melhornið yzt og vestast af svonefndum Stórugrafarmelum, sem eru norðvestur frá túninu. Gamli vegurinn lá eftir melunum, unz brautin var gerð.“ (MJ, 1). Sigfús sá merki eftir gamla veginn þegar hann flutti þarna og lá hann eftir melnum nánast þar sem íbúðarhús Sigfúsar stendur núna.
Lýsing
Samkvæmt heimildamanni lá gamli vegurinn eftir melunum þar sem íbúðarhús stendur nú og er nú horfinn.
Heimild
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Stóru-Grafar. Örnefnastofnun Íslands.

Stóra-Gröf 134940 61 - 14
Hlutverk: Þjóðsögustaður
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: „Neðan við túnið heitir Bæjartjörn. Hún er ekki mjög stór, en fyrrum var hún djúp með forareðju í botni og alveg graslaus“ (MJ, 2).
Munnmæli
Í örnefnaskrá segir: „Gömul trú var það, að þar ætti að vera nykur. Hafði hann vistaskipti annaðhvort ár og hélt til í Hólatjörn, sem er vestarlega í Grafarlandi, þegar honum fór að leiðast í Bæjartjörn. Einnig var það almenn sögn, að vinnukona frá Litlu-Gröf hefði „borið út“ barn í tjörnina, og þóttist fólk fyrr á tímum heyra ámátleg hljóð úr tjörninni. (Nú er tjörnin að hverfa, síðan grafinn var skurður gegnum tjörnina, og stör og annar mýrargróður leggur hana óðum undir sig)“ (MJ, 2).

Lýsing
Tjörnin er nú horfin og fannst ekki við skráningu sumarið 2005.
Heimild
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Stóru-Grafar. Örnefnastofnun Íslands.

Stóra-Gröf 134940 61 – 15

54. mynd. Stekkjarklöpp, horft er til vesturs. Ljósm. BZ.

Sérheiti: Stekkjarklöpp
Hlutverk: Gerði/Álagablettur
Tegund: Tóft
Staðsetning:
X: 475226 Y: 372606
Lengd: 6
Breidd: 5
Ástand: Gott
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Staðhættir
Í byggðasögu Skagafjarðar segir: „Stekkjarklöpp er um 100 metra norðaustur frá ytra húsinu. Í litlum hvammi austan og ofan við klöppina eru óljós mannvirki, svo sem af litlum kofa og auk þess lítið hringlaga gerði. Stekkjarklöppin er staður sem ekki má hreyfa við. Húsmóðirin á bænum velkist þar ekki í vafa. Fyrri ábúendur voru reyndar búnir að tjá henni að klöppin væri álfaborg“ (BS II: 191).
Norðaustur af íbúðarhúsinu á Stóru-Gröf Ytri II (húsi Gunnlaugs) er stór og þýfður hvammur.
Lýsing
Norðaustast í hvamminum er klöpp sem snýr mót vestri og kallast Stekkjarklöpp. Austur af klöppinni er óþýft svæði í brekkunni þar sem hún hallar til suðsuðvesturs inn í hvamminn er hringlaga rétt um 9m í þvermál að innan. Nyrst og efst í brekkunni eru veggir réttarinnar lágir og umfangslitlir, um 10 sm háir og 40 sm breiðir, en aukast að umfangi til suðsuðvestur, og eru þar um 1m að breidd, og um 20 sm háir að utan, en frá botni réttarinnar eru þeir allt að 40-50 sm háir. Hlið virðist hafa verið á réttinni til suðvesturs. Um 1 m suðaustan við réttina er tóft, 1,5x3 m að innanmáli, veggir mjög lögulegir nema til suðvesturs, 1 m að breidd og allt að 20-50 sm háir. Tóftin liggur norðvestur-suðaustur og tréstafn hefur líklega verið til suðvesturs, í það minnsta er enginn veggur greinanlegur í þá átt.
Heimild
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Stóra-Gröf 134940 61 – 16

Sérheiti: Stekkjarklöpp
Hlutverk: Óþekkt (kofatóft)
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 475232 Y: 572601
Lengd: 9
Breidd: 9
Ástand: Gott
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar



Staðhættir
Í byggðasögu Skagafjarðar segir: „Stekkjarklöpp er um 100 metra norðaustur frá ytra húsinu. Í litlum hvammi austan og ofan við klöppina eru óljós mannvirki, svo sem af litlum kofa og auk þess lítið hringlaga gerði. Stekkjarklöppin er staður sem ekki má hreyfa við. Húsmóðirin á bænum velkist þar ekki í vafa. Fyrri ábúendur voru reyndar búnir að tjá henni að klöppin væri álfaborg“ (BS II: 191).

Lýsing
Um 1 m suðaustan við réttina er tóft, 1,5x3 m að innanmáli, veggir mjög lögulegir nema til suðvesturs, 1 m að breidd og allt að 20-50 sm háir. Tóftin liggur norðvestur-suðaustur og tréstafn hefur líklega verið til suðvesturs, í það minnsta er enginn veggur greinanlegur í þá átt.

Heimild
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Stóra-Gröf 134940 61 – 17
Sérheiti: Grafarhús, Grafarbakki
Hlutverk: Bústaður, beitarhús
Tegund: Tóft
Staðsetning:
X: 476825
Y: 573857
Lengd: 30
Breidd: 30
Ástand: Sæmilegt
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Ágangur búfjárs og vatnsrof

55. Mynd. Grafarbakki, horft er til norðurs. Ljósm. BZ.

Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: „[…] Grafarhús […] en svo nefnast húsarústir á Héraðsvatnabakkanum, beint á móti bænum Keldudal, sem er austan við „vötnin“ (ÖMJ, 3). Á austurbakka Héraðsvatna um 18 m frá bakkanum eru miklar húsarústir.

Lýsing



Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Grafarbakki [er ú]t á móti Keldudal á bakka Héraðsvatna, fáeina metra vestan við farveginn, er umfangsmikill rústahóll um 30 m langur og 15 m breiður. Svolítill undirbakki er austan við og suður frá tóftunum og hefur verið byggt uppi á efri bakkanum. Tóftarbrotin ná austur á undirbakkann og sést smávegis af grjóti í tóftunum, aðflutt úr Hegranesi handan við Vötn. Þau eiga nú aðeins um 10 metra eftir í rústahólinn“ (BS II: 186-187).

Tóftasvæðið í heild er um 30x30 m á kant. Hóllinn er nokkuð hár og tóftirnar á honum einnig, um 160 sm þar sem þær eru hæstar. Austast eru fjárhús sem liggja austur vestur, þreföld með görðum á milli. Tóftirnar eru vel grónar er nyrst er rofabarð og sér þar í grjót og torfhleðslu. Einföld veggjalög sjást á nokkrum stöðum og er greinilegur veggur í gegnum tóftina frá norðri til suðurs.

Í vesturhluta tóftasvæðis er tóft sem liggur norður/suður, 10 m að lengd að innanmáli. Þar norðan við er erfiðara að átta sig á húsaskipan, en þar sér í vegghleðslur og þar er áðurnefnt rofabarð. Syðst er hús 2,5x4 m að innanmáli og þar sunnar er lítið herbergi eða kofi um 2x2 m að innanmáli. 18 m norðvestan við Grafarbakka er tóft 2x3 m að innanmáli og opin til vesturs.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir einnig: „Grafarhús voru upphaflega byggð af Steini Vigfússyni, og kallaðist þar Grafarbakki. En þar var engin byggð áður. Setti Steinn þangað húsfólk, jafnframt því sem þar voru beitarhús, og bjó þar first Þórarinn nokkur, en síðar hírðust þar bláfátæk hjón, Guðmundur og Steinvör. Dóu bæði sama vor úr landfarasótt (um 1860?)“ (MJ, 3).

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Hér voru kölluð Grafarhús eða Grafarbakki og voru beitarhús og um skeið húsmannsbýli frá Stóru-Gröf. Ekki er vitað hvenær beitarhús voru fyrst byggð á þessum stað. Trúlega hafa þau verið þar af og til um aldaraðir. Til þess bendir hinn umfangsmikli hóll sem hlaðist hefur upp. […] Heimildir eru um búsetu á tímabilinu 1853 og fram um 1869 og nokkrir dvöldust fáein ár á Grafarbakkanum. […] Þegar Sigurjón Markússon tók við jörðinni 1888 voru „hús niður á bakka yfir 60 kindur og hlaða yfir 200 hesta af heyi.“ Hann byggði mikla stækkun til viðbótar svo að þegar hann skilaði af sér jörðinni 1879 voru á Grafarbakka þrenn samstæðuhús með 6 króm og tóku 180 fjár. Garðarnir voru að nokkru hlaðnir úr grjóti en veggir allir úr torfi og hnausum, því að allt grjót varð að flytja úr Hegranesinu handan yfir Vötn. Þetta var gert til að þurfa ekki að flytja heim heyfenginn austan af Vatnabökkum. Húsin stóðu eitthvað fram yfir aldamótin 1900. Árið 1912 eru þau aflögð og e.t.v. fallin. Þá segir í úttekt:

„Fjárhús þau er í fyrri úttekt er getið að séu niður á Vatnabökkum eru nú fallin úr tölu nauðsynlegra mannvirkja af eðlilegum ástæðum“ [Úttektabók í Staðarhreppi 1846-1935] (BS II: 186-187).
Síðast bjuggu á Grafarbakka (1864-1869?), Ásmundur Þorvaldsson og Solveig Jónasdóttir, á framfæri Staðarhrepps.

Heimild

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Stóru-Grafar. Örnefnastofnun Íslands.
Úttektabók í Staðarhreppi 1846-1935.

Stóra-Gröf 134940 61 – 18



Sérheiti:Grafarhús, Grafarbakki
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 476825
Y: 573857
Lengd: 3
Breidd: 2
Ástand: Gott
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Ágangur búfjárs og vatnsfalls.

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „[…] Grafarhús […] nefnast húsarústir á Héraðsvatnabakkanum, beint á móti bænum Keldudal, sem er austan við „vötnin“ (MJ, 3).
Á austurbakka Héraðsvatna um 18 m frá bakkanum eru miklar húsarústir.

Lýsing

Um 18 m norðvestan við Grafarbakka er algróin tóft 2x3 m að innanmáli og opin til suðvesturs.

Heimild

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Stóru-Grafar. Örnefnastofnun Íslands.

Stóra-Gröf 134940 61 – 19

Hlutverk: Rétt
Tegund: Tóft
Staðsetning:
X: 476997
Y: 573569
Lengd: 14
Breidd: 7
Ástand: Gott
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Ágangur búfjárs og vatnsfalls.

56. mynd. Réttartóft á austurbakka Kvíslarinnar. Ljósm. BZ.

Staðhættir
Á austurbakka Héraðsvatna um 320 m austan Grafarbakka (sjá nr. 17) um 7 m frá árbakkanum eru tóftir hugsanlega réttar.

Lýsing



Tóftin er um 14x7 m að utanmáli. Veggir eru um hálfur metri að breidd en þeir eru nokkuð hrundir og um 3 m þar sem þykkast er. Þeir eru hæstir um 30-40 sm að utan. Tóftin er algróin og snýr norður/suður. Hugsanlegt er að veggur sé þvert yfir tóftina í norðurenda hennar.

Stóra-Gröf 134940 61 – 20
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 476825
Y: 573857
Lengd: 4
Breidd: 4
Ástand: Gott
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Ágangur búfjárs og vatnsfalls.



Staðhættir
Um 22 m norður af réttartóft (nr. 19). Eru leifar minni tóftar.
Lýsing
Tóftin er nokkuð rofin, samanstendur af þremur veggjarbrotum, um 50 sm breiðum. Hún liggur við Héraðsvötnin og er opin til austurs og opnast mót vötnunum.

Stóra-Gröf 134940 61 – 21
Hlutverk: Engjabrýr
Tegund: Garðlög
Ástand: Gott
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar: „[E]ngjaland Stóru-Grafar sérstaklega erfitt aðsóknar vegna kíla og keldna. Þurfti jafnan að byggja vegi um engjarnar með ræsum yfir verstu foræðin til þess að mögulegt væri að komast með heybandslestir af engjunum. Þessir vegir voru ekki annað en mjóir garðar og kölluðust brýr eða engjabrýr. Þær voru yfirleitt gerðar með þeim hætti að stungnir voru hnausar og þeim hlaðið hvorum á móti öðrum en fyllt upp á milli með reiðingi eða torfi“ (BS II: 183-184).
Lýsing
Mikið kerfi engjabrúa eru í landi Stóru-Grafar ytri. Þær eru vel grónar og liggja flestar nálega austnorðaustur/vestsuðvestur. Þær eru vel greinilegar, svipaðar að stærð, um 2ja m breiðar og um 30 sm háar. Götur eru eftir brúnum sums staðar tvær samsíða með um 40 sm millibili. Ein brúin liggur frá skurðinum neðan við brekkuna, norðaustur af íbúðarhúsi Gunnlaugs, til austurs eftir engjunum. Í um 500 m fjarlægð frá þeim skurði tengist hún annarri brú sem liggur norður eftir og sveigir til austurs. Fleiri brýr eru á svæðinu og tengjast þær hver annarri á ýmsum stöðum.
Engjabrú, liggur í dálitlum sveig, rúmlega 180 m á lengd.
475630
572797
Engjabrú, er bein og liggur milli tveggja skurða, um 350 m á lengd.
475770
572774
Engjabrú, liggur í boga frá suðri til norðausturs, er um 195 m á lengd.

475761
572868
Engjabrú, liggur í smá sveigju frá vestri til norðausturs og svo austurs, um 163 m á lengd.
475761
572832
Engjabrú, liggur í sveigju til suðausturs, beygir síðan til norðausturs og aftur til suðausturs, um 134 m á lengd.
475863
572768
Engjabrú, við syðri merkin milli Grafarbæjanna, er þráðbein frá suðvestri til norðausturs, um 258 m á lengd.
475807
572577
Engjabrú, við syðri merkin milli Grafarbæjanna, er nokkuð beinn og liggur frá suðvestri til norðausturs, um 113 m á lengd.
Engjabrú, 37 m langur bútur liggur í smá sveigju.
475891
572799
Engjabrú 41 m langur bútur liggur þvert norðvestur/suðaustur á annan lengri hluta brúarinnar.

Heimild

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Stóra-Gröf 134940 61 – 22

Sérheiti: Þiðriksheygarður
Hlutverk: Heygarður
Tegund: Garðlag
Staðsetning: X: 477031 Y: 572916
Ástand: Sæmilegt
Hætta: Mikil Hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „[Á] Kvíslarbökkunum beint austur af Stóru-Gröf syðri, skammt sunnan við Tána þar sem Kvíslin og Héraðsvötnin koma saman“ (BS II: 188).

Nánari Lýsing

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Heystæðið er 15-16 m langt og 4-5 á breidd“ (BS II: 188).

Lýsing

Á vesturbakka Kvíslarinnar rúma 1,5 km austnorðaustur af Stóru-Gröf syðri eru leifar heystæðis. Heystæðið er 17x7 m að ummáli og algróið. Hæð veggja um 20-30 sm.

Aðrar upplýsingar

Hinn 26. nóvember 1899 varð úti Þiðrik Þiðriksson vinnumaður á Húsabakka í heygarði á Kvíslarbökkunum beint austur af Stóru-Gröf syðri, skammt sunnan við Tána þar sem Kvíslin og Héraðsvötnin koma saman. […] Þiðrik var á heimleið úr kaupstaðnum í

samfylgd Bakkusar og lenti ofan í snjóhuldu þar sem hann ætlaði yfir Kvíslina heim að Húsabakka. Hann hafði sig samt til baka og komst að heygarðinum þar sem hann reyndi að grafa sig í heyið og lét fyrir berast en fraus í hel.“ (BS II: 188)

Heimild

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Stóra-Gröf 134940 61 – 23

57. mynd. Heystæði, horft er til norðurs. Ljósm. GSS.

Hlutverk: Heygarður
Tegund: Garðlag
Staðsetning:
X: 476955 Y: 572550
Lengd: 7
Breidd: 13
Ástand: Gott
Hætta: Lítil hætta
Hættuorsök: Vegna beitar

Staðhættir

Um 1,3 km suður af Grafarbakka (sjá nr. 17) eru leifar heygarðs.

Lýsing

Tóftin er tvískipt 3,5x6 eldri eða hærri hlutinn og norðan við er yngri eða lægri viðbót 3,5-4x7 m. Umhverfis er votlendisgróður en sóleyjar inni í tóftinni.

Stóra-Gröf 134940 61 – 24

Hlutverk: Heygarður
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 476374
Y: 572957
Lengd: 8
Breidd: 14

58. mynd. Heystæði, horft er til norðvesturs. Ljósm. GSS.

Ástand: Gott
Hætta: Lítil hætta
Hættuorsök: Vegna beitar
Staðhættir
Heytóft í landi Stóru-Grafar, um 1,3 km til norðausturs frá Stóru-Gröf ytri.
Lýsing
Tóftin stendur á um 1 m háum rústahól. Miðað við umfang tóftanna gæti maður ímyndað sér að þarna hafi einhver tíma verið meira en heytóft, s.s. beitarhús eða einhver kofi. Hólinn um 8 m breiður og 14 m langur. Veggir eru óljósir en nyrst má greina gólfflöt 3x6 m. Syðst í hólnum eru rofabörð og moldarflag. Engjabrú (nr. 26) liggur frá heygarðinum að heygarði skráðum nr. 25.

Stóra-Gröf 134940 61 – 25
Hlutverk: Heygarður
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 476313 Y: 572869
Lengd: 11
Breidd: 11
Ástand: Gott
Hætta: Lítil hætta
Hættuorsök: Vegna beitar
Staðhættir
Heytóft í landi Stóru-Grafar, um 1,3 km til norðausturs frá Stóru-Gröf ytri og tæplega 100 m suðvestur af heygarði nr. 23.
Lýsing
Heygarðurinn er nokkuð vel gróinn, hann er 11x11 m að utanmáli og liggur tæpa 100 m suðvestur af áður skráðum heygarði nr. 24. Milli þeirra liggur engjabrú, sjá nr. 26.

Stóra-Gröf 134940 61 – 26
Hlutverk: Engjabrú
Tegund: Vegur
Staðsetning: X: 476315 Y: 572875
Lengd: 94
Ástand: Gott
Hætta: Lítil hætta
Hættuorsök: Vegna beitar

Staðhættir
Engjabrú liggur milli tveggja heystæða um 1,3 km norðaustur af Stóru-Gröf Ytri.
Lýsing
Engjabrúin er vel greinileg, tæplega 1 metri á breidd og um 30-40 sm á hæð. Hún er vel gróin og liggur norðaustur/suðvestur milli tveggja heystæða skráð nr. 24 og 25



59. mynd. Tjarnarkot. Horft er til suðvesturs. Ljósm. BZ.

Stóra-Gröf 134940 61 – 27
Sérheiti: Tjarnarkot, Stekkjarhvammur
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 473909 Y: 571171
Ástand: Gott
Hætta: Lítil Hætta
Hættuorsök: Vegna beitar
Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Suður og vestur frá Hólatjörn er djúpur, allstór hvammur og í honum minjar um lítið býli og heitir [það] Tjarnarkot. Hvammurinn er í austurvanga á djúpu gili og rennur eftir því lækjarsytra sem hverfur þó niður í jörðina um það bil sem kemur að tóftunum. Þær eru á fjórum stöðum í hvamminum“ (BS II: 188).

Í örnefnaskrá segir: „Sunnan við melinn, sem takmarkar tjörnina [Bæjartjörnina] að sunnan, er grasi vaxinn hvammur. Þar eru tóftir, og kallaðist þar Tjarnarkot, en kalla sumir það Stekkjarhvamm. Þar sést fyrir vallargarði og túnkraga umhverfis rústirnar.“ (MJ, 4).

Lýsing

Syðsta tóftin er á hólbrún upp af gilbotninum, stór og ferköntuð og má ætla að þar hafi staðið bæjarhús. Svo sem 10-15 metra norður af henni er önnur tóft litlu minni“ (BS II: 188). Syðsta tóftin virðist vera bæjartóft, þar má greina 5 herbergi, tóftin liggur norðnorðvestur/suðsuðaustur. Hún er stærst tófta hvamminum. Tóftin er vel gróin grænu grasi og sjást í henni lág veggjalög. Tóftin er orðin nokkuð þýfð. Hóllinn er nokkuð hár sem gæti bent til þess að hér hafi lengi verið byggt. Hæð veggja er um 20-30 sm og breidd þeirra um 50 sm.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Heyskaparland er nánast ekkert nálægt. Innan gerðis hefur verið svo sem ein vallardagslátta en umhverfið er allt melar og lyngmóar á milli með nokkru berjalandi. Lítils háttar graslendi er í draginu sem liggur suður og út frá kotinu. Hér mun um fornan mannabústað að ræða, e.t.v. frá Þjóðveldisöld“ (BS II: 188).

Heimild

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Stóru-Grafar. Örnefnastofnun Íslands.

Stóra-Gröf 134940 61 – 28



60. mynd. Tjarnarkot. **Teikn. BZ og GSS.**

Sérheiti: Tjarnarkot, Stekkjarhvammur
Hlutverk: Útihús
Tegund: Tóft
Staðsetning:
X: 473907
Y: 571198
Ástand: Gott
Hætta: Lítil Hætta
Hættuorsök: Vegna beitar

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Suður og vestur frá Hólatjörn er djúpur, allstór hvammur og í honum minjar um lítið býli og heitir [það] Tjarnarkot. Hvammurinn er í austurvanga á djúpu gili og rennur eftir því lækjarsytra sem hverfur þó niður í jörðina um það bil sem kemur að tóftunum. Þær eru á

fjórum stöðum í hvamminum” (BS II: 188). Í örnefnaskrá segir: „Sunnan við melinn, sem takmarkar tjörnina [Bæjartjörnina] að sunnan, er grasi vaxinn hvammur. Þar eru tóftir, og kallaðist þar Tjarnarkot, en kalla sumir það Stekkjarhvamm. Þar sést fyrir vallargarði og túnkraga umhverfis rústirnar.“ (MJ, 4).

Lýsing

Syðsta tóftin er á hólbrún upp af gilbotninum, stór og ferköntuð og má ætla að þar hafi staðið bæjarhús. Svo sem 10-15 metra norður af henni er önnur tóft litlu minni“ (BS II: 188). Um 15 m norður af hugsanlegri bæjarhúsatóft er önnur sem gæti verið útihúsatóft. Hún er þrískipt eða í henni 3 herbergi. Tóftin liggur norðnorðvestur/suðsuðaustur en veggjalög eru nokkuð óljós. Hæð veggja frá gólfi eru um 20-30 sm. Gólflög eru slétt og vel græn en útveggir nokkuð farnir að hlaupa í þúfur. Tóftin er algróin og sér hvergi í grjóti.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Heyskaparland er nánast ekkert nálægt. Innan gerðis hefur verið svo sem ein vallardagslátta en umhverfið er allt melar og lyngmóar á milli með nokkru berjalandi. Lítils háttar graslendi er í draginu sem liggur suður og út frá kotinu. Hér mun um fornan mannabústað að ræða, e.t.v. frá Þjóðveldisöld“ (BS II: 188).

Heimild

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Stóru-Grafar. Örnefnastofnun Íslands.

Stóra-Gröf 134940 61 – 29

Sérheiti: Tjarnarkot, Stekkjarhvammur
Hlutverk: Túngarður
Tegund: Garðlag
Staðsetning: X: 473952 Y: 571222
Ástand: Gott
Hætta: Lítil Hætta
Hættuorsök: Vegna beitar

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Suður og vestur frá Hólatjörn er djúpur, allstór hvammur og í honum minjar um lítið býli og heitir [það] Tjarnarkot. Hvammurinn er í austurvanga á djúpu gili og rennur eftir því lækjarsytra sem hverfur þó niður í jörðina um það bil sem kemur að tóftunum. Þær eru á fjórum stöðum í hvamminum“. (BS II: 188) Syðsta tóftin er á hólbrún upp af gilbotninum, stór og ferköntuð og má ætla að þar hafi staðið bæjarhús. Svo sem 10-15 metra norður af henni er önnur tóft litlu minni. [...] Vallargarður er glöggur að norðan og suður að austan þar til kemur í lyngmóa, þá verður hann mjög óljós, en mun þó vera til staðar allt suður og niður fyrir sunnan syðstu rúst, en í sjálfum gilbotninum, sem er flatur og grasivaxinn, á að giska 10 metra breiður, verður ekki greindur neinn garður, hefur þó vafalítið verið þar og mætt endanum að norðan“ (BS II: 188). Í örnefnaskrá segir: „Sunnan við melinn, sem takmarkar tjörnina [Bæjartjörnina] að sunnan, er grasi vaxinn hvammur. Þar eru tóftir, og kallaðist þar Tjarnarkot, en kalla sumir það Stekkjarhvamm. Þar sést fyrir vallargarði og túnkraga umhverfis rústirnar.“ (MJ, 4).

Lýsing

Túngarður er vel greinilegur norðan tóftanna og suðaustan þeirra. Þar á milli er mjög þýft og ómögulegt að greina milli þúfna eða garðlags. Garðurinn er algróinn um 40 sm hár og mesta breidd hans er um 70 sm.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Heyskaparland er nánast ekkert nálægt. Innan gerðis hefur verið svo sem ein vallardagslátta en umhverfið er allt melar og lyngmóar á milli með nokkru berjalandi. Lítilsháttar graslendi er í draginu sem liggur suður og út frá kotinu“ (BS II: 188).

Heimild

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Stóru-Grafar. Örnefnastofnun Íslands.

Stóra-Gröf 134940 61 – 30

Sérheiti: Tjarnarkot, Stekkjarhvammur
Hlutverk: Stekkur
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 473937 Y: 571220
Ástand: Gott
Hætta: Lítil Hætta
Hættuorsök: Vegna beitar

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Suður og vestur frá Hólatjörn er djúpur, allstór hvammur og í honum minjar um lítið býli og heitir [það] Tjarnarkot. Hvammurinn er í austurvanga á djúpu gili og rennur eftir því lækjarsytra sem hverfur þó niður í jörðina um það bil sem kemur að tóftunum. Þær eru á fjórum stöðum í hvamminum. Syðsta tóftin er á hólbrún upp af gilbotninum, stór og ferköntuð og má ætla að þar hafi staðið bæjarhús. Svo sem 10-15 metra norður af henni er önnur tóft litlu minni. [...] Vallargarður er glöggur að norðan og suður að austan þar til kemur í lyngmóa, þá verður hann mjög óljós, en mun þó vera til staðar allt suður og niður fyrir sunnan syðstu rúst, en í sjálfum gilbotninum, sem er flatur og grasivaxinn, á að giska 10 metra breiður, verður ekki greindur neinn garður, hefur þó vafalítið verið þar og mætt endanum að norðan. Þriðja rúst er yst og efst undir melbrekkunni [...] og er auðsjáanlega af stórum stekk, mun yngri að sjá en hinar tóftirnar. Hann er óvenjustór, rúmir 7 metrar að lengd að innanmáli og 3-4 á breidd með lambakró sunnan við“ (BS II: 188).

Í örnefnaskrá segir: „Sunnan við melinn, sem takmarkar tjörnina [Bæjartjörnina] að sunnan, er grasi vaxinn hvammur. Þar eru tóftir, og kallaðist þar Tjarnarkot, en kalla sumir það Stekkjarhvamm. Þar sést fyrir vallargarði og túnkraga umhverfis rústirnar.“ (MJ, 4)

Nyrst í hvamminum er tóft stekkjar og líklega réttar, liggur við túngarðinn sem liggur út til vesturs og í boga til suðurs þar sem hann er gleggstur.

Lýsing

Tóftin er vel gróin en sér í grjót í veggjum tóftar, mest í norðurvegg. Hjalti Pálsson segir þetta vera stekkjartóft í Byggðasögu Skagafjarðar en við skoðun virðist þetta vera rétt eða nátthagi með stekk sunnan við, en þar er tvöföld tóft með lambakró til austurs. Réttarveggir eru nokkuð hærri en veggir stekkjarins, 40-50 sm frá gólfi og allt að 1 m

breiðir. Veggir í stekk eru 30-40 sm frá gólfi og enn lægri í lambakró. Tóftin liggur suðvestur/norðaustur.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Heyskaparland er nánast ekkert nálægt. Innan gerðis hefur verið svo sem ein vallardagslátta en umhverfið er allt melar og lyngmóar á milli með nokkru berjalandi. Lítilsháttar graslendi er í draginu sem liggur suður og út frá kotinu. Hér mun um fornan mannabústað að ræða, e.t.v. frá Þjóðveldisöld.“ (BS II: 188)

Heimild

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Stóru-Grafar. Örnefnastofnun Íslands.

Stóra-Gröf 134940 61 – 31

Sérheiti: Tjarnarkot, Stekkjarhvammur

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 473947 Y: 571210

Ástand: Gott

Hætta: Lítil Hætta

Hættuorsök: Vegna beitar

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Suður og vestur frá Hólatjörn er djúpur, allstór hvammur og í honum minjar um lítið býli og heitir [það] Tjarnarkot. Hvammurinn er í austurvanga á djúpu gili og rennur eftir því lækjarsytra sem hverfur þó niður í jörðina um það bil sem kemur að tóftunum. Þær eru á fjórum stöðum í hvamminum. Syðsta tóftin er á hólbrún upp af gilbotninum, stór og ferköntuð og má ætla að þar hafi staðið bæjarhús. Svo sem 10-15 metra norður af henni er önnur tóft litlu minni. [...] Vallargarður er glöggur að norðan og suður að austan þar til kemur í lyngmóa, þá verður hann mjög óljós, en mun þó vera til staðar allt suður og niður fyrir sunnan syðstu rúst, en í sjálfum gilbotninum, sem er flatur og grasivaxinn, á að giska 10 metra breiður, verður ekki greindur neinn garður, hefur þó vafalítið verið þar og mætt endanum að norðan. Þriðja rúst er yst og efst undir melbrekkunni [...] og er auðsjáanlega af stórum stekk, mun yngri að sjá en hinar tóftirnar. Hann er óvenjustór, rúmir 7 metrar að lengd að innanmáli og 3-4 á breidd með lambakró sunnan við. Fjórða rústin er fáeinum metrum sunnan við stekkinn, mjög gömul, löng og mjó, um 12 metra löng. Kunna að vera stórar kvíar fremur en hús“ (BS II: 188). Í örnefnaskrá segir: „Sunnan við melinn, sem takmarkar tjörnina [Bæjartjörnina] að sunnan, er grasi vaxinn hvammur. Þar eru tóftir, og kallaðist þar Tjarnarkot, en kalla sumir það Stekkjarhvamm. Þar sést fyrir vallargarði og túnkraga umhverfis rústirnar.“ (MJ, 4)

Lýsing

Um 6 m suðaustur af stekknum og réttinni er tvöföld tóft sem virðast mun eldri en hinar tóftirnar. Hún liggur austast tófta í Tjarnarkoti og liggur um 6 m vestan túngarðsins, undir brekkunni. Veggir eru nokkuð rofnir og tóftin þýfð. Tóftin er algróin og sér hvergi í grjót. Mesta hæð veggja er 40 sm. Nokkuð erfitt er að greina breidd veggja þar sem töluvert þýft er þarna. Á gólfi er grænt gras þar sem ekki er þýft en veggir og þúfur eru lyng- og

grasi vaxnar. Tóftin liggur suðvestur/norðausturs. Gætu verið kvíar eins og Hjalti Pálsson leggur til.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Heyskaparland er nánast ekkert nálægt. Innan gerðis hefur verið svo sem ein vallardagslátta en umhverfið er allt melar og lyngmóar á milli með nokkru berjalandi. Lítilsháttar graslendi er í draginu sem liggur suður og út frá kotinu. Hér mun um fornan mannabústað að ræða, e.t.v. frá Þjóðveldisöld“ (BS II: 188).

Heimild

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Stóru-Grafar. Örnefnastofnun Íslands.

Stóra-Gröf 134940 61 – 32



Hlutverk: Rétt
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 474574 Y: 571907
Lengd: 8
Breidd: 14
Ástand: Gott
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar

Staðhættir

Tvöföld tóft, hugsanlega réttar eða einhverskonar gripheldis, liggur norðaustur/suðvestur alveg sunnan við veg sem liggur nyrst í landi Stóru Grafar ytri. Um 200 m suður af íbúðarhúsi Holtsmúla.

Lýsing

Syðri hluti tóftar er töluvert stærri en sá nyrðri. Og sunnan þeirra og vestar er sléttað svæði. Veggir eru nokkuð greinilegir, mesta breidd veggja er 1,2 m og mesta hæð 40 sm. Breidd veggja allt að 2 m. Algróið, svolítið rofnir veggir.

Stóra-Gröf 134940 61 - 33

Hlutverk: Stekkur
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 473945 Y: 571790
Lengd: 10
Breidd: 7
Ástand: Gott
Hætta: Lítil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar

Staðhættir



Í örnefnaskrá segir: „[…Á] merkjum Stóru-Grafar og Holtsmúla neðst og nyrzt í Grafarsundi. Þar eru stekkjarrústir, og á fyrstu búskaparárum Steins bónda Vigfússonar var stekkjað þar nokkur vor.“ (MJ, 1). Tóftin er í grasigrónum hvammi eða bolla í um 100 m frá Sæmundará í um 20 m hæð miðað við ána.

Lýsing

Stekkjartóft sunnarlega í svokölluðu Grafarsundi. Tvískipt tóft og stærra hólfið liggur nálega austur/vestur með hliði til vesturs. Það er 5x4 m að innanmáli. Lambakróin er sunnan við 2x5 m með hliði til norðurs inní stærra hólfið fyrir miðju á norður vegg. Veggir eru nokkuð veglegir að sunnan og vestan en óljósari til norðurs og austurs. Breidd veggja er mest um 1,5 m og veggjahæð frá 15-45 sm.

Heimild

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Stóru-Grafar. Örnefnastofnun Íslands.

Stóra-Gröf 134940 61 – 35

Hlutverk: Varða
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

Staðhættir

Varðan stóð/stendur nyrst á bakka Héraðsvatna. Í landskiptasamningi frá 1939 segir: „Landinu frá Hjeraðsvötnum vestur að Bæjartjörn og skurði þeim er norður úr henni liggur skiftir [svo] bein lína úr vörðu á Hjeraðsvatnabakka nyrðst [svo] á Tanganum norðan við svokallaðan Vaðal vestur að áðurnefndum skurði yfir vörðu sem hlaðinn er skammt austan við skurðbakkann“(Landaskiptasamningur, 1939).

Lýsing

Varða ekki skráð sumarið 2005.

Heimild

Landskiptasamningur frá 1939, undirritað 11. apríl 1939 af Þorsteini Jóhannssyni og Snorra Stefánssyni, þinglýst 31. maí sama ár.

Stóra-Gröf 134940 61 – 36

Hlutverk: Varða
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

Staðhættir

Varðan stóð/stendur austan við skurðbakkann sem liggur úr Bæjartjörn í Héraðsvötn. Í landskiptasamningi frá 1939 segir: „Landinu frá Hjeraðsvötnum vestur að Bæjartjörn og skurði þeim er norður úr henni liggur skiftir [svo] bein lína úr vörðu á Hjeraðsvatnabakka nyrðst [svo] á Tanganum norðan við svokallaðan Vaðal vestur að áðurnefndum skurði yfir vörðu sem hlaðinn er skammt austan við skurðbakkann“ (Landaskiptasamningur, 1939).

Lýsing
Varðan ekki skráð sumarið 2005.
Heimild
Landskiptasamningur frá 1939, undirritað 11. apríl 1939 af Þorsteini Jóhannssyni og Snorra Stefánssyni, þinglýst 31. maí sama ár.

Stóra-Gröf 134940 61 – 37
Sérheiti: Hádegisholt
Hlutverk: Eyktarmark
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: „Hádegisholt er allstórt holt góðan kipp vestur frá brautinni. Þar mun hafa verið eyktarmark frá Holtsmúla, því að það er í hádegisstefnu þaðan og þó heldur í SSA.“ (MJ, 3).
Aðrar upplýsingar
Í örnefnaskrá segir: „Um 1890 varð þar [á Hádegisholti] úti í hríð að vetrarlagi vinnukona frá Holtsmúla, að nafni Ragnheiður. Hafði hún farið að kvöldi til með meisa til heygjafar í útigengt fjós. Eftir hríðina fannst hún helfrosin undir steini austarlega í holtinu með meisinn við hlið sér“ (MJ, 3).
Lýsing
Eyktamörk ekki skráð á vettvangi sumar 2006.
Heimild
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Stóru-Grafar. Örnefnastofnun Íslands.

Holtsmúli

61. mynd. Horft til norðvesturs heim að Holtsmúla.

Saga

Holtsmúla er fyrst getið er árið 1295 er Jörundur biskup á Hólum setur systraklaustur á Reynistað, þar segir: „Kirkia at stad i rænýsnesi a heima land halft ok hollz mula ok huam”[103], sem þýðir: Kirkja á Stað í Reyninesi á heimaland hálft og Holtsmúla og Hvamm. Holtsmúli var kominn í eigu Reynistaðarklausturs árið 1446[104] og var seldur ábúanda, Ellerti Jóhannssyni, árið 1915. Jörðin hefur verið í eigu niðja hans síðan.[105] Árið 1916 voru 50 hektarar lands niður við Héraðsvötn seld Jónasi Kristjánssyni lækni og var eftir það kallað Læknispartur, nær hann yfir allt Holtsmúlaland frá Reynisstaðamerkjum að Stóru-Grafarmerkjum en að vestan um vesturbakka Holtsmúlatjarnar.[106]

Nýbýlið Ármúli var stofnað árið 1938 og var búið þar til 1955 en frá þeim tíma var jörðin nytjuð frá Holtsmúla. Árið 1987 tók Ari Jóhann Sigurðsson jörðina til ábúðar en bjó á Mel. Nýtt íbúðarhús var reist þar árið 1990. Þar hefur takmarkaður búrekstur verið stundaður.[107]

---

[103] Íslenzkt fornbréfasafn II. Bls. 300.
[104] Íslenzkt fornbréfasafn IV. Bls. 701.
[105] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 175.
[106] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 176.
[107] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 172.

Refaeldi var stundað í Holtsmúla í 5 eða 6 ár frá árinu 1939 og minkaeldi var á árunum 1987-1999. Rjómabú var starfræk á árunum 1907-1915, nefnt Smjörbúið Fram og var í Mjólkurhúsahvammi við Staðará, nú í landi Ármúla.[108]

Líklegt má telja að bænhús eða kirkja hafi verið í Holtsmúla þó ekki séu til skriflegar heimildir um það. Þegar grafið var fyrir afrennsli frá votheysgryfju fáeinum metrum sunnan við íbúðarhúsið komu upp nokkrar hauskúpur og önnur mannabein. Þjóðminjavörður leit á svæðið en ekki hafa verið gerðar neinar rannsóknir þarna. Staðarprestar á Reynistað höfðu oft Holtsmúla til ábúðar og bjó síðasti prestur Jón Gunnarsson en hann lést árið 1780.[109]

Samkvæmt jarðatali Johnsen frá 1847 var Holtsmúli metin á 40 hundruð og neðanmáls er getið um eyðijörðina Strábeygingsstaði og að áður hafi jarðamat aðeins verið 20 hundruð.[110] Í jarðamati frá 1849 segir að túnið sem að mestum parti var þýft hafi verið 12 dagsláttur. Það var harðlent og spilltist sökum sandfoks. Langt var að sækja á engjar og var engjavegur torfær og krafðist talsverðar brúargjarðar. Samkvæmt jarðamati frá 1916 var túnið talið 14 dagsláttur, það var slétt að hálfu en harðlent og þýft og spilltist að vestanverðu vegna sandfoks. Langt var á engi og árlegt viðhald þurfti á engjaveg, það var slétt en blautt og í meðallagi grasgefið. Beitiland var gott en bæði Litla-Gröf og Stóra-Gröf áttu beitarítak í því og nýttist aðeins lítill hluti þess til ábúanda í Holtskoti.[111]

Í jarðabókinni frá 1713 er getið býlis er nefnist Strábeygingsstaðir, um það segir: „Ekki muna menn hjer bygð verið hafa, en af líkindum tófta og túngarðsleifa og so af bæjarnafninu ráða menn hjer bygð hafa verið, og brúka nú landið til beitar og slægna Holtsmúla ábúendur“.[112] Býlið hefur staðið rétt vestan við heimreiðina að Ármúla og Ásmúla og síðustu minjar þess horfið með vegagerð en samkvæmt örnefnaskrá sáust þar enn tóftir um 1933. Og við vegagerð kom upp gjall sem talið var úr fornri járnsmiðju Um 1930 var haft eftir Jóni Jónssyni hreppstjóra frá Hafsteinsstöðum að býli nefnt Strábeygingsstaðagerði hafi verið norðan í Svarðarhól sem er á merkjum Reynistaðar og Holtsmúla. Ekki eru þar neinar tóftir en nyrst í landi Holtsmúla virðast vera einhverjar tóftir og telur höfundur Byggðasögu að ef þetta býli hafi verið til muni það þar hafa verið.[113]

Jarðabókin 1713 nefnir einnig tvö húsmannsbýli og eitt gerði: „Steinshús og Gunnarstopter eru hjer tóftaleifar tvær innan garðs. Aldri hefur hjer bygð verið nema sú, að þessi hús voru ljeð fátækum mönnum til að hýrast við, og þeim so ljeð af heimabónda partur úr túninu, sem lítill eður 0 góðvilji hefur komið. Hvammur eða Tóptahvammur er hjer girðíng í landinu so sem verið muni hafa þrælsgerði“.[114] Ekki eru þessi nöfn þekkt í dag en sunnan við bæinn var gerði nefnt Suðurgerði og gætu húsmannsbýlin hafa verið þar og um 50 m suðaustan við bæinn var Holtsmúlagerði en ekki er vitað hvort að

[108] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 178-179.
[109] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 178.
[110] J. Johnsen, 1847. Bls. 257.
[111] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 175, 177.
[112] Jarðabók. 9. bindi. Bls. 94.
[113] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 179-180.
[114] Jarðabók. 9. bindi. Bls. 95.

Hvammur eða Tóftahvammur hafi verið þar.[115] Selstöðu átti jörðin í Miðdal í Þrætutungum sem var fornt heimaland Reynistaðar, vestan Miðdalsár milli Grenskarðs og Kúagils.[116]

Náttúrufar og jarðabætur

Bærinn stendur syðst í landi jarðarinnar og hallar túnum norður frá bænum í átt til þjóðvegar. Megintúnin liggja á flatlendinu vestur af bænum og þar vestan við, nú í landi Ármúla, eru melar upp með gili Sæmundará. Einnig tilheyrir nú landið austan og norðan þjóðvegar Ármúla en síðan er hólótt land norður að landamerkjum Reynistaða. Þar tekur landi að til austurs að vesturjaðri svonefnds Eylendis. Þar er flatt, samfellt gróið land, mýrar og þurrlendi til skiptis austur að Holtsmúlatjörn sem nú er uppþurrkuð.[117]

Landamerki

"Holtsmúli á land að Stóru-Gröf ytri að austan og sunnan, Ármúla að vestan, Ármúla og Reynistað að norðan, Læknisparti við Héraðsvötn að austan".[118]

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagfirðinga, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Íslenzkt fornbréfasafn II, 1253-1350. Kaupmannahöfn, 1893.

Íslenzkt fornbréfasafn IV, 1265-1449. Hið íslenzka bókmenntafélag, Kaupmannahöfn. 1897.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (9. bindi). Hið Íslenska Fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1930.

J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* Kaupmannahöfn 1847.

[115] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 179.
[116] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 180.
[117] Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 174.
[118] Sama heimild.



62. mynd. Túnakort Holtsmúla.

Fornleifaskráning

Holtsmúli 145981 62 –1
Sérheiti: Holtsmúli
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 474625 Y: 572125
Ástand: Horfinn
Hættumat: Hætta mikil
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Torfbærinn stóð rétt vestan við núverandi íbúðarhús“ (BS II: 177). Á túnakorti frá 1917 er bærinn syðst (ef gert er ráð fyrir að norður snúi upp) í túninu, vestan heimreiðar.
Lýsing
Ekkert sér nú eftir af bænum. Vestan við núverandi íbúðarhús (byggt 1930) er garður og tún vestan hans.
Heimild
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort Holtsmúla. Þjóðskjalasafn Íslands.

Holtsmúli 145981 62 – 2
Hlutverk: Kirkja/bænhús
Tegund: Heimild
Ástand: Horfin
Staðsetning: Ókunn
Hættumat: Hætta mikil
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Staðhættir
Ókunnir. Hafi kirkja eða bænhús verið á staðnum er líklegt að hún hafi staðið í eða við grafreitinn og því á svipuðu svæði og núverandi íbúðarhús.
Aðrar upplýsingar
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Staðarprestar á Reynistað höfðu oft Holtsmúla til ábúðar, en stundum Hafsteinsstaði. Síðasti prestur með búsetu á Holtsmúla var séra Jón Guðmundsson, dáinn 1780. Þótt allar skriflegar heimildir skorti hefur þar sannanlega verið bænhús eða kirkja. Þetta kom í ljós þegar grafið var fyrir afrennsli frá votheysgryfju fáum metrum sunnan við íbúðarhúsið. Þá komu upp úr skurðinum nokkrar hauskúpur og töluvert af öðrum mannabeinum. Þjóðminjavörður kom og leit á lauslega, en engin rannsókn gerð og voru beinin grafin aftur í jörðu á sama stað. Þetta var um eða laust fyrir 1970“ (BS II: 178).
Lýsing
Engar menjar umræddrar kirkju fundust við vettvangsskráningu.
Aðrar upplýsingar

Ekki er útilokað að grafreitur hafi verið á bænum án þess að þar hafi staðið guðshús af einhverju tagi.

Heimild

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Holtsmúli 145981 62 – 3

Hlutverk: Grafreitur
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Staðsetning: X: 474642 Y:572116
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð/framkvæmdir

Staðhættir

Sunnan við núverandi íbúðarhús á Holtsmúla.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Staðarprestar á Reynistað höfðu oft Holtsmúla til ábúðar, en stundum Hafsteinsstaði. Síðasti prestur með búsetu á Holtsmúla var séra Jón Guðmundsson, dáinn 1780. Þótt allar skriflegar heimildir skorti hefur þar sannanlega verið bænhús eða kirkja. Þetta kom í ljós þegar grafið var fyrir afrennsli frá votheysgryfju fáum metrum sunnan við íbúðarhúsið. Þá komu upp úr skurðinum nokkrar hauskúpur og töluvert af öðrum mannabeinum. Þjóðminjavörður kom og leit á lauslega, en engin rannsókn gerð og voru beinin grafin aftur í jörðu á sama stað. Þetta var um eða laust fyrir 1970“ (BS II: 178).

Lýsing

Við skráningu sáust engin merki grafreitsins, þarna er nú garður.

Heimild

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Holtsmúli 145981 62 – 4

Hlutverk: Vatnsból/ brunnur
Tegund: Heimild
Ástand: Nánast horfið
Staðsetning: X: 474677 Y: 572097
Hættumat: Hætta
Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Allstórt gildrag gengur gegnum túnið austan við bæinn. Vatnsbrunnur var í brekkunni á móti bænum handan við dragið, leiðinlegt vatnsból og illa staðsett, og sýnir sig enn sem hola í túninu“ (BS II: 178).

Lýsing

Mikill gróður var á svæðinu við skráningu en þó mátti greina holu á umræddum stað í túninu, um 1,5 m í þvermál.

Heimild

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.



63. mynd. Tóftir á Svarðarhól og Langahól. **Loftm.: Loftmyndir ehf. Teikn:GSS.**

Holtsmúli 145981 62 – 5



64. mynd. Horft til suðausturs af austurenda Langahóls yfir óþekkta tóft nr. 5. Hóllinn Strýta í bakgrunni fyrir miðri mynd. Ljósm. GSS

Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Heimild
Ástand: Sæmilegt
Staðsetning:
X: 474431
Y:573470
Hættumat:
Hættuorsök:
Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Í norðaustur frá Svarðarhól, svo sem rúma 100 metra, gengur Langhóll, sléttur og algróinn hryggur frá norðvestri til suðausturs, a.m.k. 100 metra langur. Austast, sunnan í Langhól, eru ógreinileg mannvirki (65°39’287/19°32’806), líta út eins og matjurtagarður. Aðrar tóftir verða ekki greindar með vissu“ (BS II: 178).

Lýsing

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Lengd garðsins er 18-20 metrar og breiddin 5-6 metrar en enginn veggur sjáanlegur á þeirri hliðinni sem snýr upp í hrygginn“ (BS II: 178).

Mjög þýft er umhverfis tóftirnar í og við tóftina að sunnan og ekki gott að gera greinarmun á veggjum og þúfum. Norðurveggurinn er uppblásinn og sér lítið eftir af honum, suðurhliðin er nokkuð óljós vegna þúfna en veggurinn virðist vera um 17 m langur og 1-2 metra breiður, nokkuð slitróttur, sina og mosi er í veggnum. Veggjahæð er um 10-20 sm frá gólfi en allt að 120 sm frá umhverfinu sunnan við. Hugsanleg kofatóft er vestast, 2 x 3 m að innanmáli með dyrum til austurs inní það sem virðist vera tvískipt hólf 13 m langt í allt, vestara hólfið 5m og austan 8m. Neðan (sunnan) við austara hólfið er garðbrot eða hólf opið til vesturs um 5x1,5-2m.



Heimild

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Holtsmúli 145981 62 – 6
Hlutverk:
Óþekkt/Sáðreitur
Tegund: Heimild
Ástand: Gott
Staðsetning: X: 474652
Y:572920
Hættumat: Hætta
Hættuorsök: Ágangur búfjár

65. mynd. Horft til norðausturs upp á Svarðarhól, fyrir miðri mynd sér móta fyrir ferhyrndu garðlagi. Ljósm. GSS.

Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Suðvestan í Svarðarhól er annar svipaður garður [og sá sem er í Langhól] en miklu stærri með langvegg að neðan og þverveggjum upp bæði að útvestan og suðaustan“ (BS II: 178).

Lýsing
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Lengdin er 50-60 metrar, breidd 10-20, óljóst þar sem engin skil eru sjáanleg uppi í hólinn. Þessi garðlög öll eru mjög fornleg“ (BS II: 178).
Garðlagið er um 2-4 m breitt, suðaustur veggurinn um 26 m langur og gengur í undan brekkunni, beygir svo í 90° til norðaustur og er 54 m á þeim kafla, þá beygir hann aftur í 90° upp brekkuna og er þar um 17 m langur. Garðlagið myndar einskonar hornklofa utan í hólnum sem er opinn til norðausturs. Hleðslan er breiðust neðst og óljós á kafla vegna þúfnamyndunar, en hóllinn er að mestu þýfður nema efst þar sem hann er gróðursnauður og uppblásinn að hluta. Hugsanlega hefur verið veggur þar á brúninni sem blásið hefur upp einhvern tíma. Innan garðlagsins er vel gróið og fremur slétt.

Heimild
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Holtsmúli 145981 62 – 7
Sérheiti: Dysjagil
Hlutverk: Þjóðsagnastaður
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Staðsetning: X: 474138 Y: 572566
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Landrof

Staðhættir
Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar fyrir Holtsmúla segir: „Vestan við túnið er Dysjagil. Það er djúpt sandgil, og í suðvestan- og vestanverðum rífur sandinn úr gilinu, enda er

eystri barmur gilsins örfoka af gróðri, en þó virðist uppblásturinn vera minni en fyrrum“ (ÖJM; 1).

Lýsing

Engar sýnilegar minjar eru í gilinu sjálfu.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Nafnið stafar frá dysjum illvirkjanna úr Þjófagili, sbr. Reynistaðarlýsingu hér að framan, en dysjar þær eiga að vera uppi á Hvammabarmi, sem er í vestur frá gilinu, aðeins stuttan spöl“(ÖJM; 1).?

Á vanganum austanverðum við gilkjaftinn þar sem hann opnast út við Staðará, þar sem bílvegur var fyrst lagður sunnan með ánni til austurs frá gömlu brúnni, yfir gilkjaftinn, sagði Sigurður Jónsson bóndi á Reynistað að vegavinnumenn hefðu rekist á bein, sem þeir töldu mannabein, er þeir voru að laga til fyrir ræsi. Þeir tóku þau upp og grófu í holu þar rétt hjá. Það var ekki tilkynnt um þennan fund (SS).

Heimild

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Holtsmúla. Örnefnastofnun Íslands.

Holtsmúli 145981 62 – 8

Hlutverk: Dysjar/ þústir
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Staðsetning: X: 473988
Y: 572492
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök:
Vegna uppblásturs

66. mynd. Dys á Hvammabörmum. Ljósm. JZ.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar fyrir Holtsmúla segir: „Vestan við túnið er Dysjagil. [...] Nafnið stafar frá dysjum illvirkjanna úr Þjófagili, sbr. Reynistaðarlýsingu [...], en dysjar þær eiga að vera uppi á Hvammabarmi, sem er í vestur frá gilinu, aðeins stuttan spöl. [...] Áðurnefndur Hvammabarmur er melbrún austan við Sæmundará, en þar fyrir vestan er árgilið djúpt og breitt og kallast oft Hvammar“ (ÖJM; 1).

Lýsing

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Þar [uppi á Hvammabarmi] eru 3 þústir, sem vel geta verið dysjar, enda hafa blásið þar upp mannabein í tíð núverandi ábúanda á Holtsmúla“ (ÖJM; 1). Í Byggðasögu Skagafjarðar (undirmál við mynd) segir: „Dysjar þeirra eru þó væntanlega ekki þar [átt er við Dysjugil] heldur við vegslóða á melabrúninni vestur við Staðará. (65°38’950/19°33’910). Um 1940 voru farin að blása þarna upp bein og fór Guðrún Sveinsdóttir kennslukona með nemendum sínum og huldu þau hlið við hlið. Sumarið 1987 var gerð lítilfjörlega könnunarhola og fundust strax mannabein sem

látin voru aftur í sama stað. Nokkrar líkur eru á að önnur dys sé 10 m sunnar á melbrúninni en lítið ber á þeim hvorum tveggja. Órannsakað er þó hvort þetta eru dysjar sakamanna eða e.t.v. heiðin kuml“(BS II; 175).
Þrjár dysjar voru skráðar vestast á Hvammabörmum, vestan við slóða þann sem liggur eftir melnum. Sú nyrsta var smá dæld í jörðina um 1x1 m að ummáli. Nokkuð grjót var í vesturhlið dældarinnar.

Munnmæli

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Hermir svo gömul munnmælasögn, að svo hafi mikill geigur verið í mönnum við lík þjófanna, að Holtsmúlabóndi einn hafi þorað að láta jarða þá í landi sínu“ (ÖJM; 1).

Aðrar upplýsingar

Í neðanmálsgrein í örnefnaskrá Holtsmúla segir: „Hann [Ellert Jónsson ábúandi á Holtsmúla þegar örnefnaskráin var unnin 1933] hefur sagt mér, að komið hafi þar upp bein úr tveim mönnum, en annars hefur ekki verið grafið í dysjarnar. Björn á Skarðsá segir, að líki hafi verið dysjuð í Dysjagili, en það mun vera ónákvæmni hjá honum. Það hefði verið óviturlegt mjög að grafa þá þar. Því að í leysingum og veðrum grefst gilið og er þar foksamt mjög“ (ÖJM; 3-4).

Heimild

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Holtsmúla. Örnefnastofnun Íslands.
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Holtsmúli 145981 62 – 9



Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Tóft
Ástand: Lélegt
Staðsetning: X: 473982
Y: 572161
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Jarðvegsrof

Staðhættir

Á vestanverðum Hvammabarminum um 425 m í háaustur frá minkahúsinu á Holtsmúla er lítil hola um 4 m vestan við vegslóðann sem liggur eftir brúninni.

Lýsing

Holan er c.a. 1 x 1 m að utanmáli og virðist vera hleðslugrjót í henni að vestanverðu. Holan er vestan í svo-litlum grónum hól í annars gróður-snauðu umhverfi.

Aðrar upplýsingar

Óljóst er hvaða hlutverki þetta mannvirki hefur gegnt en gæti hafa verið kofi af einhverju tagi.

Holtsmúli 145981 62 – 10
Sérheiti: Smjörbúið Fram
Hlutverk: Rjómabússkáli
Tegund: Hleðsla (grunnur)
Ástand: Gott
Staðsetning: X: 473887
Y: 572312
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Ábúð



Staðhættir
Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar fyrir Holtsmúla segir: „[...] Hvammabarmur er melbrún austan við Sæmundará, en þar fyrir vestan er árgilið djúpt og breitt og kallast oft Hvammar. En yzt í þeim eru Mjólkurhúshvammur ytri og syðri“ (ÖJM; 1).

Lýsing
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Var grafinn nokkur hundruð metra langur aðfærsluskurður og reistur timburskáli á hlöðnum kjallara. Hefur náðst 2-3 m fallhæð í svo sem 10 metra langri rennu niður á vatnshjólið sem látið var knýja smjörgerðartækin“ (BS II: 178).
Grunnurinn er 5 x 7 m að ummáli og liggur aðfærsluskurðurinn fast norðan við hann.

Aðrar upplýsingar
Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Fyrir um 20 árum var reistur rjómabúskáli í ytri hvamminum, og þá var farið að kalla hvammana þessum nöfnum, en eldra nafnið á syðri hvamminum var Ullarhvammur“ (ÖJM; 1-2).
Í aftanmálsgrein í örnefnaskrá Margeirs segir: „Rjómaskálinn var rifinn fyrir fáum árum og reistur aftur í Stóru-Gröf og þar notaður sem íbúðarhús“ (ÖJM; 4).
Örnefnaskráin er skrifuð 8. nóv. 1933. Samkvæmt Margeiri var skálinn því reistur um 1913, í Byggðasögu Skagafjarðar segir hins vegar: „Árin 1907-1915 starfaði rjómabú í Mjólkurhúshvammi ytri upp með Staðaránni. Voru þar kallaðir Mjólkurhúshvammur ytri og syðri og lágt leiti á milli þeirra en áður hafði syðri hvammurinn heitið Ullarhvammur. Þar var áin tekin upp í aðfærsluskurð sem grafinn var gegnum leitið. [...] Stofnfundur búsins var haldinn á Reynistað 25. maí 1905 [...]. Búinu var gefið nafnið Smjörbúið Fram. Félagssvæðið var Langholt, Sæmundarhlíð og allt út að Sjávarborg í Skarðshreppi. Framkvæmdir munu hafa byrjað sumarið 1906“ (BS II: 178).
„Árið 1916 var ákveðið að slíta félaginu. Skuldir voru töluverðar og skálinn seldur hæstbjóðanda, Snorra Stefánssyni í Stóru-Gröf, sem tók hann sundur og reisti að nýju við bæ sinn og var hann lengi síðan hluti bæjarins í Stóru-Gröf. [...] Glögglega sést fyrir grunni skálans og aðfærsluskurðinum. Staðurinn er nú í landi Ármúla“ (BS II: 179).

Heimild
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Holtsmúla. Örnefnastofnun Íslands.
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Holtsmúli 145981 62 – 11
Sérheiti: Smjörbúið Fram
Hlutverk: Mylla
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Staðsetning: X: 473886 Y: 572311
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Ábúð
Staðhættir
Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar fyrir Holtsmúla segir: „[...] Hvammabarmur er melbrún austan við Sæmundará, en þar fyrir vestan er árgilið djúpt og breitt og kallast oft Hvammar. En yzt í þeim eru Mjólkurhúshvammur ytri og syðri„ (ÖJM; 1).
Mjólkurbúið var í ytri hvamminum, en í syðri hvamminum „var áin tekin upp í aðfærslukskurð sem grafinn var í gegnum leitið„ (BS II: 179).
Lýsing
Ekkert sér eftir af myllunni.
Aðrar upplýsingar
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Vatnsmylla var byggð við rjómabúið árið 1909 [...]. Húsið var timburhús með járnþaki, um það bil 2,20x2,80 m að stærð og var Láru á Gili 28 daga að smíða það. Húsið stóð enn 1916 og þá talið í eigu Sigurðar Jónssonar á Reynistað og fleira. Enn eru til myllusteinarnir tveir heima á Reynistað, óvenjustórir en annar þeirra brotinn. Glögglega sést fyrir grunni skálans og aðfærsluskurðinum. Staðurinn er nú í landi Ármúla“ (BS II: 179).
Heimild
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Holtsmúla. Örnefnastofnun Íslands.
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Holtsmúli 145981 62 – 40
Hlutverk: Aðfærsluskurður
Tegund: Skurður
Ástand: Gott
Staðsetning: X: 473880 Y: 572319
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Ábúð
Staðhættir
Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar fyrir Holtsmúla segir: „[...] Hvammabarmur er melbrún austan við Sæmundará, en þar fyrir vestan er árgilið djúpt og breitt og kallast oft Hvammar. En yzt í þeim eru Mjólkurhúshvammur ytri og syðri„ (ÖJM; 1).
Lýsing
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Var grafinn nokkur hundruð metra langur aðfærsluskurður og reistur timburskáli á hlöðnum kjallara. Hefur náðst 2-3 m fallhæð í svo sem 10 metra langri rennu niður á vatnshjólið sem látið var knýja smjörgerðartækin“ (BS II: 178).

Aðfærsluskurður frá Sæmundará að gamla mjólkurbúinu liggur syðst í Ytri-Mjólkurbúshvammi. Um það bil 80 m austur af Sæmundará liggur norðnorðaustur/suðsuðvestur á norðurenda beygir garðurinn til vesturs í átt að rjómabúinu sem stór þar 10 m vestan við og þar sést grunnur hússins, 5x7 m að utanmáli og hefur vatnið runnið niður sunnan megin og út í læk sem kemur úr Sæmundaránni í boga til suðurs virðist vera fráfærsluskurður.

Heimild

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Holtsmúla. Örnefnastofnun Íslands.

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Holtsmúli 145981 62 – 12



Hlutverk: Stekkur
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 473924 Y:572265
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Stekkur (65°38’828/19°33’988) er uppi á grónu þúfnabarði í Mjólkurhúsahvammi ytra, um það bil 60 metra suður og upp af grunni rjómaskálans“ (BS II: 180).

Lýsing

Stekkurinn er uppá svolítilli tóftaupphækkun, hugsanlega á leifum eldri stekkjar. Tóftin snýr u.þ.b. norður suður, stærra hólfið er opið til suðvesturs um 4 x 4 m að innanáli, norðan við er lítilli lambakró um 1,5 x 1,5 m. Vestan við tóftina aðeins ofar í brekkunni virðast vera leifar eldri byggingar, um 4 x 4 m. Mesta hæð veggja er um 40 sm og mesta breidd um 110 sm. Mikill gróður er í og við tóftirnar.

Heimild

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

67. mynd. Strábeygingsstaðir. Loftm.: Loftmyndir ehf. Teikn. GSS/BZ.

Holtsmúli 145981 62 – 13
Sérheiti:Strábeygingsstaðir
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 474290 Y:572656
Ástand: Ómetið
Hættumat: Hætta
Hættuorsök:
Ábúð/trjárækt
Staðhættir
Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar fyrir Holtsmúla segir: „Strábeygingsstaðir er gamalt eyðikot út undir ánni, norður frá Holtsmúlabæ. Þar [á Strábeygingsstöðum] hefur verið þýft tún, og sést vel fyrir því enn. Liggur brautin gegnum það, og húsarústir sjást þar á 3 eða 4um stöðum beggja megin við brautina. Og sunnan við túnið eru leifar af vallargarði, sem verið hefur þykkur og hár í fyrstu. Vafalaust hefur verið býli þarna, og hefur það eyðzt af sandfoki úr gilinu, sem er vestan við kotið“ (ÖJM; 2).
Lýsing
Mikill gróður var á svæðinu þegar vettvangsskráning fór fram og ekki fundust neinar öruggar leifar mannabústaðar.
Aðrar upplýsingar

Í neðanmálsgrein segir Margeir: „Kot þetta er hvergi nefnt fyrr en í Jarðabók Árna (1709). En þó man enginn eftir byggð þar, sem tæplega er von. Með hliðsjón af tilgreindum heimildum um Holtsmúlanafn [en þar kemur fram að ekkert annað nafn en Holtsmúli er til í heimildum um svæðið og að það nafn hafi haldist óbreytt a.m.k. frá 1431] væri eðlilegast að álykta sem svo, að bærinn hefði upphaflega verið byggður þar, sem eyðikotið er, en síðan færður suður á hæðina, þegar uppblásturinn fór í vöxt af sandfokinu úr Dysjagili. Eftir það hefði Strábeygingsnafnið komið upp og stafaði þá af graslegu, því að puntgresið hefur varla náð beinum vexti vegna foks og storma og því hallazt undan veðri. Um 1700 voru engjarnar kallaðar Strábeygingsstaðaengjar, sem nú eru vitanlega kallaðar Holtsmúlaengjar, niðri í mýrunum. Jón Jónsson, fyrrv. hreppstj. á Hafsteinsstöðum segir mér, að Strábeygingsstaðagerði hafi verið norðan í Svarðarhól, en litlar rústir sjást þar. (Daglegt mál er nú Strábeinsstaðir)“(ÖMJ, 4).
Í Jarðabók frá 1713 segir: „Ekki muna menn hér byggð verið hafa, en af líkindum tófta og túngarðsleifa og svo af bæjarnafninu ráða menn hér byggð hafa verið, og brúka nú landið til beitar og slægna Holtsmúla ábúendur“ (JÁM IX: 95).
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Nafnið er mjög sérstætt og má leita skýringa til þess að þarna hafi verið svo veðrasamt að stráin hafi bognað í vindinum. Styttingin Strábeinsstaðir var þó miklu fremur notað í seinni tíð“ (BS II: 179).

Heimild

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (9. bindi).. Hið Íslenska Fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1930.
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Holtsmúla. Örnefnastofnun Íslands.

Holtsmúli 145981 62 – 14

Sérheiti: Strábeygingsstaðir
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 474290 Y:572656
Ástand: Lélegt
Hættumat: Hætta
Hættuorsök: Ábúð/trjárækt

Staðhættir

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar fyrir Holtsmúla segir: „Strábeygingsstaðir er gamalt eyðikot út undir ánni, norður frá Holtsmúlabæ“ (ÖJM; 2).

Lýsing

Undir gamla veginum um 120 m beint norður af íbúðarhúsinu á Ármúla fannst niðurgrafin tóft. Tóftin snýr norðaustur-suðvestur og er um 6 x 4 m að innanmáli, niður grafin um 30 sm, engir veggir eða dyr greinanlegar. Mögulega er þetta mannabústaður en það er ekki hægt að fullyrða um það án frekari rannsókna.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Þar [á Strábeygingsstöðum] hefur verið þýft tún, og sést vel fyrir því enn. Liggur brautin gegnum það, og húsarústir sjást þar á 3 eða 4um stöðum beggja megin við brautina. Og sunnan við túnið eru leifar af vallargarði, sem

verið hefur þykkur og hár í fyrstu. Vafalaust hefur verið býli þarna, og hefur það eyðzt af sandfoki úr gilinu, sem er vestan við kotið“ (ÖJM; 2).
Í neðanmálsgrein segir Margeir: „Kot þetta er hvergi nefnt fyrr en í Jarðabók Árna (1709). En þó man enginn eftir byggð þar, sem tæplega er von. Með hliðsjón af tilgreindum heimildum um Holtsmúlanafn [en þar kemur fram að ekkert annað nafn en Holtsmúli er til í heimildum um svæðið og að það nafn hafi haldist óbreytt a.m.k. frá 1431] væri eðlilegast að álykta sem svo, að bærinn hefði upphaflega verið byggður þar, sem eyðikotið er, en síðan færður suður á hæðina, þegar uppblásturinn fór í vöxt af sandfokinu úr Dysjagili. Eftir það hefði Strábeygingsnafnið komið upp og stafaði þá af graslegu, því að puntgresið hefur varla náð beinum vexti vegna foks og storma og því hallazt undan veðri. Um 1700 voru engjarnar kallaðar Strábeygingsstaðaengjar, sem nú eru vitanlega kallaðar Holtsmúlaengjar, niðri í mýrunum. Jón Jónsson, fyrrv. hreppstj. á Hafsteinsstöðum segir mér, að Strábeygingsstaðagerði hafi verið norðan í Svarðarhól, en litlar rústir sjást þar. (Daglegt mál er nú Strábeinsstaðir)“ (ÖJM; 4).
Í Jarðabók frá 1713 segir: „Ekki muna menn hér byggð verið hafa, en af líkindum tófta og túngarðsleifa og svo af bæjarnafninu ráða menn hér byggð hafa verið, og brúka nú landið til beitar og slægna Holtsmúla ábúendur“ (JÁM IX: 95).
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Nafnið er mjög sérstætt og má leita skýringa til þess að þarna hafi verið svo veðrasamt að stráin hafi bognað í vindinum. Styttingin Strábeinsstaðir var þó miklu fremur notað í seinni tíð“ (BS II: 179).

Heimild

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (9. bindi). Hið Íslenska Fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1930.
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Holtsmúla. Örnefnastofnun Íslands.

Holtsmúli 145981 62 – 15

Sérheiti: Strábeygingsstaðir
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Garðlag
Staðsetning: X: 474252 Y: 572682
Ástand: Lélegt
Hættumat: Hætta
Hættuorsök: Ábúð/trjárækt

Staðhættir

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar fyrir Holtsmúla segir: „Strábeygingsstaðir er gamalt eyðikot út undir ánni, norður frá Holtsmúlabæ“(ÖJM; 1).

Lýsing

Mikill gróður var á svæðinu þegar vettvangsskráning fór fram og ekki fundust neinar öruggar leifar mannabústaðar. Undir gamla veginum um 120 m beint norður af íbúðarhúsinu á Ármúla fannst niðurgrafin tóft. Um 40 m norðvestan við hana fannst garðbrot um 8 m langt, 40 sm hátt og 1,5 m breitt.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Þar [á Strábeygingsstöðum] hefur verið þýft tún, og sést vel fyrir því enn. Liggur brautin gegnum það, og húsarústir sjást þar á 3 eða 4um

stöðum beggja megin við brautina. Og sunnan við túnið eru leifar af vallargarði, sem verið hefur þykkur og hár í fyrstu. Vafalaust hefur verið býli þarna, og hefur það eyðzt af sandfoki úr gilinu, sem er vestan við kotið“ (ÖJM; 2).

Heimild

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Holtsmúla. Örnefnastofnun Íslands.

Holtsmúli 145981 62 – 16

Sérheiti: Strábeygingsstaðir
Hlutverk: Túngarður
Tegund: Garðlag
Staðsetning: X: 474257 Y:572605
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð/trjárækt

Staðhættir

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar fyrir Holtsmúla segir: „Strábeygingsstaðir er gamalt eyðikot út undir ánni, norður frá Holtsmúlabæ“ (ÖJM; 1).

Lýsing

Garðurinn er ofan við gamla veginn um 45 m í norðvestur frá íbúðarhúsinu á Ármúla. Hann nær svo um 50 m til norðurs með smá sveig til vesturs. Vegghæð er mest 1 m og breidd 1,5-2,5 m. Syðsti hluti þessa garðs er í hættu vegna trjáræktar og hefur nokkrum plöntum verið holað niður í garðinn sjálfan.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Þar [á Strábeygingsstöðum] hefur verið þýft tún, og sést vel fyrir því enn. Liggur brautin gegnum það, og húsarústir sjást þar á 3 eða 4um stöðum beggja megin við brautina. Og sunnan við túnið eru leifar af vallargarði, sem verið hefur þykkur og hár í fyrstu. Vafalaust hefur verið býli þarna, og hefur það eyðzt af sandfoki úr gilinu, sem er vestan við kotið“ (ÖJM; 2).

Heimild

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Holtsmúla. Örnefnastofnun Íslands.

Holtsmúli 145981 62 – 17

Sérheiti: Strábeygingsstaðir
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 474302 Y: 572641
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Hætta
Hættuorsök: Ábúð/trjárækt

Staðhættir

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar fyrir Holtsmúla segir: „Strábeygingsstaðir er gamalt eyðikot út undir ánni, norður frá Holtsmúlabæ“ (ÖJM; 1).

Lýsing

Tóft er á gamla veginum sjálfum um 15 m suðaustan við fyrri tóftina. Tóftin snýr norðaustur-suðvestur og er 2 x 3 m að innanmáli með dyrum nyrst á norðvestur hlið.

Veggjabreidd er um 1 m og hæð frá gólfi mest 40 sm. Hún er tæpast mjög gömul þar sem hún getur ekki verið tilkomin fyrr en eftir að hætt var að nota veginn.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Þar [á Strábeygingsstöðum] hefur verið þýft tún, og sést vel fyrir því enn. Liggur brautin gegnum það, og húsarústir sjást þar á 3 eða 4um stöðum beggja megin við brautina. Og sunnan við túnið eru leifar af vallargarði, sem verið hefur þykkur og hár í fyrstu. Vafalaust hefur verið býli þarna, og hefur það eyðzt af sandfoki úr gilinu, sem er vestan við kotið“ (ÖJM; 2).

Heimild

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Holtsmúla. Örnefnastofnun Íslands.

Holtsmúli 145981 62 – 18

Sérheiti: Strábeygingsstaðir
Hlutverk: Járnsmiðja
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 474353 Y: 572671
Ástand: Horfið

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Nú sést hér ekkert eftir en staðurinn er útundir þjóðvegi rétt vestan við heimreiðina að Ármúla og Ásmúla. Þar gekk áður hólrani út úr melnum til austurs og var nokkur laut sunnan við. Þarna hefur vegagerðin breytt landinu og afmáð ummerkin“ (BS II: 179).

Lýsing

Á vettvangi fundust engar leifar umræddrar járnsmiðju.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Þar [á Strábeygingsstöðum] hefur verið þýft tún, og sést vel fyrir því enn. Liggur brautin gegnum það, og húsarústir sjást þar á 3 eða 4um stöðum beggja megin við brautina. Og sunnan við túnið eru leifar af vallargarði, sem verið hefur þykkur og hár í fyrstu. Vafalaust hefur verið býli þarna, og hefur það eyðzt af sandfoki úr gilinu, sem er vestan við kotið“ (ÖJM; 2). Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Nú sést hér ekkert eftir en staðurinn er útundir þjóðvegi rétt vestan við heimreiðina að Ármúla og Ásmúla. Þar gekk áður hólrani út úr melnum til austurs og var nokkur laut sunnan við. Þarna hefur vegagerðin breytt landinu og afmáð ummerkin. Við breytingu á þjóðveginum var seilst lengra til suðurs og mokað upp í barðið. Kom þar upp gjall, sem talið var augljóslega úr fornri járnsmiðju“ (BS II: 179). Heimildamaður er sagður Ari Jóhann Sigurðsson. (BS II: neðanmálsgrein 25, bls. 180).

Heimild

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Holtsmúla. Örnefnastofnun Íslands.

Holtsmúli 145981 62 – 19



Sérheiti: Strábeygingsgerði
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Staðsetning: X: 474683
Y: 573288
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Haft er eftir Jóni Jónssyni hreppstjóra á Hafsteinsstöðum um 1930 að norðan í Svarðarhól út á merkjum við Reynistað hafi verið býli og heitið Strábeygingsstaðagerði. Engin önnur heimild er kunn um þetta og verður ekki lengur fullyrt hvar býlið hafi staðið. Engar tóftir sjást norðan í Svarðarhól og ólíklegt bæjarstæði þar. Suðvestan í hólnum, eina 100 metra frá háhólnum, má greina fornleg garðbrot (65°39’134/19°33’125), lítur helst út sem einhvers konar rétt og er hún ofan við garðvegginn sem óljós gengur í útvestur frá henni og stefnir niður á hólhornið sem gengur lengst til vesturs. Þar byrjar hóllinn að rísa allbrattur upp af mýrinni og virðast vera tóftir (65°39’166/19°33’208) uppi á horninu, en afar ógreinilegar. Þetta er norðast í landi Holtsmúla. Hafi einhvers staðar verið Strábeygingsstaðagerði þá er þessi staður líklegastur. Fleiri rústir að vera í móunum skammt sunnar og austar, en ógerlegt að staðfesta slíkt nema með fornleifarannsókn.

Strábeygingsstaðir eru [nú] í landi Ármúla en gerðið eftir líkum í landi Holtsmúla“ (BS II: 180).

Norðan undir holtinu sem tekur við af Svarðarhóli og teygir sig til norðurs út að Staðarengjum er að finna hring- eða sporöskjulaga tóft sem gæti verið umrætt býli. Þessi tóft er sunnan við skurð sem hefur að líkindum markað landamæri Holtsmúla og Reynistaðar hér áður, hins vegar er tóftin norðan við

68. mynd. Horft til vesturs af norðurenda Langholtsins. Fyrir miðri mynd sjást hugsanlegar leifar býlisins Strábeygingsgerðis. Ljósm. GSS.

girðinguna sem nú ræður merkjum jarðanna tveggja og er tóftin er því í landi Reynistaðar í dag.

Lýsing

Tóftin stendur á nokkuð mikilli upphækkun norðan í brekku, ummál tóftahólsins er 65 m og er hóllinn hæstur til norðurs um 4 m en aðeins um 1 m til suðurs. Tóftin sjálf virðist þrískipt, fyrst kemur eins og lítil forstofa syðst, um 2 x 3 að innanmáli (austur-vestur), þá stórt herbergi, sem liggur norður-suður, og er mest um 8 m langt og 6 m breitt. Í gólfinu miðju er ferhyrnd hola, um 40 sm djúp og 2 x 2 m að innanmáli. Úr þessu herbergi er inngangur inní annað minna til vesturs, það liggur einnig norður-suður og 3 x 7 m að innanmáli, en gólfflötur þess er um 40 sm lægri. Mesta vegghæð frá gólfi í tóftinni er um 60 sm, og veggbreidd um 1,5-2 m.

Heimild

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Holtsmúli 145981 62 – 20

Sérheiti: Steinshús
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 474617 Y: 572075
Ástand: Horfið
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar

Staðhættir

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar fyrir Holtsmúla segir: „Holtsmúlagerði, venjulega nefnt aðeins Gerði, er austan við gilið, austan við hlaðbrekkuna. Á gilbarminum eru mjög gömul tóftarbrot eftir útliti að dæma. Vafalaust hefur verið býli þarna, og hefur það eyðzt af sandfoki úr gilinu, sem er vestan við kotið“ (ÖJM; 2).

Í aftanmálsgrein segir Margeir: „Holtsmúlagerði er gamalt nafn. Árni Magnússon telur „Steinshús og Gunnarstóftir, tóftarleifar innangarðs“. Vel getur verið, að húsmennskubýlið hafi heitið öðru hvoru því nafni, en nú er það gleymt“ (ÖJM; 5).

Lýsing

Smá dældir sjást nú í túninu suðvestan við íbúðarhúsið á Holtsmúla sem kunna að vera leifar Steinshúsa.

Aðrar upplýsingar

Í jarðabók frá 1713 segir: „Steinshús og Gunnarstóftir eru hér tóftaleifar tvær innan garðs. Aldrei hefur hér byggð verið nema sú, að þessi hús voru léð fátækum mönnum til að hýrast við, og þeim svo léð að heimabónda partur úr túninu, sem lítill eður enginn góðvilji hefur fyrir komið“ (JÁM IX: 95).

Í byggðasögu Skagafjarðar segir: „Þessi nöfn þekkjast ekki lengur en gegnum túnið á Holtsmúla liggur umtalsvert gildrag fast austan við bæinn. Ekki hefur það neitt sérnafn. Örskotslengd sunnan við bæinn var hesthúskofi á lágri hæð vestan við fyrrnefnt gildrag. Þar kunna að hafa verið Gunnarstóftir eða Steinshús sem talað er um í jarðabókinni 1713. Þarna hét Gerði eða Suðurgerði (65°38’722/19°32’450) og er um 50 metra suðvestur frá íbúðarhúsinu“ (BS II: 179).

Heimild

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Holtsmúla. Örnefnastofnun Íslands.
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (9. bindi). Hið Íslenska Fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1930.

Holtsmúli 145981 62 – 21
Sérheiti: Gunnarstóftir
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 474617 Y: 572075
Ástand: Horfinn
Staðhættir
Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar fyrir Holtsmúla segir: „Holtsmúlagerði, venjulega nefnt aðeins Gerði, er austan við gilið [árgil Sæmundarár], austan við hlaðbrekkuna. Á gilbarminum eru mjög gömul tóftarbrot eftir útliti að dæma. Vafalaust hefur verið býli þarna, og hefur það eyðzt af sandfoki úr gilinu, sem er vestan við kotið“ (ÖJM; 2). Í aftanmálsgrein segir Margeir: „Holtsmúlagerði er gamalt nafn. Árni Magnússon telur „Steinshús og Gunnarstóftir, tóftarleifar innangarðs“. Vel getur verið, að húsmennskubýlið hafi heitið öðru hvoru því nafni, en nú er það gleymt“ (ÖJM; 5).
Lýsing
Smá dældir sjást nú í túninu suðvestan við íbúðarhúsið á Holtsmúla sem kunna að vera leifar Gunnarstófta.
Aðrar upplýsingar
Í jarðabók frá 1713 segir: „Steinshús og Gunnarstóftir eru hér tóftaleifar tvær innan garðs. Aldrei hefur hér byggð verið nema sú, að þessi hús voru léð fátækum mönnum til að hýrast við, og þeim svo léð að heimabónda partur úr túninu, sem lítill eður enginn góðvilji hefur fyrir komið“ (JÁM IX: 95). Í byggðasögu Skagafjarðar segir: „Þessi nöfn þekkjast ekki lengur en gegnum túnið á Holtsmúla liggur umtalsvert gildrag fast austan við bæinn. Ekki hefur það neitt sérnafn. Örskotslengd sunnan við bæinn var hesthúskofi á lágri hæð vestan við fyrrnefnt gildrag. Þar kunna að hafa verið Gunnarstóftir eða Steinshús sem talað er um í jarðabókinni 1713. Þarna hét Gerði eða Suðurgerði (65°38’722/19°32’450) og er um 50 metra suðvestur frá íbúðarhúsinu“ (BS II: 179).
Heimild
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Holtsmúla. Örnefnastofnun Íslands.
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (9. bindi). Hið Íslenska Fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1930.

Holtsmúli 145981 62 – 22
Sérheiti: Holtsmúlagerði
Hlutverk: Bústaður /húsmennskukofi
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 474617 Y: 572075
Ástand: Horfinn

Staðhættir
Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar fyrir Holtsmúla segir: „Holtsmúlagerði, venjulega nefnt aðeins Gerði, er austan við gilið [árgil Sæmundarár], austan við hlaðbrekkuna. Á gilbarminum [á árgili Sæmundarár] eru mjög gömul tóftarbrot eftir útliti að dæma. Litlu sunnar er hesthús, sem byggt var upp úr húsmennskukofa“ (ÖJM; 2).
Lýsing
Smá dældir sjást nú í túninu suðvestan við íbúðarhúsið á Holtsmúla sem kunna að tilheyra Holtsmúlagerði.
Aðrar upplýsingar
Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Þar var síðast í húsmennsku Ingibjörg Björnsdóttir, hagmælt kona“. Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Hvort það [Holtsmúlagerði] er sama og Hvammur eða Tóftahvammur er ekki vitað. Á Gerðinu var refabú Jóhanns Ellertssonar á árunum 1939-1945” (BS II: 179). Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar fyrir Holtsmúla segir: „Holtsmúlagerði, venjulega nefnt aðeins Gerði, er austan við gilið [árgil Sæmundarár], austan við hlaðbrekkuna. Á gilbarminum eru mjög gömul tóftarbrot eftir útliti að dæma. Vafalaust hefur verið býli þarna, og hefur það eyðzt af sandfoki úr gilinu, sem er vestan við kotið“. Í aftanmálsgrein segir Margeir: „Holtsmúlagerði er gamalt nafn. Árni Magnússon telur „Steinshús og Gunnarstóftir, tóftarleifar innangarðs“. Vel getur verið, að húsmennskubýlið hafi heitið öðru hvoru því nafni, en nú er það gleymt“ (ÖMJ, 2).
Heimild
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Holtsmúla. Örnefnastofnun Íslands.
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Holtsmúli 145981 62 – 23
Hlutverk: Hesthús
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 474617 Y: 572075
Ástand: Horfinn
Staðhættir
Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Holtsmúlagerði, venjulega nefnt aðeins Gerði, er austan við gilið [árgil Sæmundarár], austan við hlaðbrekkuna. Á gilbarminum [á árgili Sæmundarár] eru mjög gömul tóftarbrot eftir útliti að dæma. Litlu sunnar er hesthús, sem byggt var upp úr húsmennskukofa“. Í jarðabók frá 1713 segir: „Steinshús og Gunnarstóftir eru hér tóftaleifar tvær innan garðs. Aldrei hefur hér byggð verið nema sú, að þessi hús voru léð fátækum mönnum til að hýrast við, og þeim svo léð að heimabónda partur úr túninu, sem lítill eður enginn góðvilji hefur fyrir komið. Hvammur eða Tóftahvammur er hér girðing í landinu svo sem verið muni hafa þrælsgerði“ (JÁM IX: 95).
Lýsing
Smá dældir sjást nú í túninu suðvestan við íbúðarhúsið á Holtsmúla.
Aðrar upplýsingar
Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Þar var síðast í húsmennsku Ingibjörg Björnsdóttir, hagmælt kona“ (ÖMJ, 2). Í byggðasögu Skagafjarðar segir: „[...Í] gegnum túnið á Holtsmúla liggur umtalsvert gildrag fast austan við bæinn. Ekki hefur það neitt

sérnafn. Örskotslengd sunnan við bæinn var hesthúskofi á lágri hæð vestan við fyrrnefnt gildrag. Þar kunna að hafa verið Gunnarstóftir eða Steinshús sem talað er um í jarðabókinni 1713. Þarna hét Gerði eða Suðurgerði (65°38’722/19°32’450) og er um 50 metra suðvestur frá íbúðarhúsinu“ (BS II: 179).

Heimild

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Holtsmúla. Örnefnastofnun Íslands.

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (9. bindi). Hið Íslenska Fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1930.

Holtsmúli 145981 62 – 24

Hlutverk: Móþurrkun

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 474656 Y: 572959

Ástand: Horfið

Staðhættir

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Svarðarhóll er allhár hóll yzt við Holtsmúla- og Reynistaðarmerki, austur frá fjárréttinni“.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Líklega er nafnið af því dregið, að mór hafi verið þurrkaður á hólnum, en þó sjást engar mógrafir þar í nánd“ (ÖMJ, 2). Í aftanmálsgrein segir Margeir: „Litlu eftir aldamótin varð úti maður sunnan í hólnum, Helgi Grímsson, húnvetnskur að ætt, kom úr Sauðárkrókskaupstað og var drukkinn af víni“ (ÖMJ, 5).

Lýsing

Engin ummerki sjást um móþurrkun á hólnum.

Heimild

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Holtsmúla. Örnefnastofnun Íslands.

Holtsmúli 145981 62 – 25

Sérheit: Langabrú

Hlutverk: Vegur

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 474860 Y: 572464

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Móasundið milli Svarðarhóls og Holtsmúlatúns kallast Grafarsund. Eftir því liggur nýja akbrautin. Þar lá einnig gamall vegur, sem enn sést glögglega, og beygði hann til suðausturs og kallaðist Langabrú“ (ÖMJ, 2).

Lýsing

Um 150 m langur kafli norðan við Sauðárkróksbraut austast í landi Holtsmúla. Vegurinn er um 6 m langur og 1-1,5 m hár, hækkar til austurs.

Heimild

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Holtsmúla. Örnefnastofnun Íslands.

Holtsmúli 145981 62 – 26

Sérheiti: Hvammur/ Tóftahvammur
Hlutverk: Gerði (þrælsgerði)
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 474617 Y: 572075
Ástand: Horfið

Staðhættir

Í jarðabók frá 1713 segir: „Steinshús og Gunnarstóftir eru hér tóftaleifar tvær innan garðs. Aldrei hefur hér byggð verið nema sú, að þessi hús voru léð fátækum mönnum til að hýrast við, og þeim svo léð að heimabónda partur úr túninu, sem lítill eður enginn góðvilji hefur fyrir komið. Hvammur eða Tóftahvammur er hér girðing í landinu svo sem verið muni hafa þrælsgerði“ (JÁM IX: 95).

Lýsing

Ekkert sér eftir af umræddri girðingu, né er ljóst hvar nákvæmlega hún hefur staðið.

Aðrar upplýsingar

Í byggðasögu Skagafjarðar segir: „Þessi nöfn þekkjast ekki lengur en gegnum túnið á Holtsmúla liggur umtalsvert gildrag fast austan við bæinn. Ekki hefur það neitt sérnafn. Örskotslengd sunnan við bæinn var hesthúskofi á lágri hæð vestan við fyrrnefnt gildrag. Þar kunna að hafa verið Gunnarstóftir eða Steinshús sem talað er um í jarðabókinni 1713. Þarna hét Gerði eða Suðurgerði (65°38’722/19°32’450) og er um 50 metra suðvestur frá íbúðarhúsinu“ (BS II: 179).

Heimild

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (9. bindi). Hið Íslenska Fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1930.

Holtsmúli 145981 62 – 27

Hlutverk: Heygarður
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 475507 Y: 573608
Lengd: 9
Breidd: 7
Ástand: Gott
Hætta: Lítil hætta
Hættuorsök: Ágangur búfjár

Staðhættir

Um 25 m norðvestur af heygarði nr. 28 er annar heygarður (sjá kort nr. 12).

Lýsing

Tóftin er vel gróin og nokkuð þýfð og má greina lág veggjalög um 10 sm. Tóftin er 7x9 m að utanmáli.

Holtsmúli 145981 62 – 28

Hlutverk: Heygarður
Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 475528 Y: 573586
Lengd: 14
Breidd: 12
Ástand: Gott
Hætta: Lítil hætta
Hættuorsök: Ágangur búfjár

Staðhættir

Í Holtsmúlaengi gegnt Reynistað til vesturs og Keldudal til austurs er á lágum hrygg sem liggur frá norðvestur til suðausturs er heytóft (sjá kort nr. 12).

Lýsing

Kringum tóftina er hóll nokkuð stór eða um 60 m að ummáli. Gróðurskil eru við tóftina og er gras þar nokkuð gulleitara. Óvíst er hvað þarna hefur verið en virðist sem greina megi 3 hólf frá norðri til suðurs en mjög óvíst þar sem þetta er allt mjög þýft.

Annað heystæði er austar. Hringlaga og stendur á smá hól, en engin greinileg veggjalög sjást.



69. mynd. Minjar á Holtsmúlaengjum. Teikn. BZ.

Holtsmúli 145981 62 – 29
Hlutverk: Heygarður
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 475636 Y: 573513
Lengd: 21
Breidd: 21
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Ágangur búfjár
Staðhættir
Um 115 m suðaustur af heygarði (nr. 28) er annar heygarður (sjá kort nr. 12).
Lýsing

Tóftin stendur á lágum hól, nánast hringlaga, sem er nokkuð þýfður og vel gróinn. Einhver veggjalög eru greinanleg, um 10-15 sm há og virðist lágur garður liggja umhverfis hólinn.

Holtsmúli 145981 62 – 30
Hlutverk: Heygarður
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 475661 Y: 573499
Lengd: 21
Breidd: 17
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Ágangur búfjár
Staðhættir
Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Vestan við hana [Holtsmúlatjörn] eru heygarðar á fjórum stöðum“ (ÖMJ, 3).
Um 10 m suðaustur af heygarði nr. 29 er annar heygarður (sjá kort nr. 12).
Lýsing
Tóftin stendur á nokkrum hól sem er um 21x17 m að ummáli. Hún er algróin, mjög þýfð og ómögulegt er að greina einhver veggjalög
Heimild
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Holtsmúla. Örnefnastofnun Íslands.

Holtsmúli 145981 62 – 31
Hlutverk: Heygarður
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 475710 Y: 573509
Lengd: 9,5
Breidd: 7
Ástand: Gott
Hætta: Lítil hætta
Hættuorsök: Ágangur búfjár
Staðhættir
Tæplega 40 m austur af tóft skráðri nr. 30 er heytóft og garðlag (sjá kort nr. 12).
Lýsing
Sú nyrðri er algróin tóft á lágum hól, nokkuð þýft. Engin veggjalög eru greinanleg.

Holtsmúli 145981 62 – 32
Hlutverk: Garðlag
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 475720 Y: 573493
Ástand: Gott
Lengd: 20
Ástand: Gott
Hætta: Lítil hætta
Hættuorsök: Ágangur búfjár

Staðhættir
Tæplega 40 m austur af tóft skráðri nr. 30 er stutt garðlag (sjá kort nr. 12).
Lýsing
Garðlagið er vel greinilegt um 20 m langt og liggur norðvestur/suðaustur. Það er algróið og um 20 sm hátt.

Holtsmúli 145981 62 – 34
Hlutverk: Heygarður
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Staðsetning: X: 475407 Y: 573440
Lengd: 20
Breidd: 16
Ástand: Gott
Hætta: Lítil hætta
Hættuorsök: Ágangur búfjár
Staðhættir
Rúma 150 m suðvestur af heygörðum skráðum nr. 27 og 28 er heygarður (sjá kort nr. 12).
Lýsing
Algróinn hóll, nokkuð þýfður og engin greinileg veggjalög, hann er um 20x16 m að utanmáli.

Holtsmúli 145981 62 – 35
Hlutverk: Heygarður
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Staðsetning: X: 476083 Y: 573656
Lengd: 12
Breidd: 9
Ástand: Gott
Hætta: Lítil hætta
Hættuorsök: Ágangur búfjár
Staðhættir
Um 1,5 km norðaustur af Stóru-Gröf ytri og tæplega 70 m suður af tóft skráðri nr.41 er önnur heytóft. Liggur tæpa 40 m vestur af skurði (sjá kort nr. 12).
Lýsing
Lágur hóll og á honum heytóft, um 12x9 m að utanmáli. Engin veggjalög eru greinanleg.

Holtsmúli 145981 62 – 41
Hlutverk: Heygarður
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 476067 Y: 573731
Lengd: 19
Breidd: 13
Ástand: Gott
Hætta: Lítil hætta

Hættuorsök: Ágangur búfjár

Staðhættir

Um 1,5 km norðaustur af Stóru-Gröf ytri og tæplega 70 m norður af tóft skráðri nr. 35 er önnur heytóft. Liggur tæpa 40 m vestur af skurði (sjá kort nr. 12).

Lýsing

Algróinn hóll, um 19x13 m að utanmáli. Lág veggjalög greinanleg, um 10-15 sm há.

Holtsmúli 145981 62 – 42

70. mynd. Bryndís skráir heygarð. Horft norðnorðvesturs.

Ljósm. GSS

Hlutverk: Heygarður
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Staðsetning: X: 476643
Y: 574182
Lengd: 6,5
Breidd: 8
Hætta: Lítil hætta
Hættuorsök: Ágangur búfjár

Staðhættir

Um það bil 355 m norðnorðvestur af Grafarbakka (nr. 19 í fornleifaskrá Stóru-Grafar) er tóft 6,5x8 m að utanmáli og nokkuð reglulega ferhyrnd (sjá kort no. 12).

Lýsing

Hringlaga dæld er í tóftina, 3x2 m að innanmáli. Hæð veggja að utan er 60 sm. Hún er algróin og er ekki að sjá að dyr eða hlið hafi verið á tóftinni.

Aðrar upplýsingar

Umrædd tóft er ekki lengur í landi Holtsmúla. Í byggðasögu Skagafjarðar segir: „Hinn 21. september árið 1916 seldi Ellert bóndi Jóhannsson [á Holtsmúla] Jónasi Kristjánssyni lækni á Sauðárkróki verulega landspildu austur við Héraðsvötn og var síðan kallað Læknispartur. [...] Læknispartur er nú genginn undan Holtsmúla því Jónas læknir seldi hann með samningi dagsettum 5. febrúar 1941 Sigurði Ólafssyni á Kárastöðum og Páli Jónassyni frænda hans í Utanverðunesi, en nú eiga erfingjar þeirra“ (BS II, 176). Í dag er tala bændur í Holtsmúla um þetta svæði sem Kárastaðapart.



71. mynd. Engjar Holtsmúla, landspildan austur við Héraðsvötn (rauður á mynd) var seldur úr Holtsmúlalandi 1916 til Jónasar Kristjánssonar læknis á Sauðárkróki, sem seldi hann aftur til Kárastaðabænda 1941. Hann tilheyrir í dag Kárastöðum. Loftmynd: Loftmyndir hf. Kort: GSS.

Holtsmúli 145981 62 – 33
Hlutverk: Heygarður
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Staðsetning: X: 476597 Y: 574274
Lengd: 17
Breidd: 9,5
Hætta: Lítil hætta
Hættuorsök: Ágangur búfjár
Staðhættir
Um það bil 30 m vestur af Héraðsvötnum og um 180 m suður af landamerkjum Holtsmúla og Reynistaðar gegnt Hróarsdal til norðausturs er tóft (sjá kort no. 12).
Lýsing
Tóftin er 17x9,5 m að utanmáli. Hún liggur norðnorðvestur/suðsuðaustur. Hugsanlega heytóft en garði virðist þó vera fyrir miðju tóftar. Algróið, veggjahæð að utan um 40 sm.
Aðrar upplýsingar

Umrædd tóft er ekki lengur í landi Holtsmúla. Í byggðasögu Skagafjarðar segir: „Hinn 21. september árið 1916 seldi Ellert bóndi Jóhannsson [á Holtsmúla] Jónasi Kristjánssyni lækni á Sauðárkróki verulega landspildu austur við Héraðsvötn og var síðan kallað Læknispartur. [...] Læknispartur er nú genginn undan Holtsmúla því Jónas læknir seldi hann með samningi dagsettum 5. febrúar 1941 Sigurði Ólafssyni á Kárastöðum og Páli Jónassyni frænda hans í Utanverðunesi, en nú eiga erfingjar þeirra“ (BS II, 176). Í dag er tala bændur í Holtsmúla um þetta svæði sem Kárastaðapart.

Miðdalur

Holtsmúli 145981 62 – 36
Sérheiti: Holtsmúlasel
Hlutverk: Sel
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Staðsetning: X: 466313 Y: 572268
Hættumat:
Hættuorsök:
Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Holtsmúlasel (65°38’787/19°43’910) er í 370 metra hæð yfir sjávarmáli vestur í Miðdal í Þrætutungum, fornu heimalandi Reynistaðar, vestan Miðdalsár milli Grenskarðs og Kúagils. [...] Selið er í dálitlum þúfnahvammi fast sunnan við Kúagilslæk“ (BS II: 180).
Lýsing
Holtssel var ekki skráð sumar 2005.
Aðrar upplýsingar
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Þar eð Holtsmúli var löngum uppheldisjörð klaustursprestanna hefur staðurinn úthlutað jörðunni þessa selstöðu. [...] Rústir eru óglöggar en þó örugglega á fjórum stöðum. Selkofarnir eru þar sem hæst ber á aflöngum rústahól frá suðaustri til norðvesturs á tveimur aðskildum stöðum. Tvennar kvíar má sjá frá mismunandi tíma, báðar stórar, 9-10 metra langar. Lítilsháttar rækt er hér í rústum svo að til sjá bera þær ögn sterkari lit en hvammurinn umhverfis. Árið 1842 segir Gísli Konráðsson að selið hafi verið notað frá Reynistað litla hríð í minni manna sem þá voru uppi, væntanlega um aldamótin 1800 eða á fyrstu áratugum 19. aldar. [Sýslu og sóknarlýsingar II, Bls. 52.]“ (BS II: 180).
Heimild
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Holtsmúli 145981 62 – 37
Sérheiti: Holtsmúlasel
Hlutverk: Sel
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Staðsetning: X: 466313 Y. 572268
Hættumat:

Hættuorsök:
Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Holtsmúlasel (65°38’787/19°43’910) er í 370 metra hæð yfir sjávarmáli vestur í Miðdal í Þrætutungum, fornu heimalandi Reynistaðar, vestan Miðdalsár milli Grenskarðs og Kúagils. [...] Selið er í dálitlum þúfnahvammi fast sunnan við Kúagilslæk“ (BS II: 180).
Lýsing
Holtssel var ekki skráð sumar 2005.
Aðrar upplýsingar
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Þar eð Holtsmúli var löngum uppheldisjörð klaustursprestanna hefur staðurinn úthlutað jörðunni þessa selstöðu. [...] Rústir eru óglöggar en þó örugglega á fjórum stöðum. Selkofarnir eru þar sem hæst ber á aflöngum rústahól frá suðaustri til norðvesturs á tveimur aðskildum stöðum. Tvennar kvíar má sjá frá mismunandi tíma, báðar stórar, 9-10 metra langar. Lítilsháttar rækt er hér í rústum svo að til sjá bera þær ögn sterkari lit en hvammurinn umhverfis. Árið 1842 segir Gísli Konráðsson að selið hafi verið notað frá Reynistað litla hríð í minni manna sem þá voru uppi, væntanlega um aldamótin 1800 eða á fyrstu áratugum 19. aldar. [Sýslu og sóknarlýsingar II, Bls. 52.]“ (BS II: 180).
Heimild
Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Holtsmúli 145981 62 – 38
Sérheiti: Holtsmúlasel
Hlutverk: Kvíar
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Staðsetning: X: 466313 Y: 572268
Hættumat:
Hættuorsök:
Staðhættir
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Holtsmúlasel (65°38’787/19°43’910) er í 370 metra hæð yfir sjávarmáli vestur í Miðdal í Þrætutungum, fornu heimalandi Reynistaðar, vestan Miðdalsár milli Grenskarðs og Kúagils. [...] Selið er í dálitlum þúfnahvammi fast sunnan við Kúagilslæk“ (BS II: 180).
Lýsing
Holtssel var ekki skráð sumar 2005.
Aðrar upplýsingar
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Þar eð Holtsmúli var löngum uppheldisjörð klaustursprestanna hefur staðurinn úthlutað jörðunni þessa selstöðu. [...] Rústir eru óglöggar en þó örugglega á fjórum stöðum. Selkofarnir eru þar sem hæst ber á aflöngum rústahól frá suðaustri til norðvesturs á tveimur aðskildum stöðum. Tvennar kvíar má sjá frá mismunandi tíma, báðar stórar, 9-10 metra langar. Lítilsháttar rækt er hér í rústum svo að til sjá bera þær ögn sterkari lit en hvammurinn umhverfis. Árið 1842 segir Gísli Konráðsson að selið hafi verið notað frá Reynistað litla hríð í minni manna sem þá voru

uppi, væntanlega um aldamótin 1800 eða á fyrstu áratugum 19. aldar. [Sýslu og sóknarlýsingar II, Bls. 52.]“ (BS II: 180).

Heimild

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Holtsmúli 145981 62 – 39

Sérheiti: Holtsmúlasel
Hlutverk: Kvíar
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Staðsetning: X: 466313 Y: 572268
Hættumat:
Hættuorsök:

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Holtsmúlasel (65°38’787/19°43’910) er í 370 metra hæð yfir sjávarmáli vestur í Miðdal í Þrætutungum, fornu heimalandi Reynistaðar, vestan Miðdalsár milli Grenskarðs og Kúagils. [...] Selið er í dálitlum þúfnahvammi fast sunnan við Kúagilslæk“ (BS II: 180).

Lýsing

Holtssel var ekki skráð sumar 2005.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Þar eð Holtsmúli var löngum uppheldisjörð klaustursprestanna hefur staðurinn úthlutað jörðunni þessa selstöðu. [...] Rústir eru óglöggar en þó örugglega á fjórum stöðum. Selkofarnir eru þar sem hæst ber á aflöngum rústahól frá suðaustri til norðvesturs á tveimur aðskildum stöðum. Tvennar kvíar má sjá frá mismunandi tíma, báðar stórar, 9-10 metra langar. Lítilsháttar rækt er hér í rústum svo að til sjá bera þær ögn sterkari lit en hvammurinn umhverfis. Árið 1842 segir Gísli Konráðsson að selið hafi verið notað frá Reynistað litla hríð í minni manna sem þá voru uppi, væntanlega um aldamótin 1800 eða á fyrstu áratugum 19. aldar. [Sýslu og sóknarlýsingar II, Bls. 52.]“ (BS II: 180).

Heimild

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Holtsmúli 145981 62 –43

Hlutverk: Heimreið
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 474498 Y: 572324
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Hætta mikil
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Heimildamaður: Ingibjörg Sigurðardóttir

Staðhættir

Á túnakorti frá 1917 liggur heimreiðin þvert yfir túnið frá bænum til norðurs og einnig til austurs. Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Gamli heimavegurinn að

Holtsmúla, sem var hestagata og kerruvegur, lá norður frá húsunum og rétt austan við þar sem nú er húsið Ásmúli, og niður eftir hrygg sem var þar úteftir. Enþá [sic] sést fyrir götunni eftir túninu austanvert í ástnum“ (ÖRI, 14). Gamla heimreiðin lá beint út túnið og niður hólinn hjá Ármúla. Hún er að hluta til komin undir veg en hluti hennar sést enn ofan við húsið í Ármúla og í túninu á Holtsmúla.

Lýsing

Heimreiðin var ekki skráð á vettvangi en punktur var tekinn af loftmynd þar sem hún sést ágætlega. Hún liggur til norðvesturs frá íbúðarhúsinu yfir túnið, ofan við húsið Ásmúla og að Staðará og smá spotta hinum megin árinnar alls tæplega 900 m að lengd.

Heimild

Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort Holtsmúla. Þjóðskjalasafn Íslands.

Holtsmúli 145981 62 –44

Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 474465 Y: 5572167
Ástand: Horfið
Heimildamaður: Ingibjörg Sigurðardóttir

Staðhættir

Á túnakorti frá 1917 má sjá útihús norðan við bæinn.

Lýsing

Gömlu fjárhúsin, úr torfi, voru þar sem nú er hlaða sem byggð var 1976, norðvestan við íbúðarhúsið. Þau eru með öllu horfin.

Heimild

Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort Holtsmúla. Þjóðskjalasafn Íslands.
Rósmundur Ingvarsson (2005). Örnefnaskrá Holtsmúla og Ásmúla. Örnefnastofnun Íslands.

Holtsmúli 145981 62 –45

Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið
Heimildamaður: Ingibjörg Sigurðardóttir

Staðhættir

Á túnakorti frá 1917 má sjá útihús nokkuð suðvestan við bæinn.

Lýsing

Kofi var sunnan og vestan við bæinn upp á hól, ýmist notað yfir kvígur eða hross eða reykkofi. Nú hefur verið sléttað yfir og sér hans ekki stað í dag.

Heimild

Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort Holtsmúla. Þjóðskjalasafn Íslands.

Holtsmúli 145981 62 –46

Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið
Heimildamaður: Ingibjörg Sigurðardóttir

Staðhættir
Á túnakorti frá 1917 má sjá tvenn útihús við suðausturhorn bæjarins.
Lýsing
Austan og sunnan við bæinn voru tóftir á hól og var rabbabari í þeim á æskuárum heimildamanns. Þarna er nú búið að slétta yfir og sér þeirra ekki stað.
Heimild
Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort Holtsmúla. Þjóðskjalasafn Íslands.

Holtsmúli 145981 62 –47
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið
Heimildamaður: Ingibjörg Sigurðardóttir
Staðhættir
Á túnakorti frá 1917 má sjá tvenn útihús við suðausturhorn bæjarins.
Lýsing
Austan og sunnan við bæinn voru tóftir á hól og var rabbabari í þeim á æskuárum heimildamanns. Þarna er nú búið að slétta yfir og sér þeirra ekki stað.
Heimild
Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort Holtsmúla. Þjóðskjalasafn Íslands.

Holtsmúli 145981 62 – 48
Hlutverk: Dysjar/ þústir
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Staðsetning: X: 473987 Y: 572481
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna uppblásturs
Staðhættir
Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar fyrir Holtsmúla segir: „Vestan við túnið er Dysjagil. [...] Nafnið stafar frá dysjum illvirkjanna úr Þjófagili, sbr. Reynistaðarlýsingu [...], en dysjar þær eiga að vera uppi á Hvammabarmi, sem er í vestur frá gilinu, aðeins stuttan spöl. [...] Áðurnefndur Hvammabarmur er melbrún austan við Sæmundará, en þar fyrir vestan er árgilið djúpt og breitt og kallast oft Hvammar“ (ÖJM; 1).
Lýsing

72. mynd. Dys á Hvammabörmum. Ljósm. JZ.

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Þar [uppi á Hvammabarmi] eru 3 þústir, sem vel geta verið dysjar, enda hafa blásið þar upp mannabein í tíð núverandi ábúanda á Holtsmúla“ (ÖJM; 1). Í Byggðasögu Skagafjarðar (undirmál við mynd) segir: „Dysjar þeirra eru þó væntanlega ekki þar [átt er við Dysjugil] heldur við vegslóða á melabrúninni vestur við Staðará. (65°38’950/19°33’910). Um 1940 voru farin að blása þarna upp bein og fór Guðrún Sveinsdóttir kennslukona með nemendum sínum og huldu þau hlið við hlið. Sumarið 1987 var gerð lítilfjörlega könnunarhola og fundust strax mannabein sem látin voru aftur í sama stað. Nokkrar líkur eru á að önnur dys sé 10 m sunnar á melbrúninni en lítið ber á þeim hvorum tveggja. Órannsakað er þó hvort þetta eru dysjar sakamanna eða e.t.v. heiðin kuml“ (BS II; 175).

Þrjár dysjar voru skráðar vestast á Hvammabörmum, vestan við slóða þann sem liggur eftir melnum. Í miðjunni var enn dys um 10 m sunnar við dys sem skráð var nr. 8. Þar var ekki grjóthleðsla en lág ávöl bunga.

Munnmæli

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Hermir svo gömul munnmælasögn, að svo hafi mikill geigur verið í mönnum við lík þjófanna, að Holtsmúlabóndi einn hafi þorað að láta jarða þá í landi sínu“ (ÖJM; 1).

Aðrar upplýsingar

Í neðanmálsgrein í örnefnaskrá Holtsmúla segir: „Hann [Ellert Jónsson ábúandi á Holtsmúla þegar örnefnaskráin var unnin 1933] hefur sagt mér, að komið hafi þar upp bein úr tveim mönnum, en annars hefur ekki verið grafið í dysjarnar. Björn á Skarðsá segir, að líki hafi verið dysjuð í Dysjagili, en það mun vera ónákvæmni hjá honum. Það hefði verið óviturlegt mjög að grafa þá þar. Því að í leysingum og veðrum grefst gilið og er þar foksamt mjög“ (ÖJM; 3-4).

Heimild

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Holtsmúla. Örnefnastofnun Íslands.

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Holtsmúli 145981 62 – 49
Hlutverk: Dysjar/ þústir
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Staðsetning: X: 474002
Y: 572464
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna uppblásturs

73. mynd. Dys á Hvammabörmum. Ljósm. JZ.

Staðhættir
Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar fyrir Holtsmúla segir: „Vestan við túnið er Dysjagil. [...] Nafnið stafar frá dysjum illvirkjanna úr Þjófagili, sbr. Reynistaðarlýsingu [...], en dysjar þær eiga að vera uppi á Hvammabarmi, sem er í vestur frá gilinu, aðeins stuttan spöl. [...] Áðurnefndur Hvammabarmur er melbrún austan við Sæmundará, en þar fyrir vestan er árgilið djúpt og breitt og kallast oft Hvammar“ (ÖJM; 1).

Lýsing
Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Þar [uppi á Hvammabarmi] eru 3 þústir, sem vel geta verið dysjar, enda hafa blásið þar upp mannabein í tíð núverandi ábúanda á Holtsmúla“ (ÖJM; 1). Í Byggðasögu Skagafjarðar (undirmál við mynd) segir: „Dysjar þeirra eru þó væntanlega ekki þar [átt er við Dysjugil] heldur við vegslóða á melabrúninni vestur við Staðará. (65°38’950/19°33’910). Um 1940 voru farin að blása þarna upp bein og fór Guðrún Sveinsdóttir kennslukona með nemendum sínum og huldu þau hlið við hlið. Sumarið 1987 var gerð lítilfjörlega könnunarhola og fundust strax mannabein sem látin voru aftur í sama stað. Nokkrar líkur eru á að önnur dys sé 10 m sunnar á melbrúninni en lítið ber á þeim hvorum tveggja. Órannsakað er þó hvort þetta eru dysjar sakamanna eða e.t.v. heiðin kuml“ (BS II; 175).
Þrjár dysjar voru skráðar vestast á Hvammabörmum, vestan við slóða þann sem liggur eftir melnum. Þriðja dysin var um 15 m suðaustan við dys skráða nr. 48. Þar var nokkuð af grjóti í hring og lág dæld í jörðina.

Munnmæli
Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Hermir svo gömul munnmælasögn, að svo hafi mikill geigur verið í mönnum við lík þjófanna, að Holtsmúlabóndi einn hafi þorað að láta jarða þá í landi sínu” (ÖJM; 1).

Aðrar upplýsingar
Í neðanmálsgrein í örnefnaskrá Holtsmúla segir: „Hann [Ellert Jónsson ábúandi á Holtsmúla þegar örnefnaskráin var unnin 1933] hefur sagt mér, að komið hafi þar upp bein úr tveim mönnum, en annars hefur ekki verið grafið í dysjarnar. Björn á Skarðsá segir, að líki hafi verið dysjuð í Dysjagili, en það mun vera ónákvæmni hjá honum. Það

hefði verið óviturlegt mjög að grafa þá þar. Því að í leysingum og veðrum grefst gilið og er þar foksamt mjög“ (ÖJM; 3-4).

Heimild

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Holtsmúla. Örnefnastofnun Íslands.

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Holtsmúli 145981 62 – 50

Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Garðlag
Ástand: Ómetið
Staðsetning:
X: 473988
Y: 572492
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök:
Vegna uppblásturs

Staðhættir

Lýsing

Í Byggðasögu Skagafjarðar (undirmál við mynd) segir: „Rétt sunnan við dysjarnar er lítið hringlaga gerði í grunnri þúfnalaut (65°38’925/19°33’892), svo óljóst að ekki kemur vel fram nema á loftmynd. Ummál þessa gerðis er 65-70 metrar. Dysjugilið og landið vestan við er nú tilheyrandi Ásmúla“ (BS II; 175).

74. mynd. Bryndís skráir Gerði á Hvammabörmum. Ljósm. JZ.

Lýsing

Um 20 m norðan við áður skráðar dysjar á Hvammabörmum er hringlaga garðlag, hugsanlega einhverskonar gripheldi. Ekki er að sjá neinar dyr eða hlið á því. Mjög þýft er í kringum garðlagið og innan í því. Breidd veggja er 2-3 metrar og hæð um 30 sm þar sem hæst er innan garðs, innanmál er 17x20 m. Norðvestur kantur garðlagsins er nokkuð rofin að utan.

Heimild

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Samantekt

Minjar og vaðveislugildi

Menningarlandslag er hugtak sem hefur hlotið aukið vægi innan þjóðminjavörslunnar hin seinni ár. Er þá átt við samspil manngerðra minja og tengsl þeirra við náttúru og sögu. Ef varðveist hefur heild slíkra minja kann það að hafa áhrif á varðveislugildi minjanna auk þess sem hún segir fyllri sögu um búsetu og kjör/lífshætti manna til forna.

Á undanförnum árum hefur hugtakið menningarlandslag verið mjög í umræðunni í sambandi við svokallaða menningartengda ferðaþjónustu og má segja að fólk sé farið að átta sig á mikilvægi þess menningararfs sem í sjálfu landinu býr, til kynningar á landi og þjóð. Þá er ekki einungis um að ræða söguslóðir eða fornfræga staði heldur einnig staði sem bera vitni um gamalt verklag, byggingahætti og landnotkun. Minjar í landslaginu, menningarminjarnar, geta skipt verulegu máli við umhverfismat og kynning á fornleifum er mikilvæg, því hún eykur áhuga og skilning á nánasta umhverfi og sögu jarðar og búskaparhætti. Þekking á menningarlandslaginu er grundvöllur góðrar minjaverndar og skipulags.

Fornleifar eru metnar út frá eigin verðleikum, hve sjaldgæfar þær eru og hvert fræðslugildi þeirra er. Það kann enn fremur að skipta máli hvaða þýðingu þær hafa fyrir rannsóknir og að hvaða leyti þær þykja geta fært mönnum nýja vitneskju um mannlíf til forna.

Fjöldi fornleifa á jörðunum

Sumarið 2005 voru t jarðir skráðar á Langholti í Skagafirði, auk nýbýlanna Garðhúsa og Ármúla. Heildarfjöldi fornleifa á jörðunum eru 297, þar af voru 115 horfnar og 27 óskráðar, flestar landamerki eða vörður. Af skráðum fornleifum á þessum níu jörðum voru alls 39% þeirra horfnar. Þess ber að geta að jarðirnar Stóra-Gröf syðri og ytri voru skráðar saman.

Jörð	Fjöldi fornleifa	Horfnar/Ófundnar	Óskráð á vettvangi	Horfnar % (af skráðum tóftum)
Geldingaholt m/Garðhúsum	79	33	6	42%
Holtskot	24	10	0	42%
Marbæli	34	22	6	65%
Þröm	19	2	0	11%
Kjartansstaðir	25	15	6	60%
Kjartansstaðakot	6	4	0	67%
Litla-Gröf	23	11	1	48%
Stóra-Gröf syðri og ytri	37	7	4	19%
Holtsmúli	50	15	4	30%
Samtals	**297**	**115**	**27**	**39%**

Fornleifar í landi Geldingaholts
Heildarfjöldi fornleifa á Geldingaholti voru 79, þar af voru 33 horfnar eða ófundnar og 6 voru ekki skráðar á vettvangi. Tóftirnar sem óskráðar eru tilheyra Holtsseli sem er í Reykjaskarði. Alls 42% af skráðum tóftum eru nú horfnar.

Nokkuð er um fornleifar í landi Geldingaholts. Gamli bærinn stendur að hluta ennþá og er áfastur nýrra íbúðarhúsi þar sem Hjördís Tobíasdóttir býr. Aðrir hlutar bæjarins hafa verið rifnir. Sléttað hefur verið að mestu úr gömlum öskuhól sem var norðan bæjarins þar sem nú er garður. Vestan íbúðarhússins er Borguleiði en þar segir að Vilborg eða Borga sem bjó á Geldingaholti á öldum áður sé greftruð, það er talið álagablettur sem ekki má grafa eða róta í á nokkurn hátt. Austan bæjar er heimagrafreitur þar sem kirkjan stóð áður og vestan hans má enn greina hluta af gamla kirkjugarðinum.

Sléttað hefur verið yfir flest af útihúsum þeim sem voru í gamla túninu, nema Hlöðuhúsum sem standa neðst undir brekkunni suðaustan bæjar og Garðhúsum sunnan bæjar. Uppi á holtinu suðvestan bæjarins er enn hlaðinn brunnur er Prettur kallast og þar nokkuð suðaustar, vestur af húsi Gunnlaugar Tobíassonar eru leifar af gamla túngarðinum.

Sunnarlega á Geldingaholti er Borgusæti, tvær glöggar tóftir. Hlutverk þeirra er með öllu óvíst en getgátur eru um að þarna hafi verið útsýnisstaður en útsýni er gott þarna til allra átta.

Syðst á Geldingaholti var býlið Rógur sem nú er í sumarbústaðalandi Guðmanns Tobíassonar. Þar hefur verið sléttað úr hluta þeirra bygginga sem tilheyrðu býlinu en tóftir bæjarhúsanna og réttar um 20 m vestan við, eru enn glöggar. Í Rógsengi sunnan Geldingaholts eru vel varðveittir áveitugarðar frá þeim tíma er vatni var veitt úr Seyluá yfir engin allt austur fyrir Geldingaholtið. Þar eru einnig heygarðar og mógrafir. Tveir stekkir eru í landi Geldingaholts. Annar er vestanvert á holtinu en hinn austan undan Garðhúsum. Báðar eru tóftirnar fremur óglöggar.

Á austurbakka Holtskvíslar eru tvær réttir og heygarðar.

Réttum á austurbakka Holtskvíslar steðjar nokkur hætta vegna landbrots en öðrum tóftum steðjar hætta af almennri landnotkun eða jarðrækt.

Fornleifar í landi Holtskots
Heildarfjöldi fornleifa á Holtskoti voru 24, þar af voru 10 sem horfnar eða 42% af skráðum tóftum.

Gamli bærinn stendur suðaustur af íbúðarhúsinu. Bærinn hefur að mestu verið rifinn en enn sést í grunn hans og hluti af norðurvegg er enn uppistandandi. Sunnan bæjar var sambyggt fjós og eru þar greinilegir grjót- og torfveggir. Sléttað hefur verið yfir öll útihús nema eitt fjárhús í suðausturhorni túnsins. Fjárhúsið er að miklu leyti enn uppistandandi en þök eru fallin.

Um 70 m suðaustur af fjárhúsunum er Rófa. Munnlegar heimildir segja að þarna hafi verið býli, þar eru þrjár ógreinilegar tóftir, tvær vart meira en dældir í túninu. Ómögulegt er að segja til um hvert hlutverk þeirra hefur verið.

Tvær hjáleigur lentu í landi Holtskots við skiptingu jarðanna, Hirðstjórastaðir og Kögur. Ábúandi á Holtskoti telur Hirðstjórastaði vera þar sem nú er kallað Grænhóll, vestur af bænum. Ein tóft er greinileg á hólnum, líklega útihúss. Austan hennar er önnur minni, mjög ógreinileg. Tóftirnar virðast nokkuð gamlar. Kögur liggur norðvestur af bænum. Þar eru tvær tóftir er virðast fremur gamlar. Veggjalög eru fremur ógreinileg en líklegt er að nyrðri tóftin sé bæjartóft en sú syðri af útihúsi. Engin greinileg garðlög liggja í kringum tóftirnar.

Á vesturbakka Holtskvíslar er garðlag og á hólma í ánni er garðlag, leifar matjurtagarðs sem þar var.

Tóftum stafar hætta vegna almennrar landnýtingar eða jarðræktar.

Fornleifar í landi Marbælis
Í landi Marbælis voru skráðar fornleifar 34. Þar af voru 22 horfnar og 6 voru ekki skráðar á vettvangi. Óskráðar fornleifar voru landamerkjavörður. Alls voru 65% af skráðum fornleifum horfnar. Lítið er eftir af fornleifum í landi Marbælis. Sléttað hefur verið úr gamla bæjarhólnum sem stóð sunnan við íbúðarhúsið og öllum þeim útihúsum sem í túninu voru.

Tvær hjáleigur eða býli voru í landi Marbælis. Tjarnarkot var norðarlega í túninu en er nú horfið og nákvæm staðsetning þess óþekkt, þó svo að dæld í túni gefi til kynna hvar býli hafi hugsanlega staðið. Á landamerkjum Marbælis og Kjartansstaða er Beinhöll, gamalt húsmannsbýli. Tóftin er enn nokkuð greinileg en henni stafar hætta af landamerkjalæk sem rennur sunnan hennar. Við suðvesturhorn tóftar hefur líklega verið farið með öskuna því þar hefur lækurinn grafið nokkuð og sér í bein og ösku sniðinu. Upp undir Langholtsásnum eru ógreinilegar tóftir beitarhúsa.

Skógrækt hefur verið á Marbæli frá 2001, ábúendur taka þátt í verkefninu Norðurlandsskógar sem er landshlutabundið skógræktarverkefni með þann megintilgang að stuðla að skóg- og skjólbeltarækt á Norðurlandi (http://www.nls.is/). Skógrækt fer fram á Langholtinu vestan Sauðárkróksbrautar.

Beinhöll stafar mikil hætta af landrofi en hætta stafar að öðrum tóftum vegna almennrar landnýtingar eða jarðræktar.

Fornleifar í landi Þramar
Í Þramarlandi var heildarfjöldi fornleifa 19, þar af voru tvær horfnar eða 11% af skráðum fornleifum.

Búið er að rífa bæinn á Þröm og aðeins sjást leifar af grunni hans og einstaka uppistandandi veggjabrot. Fjós var sambyggt við bæinn að norðanverðu. Sunnan bæjar

eru tvær dældir þar sem hugsanlega hafa verið kofar af einhverju tagi. Syðst í túninu eru tóftir tveggja fjárhúsa, austari tóftin mun gleggri. Vestan bæjar eru tvö svæði þar sem mikið er af dældum í túnið og gæti þar hafa verið eldra bæjarstæði. Gamli Þramarvegurinn var skráður og fleiri gamlar leiðir sem lágu yfir Langholtið bæði til austurs og vesturs frá Þröm.

Gengt bænum að vestanverðu er lítil tóft, hugsanlega réttar eða einhverskonar gripheldis og í Stekkjarhvammi við Sæmundará er stekkjartóft.

Langt er síðan almennur búskapur hefur verið stundaður á Þröm og lítil hætta er talin steðja af tóftum þar. Stekkjartóft niður við Sæmundará gæti þó stafað nokkur hætta vegna nálægðar við ána.

Fornleifar í landi Kjartansstaða
Heildarfjöldi skráðra fornleifa á Kjartansstöðum var 25, þar af voru 15 horfnar og 6 óskráðar á vettvangi. Af skráðum tóftum eru 60% horfnar. Því er lítið eftir af fornleifum á Kjartansstöðum. Sléttað hefur verið úr bæjarhólnum og yfir öll útihús nema eina fjárhústóft, fremur óglögga við merkin milli Kjartansstaða og Kjartansstaðakots.

Upp undir Langholtsásnum Grænistekkur, áður Helgukot. Þar eru óglöggar tóftir stekkjar, vallargarðs og annarrar tóftar, hugsanlega heystæðis.

Í enginu austur undir Langholtinu eru engjabrýr og heystæði.

Ekki er búið á Kjartansstöðum í dag en land er nýtt og hætta er talin steðja að tóftum þar vegna almennrar landnýtingar og jarðræktar.

Fornleifar í landi Kjartansstaðakots
Aðeins voru 6 tóftir skráðar úr heimildum á Kjartansstaðakoti og þar af voru 4 horfnar eða 67%. Lítið er af fornleifum í Kjartansstaðakoti og engar tóftir. Gamli bærinn hefur verið rifinn, auk fjóss og kofa og sjást lítil merki nema greina má dældir í jörðina. Fjárhúsið stendur enn nokkuð vel en er þó ónothæft. Brunnur er enn norðvestan við bæinn.

Ekki er búið á Kjartansstaðakoti í dag en hús og land eru nýtt undir hesta. Hætta er talin steðja að tóftum þar vegna almennrar landnýtingar og jarðræktar.

Fornleifar í landi Litlu-Grafar
Heildarfjöldi fornleifa á Litlu-Gröf var 23, þar af voru 11 horfnar og 1 óskráð. Af skráðum fornleifum eru 48% horfnar. Gamli bærinn stóð austan núverandi íbúðarhúsa og hefur hann verið rifinn og stendur hlaða þar sem hann stóð áður. Öll útihús hafa verið rifin og sléttað yfir nema fjárhústóft sem er sunnan gamla bæjarins. Suður undir merkjum eru hugsanlega leifar stekkjatóftar sem hefur að hluta verið grafið úr með lagningu vegslóða.

Engjabrýr og heygarðar eru í engjunum austur undan Landholtinu.

Hætta er talin steðja að tóftum vegna almennrar landnýtingar og jarðræktar.

Fornleifar í landi Stóru-Grafar syðri og ytri
Heildarfjöldi skráðra forleifa í landi Stóru-Grafar ytri og syðri voru 37. Þar af voru 7 horfnar og 4 óskráðar. Af skráðum fornleifum var 19% horfið. Nokkuð er enn eftir af minjum í landi Stóru-Grafar. Bærinn stóð austan við hesthúsið á Stóru-Gröf syðri. Hann hefur nú verið rifinn en sér í grunninn. Eldra hús stóð norðan við sem líka var rifið og lítið sér eftir af því. Af útihúsum í túninu hafa þrenn verið rifin en austanvert á hólnum norður af gamla bænum eru tóftir útihúsa og þar enn norðar fjárhúsatóftir og einhver garðlög eða veggjabrot af óþekktum uppruna.

Stekkjarklöpp er norðan bæjarins á Stóru-Gröf ytri, þar eru tvær tóftir, annarsvegar lítil tóft, hugsanlega af kofa og hinsvegar hringlaga rétt eða gripheldi af einhverju tagi.

Á austurbakka Héraðsvatna er Grafarbakki, allmikill tóftahóll, þar voru beitarhús og líklega hafa þau verið lengi. Þar var einnig búið um tíma. Norðan hans er minni tóft, hugsanlega einhvers konar kofi. Sunnar á bakkanum er hugsanleg réttartóft eða stórt heystæði og lítil tóft við ána þar norðar. Á engjunum milli Héraðsvatna og Langholtsins er mikið kerfi engjabrúa og þar eru nokkur heystæði.

Sunnan Hólatjarnar vestarlega í landi Stóru-Grafar er Tjarnarkot. Þar var búið og eru þar tóftir bæjarhúsa, útihúsa, réttar og eldri tóftir, líklega útihúsa. Túngarður er þar nokkuð greinilegur. Suður af íbúðarhúsi Holtsmúla Stóru-Grafarmegin við landamerkin er tvöföld réttartóft og í Grafarsundi, skammt austan Sæmundarár, einnig á merkjum Holtsmúla og Stóru-Grafar er stekkjartóft.

Nokkur hætta stafar af þeim tóftum sem eru á austurbakka Héraðsvatna, vegna nálægðar við vatnsfallið og öðrum tóftum er talin steðja hætta vegna almennrar landnýtingar og jarðrasks.

Fornleifar í landi Holtsmúla
Heildarfjöldi skráðra fornleifa á Holtsmúla var 50, þar af voru 15 horfnar og 4 óskráðar. Af skráðum fornleifum á Holtsmúla var 30% horfið. Óskráðar tóftir voru á Holtsmúlaseli. Gamli bærinn stóð nálega þar sem íbúðarhúsið er nú og hefur verið sléttað yfir þar sem hann var, einnig er búið að slétta yfir öll útihús sem voru í túninu. Gamla heimreiðin er enn glögg í túninu og sér móta fyrir henni á köflum allt niður að Staðará.

Húsmannsbýli og hjáleigur voru í túni og utan túns en aðeins eru eftir minjar um eitt þeirra, Strábeygingsstaði sunnan við Sauðárkróksbraut. Þar eru tvær tóftir og tvenn garðlög, líklega leifar túngarðs. Gunnarstóftir, Steinshús og Holtsmúlagerði eru horfin en einhverjar dældir eru í túnið suðvestan við húsið á Holtsmúla þar sem býlin gætu hafa staðið. Norðan Sauðárkróksbrautar er garðlag, hugsanlega sáðreitur sunnanvert í Svarðarhól og við austurenda Langahóls er tóft. Í holtinu norðan hólanna er Strábeygingsstaðagerði. Í Holtsmúlaengjum er töluvert mikið af heygörðum.

Engar sýnilegar minjar fundust í Dysjagili en dysjar voru skráðar á Hvammabarmi austur af Sæmundará. Á vestanverðum barminum er lítil tóft sem óvíst er hvaða hlutverki hefur gegnt. Einnig var skráð hringlaga gerði stutt sunnan dysjanna, hlutverk þess er óþekkt. Smjörbúið Fram stóð í hvömmunum við Sæmundarána, vestan Hvammabarmanna. Þar má enn sjá grunn Rjómabússkálans og aðfærsluskurð en myllan er horfin og myllusteinarnir eru heima á Reynistað. Í Mjólkurhúsahvammi ytri er stekkjartóft á nokkrum hól, líklega byggð á leifum eldri stekkjar.

Dysjarnar eru í nokkurri hættu vegna jarðvegsrofs og hafa nú þegar orðið fyrir nokkrum skemmdum. Tóftum er talin steðja hætta vegna almennrar landnýtingar og jarðrasks.

Niðurlag

Segja má að fornleifar á svæðinu sem skráð var séu dæmigerðar fyrir íslenskar sveitir á síðari hluta 19. aldar og fram á þá 20. Flestar eru, eins og við er að búast, hefðbundnar búsetuminjar en auk þess er um að ræða eldri minjar auk leifa bygginga og merkja um landnýtingu.

Búið er á flestum þeim jörðum sem skráðar voru og almennt má segja að mikil hætta steðji að skráðum minjum vegna almennrar landnýtingar og jarðrækt auk þess stafar einhver hætta af ágangi búfénaðar, einkum hesta. Nokkuð var um minjar við nálægð vatnsfalla og steðjar þeim hætta vegna vatnsrofs.

Skógrækt í landinu færist nú mjög í vöxt, ekki síst með tilkomu svokallaðra bændaskóga. Ein jarðanna sem skráð var er nú að hluta til skógræktarjörð. Hyggja þarf að því að gróðursetja ekki í eða við tóftir. Skógrækt og varðveisla fornleifa geta vel farið saman ef lega minja og minjaumhverfið er tekið inn í skipulag skógræktarjarða. *Skráning fornleifa er því mikilvægur þáttur í öllu skipulagi, hvort sem þar er um að ræða verklegar framkvæmdir eða skipulag landssvæða til ræktunar.*

Margar minjar hafa horfið við túnrækt og aðrar verklegar framkvæmdir á síðastliðnum áratugum. Sérstaklega á það við um minjar í heimatúnum jarðanna. Hins vegar ber að gæta að því að minjar geta einnig leynst undir yfirborðinu þótt þeirra sjái ekki stað ofanjarðar. Það er því mikilvægt að fara að öllu með gát þegar ráðist er í framkvæmdir sem kunna að raska fornleifum. Slíkar framkvæmdir ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins sem veitir ráðgjöf og sér, ef þurfa þykir, um eftirlit með framkvæmdunum. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar.

Minjar sem hafa sérstakt minjagildi eða henta vel varðveittar:

Geldingaholt
- Gamli bærinn á Geldingaholti, áfastur íbúðarhúsi Hjördísar Tobíasdóttur
- Borguleiði
- Býlið Rógur
- Áveitukerfi í Rógsengi
- Tóftir nefndar Borgusæti

Holtskot
- Fjárhús í suðausturhorni túnsins
- Fornar tóftir býlisins Kögurs
- Tóftir á og við Grænhól

Marbæli
- Beitarhúsatóft á Húsaási
- Húsmannsbýlið Beinhöll

Þröm
- Allar minjar í landi Þramar

Kjartansstaðir
- Tóftir á Grænhól eða Helgukoti

Kjartansstaðakot
- Fjárhús úr torfi

Litla-Gröf
- Stekkjartóft við syðri landamerkin

Stóra-Gröf syðri
- Bæjarstæðið í Tjarnarkoti

Stóra-Gröf ytri
- Gerði og kofatóft á Stekkjarklöpp
- Útihúsatóftir og garðlög norður af gamla bænum
- Rétt suður af Holtsmúla
- Stekkur neðst og nyrst í Grafarsundi
- Beitarhúsatóftir (bústaður) á Grafarbakka

Holtsmúli
- Minjar býlisins á Strábeygingsstöðum
- Strábeygingsstaðagerði og tóft við Langahól
- Aðveituskurður og grunnur Smjörbúsins Fram
- Dysjar og hringlaga gerði á Hvammabörmum

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstjóri Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

HSk. Á Héraðsskjalasafn Skagfirðinga

HSk. Jarðabók Reynistaðaklausturs 1728, nr. 18.

HSk. Jarðamat 1849. Nr. 319. (Litla-Gröf).

HSk. Jarðamat 1849. Nr. 348. (Geldingaholt).

HSk. Jarðamat 1849. Nr. 349. (Holtskot).

HSk. Jarðamat 1849. Nr. 390. (Stóra-Gröf).

HSk. Jarðamat 1849. Nr. 396. (Þröm).

HSk. Landskiptasamningur frá 1939, undirritað 11. apríl 1939 af Þorsteini Jóhannssyni og Snorra Stefánssyni, þinglýst 31. maí sama ár.

HSk. Úttektabók í Staðarhreppi 1846-1935.

Íslenzkt fornbréfasafn II, 1253-1350. Kaupmannahöfn, 1893.

Íslenzkt fornbréfasafn III,1269-1415. Kaupmannahöfn, 1896.

Íslenzkt fornbréfasafn IV, 1265-1449. Hið íslenzka bókmenntafélag Kaupmannahöfn, 1897.

Íslenzkt fornbréfasafn IX, 1262-1536. Hið íslenzka bókmenntafélag, Reykjavík. 1909-1913.

Íslenzkt fornbréfasafn XIII, 1556-1561. Hið íslenzka bókmenntafélag, Reykjavík. 1933-1939.

J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* Kaupmannahöfn 1847.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (9. bindi). Hið Íslenska Fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1930.

Margeir Jónsson (MCMXXI). *Torskilin bæjarnöfn í Skagafjarðarsýslu.*Aukin og endurbætt sjerprentun úr Íslendingi. Akureyri, MCMXXI.

Sturlungasaga I. Sturlungaútgáfan. Reykjavík, 1946. Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn sáu um útgáfuna.

Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1873. II bindi, Skagafjarðarsýsla. Pálmi Hannesson og Jakob Benediktsson bjuggu til prentunar. Akureyri, 1954.

ÞÍ. Á Þjóðskjalasafni Íslands

Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort af Geldingaholti.

Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort af Litlu-Gröf.

Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort af Stóru-Gröf.

Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort af Stóru-Gröf.

Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort Holtskots.

Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort Holtsmúla.

Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort Kjartansstaða.

Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort Kjartansstaðakots.

Guðmundur Sveinsson (1917). Túnakort Þramar.

ÖÍ. Á Örnefnastofnun Íslands

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Holtsmúla.

Margeir Jónsson (1933). Örnefnaskrá Kjartansstaða, heimildamaður Guttormur

Margeir Jónsson. Örnefnalýsing Þramar, heimildamaður Albert Kristjánsson.

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Geldingaholts skráð eftir handriti Brynleifs Tobíassonar.

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Holtsmúla.

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Litlu-Grafar skráð eftir handriti Arngríms.

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Marbælis.

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Stóru-Grafar.

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Stóru-Grafar.

Margeir Jónsson (1933). Örnefnaskrá Kjartansstaða og Kjartansstaðakots, heimildamaður Skafti Óskarsson, með viðbótum og athugasemdum Guttorms Óskarssonar.

Rósmundur G. Ingvarsson (1999). Örnefnaskrá Geldingaholts.

Rósmundur G. Ingvarsson (1999). Örnefnaskrá Holtskots.

Rósmundur G. Ingvarsson (2005). Örnefnaskrá Holtsmúla og Ármúla.

Rósmundur Ingvarsson (1998). Örnefnaskrá Marbælis.

Fylgiskjöl

Hnitalisti og kort af minjum á Langholti og Geldingaholti

Hnitalisti yfir minjar á Geldingaholti og Langholti

Jörð	Númer	Hlutverk	Austun	Norðun
Geldingaholt	146028 102 - 1	Hús	478443	565694
	146028 102 - 2	Kirkja	478480	565737
	146028 102 - 3	Kirkjugarður	478467	565739
	146028 102 - 4	Öskuhaugur	478421	565712
	146028 102 - 5	Heimreið	478455	565663
	146028 102 - 6	Smiðja	478414	565713
	146028 102 - 7	Skemma	478414	565742
	146028 102 - 8	Fjós/Hlaða	565754	478411
	146028 102 - 9	Hesthús	565723	478434
	146028 102 - 10	Heystæði	565723	478434
	146028 102 - 11	Leiði	478473	565698
	146028 102 - 12	Óþekkt	478508	565746
	146028 102 - 13	Óþekkt	478617	565710
	146028 102 - 14	Óþekkt	478524	565720
	146028 102 - 15	Fjárhús	478489	565817
	146028 102 - 16	Smiðja	478673	565578
	146028 102 - 17	Fjárhús	478651	565739
	146028 102 - 18	Útihús	478657	565639
	146028 102 - 19	Hesthús	478574	565546
	146028 102 - 20	Hesthús	Óþekkt	
	146028 102 - 21	Útihús	478527	565518
	146028 102 - 22	Rétt	478581	565547
	146028 102 - 23	Matjurtagarður	478494	565477
	146028 102 - 24	Kvíar	Óþekkt	
	146028 102 - 25	Fjárhús	478402	565605
	146028 102 - 26	Rétt	478405	565589
	146028 102 - 27	Brunnur	478369	565596
	146028 102 - 28	Túngarður	478442	565554
	146028 102 - 29	Rétt	Óþekkt	
	146028 102 - 30	Fjós	478415	565632
	146028 102 - 31	Garður	478415	565632
	146028 102 - 32	Áburðarhús	478445	565602
	146028 102 - 33	Leið	Horfið	
	146028 102 - 34	Óþekkt	Horfið	
	146028 102 - 35	Garður	479258	566582
	146028 102 - 36	Vegur	477967	565393
	146028 102 - 37	Stekkur	474121	565233
	146028 102 - 38	Leið	478117	565259
	146028 102 - 39	Leið	Horfið	
	146028 102 - 40	Leið	478376	564925
	146028 102 - 41	Leið	478376	564925
	146028 102 - 42	Skurður	Óskráð	
	146028 102 - 43	Óþekkt	478474	565029
	146028 102 - 44	Óþekkt	478474	565029
	146028 102 - 45	Bústaður	478942	564449
	146028 102 - 46	Óþekkt	478946	564431
	146028 102 - 47	Óþekkt	478959	564409
	146028 102 - 48	Óþekkt	478959	564409
	146028 102 - 49	Rétt	478915	564432

	146028 102 - 50	Álagablettur	478977	564405
Jörð	**Númer**	**Hlutverk**	**Austun**	**Norðun**
Geldingaholt	146028 102 - 52	Vað	479003	564342
	146028 102 - 53	Óþekkt	Horfið	
	146028 102 - 54	Áveitugarðar		
	146028 102 - 55	Heystæði	478757	563910
	146028 102 - 56	Heystæði	478760	563906
	146028 102 - 57	Heystæði	478768	563898
	146028 102 - 58	Heystæði	478810	563850
	146028 102 - 59	Torfrista	478901	564260
	146028 102 - 60	Rétt	479454	566535
	146028 102 - 61	Rétt	479463	566520
	146028 102 - 62	Torfrista	479466	566548
	146028 102 - 63	Heystæði	479468	566548
	146028 102 - 64	Ferja	479463	566520
	146028 102 - 65	Vað	479244	566612
	146028 102 - 66	Vað	479192	566890
	146028 102 - 67	Vað	478778	566828
	146028 102 - 68	Vað	479192	566890
	146028 102 - 69	Vað	478911	565846
	146028 102 - 70	Ferja	Óþekkt	
	146028 102 - 71	Brú	479155	566900
	146028 102 - 72	Fjárhús	478508	565785
	146028 102 - 73	Varða	Óþekkt	
	146028 102 - 74	Sel	Óskráð	
	146028 102 - 75	Kvíar	Óskráð	
	146028 102 - 76	Stekkur	Óskráð	
	146028 102 - 77	Tröð	Óskráð	
	146028 102 - 78	Leið	Óskráð	
Holtskot	146041 103-1	Bústaður	478283	565987
	146041 103-2	Fjós/Hesthús	478283	565987
	146041 103-3	Útihús	478285	566054
	146041 103-4	Kofi	478319	565962
	146041 103-5	Heimreið	478245	565978
	146041 103-6	Fjárhús	478414	565993
	146041 103-7	Matjurtagarður	478240	566001
	146041 103-8	Brunnur	478257	565939
	146041 103-9	Óþekkt	478038	566295
	146041 103-10	Bústaður	478021	566304
	146041 103-11	Bústaður	477983	566024
	146041 103-12	Óþekkt	478000	566025
	146041 103-13	Matjurtagarður	Óþekkt	
	146041 103-14	Leið	Horfin	
	146041 103-15	Bústaður	478467	565929
	146041 103-16	Óþekkt	478458	565926
	146041 103-17	Óþekkt	478476	565938
	146041 103-18	Bústaður/Útihús	Óþekkt	
	146041 103-19	Heygarður	Horfinn	
	146041 103-20	Heygarður	Horfinn	
	146041 103-21	Matjurtagarður	478312	567022
	146041 103-22	Garður	Óskráð	
	146041 103-23	Skurður	478413	566808
	146041 103-24	Skurður	477984	567142

Jörð	Númer	Hlutverk	Austun	Norðun
Marbæli	146058 115 - 1	Bústaður	476682	568838
	146058 115 - 2	Heimreið	476667	568751
	146058 115 - 3	Leið	476607	568762
	146058 115 - 4	Leið	Óþekkt	
	146058 115 - 5	Öskuhóll	476651	568814
	146058 115 - 6	Vatnsból	476642	568787
	146058 115 - 7	Hesthús	476674	568738
	146058 115 - 8	Fjárhús	476674	568738
	146058 115 - 9	Fjós	476677	568762
	146058 115 - 10	Fjárhús	476678	568779
	146058 115 - 11	Smiðja/Skemma	476682	568838
	146058 115 - 12	Smiðja/Skemma	476682	568838
	146058 115 - 13	Útihús	Óþekkt	
	146058 115 - 14	Útihús	Óþekkt	
	146058 115 - 15	Hesthús	476664	568957
	146058 115 - 16	Skurður	Óþekkt	
	146058 115 - 17	Garður	Óþekkt	
	146058 115 - 18	Skurður	Óþekkt	
	146058 115 - 19	Túngarður	Horfinn	
	146058 115 - 20	Bústaður	476585	569422
	146058 115 - 21	Bústaður	476368	569803
	146058 115 - 22	Landamerkjagarður	Horfinn	
	146058 115 - 23	Beitarhús	475348	569001
	146058 115 - 24	Ferja	Óþekkt	
	146058 115 - 25	Garður	Óþekkt	
	146058 115 - 26	Skurður	477157	569088
	146058 115 - 27	Sel/Örnefni	Óþekkt	
	146058 115 - 28	Vað	477309	568853
	146058 115 - 29	Varða	Óskráð	
	146058 115 - 30	Varða	Óskráð	
	146058 115 - 31	Varða	Óskráð	
	146058 115 - 32	Varða	Óskráð	
	146058 115 - 33	Varða	Óskráð	
	146058 115 - 34	Sel	Óþekkt	
Þröm	176749 74 - 1	Bústaður	474030	569969
	176749 74 - 2	Fjós	474030	569969
	176749 74 - 3	Heimreið	474122	569939
	176749 74 - 4	Fjárhús	474075	569812
	176749 74 - 5	Fjárhús	474045	569821
	176749 74 - 6	Kofar	474033	569946
	176749 74 - 7	Óþekkt	474014	569962
	176749 74 - 8	Óþekkt	474005	569957
	176749 74 - 9	Vatnsból	473951	569878
	176749 74 - 10	Matjurtagarður	474005	569957
	176749 74 - 11	Rétt	473973	569946
	176749 74 - 12	Leið	474581	569867
	176749 74 - 13	Leið	474624	569535
	176749 74 - 14	Leið	473728	569852
	176749 74 - 15	Leið	473793	569741
	176749 74 - 16	Skurður	474629	568562
	176749 74 - 17	Stekkur	473651	570132

	176749 74 - 18	Kofi	474334	568780
	176749 74 - 19	Varða	474120	568846
Jörð	**Númer**	**Hlutverk**	**Austun**	**Norðun**
Kjartansstaðir	145985 57 - 1	Bústaður	476154	570152
	145985 57 - 2	Fjárhús	476076	570137
	145985 57 - 3	Fjós	476154	570152
	145985 57 - 4	Matjurtagarður	476154	570152
	145985 57 - 5	Heimreið		
	145985 57 - 6	Skemma	476154	570152
	145985 57 - 7	Hesthús	476154	570152
	145985 57 - 8	Brunnur	Fannst ekki	
	145985 57 - 9	Fjárhús	476104	570251
	145985 57 - 10	Útihús	Fannst ekki	
	145985 57 - 11	Garður	Horfinn	
	145985 57 - 12	Bústaður	475854	570029
	145985 57 - 13	Túngarður	Óskráð	
	145985 57 - 14	Heystæði	Óskráð	
	145985 57 - 15	Stekkur	475854	570029
	145985 57 - 16	Mógröf	Skráð með Páfastöðum	
	145985 57 - 17	Þurrkvöllur	Skráð með Páfastöðum	
	145985 57 - 18	Heystæði	476581	570302
	145985 57 - 19	Heystæði	476591	570287
	145985 57 - 20	Heystæði	476565	570331
	145985 57 - 21	Heystæði	476625	570310
	145985 57 - 22	Heystæði	476724	570208
	145985 57 - 23	Engjabrú	476901	570708
	145985 57 - 24	Engjabrú	476862	570651
	145985 57 - 25	Engjabrú	476589	570385
Kjartansstaðakot	145984 58 - 1	Bústaður	476174	570322
	145984 58 - 2	Fjós	476174	570322
	145984 58 - 3	Kofi	476174	570322
	145984 58 - 4	Fjárhús	476169	570328
	145984 58 - 5	Brunnur	476162	570334
	145984 58 - 6	Heimreið	Horfið	
Litla-Gröf	145986 60 - 1	Bústaður	475861	571539
	145986 60 - 2	Hlaða	475861	571539
	145986 60 - 3	Fjós	475861	571539
	145986 60 - 4	Matjurtagarður	475868	571526
	145986 60 - 5	Matjurtagarður	475857	571454
	145986 60 - 6	Matjurtagarður	Óþekkt	
	145986 60 - 7	Brunnur	475828	571494
	145986 60 - 8	Brunnur	475878	571546
	145986 60 - 9	Hlaða/Hesthús	475803	571566
	145986 60 - 10	Fjárhús	475853	571487
	145986 60 - 11	Hesthús	Óþekkt	
	145986 60 - 12	Heimreið	475809	571501
	145986 60 - 13	Heimreið	475777	571495
	145986 60 - 14	Leið	475695	571455
	145986 60 - 15	Stekkur	475909	571130
	145986 60 - 16	Garður	Óþekkt	
	145986 60 - 17	Heygarður	476247	571658
	145986 60 - 18	Heygarður	476201	571216

	145986 60 - 19	Heygarður	476164	571828
	145986 60 - 20	Engjavegur	476092	571447
Jörð	**Númer**	**Hlutverk**	**Austun**	**Norðun**
Litla-Gröf	145986 60 - 21	Engjavegur	476496	571552
	145986 60 - 22	Vað	477006	572317
	145986 60 - 23	Varða	Óskráð	
Stóra-Gröf	134940 61 - 1	Bústaður	475524	572120
	134940 61 - 2	Bústaður	475524	572120
	134940 61 - 3	Vatnsból	475532	572158
	134940 61 - 4	Útihús	475566	572222
	134940 61 - 5	Fjárhús	475519	572306
	134940 61 - 6	Matjurtagarður	475544	572189
	134940 61 - 7	Útihús	475573	572136
	134940 61 - 8	Útihús	475460	572279
	134940 61 - 9	Garður	475541	572309
	134940 61 - 10	Óþekkt	475541	572301
	134940 61 - 11	Óþekkt	475541	572301
	134940 61 - 12	Hesthús	475433	572056
	134940 61 - 13	Leið	Horfið	
	134940 61 - 14	Þjóðsögustaður	Horfið	
	134940 61 - 15	Gerði/Álagablettur	475226	372606
	134940 61 - 16	Óþekkt	475232	572601
	134940 61 - 17	Bústaður/Beitarhús	476825	573857
	134940 61 - 18	Óþekkt	476825	573857
	134940 61 - 19	Rétt	476997	573569
	134940 61 - 20	Óþekkt	476825	573857
	134940 61 - 21	Engjabrýr		
	134940 61 - 22	Heygarður	477031	572916
	134940 61 - 23	Heygarður	476955	572550
	134940 61 - 24	Heygarður	476374	572957
	134940 61 - 25	Heygarður	476313	572869
	134940 61 - 26	Engjabrú	476315	572875
	134940 61 - 27	Bústaður	473909	571171
	134940 61 - 28	Útihús	473907	571198
	134940 61 - 29	Túngarður	473952	571222
	134940 61 - 30	Stekkur	473937	571220
	134940 61 - 31	Óþekkt	473947	571210
	134940 61 - 32	Rétt	474574	571907
	134940 61 - 33	Stekkur	473945	571790
	134940 61 - 34	Útihús	Horfið	
	134940 61 - 35	Varða	Óskráð	
	134940 61 - 36	Varða	Óskráð	
	134940 61 - 37	Eyktarmark	Óskráð	
Holtsmúli	145981 62 –1	Bústaður	474625	572125
	145981 62 –2	Kirkja/bænhús	Horfið	
	145981 62 –3	Grafreitur	474642	572116
	145981 62 –4	Vatnsból/Brunnur	474677	572097
	145981 62 –5	Óþekkt	474431	573470
	145981 62 –6	Sáðreitur	474652	572920
	145981 62 –7	Þjóðsagnastaður	474138	572566
	145981 62 –8	Dysjar	473988	572492
	145981 62 –9	Óþekkt	473982	572161

	145981 62 –10	Rjómabússkáli	473887	572312
	145981 62 –11	Mylla	473886	572311
	145981 62 –12	Stekkur	473924	572265
Jörð	**Númer**	**Hlutverk**	**Austun**	**Norðun**
Holtsmúli	145981 62 –13	Bústaður	474290	572656
	145981 62 –14	Óþekkt	474290	572656
	145981 62 –15	Óþekkt	474252	572682
	145981 62 –16	Túngarður	474257	572605
	145981 62 –17	Óþekkt	474302	572641
	145981 62 –18	Járnsmiðja	474353	572671
	145981 62 –19	Bústaður	474683	573288
	145981 62 –20	Bústaður	474617	572075
	145981 62 –21	Bústaður	474617	572075
	145981 62 –22	Bústaður/Húsmennsku	474617	572075
	145981 62 –23	Hesthús	474617	572075
	145981 62 –24	Móþurrkun	474656	572959
	145981 62 –25	Vegur	474860	572464
	145981 62 –26	Gerði	474617	572075
	145981 62 –27	Heygarður	475507	573608
	145981 62 –28	Heygarður	475528	573586
	145981 62 –29	Heygarður	475636	573513
	145981 62 –30	Heygarður	475661	573499
	145981 62 –31	Heygarður	475710	573509
	145981 62 –32	Heygarður	475720	573493
	145981 62 –33	Heygarður	476597	574274
	145981 62 –34	Heygarður	475407	573440
	145981 62 –35	Heygarður	476083	573656
	145981 62 –36	Sel	466313	572268
	145981 62 –37	Sel	466313	572268
	145981 62 –38	Kvíar	466313	572268
	145981 62 –39	Kvíar	466313	572268
	145981 62 –40	Aðfærsluskurður	473880	572319
	145981 62 –41	Heygarður	476067	573731
	145981 62 –42	Heygarður	476643	574182
	145981 62 –43	Heimreið	474498	572324
	145981 62 –44	Fjárhús	474635	572167
	145981 62 –45	Útihús	Horfið	
	145981 62 –46	Útihús	Horfið	
	145981 62 –47	Útihús	Horfið	
	145981 62 –48	Dys	473987	572481
	145981 62 –49	Dys	474002	572464
	145981 62 –50	Garður	473988	572492

Rannsóknaskýrslur
Byggðasafns Skagfirðinga:

1 **Villinganesvirkjun** – Mat á umhverfisáhrifum. Fornleifaskráning í hluta lands Tyrfingsstaða, Keldulands, Stekkjarflata og Villinganess. Katrín Gunnarsdóttir september 1999.
2 **Hof í Hjaltadal** – Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir apríl 2000.
3 **Hólar í Hjaltadal** - Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir apríl 2000.
4 **Steinsstaðir í Tungusveit** - Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir júní 2000.
5 **Grafarós og Hofsós** - Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir febrúar 2001.
6 **Víðimelur í Skagafirði** - Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir júní 2001.
7 **Reykjarhóll í Skagafirði**. Fornleifaskráning vegna frístundabyggðar. Katrín Gunnarsdóttir mars 2002.
8 **Fornleifaskráning vegna vegagerðar í landi Hnausa, Bjarnastaða, Másstaða og Hjallalands í Vatnsdal.** Ragnheiður Traustadóttir, Rúna Knútsdóttir Tetzschner, Sigríður Sigurðardóttir maí 2002.
9 **Fornleifaskráning á Hveravöllum** vegna deiliskipulags. Guðný Zoëga ágúst 2002.
10 **Fyrri hluti fornleifaskráningar fyrir Vestmanneyjar**. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir desember 2002.
11 **Glaumbær.** Fornleifaskráning vegna deiliskipulags fyrir umhverfi prestsbústaðar, kirkju og safns auk aðalskipulagsskyldra minja utan þess svæðis í Glaumbæ I og II. Sigríður Sigurðardóttir febrúar 2003.
12 **Rannsókn á torf- og grjóthleðsluleifum í Skagafirði.** Arna Björg Bjarnadóttir og Sigríður Sigurðardóttir, 2002.
13 **Höfði á Höfðaströnd.** Fornleifaskráning fyrir skipulagsvinnu vegna sumarbústaðar í Höfðagerðislandi og fyrir aðalskipulag. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.
14 **Hátún og Mikligarður.** Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.
15 **Syðra-Skörðugil.** Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.
16 **Fornleifaskráning vegna umhverfismats snjóflóðavarna í Neskaupstað.** Guðný Zoëga júlí 2003.
17 **Fornleifaskráning vegna vegagerðar í landi Hvamms, Eyjólfsstaða, Bakka og Hofs í Vatnsdal.** Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir ágúst 2003.
18 **Kirkjugarður í Keldudal Hegranesi.** Drög að skýrslu. Guðný Zoëga, Þór Hjaltalín september 2003.
19 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Varmahlíð. Reykjarhóll með Barði, Brún og Laugarbrekku. Einnig Hof, Fagrihvoll og Reykjarhólssel í Brekkulandi.** Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir nóvember 2003.
20 **Fornleifakönnun vegna vegagerðar í Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði.** Guðný Zoëga október 2003
21 Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. **Áshildarholt**. Sigríður Sigurðardóttir nóvember 2003.
22 Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. **Kimbastaðir, Messuholt og Lyngholt**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
23 Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. **Sjávarborg. Tjarnir, Lambagerði, Skógarbakki, Grænhóll**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
24 Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. **Borgargerði**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
25 Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. **Brennigerði**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
26 Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. **Gil, Tröð og Bergsstaði**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
27 **Fornleifaksráning vegna aðal- og deiliskipulags í Fjarðabyggð**. Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir og Bryndís Zoëga janúar 2004.
28 **Fornleifaskráning vegna aðalskipulags í Fjarðabyggð**. Svæðisskráning. Guðný Zoëga, RagnheiðurTraustadóttir janúar 2004.
29 **Fornleifaskráning vegna aðalskipulags Breiðdalsvíkur.** Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga, Anna Rut Guðmundsdóttir, janúar 2004.
30 **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Þingeyrum.** Guðný Zoëga, mars 2004.
31 **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Skálmarbæ.** Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir, maí 2004.
32 **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Arnarneslandi.** Ragnheiður Traustadóttir og Anna Rut Guðmundsdóttir, maí 2004.
33 **Greining mannabeina úr kirkjugarðinum í Keldudal, Hegranesi.** Framvinduskýrsla. Guðný Zoëga, september 2004.
34 **Hallormsstaður og nágrenni.** Fornleifaskráning. Guðný Zoëga, nóvember 2004.
35 **Hálsþorp í Djúpavogshreppi.** Fornleifaskráning. Guðný Zoëga, nóvember 2004.
36 **Neðri-Ás í Hjaltadal.** Fornleifaskráning vegna deiliskipulags. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga desember 2004.
37 **Vopnafjörður.** Heimildaskráning vegna væntanlegra vegaframkvæmda. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga desember 2004.
38 **Fornleifaskráning vegna aðalskipulags á Langholti Skagafirði.** Grófargil, Brautarholt, Stóra-Seyla, Torfgarður, Ytra-Skörðugil I og II, Halldórsstaðir, Jaðar og Páfastaðir. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga desember 2004.
39 **Fornleifakönnun í landi Arnarness, Garðabæ.** Daniel Rhodes, Ragnheiður Traustadóttir október 2004.
40 **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ.** Ragnheiður Traustadóttir og Rúna Knútsdóttir Tetzschner, febrúar 2005.
41 **Fornleifaskráning Vopnafjarðar, Svæðisskráning.** Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga, maí 2005.
42 **Sauðá í Borgarsveit.** Fornleifaskráning vegna aðalskipulags. Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga, Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir, júní 2005.
43 **Steinsstaðir í Hafnarfirði /Hamarsbraut 17.** Fornleifaskráning vegna deiliskipulags. Auður Blöndal og Ragnheiður Traustadóttir, ágúst 2005.
44 **Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í botni Hrútafjarðar.** Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga og Sigríður Sigurðardóttir, október 2005.
45 **Greining mannabeina úr kirkjugarðinum í Keldudal, Hegranesi.** Framvinduskýrsla. Guðný Zoëga, september 2005.
46 **Fornleifakönnun vegna vegagerðar í Finnstungu, Bólstaðarhlíðarhreppi.** Guðný Zoëga, október 2005.
47 **Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í Vopnafirði.** Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson, desember 2005.
48. **Fornleifakönnun vegna vegagerðar í botni Hrútafjarðar.** Guðný Zoëga og Sigríður Sigurðardóttir, febrúar 2006.
49. **Fornleifaskrá Reynistaðar.** Guðmundur St. Sigurðarson, Bryndís Zoëga, Sigríður Sigurðardóttir og Guðný Zoëga, mars 2006.
50. **Fornleifaskrá Þingeyra.** Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson, Sigríður Sigurðardóttir og Guðný Zoëga, mars 2006.
51. **Fornleifaskráning á Langholti og Geldingaholti 2005.** Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga, apríl 2006.

Heimasíða Byggðasafns Skagfirðinga er:
www.skagafjordur.is/byggdasafn

11. kort. Fornleifar í landi Holtsmúla.



0 300 600 900 1200 1500 m

N

Fornleifar

Kortagrunnur: Loftmyndir ehf.
Kort: Bryndís Zoëga.

1. kort. Skráðar jarðir á Langholti og Geldingaholti 2005.



N

Jarðir

0 2 4 6 8 10 km

Kortagrunnur: Loftmyndir ehf.
Kort: Bryndís Zoëga.

2. kort. Fornleifar í og við gamla túnið á Geldingaholti.



0 100 200 300 400 m

N

Fornleifar

Kortagrunnur: Loftmyndir ehf.
Kort: Bryndís Zoëga.

3. kort. Fornleifar á Geldingaholti, sunnan bæjar.



0 400 800 1200 1600 2000 m

N

Fornleifar

Kortagrunnur: Loftmyndir ehf.
Kort: Bryndís Zoëga.

4. kort. Fornleifar í Holtskoti og Geldingaholti, norðan bæjar.



N

Fornleifar Geldingaholti

Fornleifar Holtskoti

0 400 800 1200 1600 2000 m

Kortagrunnur: Loftmyndir ehf.
Kort: Bryndís Zoëga

5. kort. Fornleifar á Marbæli.



N

Fornleifar

Kortagrunnur: Loftmyndir ehf.
Kort: Bryndís Zoëga.

6. kort. Fornleifar á Þröm.



N

Fornleifar

0 400 800 1200 1600 2000 m

Kortagrunnur: Loftmyndir ehf.
Kort: Bryndís Zoëga.

7. kort. Fornleifar á Kjartansstöðum og Kjartansstaðakoti.



0 300 600 900 1200 m

N

Fornleifar á Kjartansstöðum

Fornleifar í Kjartansstaðakoti

Kortagrunnur: Loftmyndir ehf.
Kort: Bryndis Zoëga.

8. kort. Fornleifar á Litlu-Gröf.



N

Fornleifar

0 200 400 600 800 1000 m

Kortagrunnur: Loftmyndir ehf.
Kort: Bryndís Zoëga.

9. kort. Fornleifar í landi Stóru-Grafar syðri og ytri.



0 500 1000 1500 2000 2500 m

N

Fornleifar

Kortagrunnur: Loftmyndir ehf.
Kort: Bryndís Zoëga

10. kort. Fornleifar í landi Stóru-Grafar ytri og syðri, austan bæja.



N

Fornleifar

0 400 800 1200 1600 2000 m

Kortagrunnur: Loftmyndir ehf.
Kort: Bryndís Zoëga.

12. kort. Fornleifar á Holtsmúlaengjum.



Fornleifar

Kortagrunnur: Loftmyndir ehf.
Kort: Bryndís Zoëga.